



Alþýðusamband Íslands

---

**SKÝRSLA FORSETA**  
um störf  
Alþýðusambands Íslands  
árið 2008

# Skýrsla forseta ASÍ 2008

Skýrsla forseta um störf ASÍ er unnin af starfsfólki á skrifstofu ASÍ, á ábyrgð deildarstjóra. Nokkrir kaflar eru teknir saman með aðstoð samstarfsfólks úr verkalýðshreyfingunni, starfsfólki Mímis-símenntunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Listasafns ASÍ.

**Ritstjóri:** Snorri Már Skúlason

**Ábyrgðarmaður:** Grétar Þorsteinsson

**Útlitshönnun og prentvinnsla:** Ísafoldarprentsmiðja

**Myndir:** Lárus Karl, Róbert og starfsfólk ASÍ

**Kápuhönnun:** Ennemm

Skýrslan er lögð fyrir sjöunda ársfund ASÍ 23.-24. október 2008.

Reykjavík, október 2008 - Ísafoldarprentsmiðja.

# EFNISYFIRLIT

|   |           |
|---|-----------|
| <b>Inngangur</b> .....  | <b>17</b> |
| <b>Ársfundur ASÍ 2007</b> .....                                     | <b>19</b> |
| Setning fundarins .....   | 19        |
| <i>Ávarp félagsmálaráðherra</i> .....                               | 25        |
| <i>Kjörbréfanefnd</i> .....   | 31        |
| <br>  |           |
| Kjör starfsmanna ársfundar .....                                    | 32        |
| Skýrsla forseta og reikningar ASÍ og stofnana .....                 | 32        |
| <i>Atkvæðagreiðsla um lagabreytingar</i> .....                      | 34        |
| <i>Atkvæðagreiðsla</i> .....  | 34        |
| <i>Atkvæðagreiðsla um kjör aðalmanna í miðstjórn</i> .....          | 34        |
| <br>  |           |
| Samþykkt ársfundar .....  | 35        |
| Fundarslit .....  | 36        |
| <b>Fulltrúar á ársfundi ASÍ 2007</b> .....                          | <b>39</b> |
| <b>Af vettvangi miðstjórnar ASÍ</b> .....                           | <b>46</b> |
| Umfjöllun og ályktanir miðstjórnar um efnahags- og atvinnumál ..... | 49        |
| Ritun sögu ASÍ .....  | 49        |
| Ársfundur ASÍ 2008 .....  | 46        |
| 1. maí 2008 .....   | 50        |
| <b>Efnahagsmál</b> .....  | <b>51</b> |
| Þróun og staða efnahagsmála .....                                   | 52        |
| Alþjóðlega lausafjárkrísan .....                                    | 53        |
| Vendipunktur í efnahagslífinu .....                                 | 55        |
| <i>Mesta verðbólga í 18 ár</i> .....                                | 55        |
| <i>Umskipti í rekstrarumhverfi fyrirtækja</i> .....                 | 56        |
| <i>Er peningamálastefnan komin í þrot?</i> .....                    | 57        |
| <i>Er krónan of lítil?</i> .....                                    | 58        |
| <i>Kaupmáttur rýrnar hratt</i> .....                                | 59        |
| <i>Blikur á loft í atvinnumálum</i> .....                           | 59        |
| <i>Staða heimilanna versnar</i> .....                               | 56        |
| <br>  |           |
| Verðlagseftirlit ASÍ .....  | 60        |
| <i>Framkvæmd verðkannana</i> .....                                  | 61        |
| <i>Þjónustusamningur við viðskiptaráðuneytið</i> .....              | 63        |
| <br>  |           |
| Hvað með evruna? .....  | 64        |
| <b>Kjaramál</b> .....   | <b>66</b> |

|   |           |
|---|-----------|
| Aðdragandi kjarasamninga .....  | 66        |
| 22. júní 2007 — Skrifað undir samstarfssamning<br>aðildarsamtaka ASÍ..... | 66        |
| 10. desember 2007 – Áherslur ASÍ kynntar SA .....                         | 67        |
| 12. desember 2007 – Áherslur ASÍ kynntar ríkisstjórn .....                | 67        |
| 9. janúar 2008 – Áherslum ASÍ hafnað .....                                | 67        |
| 11. febrúar 2008 – Hreyfing kemst á viðræður .....                        | 67        |
| 14. febrúar 2008 – Útlínur kjarasamninga skýrast .....                    | 67        |
| 17. febrúar 2008 – Samningar í höfn .....                                 | 67        |
| Helstu efnisatriði almennra kjarasamninga 17. febrúar 2008.....           | 68        |
| Hugmyndafræði.....  | 68        |
| Launaliður.....   | 68        |
| Sameiginleg mál.....  | 69        |
| Forsendur.....  | 69        |
| Aðrir kjarasamningar .....  | 69        |
| Samningar aðildarsamtaka ASÍ á almennum markaði.....                      | 69        |
| Samningar aðildarsamtaka ASÍ við ríki og sveitarfélög .....               | 70        |
| Samningar aðildarsamtaka ASÍ við veitur, o.fl.....                        | 70        |
| Samningar félaga utan ASÍ.....  | 70        |
| Eftirfylgni með kjarasamningum.....                                       | 71        |
| Atvinnusjúkdómar .....  | 71        |
| Breytingar á skaðabótalögum.....  | 68        |
| Fyrirtækjaþáttur kjarasamninga.....                                       | 72        |
| Jafnréttisáherslur.....   | 72        |
| Réttur þeirra sem starfa erlendis.....                                    | 73        |
| Slysatryggingar .....   | 73        |
| Tilkynning veikinda .....   | 73        |
| Vinnustaðaskilríki .....  | 73        |
| Annað .....   | 73        |
| <b>Atvinnumál .....</b>   | <b>74</b> |
| Atvinnuástandið .....   | 74        |
| Atvinnuþátttaka .....   | 74        |
| Atvinnuleysi .....  | 74        |
| Erlendir starfsmenn .....   | 75        |
| Horfur .....  | 76        |

|   |           |
|---|-----------|
| Atvinnuþróun .....                                  | 76        |
| <i>Mannvirkjagerð</i> .....                         | 77        |
| <i>Sjávarútvegur</i> .....                          | 77        |
| <i>Landbúnaður</i> .....                            | 77        |
| <i>Matvælaíðnaður</i> .....                         | 77        |
| <i>Orkugeirinn</i> .....                            | 78        |
| <i>Nýsköpun</i> .....                               | 78        |
| <i>Köld atvinnusvæði</i> .....                      | 79        |
| <i>Mótivægisáðgerðir</i> .....                      | 79        |
| Atvinnumálanefnd ASÍ .....                          | 80        |
| <i>Vinumarkaðsráð</i> .....                         | 81        |
| <i>Vísinda- og tækniráð</i> .....                   | 81        |
| <i>Landflutningaráð</i> .....                       | 82        |
| <b>Velferðarmál .....</b>                           | <b>83</b> |
| Kaup og kjör .....                                  | 83        |
| <i>Kaupmáttur</i> .....                             | 83        |
| <i>Jöfnuður</i> .....                               | 84        |
| <i>Skuldir heimilanna</i> .....                     | 85        |
| <i>Greiðsluerfiðleikar</i> .....                    | 86        |
| Velferðarkerfið .....                               | 86        |
| <i>Lífeyristryggingar</i> .....                     | 86        |
| <i>Slysa- og sjúkratryggingar</i> .....             | 88        |
| <i>Ýmis málefni heimilanna</i> .....                | 89        |
| Velferðarnefnd ASÍ .....                            | 90        |
| <b>Félags- og vinnumarkaðsmál .....</b>             | <b>92</b> |
| Jafnréttis- og fjölskyldumál .....                  | 93        |
| <i>Jafnréttis- og fjölskyldunefnd</i> .....         | 93        |
| <i>Kynjabókhalda ASÍ</i> .....                      | 93        |
| <i>Jafnréttisáherslur í kjarasamningum</i> .....    | 94        |
| Fræðsla .....                                       | 96        |
| <i>Hvað vilt 'upp á dekk – aftur?</i> .....         | 96        |
| <i>Samstarf kvenna – Allar heimsins konur</i> ..... | 97        |
| <i>Ráðstefna</i> .....                              | 98        |
| <i>Mentor er málið</i> .....                        | 98        |

|   |            |
|---|------------|
| 8. mars 2008 – alþjóðlegur baráttudagur kvenna.....           | 99         |
| Starfshópur um jafnlaunastefnu á almennum vinnumarkaði .....  | 99         |
| Fæðingar- og foreldraorlofslögin.....                         | 101        |
| Málefni líffæragjafa .....                                    | 101        |
| Vinnuvernd .....  | 102        |
| Vinnueftirlit ríkisins .....                                  | 102        |
| Reglur um vímuefnapróf og persónuvernd starfsmanna .....      | 105        |
| Skráning og flokkun atvinnusjúkdóma.....                      | 105        |
| Evrópsk vinnuverndarvika 2007 .....                           | 107        |
| Evrópsk vinnuverndarvika 2008 .....                           | 107        |
| Vinnumarkaðsaðgerðir og málefni Vinnumálastofnunar.....       | 107        |
| Stofnun velferðar- og vinnumarkaðsmála .....                  | 108        |
| Stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Vinnumálastofnun ..... | 109        |
| Framkvæmd EES-samningsins .....                               | 110        |
| Evrópusamvinnan .....   | 110        |
| Kjarasamningar á Evrópuvísu.....                              | 111        |
| Þjónustutillskipun ESB.....                                   | 111        |
| Dómar Evrópudómstólsins og íslenskur vinnumarkaður .....      | 112        |
| Víking málið.....   | 112        |
| Laval málið .....   | 113        |
| Ruffert málið .....   | 114        |
| Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði .....             | 115        |
| Endurskoðun laga um atvinnuréttindi útlendinga .....          | 116        |
| Verkefnið „Allt í ljós“ .....                                 | 117        |
| Útdráttur úr kjarasamningum á ensku og pólsku.....            | 117        |
| Samkomulag við ÍAV vegna byggingar                            |            |
| Tónlistar- og ráðstefnuhúss .....                             | 118        |
| Kárahnjúkar .....   | 118        |
| <b>Fræðslu- og menntamál.....</b>                             | <b>119</b> |
| Félagsleg fræðsla .....                                       | 120        |
| MFA fræðsludeild ASÍ.....                                     | 120        |
| Félagsmálaskóli alþýðu .....                                  | 120        |
| Trúnaðarmannanámskeið .....                                   | 120        |
| Formlegt mat á trúnaðarmannanámi .....                        | 121        |
| Háskólanám .....  | 121        |
| Námskeið.....   | 121        |

|   |     |
|---|-----|
| Útgáfa .....  | 121 |
| Önnur störf.....  | 122 |
| Ný löggjöf um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla<br>og málefni kennara .....               | 122 |
| Starfsmenntun, annað tækifæri til náms og löggjöf<br>um fullorðinsfræðslu.....                | 124 |
| „Áherslur í menntamálum“ .....  | 124 |
| Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.....  | 125 |
| Stjórn.....   | 126 |
| Starfsmenn.....   | 126 |
| Úttekt á starfsemi FA.....  | 126 |
| Þjónustusamningar við menntamálaráðuneytið .....  | 127 |
| Framlög til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva .....  | 127 |
| Framlag til vottaðra námsleiða .....  | 127 |
| Framlag til náms- og starfsráðgjafar<br>hjá símenntunarmiðstöðvum.....                        | 128 |
| Framlag til náms- og starfsráðgjafar<br>og raunfærnimats hjá fræðslumiðstöðvum iðngreina..... | 130 |
| Raunfærnimat.....   | 130 |
| Ráðgjöf.....  | 132 |
| Starfsemi FA samkvæmt þjónustusamningum .....   | 132 |
| Húsfélag .....  | 132 |
| Nýjar námsleiðir .....  | 133 |
| Gæði náms .....   | 134 |
| Þróun mats á raunfærni.....   | 134 |
| Námsferilsskrár .....   | 135 |
| Erlend samstarfsverkefni .....  | 135 |
| CREAC - Leonardo verkefni 2006-2008.....  | 135 |
| Leonardo tilraunaverkefni: OBSERVAL.....  | 136 |
| Þróun náms- og starfsráðgjafar .....  | 136 |
| Þróun aðferða í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun .....                                      | 136 |
| Námskeið.....   | 136 |
| Gagnasafn .....   | 137 |
| Námsefni í íslensku fyrir erlenda starfsmenn.....   | 137 |
| Tillaga að námsskrá – með kennslufræðilegum inngangi .....                                    | 138 |
| Söfnun og miðlun upplýsinga.....  | 138 |
| Kynningarefni .....   | 139 |

|   |            |
|---|------------|
| Önnur verkefni FA.....  | 140        |
| <i>Norrænt tengslanet um nám fullorðinna</i> .....                            | 140        |
| Fagráð verslunar og þjónustu .....  | 140        |
| Mímir – símenntun .....   | 142        |
| <i>Nám fyrir atvinnulífið</i> .....   | 143        |
| <i>Starfstengd námskeið</i> .....   | 143        |
| <i>Almenn námskeið</i> .....  | 144        |
| <i>Nám fyrir fólk án atvinnu</i> .....  | 145        |
| <i>Námskeið í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu</i> .....                  | 145        |
| <i>Námskrár og þarfagreiningar</i> .....                                      | 145        |
| <i>Erlent samstarf</i> .....  | 146        |
| <i>Raunfærnimat</i> .....   | 146        |
| <i>Heilsuefling í námi</i> .....  | 146        |
| <i>ABF í Norden</i> .....   | 146        |
| <i>Annað erlent starf</i> .....   | 146        |
| <i>Fjölmening og frístundir</i> .....   | 147        |
| <i>Tungumál</i> .....   | 147        |
| <i>Íslenska fyrir útlendinga</i> .....  | 148        |
| <i>Gagn og gaman</i> .....  | 148        |
| <i>Listir og menning</i> .....  | 148        |
| <i>Náms- og starfsráðgjöf</i> .....   | 148        |
| <i>Starfsmenntaráð</i> .....  | 149        |
| Vika símenntunar og starfsmenntaverðlaunin .....                              | 150        |
| MENNT, samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla .....                         | 151        |
| Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar .....                                    | 151        |
| <b>Erlend samskipti</b> .....   | <b>154</b> |
| Norræna verkalýðssambandið - NFS.....   | 154        |
| NFJS – Fundur lögfræðinga heildarsamtaka launafólks<br>á Norðurlöndunum ..... | 155        |
| NFS - vinnuhópur um loftslagsbreytingar .....                                 | 155        |
| Fundur hagfræðinga hjá Alþýðusamböndum á Norðurlöndum .....                   | 156        |
| Samstarf samningamanna alþýðusambanda Norðurlandanna .....                    | 156        |
| Ráðstefna NFS um félagslegu víddina í Evrópusamvinnunni.....                  | 156        |
| Verkalýðshreyfingin í Norður Atlantshafi (VN).....                            | 157        |
| Evrópusamband verkalýðsfélaga - ETUC .....                                    | 157        |
| Framkvæmdastjórn ETUC .....   | 157        |



|  |            |
|--|------------|
| <i>Kvennanefnd ETUC</i> .....  | 157        |
| <i>Samningar aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu</i> .....   | 158        |
| <i>NETLEX - árlegur fundur lögfræðinga<br/>allra aðildarsamtaka ETUC</i> .....                         | 158        |
| <i>Samráðsvefur ETUC um málshöfðanir</i> .....   | 159        |
| Ráðgjafarnefnd EFTA .....  | 159        |
| <i>Helstu verkefni Ráðgjafarnefndarinnar</i> .....   | 160        |
| Ráðgjafarnefnd EES .....   | 160        |
| Alþjóðavinnumálastofnunin – ILO .....  | 161        |
| <i>97 – þing ILO</i> .....   | 161        |
| <i>Megin málefni</i> .....   | 161        |
| <i>Styrking ILO á tímum hnattvæðingar</i> .....  | 161        |
| <i>Dregið úr fátækt með atvinnusköpun í dreifbýli</i> .....  | 162        |
| <i>Framleiðni aukning, atvinnusköpun og þróun<br/>með aukinni hæfni launafólks</i> .....               | 163        |
| <i>Nefnd um framkvæmd samþykkt</i> .....   | 163        |
| <i>Kosning stjórnar</i> .....  | 163        |
| <i>Fjárlög ILO</i> .....   | 164        |
| <i>Mat o.fl.</i> .....   | 164        |
| Þríhliða nefnd ILO á Íslandi .....   | 164        |
| Norræna ILO samstarfið .....   | 164        |
| <b>Lagabreytingar og skipulagsmál</b> .....  | <b>165</b> |
| Laganefnd .....  | 165        |
| Skipulags- og starfsháttanefnd .....   | 165        |
| Sameining félaga .....   | 166        |
| Samstarfssamningur ASÍ .....   | 166        |
| <b>Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ</b> .....  | <b>170</b> |
| Starfsmenn á skrifstofu ASÍ 1. október 2008 .....  | 170        |
| <i>ASÍ vefurinn</i> .....  | 171        |
| <b>Umsagnir um þingmál</b> .....   | <b>172</b> |
| Þingsályktunartillaga um lögfestingu samnings<br>Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 7. mál. .... | 172        |
| Frumvarp um breytingar á lögum um almannatryggingar, 10. mál. ....                                     | 172        |
| Þingsályktunartillaga um aðgerðaráætlun um íslenskukennslu<br>fyrir innflytjendur, 28. mál. ....       | 173        |
| Þingsályktunartillaga um aðgerðir til að auka hlut kvenna  |            |

|   |     |
|---|-----|
| í sveitarstjórnunum, 34. mál. ....  | 173 |
| Frumvarp til laga um breytingar á lögum<br>um almannatryggingar, 35. mál. ....  | 174 |
| Frumvarp til laga um tekjuskatt, 36. mál. ....  | 174 |
| Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938,<br>um stéttarfélag og vinnudeilur, með síðari breytingum, 40. mál. ....            | 174 |
| Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986,<br>um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 46. mál. ....                            | 175 |
| Tillaga til þingsályktunar um Loftslagsráð, 62. mál. ....   | 176 |
| Frumvarp til laga um fyrningu kröfuréttinda, 67. mál. ....  | 177 |
| Frumvarp til laga um breytingu á lögum<br>nr. 45/1987, 113/1990 og 129/1997, 131. mál. ....   | 177 |
| Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla,<br>142. mál. ....  | 178 |
| Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 147. mál. ....   | 179 |
| Frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlaun<br>forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara,<br>155. mál. .... | 179 |
| Frumvarp til laga um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs,<br>162. mál. ....   | 180 |
| Frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingasamninga,<br>163. mál. ....   | 180 |
| Frumvarp til breytinga á l. 19/1979 um uppsagnarfrest o.fl., 164. mál. ....   | 181 |
| Frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar<br>og fleiri lögum, 195 mál. ....  | 183 |
| Frumvarp til laga um framleiðslu, verðlagningu<br>og sölu á búvörum, 203. mál. ....   | 184 |
| Frumvarp til laga um greiðslur til foreldra langveikra<br>barna og alvarlega fatlaðra barna, 209. mál. ....                             | 184 |
| Frumvarp til laga um kjararáð, 237. mál. ....   | 185 |
| Frumvarp til laga um útlendinga og réttarstöðu þeirra, 247. mál. ....   | 186 |
| Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006,<br>um stjórn fiskveiða, 272. mál. ....   | 186 |
| Frumvarp til laga um grunnskóla, 285. mál. ....   | 187 |
| Frumvarp til laga um framhaldsskóla, 286. mál. ....   | 189 |
| Frumvarp til laga um leikskóla, 287. mál. ....  | 199 |
| Frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara<br>og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla,<br>288. mál. ....   | 203 |
| Frumvarp til innheimtulaga, 324. mál. ....  | 207 |

|  |     |
|--|-----|
| Frumvarp til laga um tekjuskatt, breyting ýmissa laga, 325. mál. ....  | 209 |
| Frumvarp til varnarmálalaga, 331. mál. ....  | 210 |
| Pingsályktunartillaga um undirbúning að þjónustumiðstöð<br>við olíuleit á Drekasvæði, 329. mál. ....   | 210 |
| Frumvarp til samkeppnislaga, 384. mál. ....  | 210 |
| Frumvarp til skipulagslaga, frumvarp til laga um mannvirki<br>svo og frumvarp til laga um breytingu á lögum um<br>brunavarnir, mál 374-376. ....                                     | 210 |
| Frumvarp til laga um breytingar á lögum um<br>fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, 387. mál. ....  | 213 |
| Frumvarp til laga um breytingar á almannatryggingum, 410. mál. ....  | 215 |
| Frumvarp til laga um breytingu á lögum á auðlinda-<br>og orkusviði, opinbert eignarhald auðlinda, fyrirtækjaaðskilnaður,<br>432. mál. ....   | 216 |
| Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, 523. mál. ....   | 218 |
| Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum<br>í tengslum við upptöku á evrópsku matvælalöggjöfinni<br>inn í EES-samninginn, 524. mál. ....  | 218 |
| Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 129/1997, 528. mál. ....   | 219 |
| Frumvarp til laga um fiskeldi, 530. mál. ....  | 220 |
| Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum<br>vegna flutnings stjórnisýslu- og eftirlitsverkefna á sviði<br>lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl. til Fiskistofu, 531. mál. .... | 220 |
| Þingsályktunartillaga um framkvæmdaáætlun<br>í málefnum innflytjenda, 535. mál. ....   | 221 |
| Frumvarp til laga um breytingu á lögum<br>nr. 121/1994, um neytendalán, 537. mál. ....   | 221 |
| Frumvarp til laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, 540. mál. ....   | 222 |
| Frumvarp til laga um öryggi raforkuvirkja,<br>neysluveitna og raffanga, 541. mál. ....   | 222 |
| Frumvarp til breytinga á lögum um<br>Lánasjóð íslenskra námsmanna, 545. mál. ....  | 223 |
| Frumvarp til laga um opinbera háskóla, 546. mál. ....  | 223 |
| Frumvarp til laga um uppbót á eftirlaun, 547. mál. ....  | 223 |
| Frumvarp til laga breytingu á lögum um rannsóknir<br>og nýtingu á auðlindum í jörðu og lögum um eignarrétt<br>íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, 553. mál. ....            | 226 |

|   |            |
|---|------------|
| <b>Fulltrúar Alþýðusambands Íslands<br/>í nefndum, ráðum og á fundum.....</b> | <b>227</b> |
| Félagsmálaráðuneytið .....  | 227        |
| Fjármálaráðuneytið .....  | 232        |
| Forsætisráðuneytið .....  | 232        |
| Hagstofan .....   | 233        |
| Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið .....                                 | 233        |
| Iðnaðarráðuneytið .....   | 234        |
| Landbúnaðarráðuneytið .....   | 234        |
| Menntamálaráðuneytið .....  | 234        |
| Samgönguráðuneytið .....  | 235        |
| Umhverfissráðuneytið .....  | 236        |
| Utánríkisráðuneytið.....  | 236        |
| Viðskiptaráðuneytið.....  | 236        |
| Með samtökum atvinnurekenda (og fleirum).....                                 | 236        |
| Á vettvangi ASÍ .....   | 238        |
| Ýmislegt.....   | 239        |
| <b>Fastanefndir ASÍ - málefnanefndir .....</b>                                | <b>240</b> |
| Alþjóðanefnd.....   | 240        |
| Atvinnumálanefnd.....   | 240        |
| Jafnréttis- og fjölskyldunefnd .....  | 240        |
| Menntanefnd .....   | 241        |
| Kjara- og skattanefnd.....  | 241        |
| Lífeyris- og veikindaréttarnefnd .....  | 241        |
| Skipulags- og starfsháttanefnd.....   | 241        |
| Velferðarnefnd .....  | 242        |
| Vinumarkaðsnefnd.....   | 242        |
| Laganefnd .....   | 242        |
| Launanefnd .....  | 242        |
| Starfs- og fjárhagsnefnd.....   | 242        |
| <b>Listasafn ASÍ .....</b>  | <b>244</b> |
| Yfirlit yfir starfsemi safnsins október 2007 – september 2008.....            | 244        |
| Sýningar í Listasafni ASÍ október 2007 – september 2008 .....                 | 245        |
| Aðrir viðburðir í safninu.....  | 246        |
| Safneign, safnauki, vinnustaðasýningar, forvarsla .....                       | 246        |
| Viðgerðir á húseign.....  | 247        |
| Markmið.....  | 227        |

|   |            |
|---|------------|
| <b>Fundir og fundarsókn miðstjórnarmanna .....</b>  | <b>248</b> |
| <b>Upplýsingar úr skýrslum aðildarfélaga .....</b>  | <b>250</b> |
| Kynjaskipting í nefndum á vegum miðstjórnar .....   | 250        |
| Kynjaskipting í stjórnnum aðildarfélaga og deilda .....   | 250        |
| Kynjaskipting í stjórnnum landsambanda .....  | 250        |
| <b>Fjöldi félagsmanna í ASÍ 2008.....</b>   | <b>251</b> |
| Stjórnir aðildarfélaga og deilda .....  | 251        |
| Bein aðild að ASÍ .....   | 251        |
| Landssamband ísl. verzlunarmanna.....   | 252        |
| Rafiðnaðarsamband Íslands .....   | 255        |
| Samiðn .....  | 258        |
| Sjómannasamband Íslands .....   | 261        |
| Starfsgreinasamband Íslands.....  | 265        |
| <b>Reikningar ASÍ og stofnana.....</b>  | <b>273</b> |
| <b>Viðauki .....</b>  | <b>341</b> |
| Niðurstöður viðræðna samninganefnda ASÍ og SA<br>um sameiginleg mál.....  | 341        |
| <i>Samkeppnisákvæði .....</i>   | <i>341</i> |
| <i>Bókun um eigendaskipti .....</i>   | <i>342</i> |
| <i>Uppsögn ráðningarsamninga .....</i>  | <i>342</i> |
| <i>Bókun með samkomulagi um uppsögn ráðningarsamninga.....</i>  | <i>343</i> |
| <i>Tilgreining yfirvinnu .....</i>  | <i>343</i> |
| <i>Desemberuppbót – orlofsuppbót.....</i>   | <i>344</i> |
| <i>Laun í erlendum gjaldmiðli / Nýr kafli kjarasamninga.....</i>  | <i>345</i> |
| <i>Fylgiskjal með samningi um laun í erlendum<br/>    gjaldmiðli – Samningsform.....</i>                          | <i>346</i> |
| <i>Yfirlýsing um Endurhæfingarsjóð.....</i>   | <i>347</i> |
| <i>Slysatryggingar launafólks .....</i>   | <i>348</i> |
| <i>Bókun um skilmála vátryggingafélaga –<br/>    Fylgiskjal með samkomulagi um slysatryggingar launafólks ...</i> | <i>350</i> |
| <i>Bókun um tilkynningu til trúnaðarlæknis /<br/>    þjónustufyrirtækis á sviði vinnuverndar .....</i>            | <i>351</i> |
| <i>Bókun varðandi læknisvottorð.....</i>  | <i>352</i> |
| <i>Bókun varðandi atvinnusjúkdóma .....</i>   | <i>352</i> |
| <i>Trúnaðarmannanámskeið .....</i>  | <i>352</i> |
| <i>Bókun - Endurskoðun á trúnaðarmannakafla<br/>    kjarasamninga.....</i>  | <i>352</i> |

|   |     |
|---|-----|
| <i>Bókun - Jafnréttisáherslur</i> .....                           | 352 |
| Samkomulag SA og ASÍ um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum ..... | 353 |
| <i>Bókun um upplýsingar og samráð</i> .....                       | 355 |
| <i>Bókun um Evrópsk samstarfsráð</i> .....                        | 355 |
| <i>Áunnin réttindi vegna starfa erlendis</i> .....                | 356 |
| <i>Bókun - Vinnustaðaskilríki</i> .....                           | 356 |
| <i>Bókun um endurskoðun fyrirtækjaþáttar kjarasamninga</i> .....  | 357 |
| Framlenging samninga - forsenduákvæði .....                       | 357 |
| Samningur um stórframkvæmdir .....                                | 358 |
| 1.1 <i>Markmið</i> .....  | 358 |
| 1.2 <i>Gildissvið</i> .....                                       | 358 |
| 1.2.1 <i>Almennt</i> .....  | 358 |
| 1.2.2 <i>Stórframkvæmd</i> .....                                  | 359 |
| 1.2.3 <i>Verktími</i> .....                                       | 359 |
| 1.2.4 <i>Verðmæti framkvæmdar</i> .....                           | 359 |
| 1.2.5 <i>Fjöldi starfsmanna</i> .....                             | 359 |
| 1.2.6 <i>Aðalverktaki</i> .....                                   | 360 |
| 1.3 <i>Aðrar framkvæmdir</i> .....                                | 360 |
| 1.4 <i>Upplýsingagjöf um stórframkvæmdir</i> .....                | 360 |
| 1.5 <i>Fastanefnd</i> .....                                       | 360 |
| 1.6 <i>Gildistaka</i> .....                                       | 360 |
| 2. Kafli Sérstakar álagsgreiðslur .....                           | 360 |
| 2.1 <i>Sérstakt álag í stórframkvæmdum</i> .....                  | 360 |
| 2.2 <i>Vinna í jarðgöngum</i> .....                               | 361 |
| 2.3 <i>Flokkstjórar</i> .....                                     | 361 |
| 3. Kafli Vinnutími og neysluhlé .....                             | 361 |
| 3.1 <i>Dagvinna</i> .....   | 361 |
| 3.2 <i>Yfirvinna</i> .....  | 362 |
| 3.3 <i>Vinnulotur</i> .....                                       | 362 |
| 3.4 <i>Vaktavinna</i> .....                                       | 362 |
| 3.5 <i>Bakvaktir og gæsluvaktir</i> .....                         | 363 |
| 3.6 <i>Vinna um jól eða páska</i> .....                           | 363 |
| 3.7 <i>Vinna á frídegi</i> .....                                  | 364 |
| 3.8 <i>Laun óveðursdaga</i> .....                                 | 364 |
| 3.9 <i>Vinnuskýrslur</i> .....                                    | 364 |
| 3.10 <i>Flutningur starfsmanna í mötuneyti</i> .....              | 364 |

|  |            |
|--|------------|
| 3.11. Viðmiðunartímabil vegna hámarksvinnutíma .....   | 364        |
| 4. Kafli Um aðbúnað, hollustuhætt og öryggi .....  | 364        |
| 4.1. Almennt .....   | 364        |
| 4.2. Vinnufatnaður .....   | 365        |
| 4.3. Klæðnaður starfsmanna í mötuneyti og við ræstingu .....   | 366        |
| 4.4. Trygging fatnaðar og muna .....   | 366        |
| 4.5. Flutningur starfsmanna innan framkvæmdasvæðis<br>og milli framkvæmdasvæðis og starfsmannabúða ..... | 366        |
| 4.6. Hjúkrunargögn og hjúkrunaraðstaða .....   | 366        |
| 4.7. Öryggisnefnd .....  | 367        |
| 4.8. Útköll .....  | 367        |
| 4.9. Vinnustaðaskilríki .....  | 367        |
| 5. Kafli Starfsmannabúðir .....  | 367        |
| 5.1. Almennt .....   | 367        |
| 5.2. Frítt húsnæði .....   | 368        |
| 5.3. Frítt fæði .....  | 368        |
| 5.4. Bað- og hreinlætisaðstaða .....   | 369        |
| 5.5. Kaffistofur og vinnuskúrar .....  | 369        |
| 5.6. Ræsting .....   | 369        |
| 5.7. Umferð við starfsmannabúðir .....   | 369        |
| 5.8. Bilanir og ófyrirséð óhöpp .....  | 369        |
| 6. Kafli Trúnaðarmenn stéttarfélaga .....  | 369        |
| 6.1. Val og störf trúnaðarmanna .....  | 369        |
| 6.2. Yfirtrúnaðarmaður .....   | 370        |
| 7. Kafli Fastanefnd 294  |            |
| 7.1. Skipan .....  | 371        |
| 7.2. Verkefni .....  | 371        |
| 7.3. Fundir .....  | 371        |
| 7.4. Upplýsingaskýlda .....  | 371        |
| 7.5. Sameiginleg fastanefnd .....  | 372        |
| Fylgiskjal I .....   | 372        |
| Bókun vegna framlengingar á gildistíma Virkjunarsamnings ...   | 373        |
| Lokaákvæði .....   | 373        |
| <b>Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar 17. febrúar 2008 .....</b>  | <b>373</b> |







## Inngangur

Skýrsla forseta fyrir árið 2008 er með líku sniði og undanfarin ár. Skýrslan er fyrst og fremst hugsuð til afnota inni í verkalýðshreyfingunni sjálfri, fyrir félögin og forystumennina og starfsfólkið á skrifstofum verkalýðsfélaganna. Hún er uppflettirit þar sem finna má á einum stað allt það helsta sem fram fór innan hreyfingarinnar frá síðasta ársfundi og verður þannig mikilvæg heimild m.a. fyrir sagnfræðinga framtíðarinnar.

Samhliða skýrslu forseta höfum við nú um nokkurra ára skeið gefið út smærri skýrslu – Árið í hnotskurn – þar sem við höfum leitast við að draga fram nokkur mikilsverð viðfangsefni ársins í stuttu máli. Þessi útgáfa hefur fengið mun meiri dreifingu en Skýrsla forseta og hefur hún vakið verðuga athygli og fengið góðar viðtökur.

Árið mótaðist einkum af undirbúningi og gerð kjarasamninga og svo af þeirri djúpu efnahagslægd sem gengið hefur yfir landið og ekki sér fyrir endann á. Í kjaraviðræðunum var sterkur samhljómur í áherslum landssambanda og stærstu félaga innan Alþýðusambandsins, þar sem höfuðáhersla var lögð á að treysta öryggisnet umsaminna lágmarkslauna og reynt að finna leiðir til þess að koma til móts við þá sem sátu eftir í góðæri misseranna á undan. Þá lagði Alþýðusambandið m.a. áherslu á í viðræðum sínum við stjórnvöld að þau beittu sér fyrir því að dregið yrði úr skattbyrði þeirra tekjulægstu, staða barnafjölskyldna yrði treyst og að lágmarks bótafjárhæðir velferðarkerfisins yrðu miðaðar við 150.000 kr. Tillögum ASÍ í skattamálum sem m.a. gengu út á sértakan persónuafslátt fyrir þá tekjulægstu hafnaði ríkisstjórnin án umræðu að því er segja má.

Eftir nokkurra vikna samningatörn var skrifað undir nýja kjarasamninga landssambanda og stærstu félaga innan ASÍ við SA 17. febrúar. Samningarnir áttu að gilda frá 1. febrúar 2008 til 30. nóvember 2010 ef forsendur héldu en nú er þegar ljóst að svo verður ekki.

Samningarnir fólu m.a. í sér hækkun almennra launataxta um kr. 18.000 við undirskrift, kr. 13.500 árið 2009 og kr. 6.500 árið 2010. Samkomulag varð um launaþróunartryggingu. Í henni fólst að þeir sem verið hafa í starfi hjá sama atvinnurekanda og hafa ekki fengið að lágmarki 5,5% launahækkun frá 2. janúar 2007 til undirritunar samninga fái það sem á vantar. Nýr kjarasamningur hækkaði lægstu taxta um 32% á samningstímanum og kom til móts við þá sem ekki hafa notið launaskriðs síðustu misseri. Í þessum kjarasam-

ingum fengust nokkrar breytingar og lagfæringar á ýmsum ákvæðum gildandi kjarasamninga, sum hver sem verið hafa deiluefni um langt skeið. Einnig var að finna ýmis nýmæli, svo sem samkomulag um stofnun Endurhæfingarsjóðs með sérstöku 0,13% framlagi atvinnurekenda ásamt samkomulagi um mótframlag frá stjórnvöldum auk þess sem gert er ráð fyrir 0,13% framlagi frá lífeyrissjóðum. Allir kjarasamningarnir fólu jafnframt í sér lengingu orlofs.

Eins og fyrr sagði hefur sigið á ógæfuhliðina í efnahagsmálum þjóðarinnar og er nú svo komið að verðbólguget er sett í hverjum mánuði. Hefur hún ekki mælst meiri í tæpa tvo áratugi. Fylgifiskar verðbólgunnar, hækkun lána og kaupmáttarrýrnun, fara illa með launafólk á Íslandi. Alþýðusambandið hefur ítrekað kallað eftir samráði ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins til að ráðast gegn vandanum en hefur fram til þessa talað fyrir daufum eyrum ríkisvaldsins. Það er verkefni komandi mánaða að ráðast af alvöru gegn þeim vágæsti sem verðbólgan er og þar þurfa margir að koma að.

Það er ekki síst ungt fólk sem finnur illa fyrir efnahagsástandinu. Fólkið sem er stofna fjölskyldu, eignast börn og koma sér þaki yfir höfuðið. Það er eðli málsins samkvæmt skuldsett og þarf á hverri krónu að halda til að dæmið gangi upp. Það er ljóst að verulega verður á brattann að sækja í þeim efnum hjá mörgum ef ekki fer að birta til fljótlega. Það er af þeim sökum sem Alþýðusambandið sér ástæðu til að setja ungt fólk á vinnumarkaði í brennidepil á ársfundinum núna undir yfirskriftinni; Áfram Ísland – fyrir ungt fólk og framtíðina.

*Október, 2008*  
*Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ*



## Ársfundur ASÍ 2007

### Setning fundarins

Ársfundur Alpýðusambands Íslands 2007 var haldinn á Hótel Nordica, 18.- 19. október. Fundurinn hófst kl. 10:00.

Við upphaf fundarins flutti Jóhann Friðgeir Valdimarsson nokkur sönglög við undirleik Jónasar Þórissonar.

Af því loknu setti Grétar Þorsteinsson forseti ASÍ fundinn með eftirfarandi ávarpi:

*„Félagsmálaráðherra, félagar, góðir gestir.*

*Ég býð ykkur velkomin til þessa sjöunda ársfundar Alpýðusambands Íslands. Framundan er tveggja daga ströng vinnulota, auk þess sem við munum nota tækifærið og rifja upp gömul og góð kynni.*

*Á ársfundum stillum við saman strengina, förum yfir það sem hefur verið gert og leggjum línurnar fyrir verkefni framtíðarinnar. Verkefni framundan eru brún eins og áður – þrátt fyrir að okkur hafi orðið vel ágengt í mörgu tilliti.*

*Á ársfundinum fyrir ári fjölluðum við um áhrif hnattvæðingarinnar á stöðu launafólks. Þar komumst við að þeirri niðurstöðu að í hnattvæðingunni væri bæði að finna ógnir og tækifæri og lögðum áherslu á réttláta og ábyrga hnattvæðingu.*

Við komumst líka að þeirri niðurstöðu, að bestu viðbrögðin við þeim áskorunum sem hnattvæðingunni fylgja, felast í norræna velferðarkerfinu og vinnumarkaðskerfinu.

Á þessum ársfundi tókum við upp þráðinn þar sem frá var horfið. Við fjöllum um þá framtíðarsýn sem við lítum á sem svar við þeim áskorunum sem í hnattvæðingunni felast og við ræðum praktískar lausnir á ýmsum þeim viðfangsefnum sem við blasa.

Stærsta einstaka verkefnið á allra næstu mánuðum er undirbúningur og gerð kjarasamninga. Undanfarið hafa félög og landssambönd haldið þing og kjaramálaráðstefnur og ég fæ ekki betur séð en það sé mikill og góður samhljómur varðandi þær áherslur sem menn vilja tefla fram. Þar virðist mér einkum tvennt standa upp úr að því er varðar launamálin sjálf.

Fyrir utan réttmæta kröfu um hækkun kaupmáttar er greinilega eindreginn vilji til að hækka lægstu launin umtalsvert. Það hefur verið mikið launaskrið að undanfögnu – en þeir sem sitja helst eftir við þær aðstæður er fólkið á strípuðu töxtunum – fólkið á lægstu laununum.

Hitt verkefnið sem samhljómur er um, er krafan um að færa taxa að greiddu kaupi. Það felur í sér að fá tryggingu fyrir því að þær kjarabætur og ávinningar sem launafólk hefur fengið til viðbótar við það sem samið er um í kjarasamningum, verði ekki tekið af aftur, þegar dregur úr þenslu.

Þetta er jafnframt mikilvægt tæki í baráttunni gegn félagslegum undirboðum. Í því sambandi er krafan um að starfsréttindi séu virt einnig mikilvæg.

Síðan eru væntanlega mörg mál sem við munum setja á oddinn í kröfugerðinni, mál sem við höfum verið með í vinnslu undanfögnar misseri og ár og skipta launafólk miklu máli.

Það blasir til dæmis við að verkalýðshreyfingin mun setja fram mjög skýra kröfu um að gerð verði hörð atлага að launamun kynjanna. Við hljótum meðal annars að binda vonir við þá stefnumótun sem sett er fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í því sambandi.

Nú þegar er hafinn undirbúningur að samstarfi aðila vinnumarkaðarins og opinberra aðila – en gleymum því ekki félagar, að í þessu eins og öðru eru það kjarasamningar sem eru lykill að árangri.

Í undanfögnu kjarasamningum höfum við lagt sívaxandi áherslu á menntun launafólks. Ég hef oft haldið því fram að vænlegasta leiðin til að koma fólki af lægstu töxtunum sé að auka menntun þess og þjálfun. Stöðug þróun og breytingar á vinnumarkaði gera þetta sífellt mikilvægara – fyrir einstaklingana sjálfa – en ekki síður fyrir atvinnulífið.

Öflug menntastefna er einn helsti lykillinn að þróttmiklu, framsæknu og samkeppnishæfu atvinnulífi. Hún er þó ekki síður lykillinn að lífsgæðum einstaklinganna, virkri þátttöku þeirra í atvinnulífinu og samfélaginu í heild.

Menntakerfi á því að hafa það að markmiði að virkja alla einstaklinga samfélagsins og nýta krafta þeirra.

Við leggjum því áherslu á öfluga grunnmenntun. Ófullkomið menntakerfi hér á landi veldur því að mikill fjöldi fólks á vinnumarkaði hefur ekki næga grunnmenntun og á því erfitt með takast á við breytingar á vinnumarkaði og í atvinnulífinu – ekki síst vegna hnattvæðingarinnar - og nýta sér nýja möguleika sem bjóðast.

Vannýttur mannauður á íslenskum vinnumarkaði þýðir sóun fyrir samfélagið. Það er skylda samfélagsins að tryggja að þessir einstaklingar fái nýtt tækifæri til að afla sér grunnmenntunar og mennta sig til nýrra starfa.

Verkalýðshreyfingin hefur verið forystuafli í uppbyggingu og þróun símenntunar og fullorðinsfræðslu og þess sér stað víða.

Nú er komið að því að taka næsta skref í þessu mikilvæga hagsmunamáli alls launafólks.

Krafa okkar er sú að sett verði lög um fullorðinsfræðslu þar sem réttindi og möguleikar fólks með litla formlega menntun verða tryggðir. Ennfremur verði réttur allra á vinnumarkaði til að sækja endur- og símenntun viðurkenndur.

Í ávarpi sínu á Viku símenntunar fyrir skemmstu lýsti menntamálaráðherra því yfir, að undirbúningur slíkrar löggjafar sé þegar hafin. Við fögnum því auðvitað.

Um leið leggjum við áherslu á að verkalýðshreyfingin taki þátt í þeim undirbúningi – og síðan hljótum við að ítreka mikilvægi þess að tryggðir verði fjármunir í framkvæmdina.

Í menntamálanum viljum við ennfremur nýjar áherslur í framhaldsskólanum, þar sem markmiðið verði jafnrétti til náms og að öll ungmenni ljúki skilgreindu námi úr framhaldsskóla sem er viðurkennt á vinnumarkaði og viðurkennt til frekara náms.

Þetta felur það ekki síst í sér að framhaldsskólinn verði ein heild – án aðgreiningar í bóknám og verknám.

Þær breytingar og þróun sem er á atvinnuháttum og tækni kalla á meiri fjölbreytni á öllum skólastigum, þar með talið á háskólastigi. Í því sambandi ber að leggja sérstaka áherslu á mikilvægi verk- og tæknimenntunar.

Síðast en ekki síst, þá leggjum við mikla áherslu á samstarf um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda milli landa. Þar hafa verið stigin mikilvæg skref í Evrópusamstarfinu og mikilvægt að við tökum enn meiri þátt í því starfi.

Félagar,

Þær áherslur sem ég hef hér rakið eru fyrsta og mikilvægasta grunnstoðin í þeirri framtíðarsýn sem við getum kallað íslensku útfærsluna á norræna módelinu. Þær eru hluti af þeirri framtíðarsýn sem við teljum nauðsynlega til

að bregðast við hnattvæðingunni.

Þessi framtíðarsýn – norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðskerfið - er stærsta viðfangsefnið á þessum ársfundi – fyrir utan að ræða komandi kjarasamninga.

Þar er búið að vinna mikla undirbúningsvinnu og afraksturinn af henni er lagður fram hér á ársfundinum til umfjöllunar.

Reynslan kennir okkur að norrænu velferðarsamfélögin - sem eru byggð á grundvallarhugsjónum verkalyðshreyfingarinnar - hafa skapað íbúum sínum mesta almenna velferð og lífsgæði meðal þjóða heims. Þetta eru staðreyndir sem ég held að fáir mótmæli.

En þau eru jafnframt meðal þeirra samfélaga sem eru best búin undir framtíðina og samkeppnina sem fylgir hnattvæðingunni. Og félagar – þau eru ekki einungis best búin undir það að takast á við áskoranir sem fylgja hnattvæðingunni, heldur ekki síður tækifærin sem henni fylgja.

Um þetta fjölluðum við ítarlega á síðasta ársfundi Alþýðusambandsins fyrir réttu ári síðan. Þess vegna höfum við sagt: Velferðin borgar sig – sama hvernig á það er litið. Einmitt vegna þessa, höfum við lagt mjög mikla áherslu á það í okkar vinnu að treysta stöðir velferðarkerfisins og höfum sagt að með því séum við að búa íslenskt samfélag, launafólk og vinnumarkaðinn í heild - undir framtíðina.

Menntamálin eru fyrsta stöðin – og ég hef farið hér nokkrum orðum um það hvernig við sjáum fyrir okkur íslensku leiðina í þeim efnum.

Önnur meginstöðin í norræna líkaninu er öflugt velferðarkerfi, borið uppi af opinberum aðilum. Það byggir á jöfnuði og jafnrétti, rausnarlegri vernd og áherslu á virkar vinnumarkaðsaðgerðir og traust réttindi sem eru meðal annars tryggð í kjarasamningum.

Íslenska velferðarkerfið er að mörgu leyti frábrugðið þeim sem við þekkjum á hinum Norðurlöndunum. Og ég hef haldið því fram að við höfum fjarlægst þau á undanförunum árum.

Við höfum margoft bent á dæmi um hvar kreppir að - og lagt fram tillögur til úrbóta.

Ég nefni húsnæðismálin. Breytingar á húsnæðismarkaði hafa verið miklar og margar þeirra verið láglaunafólki mjög mótdrægar. Ég bendi í því sambandi á afnám félagslega húsnæðiskerfisins og rýrnun vaxtabóta. Húsaleigubætur hafa staðið í stað síðastliðin 7 ár. Ofan á þetta hefur síðan bæst gríðarleg þensla á húsnæðismarkaði.

Nú er svo komið að all margar fjölskyldur eru í miklum vanda og það hefur fjölgað umtalsvert á biðlistum sveitarfélaganna eftir leiguhúsnæði á hagkvæmum kjörum.

Það er talið að meira en 2.700 fjölskyldur séu á biðlistum eftir félagslegu

leiguhúsnaði. Þar er lítil hreyfing. Það þarf einnig að gera átak í að gera ungu fólki mögulegt að kaupa eða leigja húsnaði. Það þarf að efla og einfalda kerfi húsnaðisbóta. Síðan hljótum við að gera kröfu til þess að sveitarfélögin axli með afgerandi hætti sína ábyrgð gagnvart því fólki sem er á biðlista eftir leiguhúsnaði. Það er ástæða til að fagna því að ráðherra hefur sett í gang vinnu þar sem stefnt er að því að bregðast hratt við þessum vanda.

Við leggjum ríka áherslu á lengingu fæðingarorlofsins, það er eitt stærsta jafnréttismál nútímans.

Ég gæti tínt fleira til í sambandi við velferðarkerfið – til dæmis þróun almannatryggingakerfisins – stöðu öryrkja og ellilífeyrisþega. Í þessu sambandi vil ég jafnframt leggja áherslu á tillögu Velferðanefndar ASÍ fyrir þennan fund um að lágmarksviðmið í velferðarkerfinu verði merkjanlega fyrir ofan skilgreind fátæktarmörk.

Í dag eru framreiknuð fátæktarmörk Hagstofu Íslands um 130.000 kr. og við teljum eðlilegt að viðmið velferðarkerfisins séu nokkuð hærri.

Ég get ekki heldur látið hjá líða að minnast aðeins á tillögur um uppstökk- un á réttindakerfi okkar vegna veikinda-, slysa- og örorku.

Þeim er í fyrsta lagi ætlað að tryggja að afkoma launafólks sem lendir í áföllum vegna veikinda eða slysa verði bætt og treyst verulega frá því sem nú er, í allt að 5 ár. Um leið er lagt til að kerfið verði allt einfaldað og gert skilvirkara.

Í annan stað er markmiðið að taka upp fyrirkomulag sem byggir á öflugri ráðgjöf og aðstoð við þá sem lenda í áföllum til að verða sem fyrst aftur virkir þátttakendur á vinnumarkaði.

Síðast en ekki síst er nýju fyrirkomulagi ætlað að efla og styrkja starfsemi sjúkrasjóða stéttarfélaganna og treysta ímynd og vitund launafólks um mikilvægi stéttarfélaganna og starfsemi þeirra.

Þriðja grunnstoðin er síðan leikreglur og samskipti á vinnumarkaði. Undanfarin ár höfum við átt í harðri baráttu gegn félagslegum undirboðum á vinnumarkaði og misnotkun á stöðu útlendinga í því sambandi. Þessa sögu þekkja engir betur en þið – ég hef oft rætt hana og ætla ekki að rekja hana hér.

Þetta mál snýst ekki síst um samskipti og leikreglur á vinnumarkaði. Þar gegna traust samskipti milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda höfuðmáli. Við höfum ítrekað kallað eftir virku samráði og samþættri stefnu í efnahags, atvinnu, og félagsmálum.

Saman mynda þeir þættir það sem við höfum kallað Sveigjanleika með öryggi. Í stuttu máli er hægt að lýsa því sem kerfi þriggja stöða. Fyrsta stoðin snýst um öflugt menntakerfi. Önnur stoðin er öflugt velferðarkerfi á vinnumarkaði. Það er fyrir alla – allir hópar og einstaklingar eiga að hafa



möguleika á að vera virkir á vinnumarkaði. Þriðja grunnstoðin snýr að öfluglu kerfi samskipta aðila vinnumarkaðarins.

Félagar,

Þó svo við ræðum þessi viðfangsefni – kjaramálin og norræna velferðar- og vinnumarkaðskerfið sitt í hvoru lagi á fundinum – þá er samfellan augljós.

Í kjarasamningum gefast tækifæri til að fylgja eftir þessum áherslum og koma þeim á dagskrá. Síðan er ástæða til að binda vonir við sitthvað sem hefur verið sagt, gert og skrifað undanfarna mánuði.

Ég er þeirrar skoðunar að það hafi skapast aðstæður í þjóðfélaginu til að hægt sé að stíga stór skref í að koma þessari framtíðarsýn - sem ég hef hér tæpt á - í framkvæmd.

Eftir tímabil græðgi og sérhyggju sem hefur verið ofan á undanfarin ár er að verða ákveðin viðhorfsbreyting í samfélaginu. Við merkjum hana á vettvangi stjórnmalanna, hjá atvinnurekendum og í samfélaginu öllu. Og eins og ég hef nefnt er að finna ýmis jákvæð teikn í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar.

Ég er því þeirrar skoðunar að nú sé ákveðið tækifæri til að mynda hér breiða samstöðu um nauðsynlegar breytingar á velferðarkerfinu og umfram allt eflingu þess. Þetta er tækifæri sem við eigum ekki – og megum ekki, láta hjá líða. Það hlýtur að vera öllum ljóst - að til að mynda slíka sátt og samstöðu – og til að hrinda verkunum í framkvæmd – verður að hafa víðtækt samráð.

Ágætu félagar,

Á fundum sem þessum hef ég jafnan gert mikilvægi samstöðunnar að umtalsefni. Ástæðan er augljós. Samstaðan er lykillinn að árangri okkar í að hrinda í framkvæmd þeim málum sem við höfum ákveðið að setja á oddinn í baráttu okkar.

Ég trúi því og treysti að þessi fundur muni þetta raðirnar enn frekar. Ég trúi því og treysti að hann muni búa okkur undir þau verkefni sem ég hef minnst á og eru framundan í starfi okkar. Þau kristallast í yfirskrift þessa fundar – **Íslensk velferð í fremstu röð**

Félagar!

Sjöundi ársfundur Alþýðusambands Íslands er settur og ég vil biðja Ingi-  
björgu R. Guðmundsdóttur, varaforseta sambandsins að taka við stjórn fundarins.“





### **Ávarp félagsmálaráðherra**

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir varaforseti ASÍ tók við fundarstjórn og bauð félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, velkomna til fundarins. Hún flutti eftirfarandi ræðu.

*„Ágætu ársfundargestir.*

*Á síðasta ári fagnaði Alþýðusamband Íslands því með glæsilegum hætti að 90 ár voru liðin frá stofnun þess. Nú er að hefjast áfangi í átt að aldarafmæli Alþýðusambandsins sem fagnað verður árið 2016.*

*Heil öld er langur tími og sú öld sem að baki er hefur verið öld stórstígra breytinga. Fyrir einni öld var jarðvegur þeirrar verkalýðshreyfingar sem við þekkjum í dag að myndast hér á landi. Fyrir nákvæmlega 100 árum, haustið 1907, var gerð tilraun til að stofna Verkamannasamband eftir fyrirmynd frá Norðurlöndunum. Í því samhengi var meðal annars rætt um að arður af vinnu rynni til vinnandi fólks, um jafnrétti meðal kynja og að almannatryggingum yrði komið á. Þetta voru miklir breytingatímar og gerjun í samfélaginu var mikil.*

*Í sögu verkalýðshreyfingarinnar á vef Alþýðusambands Íslands segir orðrétt: „Á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar jókst dýrtíðin og auður færðist á fárra manna hendur, örbirgðin fór vaxandi. Krafan um víðtækt samstarf verkalýðsfélaganna varð æ háværi. Úr þessum jarðvegi er Alþýðusamband Íslands sprottið.“*

*Ágætu ársfundargestir.*

*Hér í dag sitja tæplega 300 fulltrúar frá 64 aðildarfélögum Alþýðusambandsins um land allt. Þið eruð komin víða að til þess að móta stefnu Alþýðusambands Íslands haustið 2007.*

*Ög hver eru viðfangsefnin. Kann að vera að þau séu að hluta til hin sömu og þau voru haustið 1907, fyrir rétttri öld síðan? Getur verið að meginumfjöllunarefnið á ársfundi ykkar sé hið norræna velferðarkerfi og hvernig við getum nýtt okkur það besta frá öðrum Norðurlöndum á vinnumarkaði okkar?*

*Getur verið að við séum á Íslandi í dag að ræða um hvort vinnandi fólk eigi að njóta þess arðs sem verður til í samfélaginu? Getur verið að við séum að ræða um hvort konur og karlar búi við jafnrétti á Íslandi í dag? Getur verið að við séum að ræða framtíð almannatryggingakerfisins hér á landi?*

*Án umhugsunar getum við svarað öllum þessum spurningum játandi.*

*Rétt eins og fyrir 100 árum er það hlutverk okkar að horfa gagnrýnum augum á samfélagið og fram á veginn. Nú spyrjum við okkur hvort við séum á rétttri leið. Við spyrjum okkur í dag hvort það samfélag sem við búum í sé það samfélag sem við raunverulega viljum. Rétt eins og fyrir 100 árum skiptir það samfélag okkar afar miklu máli að slík lifandi umræða fari fram á vettvangi hinna vinnandi stétta enda er það ekki síst þaðan sem velferðin sækir þróttinn og stöðugan endurnýjunarkraft.*

*Hver er myndin sem blasir við okkur og hver eru viðfangsefni okkar í dag, ykkar í verkalýðshreyfingunni og okkar í stjórnmálunum? Ég mun hér fara yfir það í nokkrum orðum.*

*Heimsmýndin og þjóðfélagsmýndin árið 2007 er vissulega önnur en sú mynd sem blasti við verkalýðshreyfingunni þegar hún var stofnuð hér á landi. Alþjóðavæðingin sem leiðir meðal annars til aukins flæðis vinnuafis í hnattvæddu umhverfi, skapar ný vandamál og viðfangsefni og hætta er á félagslegum undirboðum og að skattar skili sér ekki með eðlilegum hætti inn í velferðarkerfið okkar. Við þurfum að berjast gegn því að alþjóðavæðingin grafi undan þeim réttindum sem barist hefur verið fyrir og okkur þykja sjálfsögð og viljum ekki fyrir nokkurn mun láta af hendi. Þetta eru ný viðfangsefni sem við verðum að takast á við á nýrri öld.*

*Samvinna við Alþýðusambandið á sviði alþjóðamála er og verður mikilvæg. Þið hafið meðal annars knúið ákveðið á um að Ísland fullgildi fleiri samþykktir ILO og leggi þannig sitt af mörkum til að tryggja launafólki mannsæmandi vinnuskilyrði hvar sem er í heiminum. Þessi mál og þá meðal annars ILO-samþykkt númer 158 eru í mínum huga mikilvæg og ég mun fylgjast grannt með þeirri yfirferð sem nú á sér stað á vettvangi félagsmálaráðuneytisins í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Við vitum að uppi hefur verið ágreiningur meðal aðila vinnumarkaðarins um þetta mál sem hefur tafið afgreiðslu þess úr hófi. Menn verða að fara að leiða þetta mál til lykta. Það*

er ekki endalaust árum saman hægt að kasta svo mikilvægu máli á milli sín án nokkurrar niðurstöðu.

Margt fleira er breytt í þjóðfélaginu sem skapar ný viðfangsefni. Atvinnulífið breytist, verkefnin verða önnur og fjölbreyttari, þjónustustörfum fjölgar og þörfin fyrir símenntun og endurmenntun hefur aldrei verið meiri.

Mesta atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi, í samanburði meðal OECD-ríkja, krefst enn öflugara velferðarkerfis en ella við umönnun barna, sjúkra og aldraðra og það er viðfangsefni sem við verðum að leysa. Jafnt atvinnuframlag bæði kvenna og karla til samfélagsins er afar mikilvægt og krefst þess að við samþættum atvinnulíf og fjölskyldulíf. Öflugt velferðarkerfi er lykilatriði.

Verkefni velferðarkerfisins og almannatrygginga eru margþætt. Við megum ekki missa sjónar á mikilvægi þess og þeirri staðreynd að fólk á Ísland býr því miður við misjöfn kjör árið 2007. Við verðum að horfast í augu við þá staðreynd að samanburðarrannsóknir, sem byggja á sömu viðmiðum og notuð eru innan Evrópusambandsins, benda til þess að árið 2004 hafi 9,7%, eða 27.600 manns hér á landi, 16 ára og eldri, verið undir fátæktarmörkum.

Fyrir liggja tölur um fátækt, ótal skýrslur hafa verið unnar um þetta efni og fram hafa komið tillögur til úrbóta. Það er eitt af mikilvægustu verkefnum í umbótum á velferðarkerfinu að draga úr fátækt. Ég hef ítrekað lýst minni skoðun á þessum málum og ég óska eftir samráði við verkalyðshreyfinguna og sveitarfélögin um leiðir til þess að sporna gegn fátækt hér á landi. Það verður ekki lengur undan því vikist að auka hlutdeild þeirra fátæku í þjóðarauðnum.

Ágætu ársfundargestir.

Við erum að hefja kjörtímabil nýrrar ríkisstjórnar og tónninn er gefinn í stefnuyfirlýsingunni. Í henni endurspeglast forgangsröð sem byggir á velferð fyrir alla, ekki síst þeirra sem minna mega sín og eiga af mismunandi ástæðum erfitt uppdráttar í samfélagi okkar. Ég er afar þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að vinna að þeim mikilvægu málaflökkum sem félagsmálaráðuneytið fer með. Að mínu mati er þetta áhugaverðasta ráðuneytið í Stjórnarráðinu, ráðuneytið sem hefur flesta snertifleti við fólkið í landinu.

Um næstu áramót mun ráðuneytið taka við nýjum, þýðingarmiklum og umfangsmiklum málaflökkum. Það er ekki lítið verkefni að fá að kljást við almannatryggingar og málefni lífeyrisþega.

Mér finnst þessir málaflokkar snerta þann kjarna sem hvert samfélag snýst um. Ég legg ríka áherslu á að við stöndum vörð um heilbrigðan og öflugan vinnumarkað hér á landi á sama tíma og við treystum stöðir velferðarkerfisins. Starfsendurhæfingarmálin eru mikilvægur þáttur í heildarmyndinni og ég vil sjá að þau fái stóraukið vægi á næstu árum.

Já, viðfangsefnið mín og ykkar eru fjölmörg og ég nefni hér þau helstu.

Hlutfallsleg fjölgun aldraðra hér á landi eins og í öðrum vestrænum

samfélögum krefst þess að við skoðum framtíðaruppbyggingu almannatryggingakerfisins og lífeyrissjóðakerfisins og samspil þessara grundvallarþátta og heilbrigðisþjónustuna og þjónustu í þágu aldraðra almennt, hvort sem þeir eru utan heilbrigðisþjónustu eða innan. Allir þessir þættir auka framtíðarverkefni velferðarkerfisins.

Almannatryggingar framtíðarinnar eiga í rúmum skilningi að styðja við fulla atvinnuþátttöku kvenna, fjölgun aldraðra, styðja við fjölskyldulíf og samkeppnishæfni og leysa úrlausnarefni tengd innflytjendum og hnattvæðingu. Almannatryggingar þurfa að taka á grunnildum jöfnuðar í samfélaginu eins og um jöfnun tækifæra, minnkun fátæktar, öryggi, þátttöku og samheldni í nýju þjóðfélagsumhverfi, í nýju alþjóðlegu umhverfi. Það kallar á nýjar lausnir, nýjar útfærslur og nýtt skipulag.

Ég vænti mikils af þessu starfi og ég vænti mikils af samstarfi við Alþýðusambands Íslands við mótun framtíðarstefnu á sviði almannatrygginga.

Á vettvangi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins hefur verið unnið að nýju kerfi veikinda-, slysa- og örorkuréttinda fyrir félagsmenn aðildarféлага Alþýðusambands Íslands á almennum vinnumarkaði. Ég fagna því að Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins leggi svo mikla áherslu á eflingu starfsendurhæfingar, eins og raun ber vitni.

Margt í þessum tillögum stuðlar að auknum lífsgæðum fólks og eykur möguleika þess á að vera virkir þátttakendur á vinnumarkaði í kjölfar slysa og veikinda. Tillögurnar um snemmtæka íhlutun við skerta starfsgetu einstaklinga, einstaklingsmiðaða endurhæfingarþjónustu og færnimat í stað örorkumats eru í fullu samræmi við tillögur nefndar forsætisráðherra um endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar, sem nú starfar áfram sem framkvæmdahópur um tillögur nefndarinnar.

Hitt er svo annað mál að það þarf að skoða miklu betur hvort rétt sé að ábyrgð á örorkumati og eftirliti með þjónustunni verði í höndum aðila vinnmarkaðarins. Við hljótum að ígrunda vel kosti þess og galla ef grunnþjónusta og framfærslukerfi fólks með skerta starfsgetu verði á ábyrgð annarra en opinberra aðila. Hér þarf að tryggja samspil margra þátta og það getur verið erfitt og skapað ójafnræði að þróa þessi kerfi óháð hvert öðru. Með þessu er ég alls ekki að hafna því áfallatryggingakerfi sem Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands hafa undirbúið heldur einungis að segja að það eru mörg álitaeftirni uppi sem þarf að skoða.

Hér þarf að fara að með gát og hyggja vel að því hvert er verið að stefna. Það velferðarkerfi sem við höfum búið við undanfarna áratugi dregur dóm af því sem hefur verið við lýði á Norðurlöndunum, tekur til allra óháð stétt eða stöðu í þjóðfélaginu. Þetta er eitt af því sem á að ræða í tengslum við heildarendurskoðun á almannatryggingakerfinu sem nú er að hefjast.

Þá hlýtur þetta mál að verða til umræðu á vettvangi nefndar stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins sem fjallar nú um málefni öryrkja í víðu samhengi og ég vil jafnframt tengja þetta með beinum hætti þeirri starfsendurhæfingu sem við viljum byggja upp á vettvangi Vinnumálastofnunar. Þar hafa aðilar vinnumarkaðarins virka aðkomu sem er í mínum huga mjög mikilvægt.

Húsnæðismál eru einn af hornsteinum velferðarkerfisins. Samkvæmt nýrri könnun sem félagsmálaráðuneytið lét gera á högum fólks á húsnæðismarkaðnum eru 2.750 manns á biðlistum eftir félagslegu húsnæði.

Af þeim sem eru á biðlistum hjá sveitarfélögum og Öryrkjabandalaginu hafa rúm 70% heildartekjur undir 150.000 krónum á mánuði. Margir þeirra eiga ekki kost á að halda eigið heimili þar sem leiga á almennum markaði er orðin svo há að hún er óviðráðanleg fyrir lágtekjufólk, en á sama tíma hefur grunnfjárhæð húsaleigubóta ekki hækkað frá árinu 2001. Algengt er að fólk greiði 110–130.000 krónur fyrir þriggja herbergja íbúð á almennum leigumarkaði.

Þetta ástand hefur leitt til þess að biðlistar eftir félagslegu leiguhúsnæði sveitarfélaga og félagasamtaka hafa ekki styst þrátt fyrir fjölgun íbúða. Fólk í sárustu neyð, oft og tíðum með börn á framfæri, býr nú hjá ættingjum eða vinum og getur ekki haldið eigið heimili. Hér er um alvarlegt samfélagslegt vandamál að ræða sem ríki og sveitarfélög verða að sameinast um að leysa á næstu misserum og verkalyðshreyfingin einnig. Þar eigum við samleið.

Þetta er þó engin tilviljun. Á sama tíma og húsnæðisverð hefur nær tvöfaldast hefur verið dregið úr félagslegu hlutverki íbúðalánakerfisins.

Nú er svo komið að þeir sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð þurfa að eiga á bilinu þrjár til fimm milljónir til að kaupa tveggja herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu miðað við núverandi lánaþyrirkomulag. Í könnuninni kemur fram að um 7.000 manns hafi reynt að kaupa húsnæði á síðastliðnum árum en fallið frá því. Af þeim sem hyggja á fasteignakaup á næstunni er skortur á eigin fé stærsta hindrunin.

Ungt fólk þarf að skuldsetja sig mikið til að komast á fasteignamarkaðinn og vaxtagreiðslur heimilanna af íbúðarhúsnæði vaxa ár frá ári. Í nýrri greinargerð sem unnin hefur verið fyrir mig kemur fram að vaxtagjöld heimilanna jukust um 125,3% að raungildi frá 1994 til 2005 en vaxtabætur heimilanna jukust á sama tíma aðeins um 4,7%. Vaxtabæturnar hafa ekki haldið í við þróun fasteignaverðs og heimilin greiða nú mun hærri hlutdeild ráðstöfunartekna sinna í vaxtagjöld vegna húsnæðis en þau gerðu fyrir tímabil verðhækkana á fasteignamarkaði. Sá ávinningur sem heimilin höfðu af lækkun vaxta á fasteignalánnum árið 2004 hefur orðið að litlu eða engu vegna hækkaðs fasteignaverðs og aukinnar skuldsetningar.

Á þessu öllu þarf að taka af skynsemi í ljósi fenginnar reynslu og byggja

upp þann framtíðarhúsnæðismarkað sem við viljum sjá hér á landi, með fjölbreytt úrræði sem mætir mismunandi aðstæðum.

Ágætu ársfundargestir.

Ég spyr sjálfa mig oft að því af hverju okkur hafi ekki tekist að afnema kynbundinn launamun og af hverju svo lítið hafi þokast sem raun ber vitni frá árinu 1961 er sett voru lög sem kváðu á um afnám kynbundins launamunar innan fátíðra ára.

Jafnréttismálin, kynbundni launamunurinn og málefni umönnunarstéttanna eru meðal forgangsmála þessarar ríkisstjórnar og að þeim verkefnum vill ríkisstjórnin vinna með samstarfi hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins.

Ég fagna mjög þeim áherslum sem forseti ASÍ lagði á þessi mál.

Á komandi misserum verðum við að stíga markviss skref í átt að þessum mikilvægu markmiðum ríkisstjórnarinnar. Við verðum að brjótast út úr áratuga stöðnun í launamálum kynjanna og treysta grundvöll velferðarkerfisins, með endurmati þeirra mikilvægu starfa sem þar eru unninn. Komandi kjarasamningar geta orðið fyrsta stóra varðan á þeirri vegferð.

Ágætu ársfundargestir.

Verkefnin og viðfangsefnin eru óþrjótandi. Ég hef farið hér yfir þau helstu en stóra málið fyrir ykkur og samfélagið í heild er að hér sé farið að settum reglum á innlendum vinnumarkaði. Slíkt er í senn grundvöllur öflugsnahagslífs og velferðarsamfélags. Ég nefndi hér áhrif alþjóðavæðingarinnar og viðfangsefni tengd henni sem eru og verða viðfangsefni verkalýðshreyfingarinnar í framtíðinni. Því miður hefur pottur verið brotinn í eftirliti hér á landi gagnvart erlendu vinnuafli eins og ég hef útrekað bent á og stjórnvöld fóru alltof seint af stað. Alltof seint. Alþýðusambandið hefur hins vegar að mörgu leyti verið til fyrirmyndar í viðleitni sinni við að upplýsa, mennta og verja kjör þeirra erlendu starfsmanna sem hingað hafa komið.

Annan október síðastliðinn hleypti Vinnumálastofnun af stokkunum sérstöku eftirlitsátaki með fyrirtækjum vegna erlendra starfsmanna undir heitinu „Allt í ljós“, í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og Alþýðusambandið. Átakið felur í sér margþættar aðgerðir sem þegar hafa skilað árangri.

Aldreif hafa fleiri skráningar erlendra starfsmanna borist Vinnumálastofnun en í síðasta mánuði eða tæplega 1.600. Um miðjan þennan mánuð höfðu 870 skráningar borist, mun fleiri en yfir venjulegan heilan mánuð og er það rakið beint til átaksins. Þá hefur orðið veruleg aukning á skráningum starfsmanna starfsmannaleiga og í þjónustuviðskiptum. Átakið og umræðan er því að skila okkur árangri eins og að var stefnt.

Ágætu ársfundargestir.



*Þið hafið sett hér saman metnaðarfulla dagskrá sem snertir meginviðfangsefni samfélags okkar í dag sem sýnir að verkalýðshreyfingin er vel vakandi. Verkalýðshreyfingin gegnir mikilvægu hlutverki við að skapa það jafnvægi sem nauðsynlegt er í hverju samfélagi. Það er jafnvægi á milli sveigjanleika og velferðar sem einkennt hefur norræna velferðarmódelið og verið fyrirmynd annarra þjóða. Á þeirri sýn eigum við að byggja. Hún hefur skipað okkur í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði og þeirri forystu ber okkur að halda.*

*Ég óska ykkur góðs í ykkar mikilvægu störfum.“*

Ársfundarfulltrúar stóðu upp og klöppuðu fyrir ræðu félagsmálaráðherra. Ingibjörg R. Guðmundsdóttir tók til máls og sagði mikinn samhljóm vera í ræðu félagsmálaráðherra við þær áherslur sem ASÍ legði á þessum ársfundi. Kvaðst hún ekki hafa upplifað svo góðar undirtektir ársfundarfulltrúa við ræðu nokkurs félagsmálaráðherra.

### ***Kjörbréfanefnd***

Guðmundur Þ Jónsson formaður kjörbréfanefndar gerði grein fyrir álitni nefndarinnar.

Í kjörbréfanefnd eiga sæti auk Guðmundar, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og Ísleifur Tómasson.

*„Ágætu félagar.*

*Í samræmi við ákvæði 31. gr. laga Alþýðusambandsins skipaði forseti ASÍ 8. október sl. eftirtalda í kjörbréfanefnd vegna ársfundar sambandsins árið 2007:*

*Þann sem hér talar, Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur, formann LÍV og Ísleif Tómasson, starfsmann RSÍ.*

*Kjörbréfanefnd kom saman til fundar þriðjudaginn 16. október sl. til að fjalla um innkominn kjörbréf og verklag vegna ársfundar ASÍ 2007.*

*Fram kom að samkvæmt 2. mgr. 29. grein laga ASÍ var landssamböndum og landsfélögum með beina aðild úthlutað alls 290 fulltrúum á ársfund ASÍ árið 2007. Þá samþykkti miðstjórn ASÍ á fundi sínum 5. september að úthluta einu aðildarfélagi sem ekki náði inn fulltrúa á grundvelli 2. mgr. 29. gr. laganna einum fulltrúa skv. 4. mgr. 29. gr. Alls hafa því 291 fulltrúi seturétt á ársfundi ASÍ 2007.*

*16. október höfðu 62 aðildarfélög og deildir sent inn kjörbréf vegna 290 fulltrúa á ársfundinn.*

*Kjörbréfanefnd hefur ákveðið að viðhafa eftirfarandi verklag á ársfundinum:*

*Í fundargögnum liggur frammi listi með nöfnum þeirra ársfundarfulltrúa*

sem kjörbréfum hefur verið skilað fyrir, raðað eftir aðildarfélögum eða landsamböndum. Þar sem fulltrúar eru kjörnir af aðildarfélögum á grundvelli aðildar að landssambandi kann sama félag að vera með fulltrúa hjá fleiri en einu landssambandi.

Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréf í samræmi við framlagðan lista verði öll samþykkt.

Ef það eru ábendingar sem þið viljið gera við samþykkt kjörbréf samkvæmt framangreindum lista er þess óskað að þið komið þeim á framfæri við starfsmann kjörbréfanefndar. Starfsmaður nefndarinnar er Halldór Grönvold og verður hann hér frammi í anddyri.

Þá ber að geta þess að frá því kjörbréfanefnd kom saman 16. október hafa borist nokkrar óskir um breytingar, þar sem varamenn eru að koma inn fyrir aðalmenn vegna forfalla, og er verið að vinna úr þeim.

Breytingar á kjörbréfum verða kynntar þegar þær liggja fyrir.“

## **Kjör starfsmanna ársfundar**

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir gerði tillögu um Þórunni Sveinbjörnsdóttur sem fundarstjóra á ársfundinum og var tillagan samþykkt samhljóða.

Þórunn tók við stjórn fundarins og gerði tillögu um Jóhönnu Vilhelmsdóttur sem 1. varafundarstjóra og Þórunni S. Jónsdóttur sem 2. varafundarstjóra. Tillaga Þórunnar var samþykkt samhljóða.

Því næst gerði fundarstjóri tillögu um Tryggva Arnarson og Snæbjörn Sigurðarson sem skrifara.

Sem ritara fundargerðar ársfundar gerði hún tillögu um Ingvar Sverrisson. Tillögur fundarstjóra voru samþykktar samhljóða.

## **Skýrsla forseta og reikningar ASÍ og stofnana**

Grétar Þorsteinsson fylgdi skýrslu forseta úr hlaði með eftirfarandi ræðu:

„Fundarstjóri - félagar

Skýrslu forseta um störf Alþýðusambandsins frá síðasta ársfundi til dagsins í dag hefur verið dreift.

Ég ætla ekki fremur venju að rekja það sem í skýrslunni stendur. Flest af því þekkið þið - en kynnið ykkur það að öðrum kosti í skýrslunni sjálfri. Skýrsla forseta er nokkru minni að vöxtum en á síðasta ári. Það þýðir þó ekki að við höfum setið aðgerðalaus.

Verkefnin hafa hins vegar að mörgu leyti verið annars konar en t.d. á síðasta ári, þegar kjarasamningar voru endurskoðaðir. Ekki bara einu sinni – heldur tvívegis.



Síðan hófst vinnan við samantekt skýrslunnar af ýmsum ástæðum síðar en undanfarin ár. Það er líklegt að það hafi haft einhver áhrif og ekki útilokað að það bitni líka eitthvað á framsetningu og áferð. Ég held þó að efnislega hafi allt skilað sér. Síðan skilst mér að pappírinn í skýrslunni sé þynnri en áður.

Nú var það ekki ætlun mín að fara að þylja hér upp einhverjar afsakanir fyrir því af hverju skýrsla forseta er minni að vöxtum en undanfarin ár – það hefur raunar stundum verið kvartað undan því að hún væri of umfangsmikil.

En félagar, þetta er ekki stóra málið – stóra málið er starfið á árinu. Ég leyfi mér að halda því fram að það hafi verið árangursríkt – bendi til dæmis á merka áfanga í réttindamálum útlendinga á vinnumarkaði.

Fyrir fundinum liggur margvíslegt annað útgáfuefni og hefur verið fjallað sérstaklega um sumt. Við gefum nú út Árið í hnotskurn í fimmta sinn. Þar er sagt í stuttu máli frá nokkrum mikilvægum viðfangsefnum á árinu.

Þessu riti er víða dreift – en skýrsla forseta er meira til heimabruks.

Jafnframt er nú gefin út samantekt um kynjabókhald í annað sinn og regluleg haustspá Hagdeildarinnar kemur út á ársfundi eins og undanfarrið.

En víkjum aftur að skýrslunni.

Í stórum dráttum er í henni fjallað um þróun í öllum helstu málaflokkum sem varða málefni launafólks. Jafnframt er fjallað um okkar vinnu í málaflokkunum. Hún birtist með ýmsum hætti, í margvíslegum verkefnum og samningum sem unnið hefur verið að á vettvangi Alþýðusambandsins og okkar vinnu og tillögugerð.

Eðli máls samkvæmt hefur vinnan ráðist mikið af þeim verkefnum sem eru framundan, þ.e. gerð kjarasamninganna og væntanlega fjallað meira um það á næsta ársfundi.

Félagar,

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um það sem við höfum sýslað á árinu. Þið eigið að hafa það í aðalatriðum skjalfest fyrir framan ykkur.

Að lokum vil ég þakka félögum mínum í miðstjórn og félagsmönnum Alþýðusambandsins samstarfið á liðnu tímabili og starfsfólki á skrifstofu ASÍ fyrir allt það starf sem það hefur innt af hendi á árinu og í undirbúningi þessa fundar.“

Gylfi Arnbjörnsson gerði grein fyrir samstæðureikningi ASÍ og einstakra stofnana. Rekstur sambandssjóðs var með hefðbundnum hætti á árinu en mikil aukning í umsvifum Mímis-símenntunar ehf. og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ehf. í kjölfar samninga okkar við stjórnvöld um aukin framlög til menntamála. Afkoma dótturfélaga var almennt góð. Af reikningunum má sjá að fjárhagsleg staða ASÍ er traust.

### ***Atkvæðagreiðsla um lagabreytingar***

Fundarstjóri gerði grein fyrir niðurstöðu atkvæðagreiðslu um tillögu miðstjórnar um fjölgun varaforseta ASÍ, sbr. skjöl nr. 13. og 14. 275 greiddu atkvæði og féllu atkvæði sem hér segir:

Já sögðu 146 eða 58,9%

Nei sögðu 102 eða 41,1%

Auð eða ógild atkvæði voru 27

Þar sem tillagan náði ekki tilskildum meirihluta var tillaga miðstjórnar felld.

Stefanía Magnúsdóttir formaður kjörnefndar tók til máls. Hún sagði að tvær tillögur væru fram komnar um kjör til varaforseta ASÍ. Afgreiðsla annarra tillagna væri háð því hvernig sú kosning færi en kosið verði á milli Ingibjargar R. Guðmundsdóttur og Signýjar Jóhannesdóttur.

Atkvæðu féllu þannig að Ingibjörg R Guðmundsdóttir fékk 163 atkvæði eða 60,1% greiddra atkvæða og Signý Jóhannesdóttir fékk 108 atkvæði eða 39,9% greiddra atkvæða. Greidd atkvæði voru 271.

### ***Atkvæðagreiðsla***

Fundarstjóri bar eftirfarandi skjöl undir atkvæði.

*Skjöl nr. 20 og 21.* Tillögur vinnumarkaðsnefndar að breytingum á II. og IV kafla í drögum að greinargerð ASÍ um norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðsmódelið. Tillögur bornar upp og samþykktar samhljóða.

### ***Atkvæðagreiðsla um kjör aðalmanna í miðstjórn***

Fundarstjóri tilkynnti niðurstöðu atkvæðagreiðslu um skipan miðstjórnar ASÍ.

*Eftirfarandi voru kjörnir sem aðalmenn í miðstjórn til tveggja ára:*

*Kristján Gunnarsson, VI. og sjóm.fél. Keflavíkur og nágr.*

*Gunnar Páll Pálsson, VR*

*Sævar Gunnarsson, Sjómannasamband Íslands*

*Sigurrós Kristinsdóttir, Efling Stéttarfélag*

*Guðmundur Gunnarsson, Rafiðnaðarsamband Íslands*

*Ragna Larsen, Báran stéttarfélag*

*Signý Jóhannesdóttir, Vaka*

Stefanía Magnúsdóttir gerði grein fyrir tillögum kjörnefndar um varamenn í miðstjórn, sbr. skjal nr. 24.

*Ásgerður Pálsdóttir, Samstaða*

*Fanney Friðriksdóttir, Efling  
Vilhjálmur Birgisson, Vlf. Akraness  
Konráð Alfreðsson, Sjómannafélagi Eyjafjarðar  
Björn Ágúst Sigurjónsson, Félag íslenskra rafvirkja*

Fundarstjóri lýsti eftir öðrum tilögum. Svo var ekki og lýsti hún þessa fulltrúa rétt kjörna.

## **Samþykkt ársfundar**

*„Ályktun ársfundar ASÍ 2007 um kjaramál*

*Ársfundur Alþýðusambands Ísland krefst þess að launafólk fái stærri hlutdeild í aukningu þjóðarverðmæta.*

*Prátt fyrir að gerð kjarasamninga sé viðfangsefni einstakra félaga og landssambanda leggur ársfundurinn áherslu á að í komandi kjarasamningum verði samið um launahækkanir sem tryggja aukinn kaupmátt, sérstaka hækkun lægstu launa, auk þess sem tekið verði af festu á launamisrétti kynjanna. Jafnframt verði öryggisnet kjarasamninganna styrkt og þannig komið í veg fyrir félagsleg undirboð. Það verði meðal annars gert með því að færa taxa að greiddu kaupi og með því að tryggja að fagleg starfsréttindi launafólks verði virt.*

*Ársfundurinn telur mikilvægt að aðildarsamtökin standi saman að kröfum sem varða sameiginlega hagsmuni alls launafólks gagnvart stjórnvöldum og atvinnurekendum.*

*Áríðandi er að stjórnvöld komi sérstaklega til móts við lág- og millitekjufólk með aðgerðum í skatta-, velferðar- og menntamálum. Skattbyrði þeirra tekjulægri verði lækkuð, sérstakt átak verði gert í málefnum barnafjölskyldna, í húsnæðismálum og dregið verði úr tekjutengingum velferðarkerfisins. Mikilvægt er einnig að bæta möguleika launafólks til frekari menntunar með því að allir eigi kost á öðru tækifæri til náms.*

*Ársfundurinn leggur áherslu á að unnið verði áfram að útfærslu á nýju fyrirkomulagi á veikinda-, slysa- og örorkubótaréttar í samræmi við framkomnar tillögur. Jafnframt er nauðsynlegt að bæta slysatryggingaákvæði kjarasamninga.*

*Ársfundurinn gerir þá kröfu til stjórnvalda að þau tryggi efnahagslegan stöðugleika með lágri verðbólgu, sambærilegum vaxtakjörum við það sem gerist í nágrannalöndunum og stöðugu gengi. Reynsla liðinna ára sýnir okkur að án stöðugleika verður lítið úr þeim kjarabótum sem samið er um í kjarasamningum.“*

## Tillaga um kjörnefnd til loka ársfundar ASÍ 2008

„Gerð er tillaga um að sömu einstaklingar og skipuðu kjörnefnd 2007, skipi kjörnefnd til loka ársfundar 2008. Þau eru:

*Stefanía Magnúsdóttir, Kristín Björnsdóttir, Ísleifur Tómasson, Guðmundur Þ Jónsson, Kolbeinn Gunnarsson, Þorbjörn Guðmundsson, Níels S. Olgeirsson, Konráð Alfreðsson og Ásgerður Pálsdóttir.*

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

## Fundarslit

„Fundarstjórar - góðir félagar.

*Dagskrá sjöunda ársfundar Alþýðusambands Íslands er tæmd. Þessir tveir dagar hafa verið annasamir og við höfum komist yfir að afgreiða mörg mál. Auk þess höfum við rifjað upp gömul og góð kynni – eins og vera ber á svona samkomu.*

*Helstu viðfangsefnin voru umræðan um kjarasamningana og það efni sem hefur verið undirbúið fyrir fundinn.*

*Ítarleg umræða um norræna velferðar- og vinnumarkaðsmódelið. Það má segja að við höfum verið að undirbúa okkur undir þá umfjöllun og tillögugerð á undanförunum árum.*

*Á síðustu ársfundum höfum við unnið að margvíslegri stefnumörkun, sem er innlegg í og undirbúningur undir það sem við afgreiddum síðan á þessum fundi. Þannig höfum við fjallað um afmarkaða þætti eins og velferðarmál og atvinnumál og síðast ræddum við um hnattvæðinguna og hagsmuni launafólks.*

*Niðurstaðan er í stórum dráttum sú, að hagsmunum launafólks í hnattvæðingunni sé best borgið með velferðarkerfi að norrænni fyrirmynd, auk þess sem samskipti á vinnumarkaði séu í þeim farvegi sem við höfum kallað norræna vinnumarkaðsmódelið.*

*Við höfum rætt um nokkur einstök atriði sem tengjast velferðarmálunum. Í því sambandi vil ég draga sérstaklega út húsnæðismálin. Það var mikil eindrægni á fundinum hvað varðar mikilvægi þess að gera átak í húsnæðismálum láglaunafólks.*

*Síðan ræddum við um metnaðarfullar hugmyndir um áfallatryggingasjóð og slysa-, veikinda- og örorkutryggingar.*

*Sá afrakstur sem við förum með af þessum fundi er okkur mikilvægt leiðarljós í vinnunni framundan. Þá gildir einu hvort við erum að tala um þá vinnu sem bíður okkar á næstu vikum – þ.e. vinnan við kjarasamningana – eða*

hvort við erum að tala um stefnumótun til lengri tíma. Við förum vel nestuð frá fundinum.

Við höfum staðfest þann vilja ársfundarins að lögð verði áhersla á hækkun kaupmáttar og sérstaklega að lægstu launin verði hækkuð umtalsvert.

Jafnframt hefur verið staðfestur sá vilji að færa taxa að greiddu kaupi. Það er mikilvægt tæki í baráttunni gegn félagslegum undirboðum, sem hefur verið fyrirferðarmikil í starfi okkar undanfarin misseri.

Félagar,

Á ársfundinum var líka tekist á um trúnaðarstöður. Það þýðir ekki að bera sig illa undan því. Það er að mörgu leyti hraustleikamerki að takast á – og það segir okkur að það er eftirsóknarvert að sitja í forystu Alþýðusambandsins. Hugsidi ykkur ef það þyrfti að þvinga fólk til að taka að sér þessi verk eins og sums staðar þekkist.

Ég þekki þá einstaklinga alla sem gáfu kost á sér og ég veit að þeir hafa allir þann félagslega þroska til að bera, að það verða engin eftirmál. Auðvitað verða alltaf einhver særindi – tímabundið – en það ristir ekki djúpt. Ég þekki þetta á eigin skinni.

Það komu fram tvö framboð í embætti varaforseta, þar sem tvær konur gáfu kost á sér – báðar mörgum góðum kostum búnar. Ég vil óska Ingibjörgu R. til hamingju með endurkjörið og Signýju til hamingju með glæstan stuðning.

Að afloknum þessum kosningum vil ég taka undir það sem Signý sagði eftir að úrslit voru ljós í kosningunni um embætti varaforseta.

Hún sagði efnislega eitthvað á þá leið, - að hvernig sem niðurstaðan í kosningum er – þá beri okkur að snúa bökum saman í baráttunni fyrir bættum kjörum okkar félaga. Til þess erum við kjörin.

Félagar,

Það líður að lokum þessa fundar. Mig langar að þakka þeim félögum sem láta nú af störfum í miðstjórn fyrir samstarfið. Nú eru að hætta þau Þórunn Sveinbjörnsdóttir úr Eflingu og Pétur Sigurðsson frá Verkalýðsfélagi Vestfjarða. Þessir góðu félagar láta nú af störfum í miðstjórn eftir áratugalangt starf.

Þeir sem nú hætta sem varamenn í miðstjórn eru Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, AFLi, Sveinn Hálfðánarson, Stéttarfélagi Vesturlands og Unnur Helgadóttir sem kom frá Verslunarmannafélagi Hafnarfjarðar.

Jafnframt vil ég óska þeim sem hér hafa verið kjörnir til starfa í miðstjórn til hamingju. Þar koma inn sem nýir aðalmenn þær Signý Jóhannesdóttir og Sigurrós Kristinsdóttir. Nýir varamenn eru Ásgerður Pálsdóttir, Fanney Frið-

*riksdóttir og Vilhjálmur Birgisson.*

*Að lokum vil ég þakka fundarstjórum og riturum fyrir störf sín, sem hafa gengið fram af mikilli röggsemi.*

*Við skulum gefa þessum félögum okkar gott klapp.*

*Jafnframt þakka ég starfsfólki Alþýðusambandsins og öðrum þeim sem hafa tekið þátt í að gera framkvæmd fundarins jafn góða og hún hefur verið. Hún hefur verið með miklum ágætum.*

*Ég vil biðja starfsfólkið að koma í salinn og gefa okkur kost á að þakka fyrir með lófaklappi.*

*Áður en ég sleppi ykkur alveg, vil ég þakka ársfundarfulltrúum fyrir góðan ársfund og óska öllum góðrar heimferðar og heimkomu.*

*Sjöunda ársfundi ASÍ er slitið.“*

# Fulltrúar á ársfundi ASÍ 2007

## Bein aðild að ASÍ

### Félag bókagerðarmanna

Bragi Guðmundsson  
Georg Páll Skúlason  
Hrafnhildur Ólafsdóttir  
Stefán Ólafsson

### VM - Félag vélstjóra og málmtæknimanna

Brynjar Viggósson  
Einar Vigfússon  
Friðrik Björgvinsson  
Guðmundur Smári Guðmundsson  
Guðmundur Þórður Ragnarsson  
Gunnar Skagfjörð Gunnarsson  
Gylfi Ingvarsson  
Halldór Arnar Guðmundsson  
Haraldur Guðjón Samúelsson  
Jón Jóhannsson  
Samúel Ingvason  
Sævar Örn Kristjánsson  
Vignir Eyþórsson  
Örn Friðriksson

### MATVÍS

Jón Karl Jónsson  
Níels Sigurður Olgeirsson  
Sigurður Magnússon  
Þorsteinn Ómar Gunnarsson

### Félag ísl. hljómlistarmanna

Hildigunnur Halldórsdóttir  
Sigurgeir Sigmundsson

### Félag leiðsögumanna

Pétur Jónsson

### Flugfreyjufélag Íslands

Ástríður Helga Ingólfssdóttir  
Sigrún Jónsdóttir

### Mjólkurfræðingafélag Íslands

Kristján Rudolf Larsen

### Landssamband ísl.

### verzlunarmanna

### VR

Alda Særún Guðbjörnsdóttir  
Anna Björg Siggeirsdóttir  
Anna Sigrid Karlsdóttir  
Anna Þórðardóttir Bachmann  
Arngrímur Friðrik Pálmason  
Áslaug Garðarsdóttir  
Ásmundur I. Þórisson  
Benedikt Vilhjálmsson  
Birgir Már Guðmundsson  
Bjarnólf Lárusdóttir  
Björgvin Ingason  
Dóra Sólrún Kristinsdóttir  
Eðvald Geirsson  
Einar Magnús Nikulásson  
Elías Guðmundur Magnússon  
Elísabet Magnúsdóttir  
Elsa Unnur Guðmundsdóttir  
Grétar Hannesson  
Guðjón Steinarsson  
Guðmundur H. Garðarsson  
Guðmundur Ingi Kristinsson  
Guðmundur J. Jónsson  
Guðmundur Pétursson  
Guðrún Erlingsdóttir  
Guðrún Helga Stefánsdóttir  
Guðrún Jóna Valgeirsdóttir  
Gunnar Helgi Guðmundsson  
Gunnar Páll Pálsson

Gunnlaugur Magnússon  
Hafðís Erla Kristinsdóttir  
Hannes Þ. Sigurðsson  
Heiða Björk Júlíusdóttir  
Helga Björk Pálsdóttir  
Hermóður Gestsson  
Hildur Pálmadóttir  
Ingibjörg L. Magnúsdóttir  
Ingibjörg Ólafsdóttir  
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir  
Jóhanna E. Vilhelmsdóttir  
Jóhanna Þórisdóttir  
Jón Ingi Kristjánsson  
Jón Magnússon  
Jóna Kristjana Kristinsdóttir  
Jónína Sóley Ólafsdóttir  
Judy Ásthildur Wesley  
Júlíana Pálsdóttir  
Júnía Þorkeldsdóttir  
Kolbrún Friðriksdóttir  
Kristín Sigurðardóttir  
Laufey Eydal  
Lykke Bjerre Larsen  
Margrét Eiríksdóttir  
Margrét Sveinsdóttir  
Margrét Sverrisdóttir  
Ólafur Ólafsson  
Óskar Kristjánsson  
Ragnar Engilbertsson  
Rannveig Sigurðardóttir  
Reynir Jóseppson  
Sigríður Laufey Hálfánardóttir  
Sigurður Sigfússon  
Sigurhans Wium Hansson  
Sólveig Haraldsdóttir  
Stefanía Magnúsdóttir  
Steinar J. Kristjánsson  
Steinunn Böðvarsdóttir  
Stella Breiðfjörð Magnúsdóttir  
Sveinbjörn F. Pétursson

Sæmundur Karl Jóhannesson  
Valdimar Ingibergur Þórarinnsson  
Valur Magnús Valtýsson  
Þorlákur Jóhannsson  
Þorsteinn Bjarnason  
**Verslunarmannafélag Suðurnesja**  
Ásta Pálína Stefánsdóttir  
Bryndís Kjartansdóttir  
Guðbrandur Einarsson  
Stéttarfélag Vesturlands  
Einar Oddur Pálsson  
**Stéttarfélagið Samstaða**  
Guðbjörg Þorleifsdóttir  
**Verslunarmannafélag Skagfirðinga**  
Hjörtur S. Geirmundsson  
**Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri**  
Eiður Stefánsson  
Margrét Guðmundsdóttir  
Svavar Hannesson  
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir  
**Verslunarmannafélag Húsavíkur**  
Snæbjörn Sigurðarson  
**Verslunarmannafélag Austurlands**  
Kristín María Björnsdóttir  
**Verslunarmannafélag Suðurlands**  
Guðmundur Gils Einarsson  
Margrét Ingbórsdóttir  
**Verkalýðsfélag Vestfirðinga**  
Finnur Magnússon

## **Rafiðnaðarsamband Íslands**

**Félag ísl. símamanna**  
Aðalheiður Gunnarsdóttir  
Birna Dögg Granz  
Grétar Birkir Guðmundsson  
**Félag ísl. rafvirkja**  
Björn Ágúst Sigurjónsson



Guðmundur Gunnarsson  
Hermann Lúðvíksson  
Ísleifur Tómasson  
Stefán Sveinsson  
**Félag rafeindavirkja**  
Björn Eysteinnsson  
Pórarinn Ólafsson  
Pórunn Stefanía Jónsdóttir  
**Félag tæknifólks í rafiðnaði**  
Jakob Tryggvason  
Þorsteinn Úlfar Björnsson  
**Rafiðnaðarfélag Suðurnesja**  
Georg Grundfjörð Georgsson  
**Rafvirkjafélag Norðurlands**  
Sigurður Ólafsson  
**Félag rafiðnaðarmanna Suðurlandi**  
Ómar Þór Baldursson  
**Félag sýningarmanna við kvikmyndahús**  
Stefán Ó. Guðmundsson  
**Félag símsmiða**  
Sigurgeir Ólafsson

## **Samiðn**

**Trésmiðafélag Reykjavíkur**  
Finnbjörn A. Hermannsson  
Grétar Þorsteinnsson  
Sigurjón Einarsson  
**Félag hársnyrtisveina**  
Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir  
Súsanna Björg Vilhjálmsdóttir  
**Félag iðn- og tæknigreina**  
Ármann Ægir Magnússon  
Einar Þór Gíslason  
Georg Óskar Ólafsson  
Gunnar Björn Gunnbjörnsson  
Hilmar Harðarson  
Ólafur Sævar Magnússon

Sveinn Ingason  
Tryggvi Frímann Arnarson  
Vilhjálmur G. Gunnarsson  
**Verkalyðsfélag Akraness**  
Pórarinn Helgason  
**Félag byggingamanna Eyjafirði**  
Guðmundur Ómar Guðmundsson  
Heimir Þorleifur Kristinsson  
**ÞINGIÐN**  
Jónas Kristjánsson  
**AFL-Starfsgreinafélag**  
Finnur Þorsteinnsson  
Sigurður Hólm Freysson  
**Félag járniðnaðarmanna Ísafirði**  
Elvar Guðmundur Ingason  
**Félag málmíðnaðarmanna Akureyri**  
Brynjólfur Jónsson  
Hákon Hákonarson

## **Sjómannasamband Íslands**

### **Sjómanna- og vélstj.fél. Grindavíkur**

Hermann Magnús Sigurðsson  
Sævar Gunnarsson  
**Sjómannafélag Eyjafjarðar**  
Árni Sigurðsson  
Konráð Þorsteinn Alfreðsson  
**AFL-Starfsgreinafélag**  
Björgvin Pétur Erlendsson  
**Sjómannafélagið Jötunn**  
Elías Björnsson  
Valmundur Valmundsson

## **Starfsgreinasamband Íslands**

**Efling, stéttarfélag**  
Álfheiður Bjarnadóttir  
Berglind Jónína Gestsdóttir

Elín Jónsdóttir  
Elín Lorenza Tangolamos  
Elínbjörg Magnúsdóttir  
Fanneý Helga Friðriksdóttir  
Franz Arason  
Friðrik Benediktsson  
Guðjón Ágúst Norðdahl  
Guðlaugur Bjarnason  
Guðmundur Ragnar Ragnarsson  
Guðmundur Þ Jónsson  
Guðrún Hlín Adolfsdóttir  
Gunnar Pröstur Ásgeirsson  
Halldór Guðjón Björnsson  
Heimir Hafliðason  
Hrönn Bjarnþórsdóttir  
Ingi Bjarnar Guðmundsson  
Ingvar Vigur Halldórsson  
Jakobína Guðjónsdóttir  
Jenný Jensdóttir  
Jódis Sigurðardóttir  
Jón Friðrik Hrafnsson  
Jóna Sveinsdóttir  
Jónína Sigurðardóttir  
Karlotta Sigríður Óskarsdóttir  
Kristín Guðbj. Benediksdóttir  
Kristín Helga Jónatansdóttir  
Lilja Eiríksdóttir  
Magnús Jakobsson  
Ólafur Guðmundsson  
Ólafur Haraldsson  
Ragna S Sveinbjörnsdóttir  
Ragnar Ólason  
Signe Reidun Skarsbö  
Sigurður Bessason  
Sigurey Agatha Ólafsdóttir  
Sigurrós Kristinsdóttir  
Stefán Gíslason  
Steinn G Lundholm  
Svanhvít Brynja Tómasdóttir  
Theodóra S. Theodórsdóttir

Vania Valentinova Koleva  
Viðar Ottesen  
Þorsteinn M. Kristjánsson  
Þóra Jónsdóttir  
Þóra Sigurbjörnsdóttir  
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir  
Þuríður Ingimundardóttir  
**Verkalýðsfélagið Hlíf**  
Erla Þóra Óskarsdóttir  
Halldóra Margrét Árnadóttir  
Ingibjörg Pála Harðardóttir  
Kolbeinn Gunnarsson  
Ólafur Pétursson  
Sigurður Tr. Sigurðsson  
**VI og sjóm.fél. Keflavíkur og nágr.**  
Guðjón H. Arngrímsson  
Jóhannes D. Halldórsson  
Kristján G. Gunnarsson  
Kristrún Jónsdóttir  
Sigurbjörg Eiríksdóttir  
Steingerður Hermannsdóttir  
**Verkalýðsfélag Grindavíkur**  
Benoný Benediktsson  
**VI. og sjóm.fél. Sandgerðis**  
Baldur Matthíasson  
**Verkalýðsfélag Akraness**  
Björgólfur Einarsson  
Jón Jónsson  
Tómas Rúnar Andrésson  
Vilhjálmur E. Birgisson  
**Stéttarfélag Vesturlands**  
Baldur Jónsson  
Kristín Helga Ármannsdóttir  
María Erla Guðmundsdóttir  
Sveinn Gunnar Hálfðánarson  
**Verkalýðsfélag Snæfellsbæjar**  
Guðrún Fríða Pálsdóttir  
**Stéttarfélagið Samstaða**  
Baldvin S. Baldvinsson  
Eiríkur Pálsson

**Verkalýðsfélagið Stjarnan**

Sverrir Karlsson

**Verkalýðsfélag Stykkishólms**

Porsteinn Sigurðsson

**Verkalýðsfélag Vestfirðinga**

Eiríkur B. Ragnarsson

Finnbogi Sveinbjörnsson

Karitas Maggy Pálsdóttir

Kári Þór Jóhannsson

**Aldan, stéttarfélag**

Hjördís Rakel Gunnarsdóttir

Þórarinn Guðni Sverrisson

**Verkalýðsfélagið Vaka**

Signý Jóhannesdóttir

**Eining - Iðja**

Anna Júlíusdóttir

Björn Snæbjörnsson

Elísabet Jóhannsdóttir

Guðrún Fanney Skarphéðinsdóttir

Hafdís Ósk Kristjánsdóttir

Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir

Ingvar Kristjánsson

Marzibil E. Kristjánsdóttir

Matthildur Sigurjónsdóttir

Sigríður K. Bjarkadóttir

**Verkalýðsfélag Húsavíkur****og nágreennis**

Aðalsteinn Árni Baldursson

Jakob Gunnar Hjaltalín

Kristbjörg Sigurðardóttir

**Verkalýðsfélag Þórshafnar**

Kristinn Lárusson

**AFL-Starfsgreinafélag**

Anna María Sveinsdóttir

Guðlaugur Þröstur Bjarnason

Gunnar Smári Guðmundsson

Hanna Ingólfssdóttir

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir

Ingibjörg Sverrisdóttir

Jens Hjelm

Konráð Sveinsson

Kristján Eggert Guðjónsson

Kristrún Björg Gunnarsdóttir

Óðinn Ómarsson

Páll Jónsson

Reynir Arnórsson

Sigurbjörg Kristmundsdóttir

Sigurgeir Jóhannsson

Snorri Hallgrímsson

Steinunn Zoéga

Sverrir Mar Albertsson

Porkell Kolbeins

**Drifandi, stéttarfélag**

Arnar G. Hjaltalín

**Verkalýðsfélag Suðurlands**

Eiríkur Tryggvi Ástþórsson

Már Guðnason

**Báran, stéttarfélag**

Ásdís Ágústsdóttir

Ingvar Garðarsson

Óðinn Kalevi Andersen

Ragna Gissurardóttir

**VI. og sjóm.fél. Boðinn**

Jóna Sigríður Gestsdóttir

Sigríður A. Aðalbergsdóttir

**VI. og sjóm.fél. Bolungarvíkur**

Margrét Sæunn Hannesdóttir

## Breytingar eftir fund kjörbréfanefndar 16. okt. 2007

### Út:

#### **AFL Starfsgreinafélag**

Haukur Guðjónsson  
Eyþór Guðmundsson  
Hugi Guttormsson  
Jakob Friðriksson  
Jóna Járnbrá Jónsdóttir  
Jökull Magnússon  
Kristján Magnússon  
Sara G. Jakobsdóttir  
Stefanía Stefánsdóttir  
Bryndís Aradóttir

### **VR**

Ingólfur Kristmundsson  
Elín Bubba Gunnarsdóttir  
Kristín Gunnarsdóttir  
Rannveig Kristjánsdóttir  
Guðrún Helga Stefánsdóttir  
Ingibjörg Ólafsdóttir

### **Fél.versl.-og skrif.**

**Margrét Guðmundsdóttir**  
**Akureyri**  
Svavar Hannesson

### **VI. og sjóm.f. Keflavíkur**

Guðjón Arngrímsson  
Kristrún Jónsdóttir  
Steingerður Hermannsdóttir

### **VI. Hlíf**

Ingibjörg Pála Harðardóttir

### **Stéttarfélag Vesturlands**

Kristín Ármannsdóttir

### **Inn:**

#### **AFL Starfsgreinafélag**

Sigurður Freysson  
Hanna Ingólfssdóttir  
Konráð Sveinsson  
Gunnar Smári Guðmundsson  
Sigurbjörg Kristmundsdóttir  
Jens Hjelm  
Steinunn Zoega  
Ingibjörg Sverrisdóttir  
Anna María Sveinsdóttir  
Kristrún Björg Gunnarsdóttir

### **VR**

Elísabet Magnúsdóttir  
Laufey Eydal  
Sólveig Haraldsdóttir  
Margrét Sveinsdóttir  
Rósmarý Úlfarsdóttir  
Hanna Kr. Steinarsdóttir

### **Fél.versl.-og skrif.**

**Sigurlaug Hinriksdóttir**  
**Akureyri**  
Elísabet Hallgrímsdóttir

### **VI. og sjóm.f. Keflavíkur**

Jón R. Halldórsson  
Ragnar Guðleifsson

### **VI. Hlíf**

Reynir Albertsson

### **Stéttarfélag Vesturlands**

Guðbrandur Magnússon

**Vlf. Vestfirðinga**  
Kári Þ. Jóhannsson

**Vlf. Vestfirðinga**  
Pétur Sigurðsson

**Rafiðnaðarsamband Íslands**  
Birna Dögg Grans  
Pórarinn Ólafsson

**Rafiðnaðarsamband Íslands**  
Guðrún Bergþórsdóttir  
Sigurður Steinarsson

### **Breytingar 18. október 2007**

**Rafiðnaðarsamband Íslands**  
Sigurgeir Ólafsson

**Rafiðnaðarsamband Íslands**  
Sighvatur D. Sighvats

**VR**  
Steinar J. Kristjánsson  
Ásmundur I. Þórisson

**VR**  
Gunnar Kristinn Hilmarsson  
Jóhanna Magnúsdóttir

**Fél. ísl. hljómlistarmanna**  
Sigurgeir Sigmundsson

**Fél. ísl. hljómlistarmanna**  
Björn Th. Árnason

### **Breytingar 19. október 2007**

**Flugfreyjufélag Íslands**  
Sigrún Jónsdóttir

**Flugfreyjufélag Íslands**  
Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir

**VR**  
Brynjar Már Guðmundsson  
Steinar J. Kristjánsson

**VR**  
Björn H. Björnsson  
Gunnar K. Hilmarsson

# Af vettvangi miðstjórnar ASÍ

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands kemur að jafnaði saman tvisvar í mánuði ef frá er talið tímabilið frá miðjum júní fram í ágúst ár hvert. Miðstjórnin hefur æðsta vald í málefnum Alþýðusambandsins á milli ársfunda ASÍ. Á vettvangi miðstjórnar er fjallað um allt það helsta er varðar stefnumótun og starf Alþýðusambandsins og samskipti við aðildarsamtökin, samtök atvinnurekenda, stjórnvöld og aðra aðila er varða starf verkalýðshreyfingarinnar. Ákvarðanir eru teknar um meginlínurnar í starfseminni með gerð starfs- og fjárhagsáætlunar sem samþykkt er í byrjun hvers árs. Þá eru áherslur og stefna ASÍ í þeim málum sem hæst ber hverju sinni mótaðar og útfærðar frekar á grundvelli samþykktar ársfunda ASÍ.

Fjöldmörg mál komu til kasta miðstjórnar ASÍ á tímabilinu frá ársfundi ASÍ 2007. Í upphafi árs 2008 afgreiddi miðstjórn starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ fyrir árið 2008. Starfs- og fjárhagsáætlunin mótar þann ramma sem starfsemin byggir á og leggur stóru línurnar varðandi áherslur í starfinu og nýtingu þeirra fjármuna sem Alþýðusambandið hefur til ráðstöfunar hverju sinni.

Eins og áður fjallaði miðstjórn um allar tilnefningar af hálfu ASÍ í opinberar nefndir og ráð og mótaði umboð fyrir fulltrúa Alþýðusambandsins í því starfi.

Tveir málaflokkar voru mest áberandi í störfum miðstjórnar á tímabilinu. Annars vegar umfjöllun um félags- og kjaramál við undirbúning og aðdraganda kjarasamninganna við Samtök atvinnulífsins sem undirritaðir voru 17. febrúar og síðan eftirfylgni með framkvæmd þeirra og mikils fjölda bókana um sameiginleg mál sem fylgdu samningunum.

Hins vegar fjallaði miðstjórnin ítarlega og ítrekað um stöðu efnahags- og atvinnumála, greiningu á stöðunni og tillögur ASÍ í þeim efnunum. Þessi mál hafa verið viðfangsefni hvers einasta miðstjórnarfundar frá vordögum. Tengd þessari umræðu var síðan umfjöllun um verðlagsmál og verðlagseftirlit Alþýðusambandsins.

Umfjöllun um félagsleg undirboð og starfsemi fyrirtækja, bæði innlendra og erlendra, sem stunda félagsleg undirboð með erlendu launafólki var eitt af verkefnum miðstjórnar á tímabilinu eins og árin á undan, enda ljóst að um viðtæk og alvarleg áhrif á íslenskan vinnumarkað er að ræða.

Af öðrum málum má nefna málefni er varða veikinda- og slysarétt og starfsendurhæfingu launafólks, verðmyndun og verðlagningu búvara, menntunarmöguleika fólks á vinnumarkaði, einkum þeirra sem hafa litla formlega menntun, jafnréttismál og aðgerðir gegn kynbundnum launamun. Sum þessara mála voru jafnframt viðfangsefni kjarasamninganna við Samtök atvinnulífsins. Eru þá ótalin fjöldmörg mál er varða innri málefni verkalýðshreyfingarinnar.

ar og samskipti ASÍ við mikinn fjölda aðila, samtök og stofnanir, innanlands og erlendis.

Loks má nefna að undirbúningur fyrir ársfund ASÍ 2008 hefur verið á dagskrá miðstjórnar á seinni hluta tímabilsins.

Hér á eftir er gerð frekari grein fyrir umfjöllun og ákvörðunum miðstjórnar ASÍ í nokkrum málum á því tímabili sem skýrslan tekur til.

## Umfjöllun og ályktanir miðstjórnar um efnahags- og atvinnu- mál

Eins og segir hér að framan var umfjöllun um efnahags- og atvinnumálin mjög fyrirferðamikil á fundum miðstjórnar, einkum þegar kom fram á árið 2008. Umfjöllunin fól m.a. í sér ítarlega greiningu á stöðunni og umræður um úrræði og aðgerðir á fjölmörgum sviðum efnahags- og atvinnumála. Þá var ítrekuð krafa um að stjórnvöld brygðust við með viðeigandi hætti jafnframt því sem miðstjórn áréttaði að Alþýðusambandið væri tilbúið til samráðs og samstarfs um aðgerðir á þessu sviði.

Á fundi miðstjórnar 26. mars var eftirfarandi ályktun samþykkt:

*„Miðstjórn ASÍ gagnrýnir harðlega það sjálfvirka ferli verðhækkana sem fyrirtæki í verslun og þjónustu hafa boðað og þegar er hafð. Hækkana sem eru langt umfram efnisleg tilefni. Með þessu eru fyrirtæki að boða aukna álagningu og þar með að auka hagnað sinn við erfiðar aðstæður í efnahagslífinu. Vert er að minna á að í þeim kjarasamningum sem undirritaðir voru 17. febrúar sl. sýndi verkalyðshreyfingin mikla ábyrgð með hófstílltum samningum þar sem áhersla var lögð á að auka kaupmátt þeirra tekjulægstu og þeirra sem setið höfðu eftir í góðæri undanfarinna missera. Meginmarkmið samninganna var hins vegar einfalt en gríðarlega mikilvægt. Að lækka verðbólgu og treysta þannig kaupmátt launafólks. Frá þessu markmiði má ekki hvíka.*

*Það er krafa miðstjórnar ASÍ að fyrirtækin í landinu axli með skýrum hætti ábyrgð á markmiðum kjarasamninga sem SA undirritaði fyrir þeirra hönd fyrir rúmum mánuði og leggi sitt af mörkum til að treysta þær forsendur sem þeir byggja á.*

*Miðsstjórn ASÍ lýsir vonbrigðum sínum með aðgerðar- og úrræðaleyfi stjórnvalda og telur mikilvægt að viðbragðshópur með fulltrúum launfólks, atvinnurekanda og stjórnvalda verði settur á fót til að ræða aðgerðir til úrlausnar aðsteðjandi vanda. Það verður ekki við það unað að byrðinni af efnahagsástandinu verði alfarið velt yfir á launafólk. Þá er ljóst að aukin verðbólga og þær miklu vaxtahækkningar sem orðið hafa koma sérstaklega illa við skuldsett heimili. Einkum ungt fólk sem er að koma sér þaki yfir höfuðið. Við þessum aðstæðum verður að bregðast áður en í óefni er komið.”*

Efnahags- og atvinnumálin voru til umfjöllunar á fundum miðstjórnar í apríl og maí. Miðstjórn ályktar aftur um þessi mál á fundi sínum 11. júní:

„Miðstjórn ASÍ lýsir þungum áhyggjum yfir stöðu efnahagsmála. Verðbólga er mikil, vextir háir og framundan er samdráttur í hagkerfinu, rýrnandi kaupmáttur og aukið atvinnuleysi. Mikið ójafnvægi í þjóðarþúskapnum ásamt alþjóðlegri lausafjárkreppu hefur leitt til gengisfalls krónunnar og innlendrar lánsfjárkreppu. Í kjölfarið hefur fylgt mesta verðbólga í 18 ár. Þetta er alvarlegasta staða sem við höfum staðið frammi fyrir í langan tíma. Á sama tíma og verðbólga er mikil og vextir mjög háir, hægir á hjólum efnahagslífsins.

Við þessar aðstæður er hætt við að unga fólkíð sem nýlega hefur ráðist í sín fyrstu húsnæðis kaup lendi í greiðsluvandræðum og komist í þrot ef ekkert verður að gert. Þegar við bætist að núverandi vaxtastig og aðgengi fyrirtækja að lánum veldur því að hjól atvinnulífsins eru að stöðvast má búast við að fjöldi heimila lendi í vandræðum því atvinnuleysi mun að óbreyttu vaxa hratt þegar líður á árið. Gagnvart þessari stöðu virðast stjórnvöld standa úrræðalaus.

Miðstjórn ASÍ leggur áherslu á að stjórnvöld grípi þegar til aðgerða til að sporna gegn vaxandi atvinnuleysi og fjöldagjaldþrotum. Í því sambandi telur miðstjórnin mikilvægt að opinberir aðilar auki mannaflsfrekar framkvæmdir, s.s. viðhaldsverkefni og reyni eftir megni að afstýra þeirri innlendu lánsfjárkreppu sem við búum við. Miðstjórnin telur einnig mikilvægt að Íbúðalánasjóður verði nýttur til að aðstoða skuldsett heimili sem komast í þrot með því að veita greiðsluferfiðleikalán.

Enn á ný ályktar miðstjórn umefnahags- og atvinnumálin 27. ágúst:

„Miðstjórn ASÍ lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu efnahagsmála. Verðbólgan mælist nú 14,5% og hefur ekki verið hærrí í tæpa tvo áratugi, vextir hærrí en heimili og atvinnulíf fá staðið undir og búast má við að atvinnuleysi aukist með haustinu. Kaupmáttur launa dregst hratt saman og skuldsettar fjölskyldur standa frammi fyrir miklum vanda.

Miðstjórn ASÍ telur brýnt að allir axli ábyrgð á verðbólguvandinum. Rjúfa verður þann vítahring að seljendur vöru og þjónustu hækki verð í samræmi við liðna verðbólgu og leggi þannig grunn að enn meiri verðbólgu. Gerð er krafa til þess að ríki og sveitarfélög haldi aftur af gjaldskrárhækkunum sínum en nokkuð hefur borið á þeim að undanfögnu.

Forsendur kjarasamninga eru brostnar en þær byggðu á þeim forsendum að það tækist að koma böndum á verðbólgu og verja kaupmátt. Miðstjórn ASÍ krefst þess að efnahagsvandinn verði tekinn föstum tókum. Reynslan hefur kennt okkur að samráð, samvinna og samstaða hafa skilað okkur mestum árangri þegar við höfum þurft að takast á við mikla erfiðleika. Miðstjórn ASÍ hefur ítrekað kallað eftir breiðu samráði ríkisstjórnar, verkályðshreyfingar og



*atvinnurekenda en undirtektir ríkisstjórnarinnar hafa valdið vonbrigðum.“*

## **Ritun sögu ASÍ**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 5. desember 2007 var fjallað um stöðuna varðandi ritun sögu ASÍ sem koma á út í tengslum við 95 ára afmæli sambandsins 2011. Fram kom að verið er á áætlun. Þá var á fundinum gerð grein fyrir samkomulagi sem gert var við Þorgrím Gestsson um að hann tæki og hljóðritaði viðtöl við nokkurn fjölda einstaklinga sem tengjast verkalýðshreyfingunni og starfi ASÍ og aðildarfélaganna. Verkið er unnið í tengslum við söguritunina en jafnframt eiga viðtölin að geta staðið sjálfstæð sem heimild um þróun atvinnu, kjara- og félagsmála hér á landi og starfsemi verkalýðshreyfingarinnar.

## **Ársfundur ASÍ 2008**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 7. nóvember 2007 var ákveðið að næsti ársfundur ASÍ yrði haldinn 23. og 24. október 2008 á Hilton hótelinu. Þá var á fundi miðstjórnar 30. janúar ákveðið að undirbúin yrði sérstök umfjöllun um ungt fólk, samfélagið og verkalýðshreyfinguna fyrir ársfundinn. Í minnisblaði sem lagt var fyrir miðstjórn um þetta efni sagði m.a.:

*Lagt er til að undir yfirskriftinni „Ungt fólk, samfélagið og verkalýðshreyfingin“ verði sjónum sérstaklega beint að stöðu ungs fólks í samfélaginu og á vinnumarkaði og með hvaða hætti verkalýðshreyfingin getur unnið með hagsmunum og mætt væntingum þessa hóps. Er þá verið að hugsa um aldurshópinn upp að 35 ára aldri. Markmiðin með slíkri umfjöllun og stefnumótun væru m.a. að setja kastljósið á þau málefni og hagsmuni sem sérstaklega varða ungt fólk bæði í samfélaginu almennt og á vinnumarkaðinum sérstaklega. Svara því hvort og þá með hvaða hætti verkalýðshreyfingin hefur mætti hagsmunum þessa hóps og hvar skortir á að það hafi verið gert. Jafnframt væri tilgangurinn að skoða hvaða hug og væntingar ungt fólk hefur til verkalýðshreyfingarinnar og starfsemi hennar. Hvernig verkalýðshreyfingin hefur brugðist við og hvernig megi gera betur til að tryggja að ungt fólk skynji og skilji mikilvægi verkalýðshreyfingarinnar fyrir sig og sína hagsmuni. Og síðast en ekki síst hvernig megi auka áhuga og vilja ungs fólks til að taka virkan þátt í starfi stéttarfélaganna og verkalýðshreyfingarinnar almennt. Þar með talið hvort og hvernig verkalýðshreyfingin laðar ungt fólk til virkra starfa innan sinna raða, frá starfi trúnaðarmannsins úti á vinnustöðunum og til stjórna félaga og sambanda.*

## 1. maí 2008

Á fundi miðstjórnar ASÍ 9. apríl var fjallað um yfirskrift aðgerða verkalýðshreyfingarinnar 1. maí. Ákveðið var að yfirskriftin yrði „Verjum kjörin“. Forseti ASÍ lauk ræðu sinni sem hann hélt á Sauðárkróki 1. maí með þessum orðum:

„Íslensk verkalýðshreyfing hefur svo sannarlega verk að vinna. Við þurfum að verja þann mikilvæga árangur sem náðst hefur um leið og við sækjum fram á nýjum sviðum. Í þeirri baráttu er mikilvægt að við stöndum saman sem óföfa heild.

Við skulum sameinast um framtíðarsýn verkalýðshreyfingarinnar. Við skulum sameiginlega vinna að því að byggja upp réttlátt samfélag gegn misrétti og fátækt, þar sem komið er fram við alla af sanngirni og virðingu. Þar sem allt launafólk, erlent jafnt sem íslenskt, nýtur mannsæmandi launa og réttinda í samræmi við kjarasamninga og lög. Við skulum verja kjörin.“



## Efnahagsmál

Á skömmum tíma hafa orðið mikil umskipti í íslensku efnahagslífi. Síðasta haust spáðu flestir því að hagkerfið myndi „lenda mjúklega“ í lok stóriðjuframkvæmdanna en snemma á þessu ári varð ljóst að þær spár gengju ekki eftir.

Umfjöllun um efnahagsmál hefur, við þessar aðstæður, verið fyrirferðarmikil á vettvangi ASÍ. Mest fór fyrir umræðu um þróun og horfur í efnahagslífinu, stöðu atvinnumála og efnahagstjórn. Athygli manna hefur í vaxandi mæli beinst að stjórn peningamála og stöðu krónunnar í alþjóðaumhverfinu. Hagdeild Alþýðusambandsins hefur tekið virkan þátt í umræðunni um efnahagsmál og sent frá sér nokkrar skýrslur þar um.

Haustskýrsla hagdeildar var gefin út í október 2007, í tengslum við ársfund ASÍ. Bar hún yfirskriftina „Kaupmátturinn er okkar mál“. Þar var sett fram til-  
tölulega bjartsýn spá um þróun efnahagsmála á árunum 2008 og 2009 og spáð var „mjúkri lendingu“ hagkerfisins í lok stóriðjuframkvæmda. Í skýrslunni var einnig fjallað um launabreytingar og kaupmátt á árunum 2004 til 2007 og lægstu launin bæði í sögulegu og alþjóðlegu samhengi.

Vorskýrsla hagdeildar kom út í maí 2008. Auk hagspár fyrir árin 2009 og 2010 er fjallað um ofurlaun á Íslandi og skuldir heimilanna í skýrslunni. Ýmislegt hafði breyst til hins verra í efnahagslífinu frá síðustu hagspá hagdeildar

haustið áður. Í vorskýrslunni var sett fram dekkri sýn á þróun efnahagsmála á næstu árum og bar hún yfirskriftina „Gamanið kárnar“ sem vísar til viðsnúnings í efnahagsmálum.

Í aðdraganda kjarasamninga tók hagdeildin saman skýrslur og talnaefni. Í nóvember var gefin út greinargerð um launakostnað á Íslandi, „Launakostnaður hér á landi svipaður og í nágrannalöndunum“. Þar kom fram að launakostnaður hér á landi, reiknaður í evrum, er mjög svipaður og á hinum Norðurlöndunum. Samanburður á launakostnaði milli landa er þó mjög háður gengi krónunnar.

Í janúar var tekin saman greinargerð um stöðu efnahagsmála „Horfur í efnahagsmálum. Er veislan búin?“. Í greinargerðinni kemur fram að mikil umskipti, til hins verra, hafi orðið á stöðu efnahagsmála og það stefni allt í að aðlögun hagkerfisins verði umtalsvert harkalegri en spáð var fyrir um í haustskýrslunni. Skýrslan var lögð fyrir fund formanna landsambanda og stærstu féлага.

## Þróun og staða efnahagsmála

Síðastliðið haust var bjart yfir flestum hagspám og gert var ráð fyrir „mjúkri lendingu“ hagkerfisins við lok stóriðjuframkvæmda. Mikið ójafnvægi í þjóðarbúskapnum ásamt alþjóðlegri lausafjárekreppu leiddu til gengisfalls krónunnar í mars og innlendrar lausafjárekreppu í kjölfarið. Á eftir fylgdi mesta verðbólga í 18 ár og mikil kaupmáttarrýrnun. Nú á haustmánuðum eru blikur á lofti í efnahags- og atvinnulífi og allt bendir til þess að samdráttur í landsframleiðslu sé hafinn. Hagvaxtarskeiðinu ætlar því að ljúka á hefðbundinn hátt með gengisfalli, mikilli verðbólgu, samdrætti í atvinnulífi og skerðingu kaupmáttar.

ASÍ hefur ítrekað óskað eftir því við stjórnvöld að samráð sé haft við aðila vinnumarkaðarins við úrlausn efnahagsvandans. Undirtektir stjórnvalda hafa verið dræmar. Í ágúst sl. sendi miðstjórn ASÍ frá sé ályktun þar sem hún lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu efnahagsmála. Í ályktuninni er enn á ný kallað eftir þríhliða samstarfi milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins við lausn vandans.

Í ályktuninni segir:

*„Miðstjórn ASÍ lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu efnahagsmála. Verðbólgan mælist nú 14,5% og hefur ekki verið hærrí í tæpa tvo áratugi, vextir hærrí en heimili og atvinnulíf fá staðið undir og búast má við að atvinnuleysi aukist með haustinu. Kaupmáttur launa dregst hratt saman og skuldsettar fjölskyldur standa frammi fyrir miklum vanda.“*

*Miðstjórn ASÍ telur brýnt að allir axli ábyrgð á verðbólguvandinum. Rjúfa verður þann vítahring að seljendur vöru og þjónustu hækki verð í samræmi við liðna verðbólgu og leggi þannig grunn að enn meiri verðbólgu. Gerð er krafa til þess að ríki og sveitarfélög haldi aftur af gjaldskrárhækkunum sínum en nokkuð hefur borið á þeim að undanfögnu.*

*Forsendur kjarasamninga eru brostnar en þær byggðu á þeim forsendum að það tækist að koma böndum á verðbólgu og verja kaupmátt. Miðstjórn ASÍ krefst þess að efnahagsvandinn verði tekinn föstum tókum. Reynslan hefur kennt okkur að samráð, samvinna og samstaða hafa skilað okkur mestum árangri þegar við höfum þurft að takast á við mikla erfiðleika. Miðstjórn ASÍ hefur ítrekað kallað eftir breiðu samráði ríkisstjórnar, verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda en undirtektir ríkisstjórnarinnar hafa valdið vonbrigðum.“*

## **Alþjóðlega lausafjárkrísan**

Síðastliðið sumar hófst lausafjárkrísa á alþjóðafjármálamörkuðum og hefur íslenskt efnahagslíf ekki farið varhluta af henni. Lausafjárkrísan á rætur að rekja til íbúðalána í Bandaríkjunum. Krísan hefur reynst dýpri og mun víðtækari en áður var áætlað og teygir hún anga sína víða um heim og þar á meðal hingað til lands.

Orsakir lausafjárkrísunnar eru aukin vanskil á íbúðalánum sem veitt voru einstaklingum með lágar tekjur og lélegt lánshæfi. Skuldabréf þessara lána voru síðan seld fjármálafyrirtækjum víða um heim í svokölluðum skuldabréfs-vafningum, þar sem áhætta þeirra lá falin. Vaxandi vanskil af þessum lánum hafa haft keðjuverkandi áhrif víða um heim og leitt til þess að fjármálafyrirtæki hafa tapað háum fjárhæðum. Af þeim sökum hafa fjárfestar fært sig úr áhættusömum fjárfestingum, svo sem hlutabréfum, með þeim afleiðingum að hlutbréf hafa hríðlækkað. Til að auka á vandann hefur verð á olíu, matvælum og hrávöru hækkað mikið á heimsmarkaði. Helstu ástæður eru vaxandi eftirspurn í heiminum, hækkandi framleiðsluverð, uppskerubrestir og spákaupmennska.

Í stuttu máli eru afleiðingar lausafjárkrísunnar m.a. hækkandi vextir, verra aðgengi að lánsfé, lægra eignaverð (hlutabréfaverð og fasteignaverð), hækkandi verð á olíu og hrávörum, minni hagvöxtur og samdráttur í einkaneyslu og fjárfestingum. Jafnframt dregur úr vaxtamöguleikum fyrirtækja vegna minna aðgengis að lánsfé og hærri vaxta.

Ísland hefur ekki farið varhluta af krísunni á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Þetta kemur fram í þrýstingi á íslensku krónuna, hökti í fjárfestingum erlendra aðila hér á landi og stöðnun í útgáfu svokallaðra krónubréfa. Gengi krónunnar ræðst að nokkru leyti af viðhorfum alþjóðlegra fjárfesta og stöðu

## Helstu kennitölur

| % magnbreyting                  | 2000  | 2001 | 2002  | 2003 | 2004 | 2005  | 2006  | 2007* |
|---------------------------------|-------|------|-------|------|------|-------|-------|-------|
| Hagvöxtur                       | 4,3   | 3,9  | 0,1   | 2,4  | 7,7  | 7,4   | 4,4   | 4,9   |
| Verðbólga                       | 5,0   | 6,7  | 4,8   | 2,1  | 3,2  | 4,0   | 6,8   | 5,0   |
| Kaupmáttur launa                | 1,5   | 2,0  | 2,3   | 3,5  | 1,4  | 2,7   | 2,6   | 3,8   |
| Atvinnuleysi <sup>1</sup>       | 1,3   | 1,4  | 2,5   | 3,4  | 3,1  | 2,6   | 1,3   | 1,0   |
| Einkaneysla                     | 4,2   | -2,8 | -1,5  | 6,1  | 7,0  | 12,9  | 4,4   | 4,3   |
| Samneysla                       | 3,8   | 4,6  | 5,3   | 1,8  | 2,2  | 3,5   | 4,0   | 4,2   |
| Fjármunamyndun                  | 11,8  | -4,3 | -14,0 | 11,1 | 28,1 | 35,7  | 20,4  | -13,7 |
| Útflutningur                    | 4,2   | 7,4  | 3,8   | 1,6  | 8,4  | 7,2   | -5,0  | 18,1  |
| Innflutningur                   | 8,6   | -9,1 | -2,6  | 10,7 | 14,5 | 29,4  | 10,2  | -1,4  |
| Víðstkiptajöfnuður <sup>2</sup> | -10,2 | -4,3 | -0,7  | -4,8 | -9,8 | -16,1 | -25,4 | -14,6 |
| Framleiðni                      | 2,8   | 2,5  | -0,8  | 1,8  | 6,4  | 6,3   | 1,5   | 2,5   |


Heimild: ASÍ, Seðlabanki, Hagstofa, Vinnuálastofnun og fjármálaráðuneyti

<sup>1</sup> Hlutfall atvinnulausra af heildarfjölda á vinnumarkaði.

<sup>2</sup> Hlutfall af landsframleiðslu

\* Bráðabirgðatölur fyrir 2007

## Verðbólga 1998 - 2008



efnahagslífsins hér á landi. Mikill vaxtamunur við útlönd hefur, þar til í vor, laðað að erlenda fjárfesta og stutt við gengi krónunnar. Mikill viðskiptahalli og ójafnvægi í þjóðarþúskapnum hafa nú fælt þá frá, með þeim afleiðingum að gengið féll skart í mars.

Íslensk fjármálafyrirtæki hafa einnig orðið fyrir barðinu á lausafjárfestingum. Hefur aðgangur þeirra að lánnum og lánskör versnað umtalsvert, sem síðan hefur leitt til þess að vextir á útlánum til heimila og fyrirtækja hafa hækka.

## Vendipunktur í efnahagslífinu

Hægt hefur á gangi hagkerfisins frá árinu 2004 þegar hann var hvað mestur. Í fyrra mældist hagvöxtur 4,9% sem er nokkuð minni hagvöxtur en þegar best lét. Undanfarin ár hefur hagvöxtur verið drifinn áfram af miklum vexti einkaneyslu og fjárfestingum. Í fyrra varð breyting á en þá dró hratt úr fjárfestingum við lok stóriðjuframkvæmda á Austurlandi. Á þessu ári hafa fjárfestingar haldið áfram að dragast saman og vísbendingar eru um að einkaneysla muni einnig dragast saman. Útflutningur jókst mikið á síðasta ári og mun halda áfram að vaxa í ár. Innflutningur mun hins vegar dragast saman vegna minnkandi fjárfestinga og minni einkaneyslu. Hagvöxturinn í ár verður því drifinn af vaxandi útflutningi og minnkandi innflutningi. Vísbendingar eru um að hagkerfið kólni hratt og að samdráttarskeið sé í vöndum.

### *Mesta verðbólga í 18 ár*

Undanfarna mánuði hefur verðbólga verið mikil. Í ágúst síðastliðinn mældist hún 14,5% og hefur ekki mælst meiri í 18 ár. Þetta er mun meiri verðbólga en spár gerðu ráð fyrir og líklegt er að verðbólga verði áfram mikil út árið en minnki á næsta ári. Að nokkru leyti stafar verðbólgan af verðhækkunum erlendis en síðustu misseri hefur heimsmarkaðsverð á hrávörum, olíu og matvælum hækkað mikið. Hafa þessar verðhækkningar haft áhrif á vöruverð hér á landi eins og annarsstaðar. Vísbendingar eru þó um að verðhækkningar á heimsmarkaði séu nokkuð að ganga til baka og ætti það að skila sér í vöruverð hér á land. Meginástæða fyrir mikilli verðbólgu, er aftur á móti gengisfall krónunnar í mars og áframhaldandi veiking hennar síðan þá. Nokkuð hefur borið á því að fyrirtæki velti út í verðlagið hækkunum á kostnaði við aðföng og auknum fjármagnskostnaði. Þetta er áhyggjuefni því hætta er á að það myndist víxlverkun sem erfitt er að rjúfa.

Í mars sendi miðstjórn ASÍ frá sé ályktun um efnahagsástandið og gagnrýndi harðlega verðhækkningar fyrirtækja í verslun og þjónustu. Jafnframt lýsti miðstjórn vonbrigðum sínum með aðgerðar- og úrræðaleysi stjórnvalda

og kallað var eftir samráði við verkalýðshreyfinguna, atvinnurekendur og stjórnvöld.

Í ályktuninni segir:

„Miðstjórn ASÍ gagnrýnir harðlega það sjálfvirka ferli verðhækkana sem fyrirtæki í verslun og þjónustu hafa boðað og þegar er hafð. Hækkanir sem eru langt umfram efnisleg tilefni. Með þessu eru fyrirtæki að boða aukna álagningu og þar með að auka hagnað sinn við erfiðar aðstæður í efnahagslífinu. Vert er að minna á að í þeim kjarasamningum sem undirritaðir voru 17. febrúar sl. sýndi verkalýðshreyfingin mikla ábyrgð með hófstiltum samningum þar sem áhersla var lögð á að auka kaupmátt þeirra tekjulægstu og þeirra sem setið höfðu eftir í góðæri undanfarinna missera. Meginmarkmið samninganna var hins vegar einfalt en gríðarlega mikilvægt. Að lækka verðbólgu og treysta þannig kaupmátt launafólks. Frá þessu markmiði má ekki hvika.

Það er krafa miðstjórnar ASÍ að fyrirtækin í landinu axli með skýrum hætti ábyrgð á markmiðum kjarasamninga sem SA undirritaði fyrir þeirra hönd fyrir rúmum mánuði og leggi sitt af mörkum til að treysta þær forsendur sem þeir byggja á.

Miðstjórn ASÍ lýsir vonbrigðum sínum með aðgerðar- og úrræðaleysi stjórnvalda og telur mikilvægt að viðbragðshópur með fulltrúum launfólks, atvinnurekanda og stjórnvalda verði settur á fót til að ræða aðgerðir til úrlausnar aðsteðjandi vanda. Það verður ekki við það unað að byrðinni af efnahagsástandinu verði alfarið velt yfir á launafólk. Þá er ljóst að aukin verðbólga og þær miklu vaxtahækkanir sem orðið hafa koma sérstaklega illa við skuldsett heimili. Einkum ungt fólk sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Við þessum aðstæðum verður að bregðast áður en í óefni er komið.“

### **Umskipti í rekstrarumhverfi fyrirtækja**

Stakkaskipti hafa orðið á rekstrarumhverfi fyrirtækja frá því í fyrra. Alþjóðlega lausafjárrættun, gengisfall krónunnar og innlend lánsfjárrísa hafa leitt til þess að fjármagnskostnaður margra fyrirtækja hefur hækka umtalsvert. Mörgum fyrirtækjum hefur jafnframt reynst erfitt að fjármagna reksturinn og hafa lent í erfiðleikum af þeim sökum.

Staða fyrirtækjanna er samt sem áður misjöfn. Mestu vandræðin eru hjá fyrirtækjum í byggingariðnaði og starfsemi honum tengdum. Mikill samdráttur hefur orðið á byggingamarkaði og eykur það enn á vandann. Einnig hafa ýmis verslunar- og þjónustufyrirtæki átt erfitt uppdráttur.

Í kjölfar gengislækkunarinnar í vor hefur samkeppnisstaða útflutningsfyrirtækjanna stórbatnað og eru þau nú í svipaðri stöðu og árið 2001. Raungengið gefur vísbendingar um samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja á alþjóðamarkaði. Þegar það lækkar batnar samkeppnisstaðan en þegar það hækkar versnar



## Gengisvísitala krónunnar 1999 -2008



hún. Í júlí mældist raungengið ríflega 87 stig en langtíma meðaltalið er 98,5 stig (vísitalan var 100 árið 2000). Borið saman við síðustu þrjú ár þegar raungengið var á bilinu 104 – 111 stig, þá hefur samkeppnisstaðan stórbatnað frá þeim tíma.

### ***Er peningamálastefnan komin í þrot?***

Stjórn peningamála hefur verið harðlega gagnrýnd að undanfögnu og lífleg umræða farið fram um hvort núverandi fyrirkomulag, þ.e. verðbólgu­markmið með fljótandi krónu, sé heppilegt við þær aðstæður sem hér ríkja. Ýmsar hugmyndir hafa verið ræddar svo sem að hækka verðbólgu­markmiðið eða taka upp annan gjaldmiðil en krónuna. Margir hafa kallað eftir endurskoðun á peningamálastefnunni og á ársfundi Seðlabankans í mars sl. boðaði forsætisráðherra Geir H. Haarde úttekt á peningamálastefnunni. Sagði hann í ræðu sinni að nauðsynlegt væri að meta árangur og reynsluna af núverandi peningamálastefnu Seðlabankans „... og hvort allar þær viðmiðanir sem stuðst er við séu þær heppilegustu til framtíðar litið“.

Seðlabanki Íslands hefur hækkað stýrivexti þrisvar frá því í október í fyrra eða um samtals 2,2 prósentustig. Þrátt fyrir það hefur ekki tekist að koma böndum á verðbólgu­na. Stýrivextir bankans eru nú 15,5% og eru með þeim hæstu í OECD ríkjunum. Þegar horft er til þess samanburðar mætti ætla að vextir hér á landi væru mjög háir en raunstýrivextir, þ.e. stýrivextir að teknu

tilliti til verðbólgu, mælast hins vegar rétt um 2% miðað við verðbólgu. Vaxtamunur við útlönd er nú um 12% þegar miðað er við þriggja mánaða Rebor- og Libor-vexti. Fyrir ári síðan var vaxtamunurinn 9,1 prósent.

### ***Er krónan of lítil?***

Gengi íslensku krónunnar hefur veikst umtalsvert með miklum sveiflum frá því í september 2007. Þá var gengisvísitalan 119 stig en í byrjun september 2008 var hún í kringum 169 stig. Gengið hefur því fallið um 42% á einu ári. Í lok mars féll hún um 20% í kjölfar þess að viðskipti með íslensku krónuna stöðvuðust nærri því. Getgátur voru um það hvort krónan hefði orðið fyrir árás erlendra fjárfesta en það hefur ekki verið staðfest.

Ýmislegt hefur verið gert til að reyna að styrkja krónuna og auka tiltrú erlendra fjárfesta á hana og hagkerfið í heild. Veðheimildir bankanna við Seðlabankann voru rýmkaðar, útgáfa ríkisskuldabréfa hafin á ný, gjaldeyr- isvaraforðinn styrktur og aðgangur bankans að erlendu lausafé aukinn með samningum við norræna seðlabanka. Auk þessa hafa stýrivextir verið hækk- aðir þrisvar á síðustu 12 mánuðum og við það hefur vaxtamunur við útlönd aukist. Þrátt fyrir þetta hefur krónan haldið áfram að veikjast og hefur ekki verið veikari síðan hún var sett á markað árið 1993.


Að einhverju leyti var veiking krónunnar við lok stóriðjuframkvæmdanna fyrirséð, hins vegar kom tímasetningin nokkuð á óvart og einnig hversu mikið gengisfallið varð.

Áframhaldandi veiking krónunnar og miklar sveiflur á gengi hennar veld- ur áhyggjum og vekur upp spurningar um það hvort krónan sé oft lítil mynt í alþjóðaumhverfi og hvort rétt sé að taka upp evru sem mynt. Umræðan varð ágengari árið 2006 eftir mikið gengisfall krónunnar í kjölfar neikvæðrar umræðu um íslensku bankana og hefur hún stigmagnast síðan. Á vettvangi ASÍ hafa þessi mál verið rædd ítarlega. Nánar er fjallað um evru-umræðuna í kaflanum „Hvað með evruna?“.

### ***Kaupmáttur rýrnar hratt***

Laun hafa hækkað mikið á undanförunum árum, m.a. vegna mikillar þenslu á vinnumarkaði. Breyting er nú að verða þar á og vísbendingar um að það dragi úr spennu á vinnumarkaði. Síðustu 12 mánuði hafa laun hækkað um 9,1% og er það nokkuð meiri launahækkun en í júlí í fyrra. Helstu skýring- arnar á því eru kjarasamningar á almennum markaði sem gerðir voru í febrúar og nýir kjarasamningar á opinberum markaði frá því í vor og sumar. Horfur eru á að hratt dragi úr launahækkunum þegar áhrif kjarasamninganna dvína og þensla á vinnumarkaði minnkar.

## Þróun launa og kaupmáttar launa 1990 - 2008



Þrátt fyrir að laun hafi hækkað mikið hafa þau ekki haldið í við verðbólgu. Í júlí síðastliðinn mældist verðbólgan 13,6% og rýrnaði kaupmáttur því um 3,9% á milli ára. Þetta er mesta kaupmáttarrýrnun í 15 ár. Kaupmátturinn er nú svipaður og hann var í september 2006.

Nánar er gerð grein fyrir kjarasamningunum í kaflanum kjaramál og kjarasamningar.

### ***Blikur á lofti í atvinnumálum***

Atvinnuástandið síðustu ár hefur verið mjög gott en nú á haustmánuðum eru blikur á lofti. Má búast við að atvinnuleysi vaxi þegar líða fer á veturinn. Víða hefur verið tilkynnt um uppsagnir og í byrjun september hefur verið tilkynnt um hópuppsagnir sem ná til um 1.400 einstaklinga. Þær koma væntanlega til framkvæmda á næstu mánuðum. Í júlí síðastliðnum mældist atvinnuleysi 1,2% af heildarfjölda á vinnumarkaði og hafði aukist lítillega frá mánuðinum á undan. Í sama mánuði í fyrra var atvinnuleysið 0,9% og hefur því heldur farið upp á við.

### ***Staða heimilanna versnar***

Ráðstöfunartekjur hafa aukist hratt á síðustu árum eða að jafnaði um 12% á árunum 2004 – 2006. Í fyrra er áætlað að þær hafi aukist um 11% og að

teknu tilliti til verðbólgu jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna því um 5,7%. Vegna minnkandi eignatekna og vaxandi greiðslubyrði heimilanna má búast við að ráðstöfunartekjur rýrni á næstu árum þrátt fyrir skattalækkanir og auknar vaxta- og barnabætur. Verri horfur í atvinnumálum, rýrnandi kaupmáttur launa, minna aðgengi að lánsfé og verri lánakjör er staðan sem blasir við mörgum heimilum. Undanfarin ár hafa heimilin safnað upp miklum skuldum og við þessar aðstæður eykst hætta á því að þau lendi í greiðsluerfiðleikum. Versnandi staða heimilanna endurspeglast í samdrætti í neyslu þeirra. Þrátt fyrir öflugan vöxt í einkaneyslu á fyrsta ársfjórðungi þessa árs bendir margt til þess að farið sé að draga úr einkaneyslu.

## Verðlagseftirlit ASÍ

Umræður um aðferðafræði við gerð verðkannana í matvöruverslunum og áreiðanleika þeirra hefur verið áberandi í samfélaginu síðastliðið ár og mótað nokkuð starf verðlagseftirlits ASÍ. Á haustdögum 2007 komu fram í fjölmiðlum harðar ásakanir á starfsmenn matvöruverslana þar sem þeir voru sakaðir um að reyna markvisst að villa um fyrir verðtökufólki og hafa áhrif á niðurstöður verðkannana með því að stilla fram ódýrum vörum þegar verðkannanir fara fram, sem annars eru ekki seldar til almennra neytenda. Saman við þessa umræðu blandaðist deila fyrirtækisins Haga, sem rekur matvöruverslanakeðjurnar Bónus, Hagkaup og 10-11, við verðlagseftirlit ASÍ vegna verðmælinga sem verðlagseftirlitið gerði í tengslum við lækkun á virðisaukaskatti á matvælum þann 1. mars 2007. Hagar voru ósáttir við niðurstöður verðmælinga verðlagseftirlitsins í verslunum 10-11 sem leiddu í ljós að virðisaukaskattslækkunin hafði ekki skilað sér að fullu út í vöruverð til neytenda. Hagar töldu verðmælingarnar rangar og þær gæfu villandi upplýsingar um verðlækkun í verslunum 10-11 og litu svo á að fréttatilkynningar verðlagseftirlitsins um niðurstöður verðmælinganna væru aðför að orðspori 10-11 verslananna. Þessum ásökunum vísaði Alþýðusambandið alfarið á bug og stendur við áður birtar verðmælingar sínar. Í kjölfarið óskuðu Hagar eftir því í ágúst 2007 að dómkvaddir matsmenn mætu lækkun á útsöluverði 10-11 verslananna á tímabilinu frá 15. febrúar til 31. mars 2007. Matið skyldi framkvæmt með verðlistum sem Hagar lögðu fram úr tölvukerfi 10-11 verslananna. Alþýðusambandið leit svo á að það hefði enga aðkomu að slíku mati enda fól það ekki í sér neitt mat á starfsemi verðlagseftirlitsins. Matsgerðin barst Alþýðusambandinu í júlí 2008 og í framhaldi af því sendu forsvarsmenn Haga frá sér harðorða yfirlýsingu um að niðurstaða matsins væri áfelligdómur yfir starfsemi verðlagseftirlitsins og hún opinberaði ónákvæm vinnubrögð þess. Þessu mótmælti ASÍ harðlega og vísaði þar til þess að í matsgerðinni væri hvergi fjallað um verklag eða

vinnubrögð verðlagseftirlits ASÍ. Í matsgerðinni er einungis að finna mat á eigin gögnum fyrirtækisins, sem það leggur fram og koma úr tölvukefi þess. Starf verðlagseftirlitsins og þær niðurstöður sem það sendir frá sér byggja aftur á móti alfarið á þeim gögnum sem safnað er með sjálfstæðum hætti úti í verslunum og grundvallast á uppgefnu verði á hillu. Þetta eru þær verðupplýsingar sem neytendur hafa aðgang að og versluninni ber samkvæmt lögum að veita með skýrum og aðgengilegum hætti. ASÍ stendur við áður birtar niðurstöður sínar úr verðmælingum verðlagseftirlitsins í tengslum við lækkanir á virðisaukaskatti í mars 2007.

### ***Framkvæmd verðkannana***


Undanfarin ár hefur verðlagseftirlitið framkvæmt verðkannanir sínar samkvæmt samkomulagi sem gert var við heildarsamtök verslunarinnar, Samtök verslunar og þjónusu (SVP). Það samkomulag byggir á því að kannað er það verð sem merkt er á hillum verslana enda er það verðið sem blasir við neytendum þegar þeir gera innkaup sín og þeir byggja kaupákvæðanir sínar á. Samkvæmt samkomulaginu tilkynnir verðtökuaðili sig til fulltrúa verslunarinnar þegar hann kemur inn í verslun til að kanna verð en verslunum er aldrei kunnugt um það fyrirfram hvenær kannanir eru gerðar. Þá gerir samkomulagið ráð fyrir því að fulltrúa verslunarinnar sé gefið tækifæri til þess að fylgja verðtökuaðilanum í gegnum verðkönnunina og koma með ábendingar og athugasemdir við hana áður en verslunin er yfirgefin. Samkomulagið gerir því ráð fyrir að traust ríki á milli verslunarinnar og verðlagseftirlitsins við framkvæmd verðkannana og að sameiginlegir hagsmunir liggja í því að veita neytendum réttar upplýsingar.

Framkvæmd verðkannana samkvæmt ofangreindu samkomulagi við SVP hefur í öllum meginatriðum gengið vel að mati ASÍ og verslunin ekki gert athugasemdir þess efnis að verðlagseftirlitið hafi brotið ákvæði samkomulagsins við framkvæmd kannana. Á hinn bóginn er rétt að halda því til haga að forsvarsmenn verslunarinnar hafa margir verið ósáttir við birtingu verðkannana ASÍ og einkum hafa forsvarsmenn lágvöruverðsverslana á undanförunum árum oft ásakað samkeppnisaðila sína um óheiðarleg vinnubrögð í verðkönnunum sem ætlað sé að hafa áhrif á niðurstöður þeirra. Í tengslum við þær deilur um verðkannanir og eftirlit með lækkun á virðisaukaskatti sem hér er lýst sögðu Samtök verslunar og þjónustu einhliða upp samkomulagi við verðlagseftirlit ASÍ um framkvæmd verðkannana í október 2007. SVP hafa svo ítrekað komið þeirri skoðun sinni á framfæri í fjölmiðlum sl. ár að vinnubrögð verðlagseftirlits ASÍ séu ónákvæm og kannanir villandi og að það beri að fá óháða aðila til þess að sinna verðlagseftirliti. Hafa samtökin í því samhengi helst nefnt Hagstofu Íslands. Alþýðusambandið hefur vísað þessum

ásökunum á bug og bent á að slíkt eftirlit mundi stangast verulega á við hlutverk Hagstofunnar við að reikna út vísitölu neysluverðs. ASÍ hefur í verðlags-  
eftirliti sínu einungis hagsmuni launamanna að leiðarljósi sem eru í því fölgni  
að veita versluninni aðhald til að tryggja kaupmátt. Aðhaldið felst hins vegar  
í því að birta upplýsingar til neytenda um verð og verðbreytingar hjá einstaka  
verslunum eða verslunarkerðjum á markaði en ekki bara að sýna meðalverð  
allra verslana eða breytingu á markaðnum í heild. Frá þessu grundvallaratriði  
má á engan hátt víkja eigi verðlagseftirlit að hafa aðhaldshlutverki að gegna  
gagnvart markaðnum.

Af þessum sökum hefur nokkur vinna farið fram í verðlagseftirlitinu við  
að yfirfara aðferðafræði við gerð verðkannana og leggja mat á hvaða leiðir  
skuli farnar í þeim efnum til að tryggja sem mestar og bestar upplýsingar um  
vöruverð til neytenda. Þá var brugðið út af vananum og gerðar nokkrar verð-  
kannanir í matvöruverslunum með þeim hætti að farið var í verslanir, vörur  
settar í körfu og farið með þær í gegnum kassa verslunarinnar. Vandinn við  
þessa aðferðafræði er sá að einunigs er unnt að kanna verð á fáum vöruteg-  
unum í hvert sinn og mjög auðvelt er fyrir verslunina að breyta verði á kassa,  
án þess að þess verði vart, ef grunur vaknar um að verið sé að gera verðkönn-  
un. Vinnu við endurskoðun á verklagi við verðkannanir er enn ekki lokið en  
verðlagseftirlitið telur þó enn að gera skuli verðkannanir fyrst og fremst með  
því að skoða verðmerkingar á hillum verslana. Segja má að greinargóðar verð-  
upplýsingar til neytenda séu grundvallaratriði á samkeppnismarkaði. Út frá  
þeim taka viðskiptavinir ákvarðanir um innkaup sín og til að tryggja gagnsæi  
markaðarins ber söluaðilum skv. lögum að verðmerkja vörur sínar með skýr-  
um og greinargóðum hætti. Af þessum sökum er eðlilegast að verð sé kannað  
á hillum verslana. Eins og verðlagseftirlitið hefur margoft bent á vantar aftur  
á móti mikið upp á að reglum um verðmerkingar í verslunum sé framfylgt  
og fylgt eftir að hálfu Neytendastofu með viðunandi hætti. Ástæða er til þess  
að skoða hvort setja beri reglur sem hamlu því að verslunin rugli markvisst  
verðskyn neytenda með mjög tíðum verðbreytingum í verslunum, sem einnig  
torveldar mjög allan verðsamanburð á milli samkeppnisaðila.

Verðlagseftirlitið hefur á árinu gert verðkannanir í matvöruverslunum bæði  
með hefðbundnum hætti og, eins og áður var lýst, með því fara með vörur  
á kassa verslana. Þá var kannað verð á hjólbarðaverkstæðum og lyfjum á  
haustdögum 2007 auk þess sem upplýsingum um orkuverð og gjaldtöku fyrir  
þjónustu hins opinbera, s.s. í leikskólum og grunnskólum, hefur verið haldið  
saman líkt og undanfarin ár.



### ***Þjónustusamningur við viðskiptaráðuneytið***

Í kjölfar mikillar gengislækkunar krónunnar og hækkunar á hrávöruverði á alþjóðlegum mörkuðum skapaðist á fyrri hluta árs mikill þrýstingur til hækkunar á vöruverði og verðbólga fór vaxandi. Til þess að stemma stigu við verðhækkunum og draga úr verðbólguhraðanum leitaði viðskiptaráðherra á vordögum 2008 eftir samstarfi við verðlagseftirlit ASÍ um framkvæmd sérstaks átaks í verðlagseftirliti. Tilgangurinn var að auka aðhald neytenda með góðri upplýsingagjöf til almennings um verðlag einstakra aðila á markaði. Gerður var þjónustusamningur við ráðuneytið um að á tímabilinu frá miðjum apríl og fram í júní yrðu gerðar vikulegar verðkannanir í matvöruverslunum. Niðurstöður kannana, sem lýstu verðbreytingum á vörukörfu og vöruflokkum í einstaka verslunum/verslunarkeðjum, voru birtar vikulega og þróun á verðbreytingum vörukörfunnar lýst á milli vikna.

Helstu niðurstöður úr verðkönnunum í þessu átaki voru að vörukarfa ASÍ hækkaði á 11 vikna tímabili, frá annari viku í apríl 2008 til þriðju viku í júní 2008 (vika 15-25), mest í lágvöruverðsverslunum þar sem hækkunin er á bilinu 4-9%. Hjá stóru lágvöruverðskeðjunum hækkaði vörukarfan um tæp 8% í Bónus og 6,5% í Krónunni. Hækkunin í öðrum verslunarkeðjum var á bilinu 3-4%. Samkvæmt tölum frá Hagstofunni hækkaði verð á mat- og drykkjarvörum í vísitölu neysliverðs um rúm 10% á fyrstu sex mánuðum ársins 2008 og þar af um tæplega 9% á tímabilinu frá mars og fram í júní.

Í verðkönnunum voru mældar breytingar á verði vörukörfu sem getur endurspeglað almenn innkaup meðalheimilis. Vörukarma ASÍ inniheldur allar almennar mat- og drykkjarvörur, t.d. brauðmeti, morgunkorn, pasta, kjöt, fisk, grænmeti, ávexti, pakkavörur, kaffi, gos, safa, auk hreinlætis- og snyrtivara. Við samsetningu vörukörfunnar voru hafðar til hliðsjónar vogir Hagstofunnar sem notaðar eru til útreiknings á vísitölu neysliverðs. Vogirnar segja til um hversu stór hluti tilteknir vöruflókkar eru af neyslukörfu meðalheimilis. Þess ber að geta að hér eru einungis birtar upplýsingar um verðbreytingar í verslanaheildjunum á milli tímabila.

## Hvað með evruna?

Umræðan um kosti og galla þess að taka upp evru hefur farið vaxandi á vettvangi ASÍ á undanförmum árum. Í ályktun ársfundar ASÍ um íslenskan lánamarkað frá 2005 segir m.a.: „Ársfundur ASÍ telur mikilvægt að hageild ASÍ skoði hvort lítið íslenskt myntsvæði og óstöðugt efnahagslíf standi í vegi fyrir lækkun vaxta til lengri tíma.“ Á ársfundi ASÍ árið 2007 var síðan samþykkt stefna ASÍ um ábyrga og réttláta hnattvæðingu þar sem áréttað var mikilvægi þess að tryggja hér efnahagslegan stöðugleika. Í stefnunni er lögð áhersla á að „[n]ú þegar fari fram vönduð og fordómalaus umræða um kosti og galla þess að taka upp evru.“

Ljóst er að innleiðing evru myndi hafa víðtæk áhrif í íslensku atvinnulífi. Í viðleitni til að draga saman helstu upplýsingar fólu Alþýðusamband Íslands og Samtök iðnaðarins Evrópufræðasetrinu á Bifröst að vinna heildstæða úttekt á málinu. Samningur þess efnis var undirritaður vorið 2006 og var afrakstur rannsókna gefin út í bókinni *Hvað með evruna*. Höfundar bókarinnar eru Eiríkur Bergmann Einarsson, dósent í stjórn málafræði og forstöðumaður Evrópufræðaseturs Háskólans á Bifröst og dr. Jón Þór Sturluson, hagfræðingur. Eiríkur var jafnframt ritstjóri bókarinnar. Höfundum til ráðgjafar voru Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ og Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins. Hannes Arnórsson og Sigþór J. Guðmundsson aðstoðuðu við heimildaleit í afmörkuðum köflum.

Meginmarkmið bókarinnar var að veita aðgengilegt og heildstætt yfirlit yfir Mynt-





bandalag Evrópu og kortleggja bæði í efnahagslegu og stjórnmálalegu tilliti hvaða áhrif evran hefði á íslenskt samfélag yrði hún tekin upp sem lögeyrir í stað krónu.

Í bókinni er fjallað um hvaða áhrif innleiðing evru myndi hafa fyrir íslenskt efnahagslíf og samfélag. Stutta svarið er nokkuð skýrt: Í fyrsta lagi verður hagkerfið stöðugra, vextir lægri og viðskiptakostnaður minni. Þá má gera ráð fyrir að viðskipti aukist þegar gengisáhætta minnkar. Verðlag ætti að lækka og kaupmáttur að aukast. Helsti ókosturinn er á móti sá að Seðlabanki Íslands missir úr eigin hendi ákvörðun um innlenda stýrivexti. Við upptöku evru verður heldur ekki hægt að lækka raunlaun með því að fella gengið sem getur valdið ákveðnum erfiðleikum á vinnumarkaði. Þótt meginlínurnar séu nokkuð ljósar eru fjölmörg önnur álitaefni ítarlega rædd í bókinni.

Helstu niðurstöður bókarinnar eru að Ísland hefur tvo raunhæfa kosti í peningamálum. Annað hvort að viðhalda núverandi stefnu með sjálfstæðri krónu á floti eða að ganga í Efnahags- og myntbandalag Evrópu og taka upp evru. Ef ríki hefur á annað borð kost á fullri aðild að myntbandalagi Evrópu er vandséð hvaða hag það hefur af því að taka evruna upp einhliða. Líkast til mun taka alls fjögur ár að semja um aðild að ESB og innleiða evru á Íslandi.

Alþýðusambandið og Samtök iðnaðarins stóðu sameiginlega fyrir morgunverðarfundum á Grand Hótelu í Reykjavík þann 12. mars þar sem útkoma bókarinnar var kynnt og helstu niðurstöður hennar.

Frummælendur á fundunum voru bókarhöfundar og í pallborði voru Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins og Kristín Pétursdóttir, forstjóri og annar stofnenda Auðar Capital. Fundarstjóri var Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst.

Fundurinn var vel sóttur og tókst í alla staði ágætlega. Boðið var upp á þá nýjung að hægt var að fylgjast með fundinum á Netinu í beinni útsendingu.



## Kjaramál

Frá ársfundi ASÍ 2007 hefur verið gengið frá nýjum kjarasamningum flestra félaga á almennum markaði auk félaga sem voru með lausa samninga við ríkið. Í lok árs 2008 verða samningar við sveitarfélög lausir svo og verksmiðjusatningar ásamt samningum við Landsvirkjun og Landsnet. Í samningunum á almenna markaðnum var m.a. samið um taxtahækkanir til tekjulægstu einstaklinganna og launaþróunartryggingu til þeirra sem síst höfðu notið launaskriðs undanfarin ár. Þessu til viðbótar var samið um endurskoðun samninganna að ári ef fyrirframgefnar verðlagsforsendur stæðust ekki.

## Aðdragandi kjarasamninga

### *22. júní 2007 — Skrifað undir samstarfssamning aðildarsamtaka ASÍ*

Miðstjórn ASÍ ákvað á fundi í júní 2007 að vinna sameiginlega að ýmsum málum í komandi kjarasamningsviðræðum. Hinn 22. júní 2007 skrifuðu aðildarsamtök ASÍ síðan undir samstarfssamning um sameiginlegar áherslur gagnvart SA og ríkisstjórn (sjá nánar kafla um lagabreytingar og skipulagsmál).

### **10. desember 2007 – Áherslur ASÍ kynntar SA**

ASÍ átti fund með SA þar sem sameiginlegar áherslur aðildarfélaga ASÍ í komandi kjaraviðræðum voru kynntar atvinnurekendum. Meginmarkmiðið var að verja kaupmátt og styrkja stöðu hinna lægst launuðu. Aðrar sameiginlegar kröfur lutu að efni ráðningarsamninga og uppsögn þeirra, útreikningi kaups og kaupliða, veikindum og slysum, frítöku, kynbundnum launamun og gerð stórf framkvæmdasamnings.

### **12. desember 2007 – Áherslur ASÍ kynntar ríkisstjórn**

Forysta ASÍ gekk á fund ríkisstjórnarinnar til að kynna áherslur ASÍ gagnvart stjórnvöldum í kjaraviðræðunum. Í fyrsta lagi var lögð áhersla á að dregið yrði úr skattbyrði þeirra tekjulægstu, að staða barnafjölskyldna yrði treyst og að komið yrði til móts við aukna greiðslubyrði húsnæðislána. Í öðru lagi að blásið yrði til sóknar í menntaúrræðum þeirra sem minnsta menntun hafa á vinnumarkaði. Í þriðja lagi að lágmarks bótafjárhæðir velferðarkerfisins yrðu miðaðar við 150.000 kr. og staða fólks á vinnumarkaði treyst.

### **9. janúar 2008 – Áherslum ASÍ hafnað**

Ljóst var að sú leið sem ASÍ lagði upp með í skattamálum var ekki fær. Bæði SA og ríkisstjórnin lýstu sig mótfallin henni, þ.á.m. tillögum um sérstakan persónuafslátt fyrir þá tekjulægstu. Í framhaldi af þessari niðurstöðu fóru einstök landssambönd og stærstu félög innan ASÍ hvert fyrir sig í viðræður við SA.

### **11. febrúar 2008 – Hreyfing kemst á viðræður**

Formenn landssambanda og stærstu félaga innan ASÍ funduðu til að bera saman bækur sínar um framvindu kjaraviðræðna. Í upphafi febrúar höfðu SA lagt fram nýjar tillögur um launalið samninganna. Þá var ljóst að ágætur gangur hafði verið í þeim þætti viðræðnanna sem sneri að sameiginlegum kröfum og í ýmsum sérmálum.

### **14. febrúar 2008 – Útlínur kjarasamninga skýrast**

Ljóst varð að formenn landssambanda og stærstu aðildarfélaga innan ASÍ og SA höfðu orðið ásáttir um meginútlínur launaliðs nýrra kjarasamninga – með fyrirvara um að ásætlanleg niðurstaða fengist í viðræðum um sameiginleg mál aðildarsamtaka ASÍ, ýmis sérmál svo og um aðkomu stjórnvalda.

### **17. febrúar 2008 – Samningar í höfn**

Eftir margra vikna samningatörn var loks skrifað undir almenna kjarasamninga hinn 17. febrúar í húsakynnum ríkissáttasemjara. Ekki var skrifað

undir fyrir en yfirlýsing um aðkomu ríkisstjórnarinnar lá fyrir. Samningarnir tóku gildi afturvirkir 1. febrúar 2008. Þau aðildarsamtök ASÍ sem gengu frá samningum við SA á þessum tímapunkti voru: SGS, Flóabandalagið, Samiðn, RSÍ, LÍV, VR, VM, Matvís og Félag bókagerðarmanna.

## **Helstu efnisatriði almennra kjarasamninga 17. febrúar 2008**

### ***Hugmyndafræði***

Útgangspunkturinn við gerð kjarasamninganna voru tölulegar staðreyndir sem lágu fyrir um verulega ójafna dreifingu launahækkana síðustu misseri. Í þessu ljósi náðist samstaða milli samningsaðila um ákveðna hugmyndafræði, þ.e. að nota það svigrúm sem var til kjarabóta að mestu leyti til að hækka laun þeirra sem setið höfðu eftir, annars vegar lægstu tekjuhópanna (með sérstökum krónutöluhækkunum á taxta) og hins vegar þeirra sem lítið höfðu hreyfst í launum (með sérstakri launaþróunartryggingu). Ekki var samið um neinar almennar launahækkningar fyrir en í ársbyrjun 2010. Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir helstu efnisatriðum samninganna, fyrst launaliðnum, síðan ýmsum málum sem voru á sameiginlegu borði aðildarsamtaka ASÍ og loks forsendum samninganna.

### ***Launaliður***

Kjarasamningurinn felur í sér hækkun almennra launataxta um kr. 18.000 við undirskrift, kr. 13.500 frá 1. mars 2009 og kr. 6.500 frá 1. janúar 2010; ennfremur að launataxtar iðnaðarmanna og skrifstofufólks hækki um kr. 21.000 við undirskrift, kr. 17.500 frá 1. mars 2009 og kr. 10.500 frá 1. janúar 2010. Ekki er gert ráð fyrir að heimilt sé að lækka álagsgreiðslur á móti taxtabreytingunum. Í ákvæði samninganna um launaþróunartryggingu felst að þeir sem verið hafa í starfi hjá sama atvinnurekanda og hafa ekki fengið að lágmarki 5,5% launahækkun frá 2. janúar 2007 til undirritunar samninga fái það sem á vantar. Ennfremur var ákvæði um 4,5% hækkun fyrir þá sem skipt höfðu um starf fram til september 2007. Á árinu 2009 verður launaþróunartryggingin 3,5%. Hinn 1. janúar árið 2010 verður almenn launahækkun upp á 2,5%, auk fyrrgreindra taxtahækkana. Ekki var gert ráð fyrir að hægt væri að fá bæði launaþróunartryggingu og taxtahækkun.

### ***Sameiginleg mál***

Það vinnulag aðildarsamtaka ASÍ að gera með sér samstarfssamning um sameiginleg mál gagnvart SA og ríkisstjórn gaf góða raun og óhætt er að full-yrða að samstaðan hafi skilað verulegum árangri. Í samskiptum við SA náðist ágætur árangur, t.d. með heimild í samningum til að fá hluta launa greiddan í erlendum gjaldmiðli, bættum slysatryggingum, yfirlýsingu um endurhæfingarmál, bókun um jafnréttisáherslur, rétti launafólks til að vita ástæður uppsagnar og í nýjum stórframkvæmdasamningi. Í samskiptum við stjórnvöld náðist einnig ásættanlegur árangur, t.d. með hækkun skattleysismarka um kr. 20.000 á samningstímanum að raungildi, rausnarlegri barnabótum, rýmkun á eignatengingu vaxtabóta og átaki í menntun þeirra sem minnsta menntun hafa á vinnumarkaði með stórauðnu framboði á starfs- og framhaldsmenntun. Lesa má niðurstöður í sameiginlegum málum í heild í viðauka með þessari skýrslu, bæði samkomulagið sem gert var við SA og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninganna.

### ***Forsendur***

Forsendur kjarasamninganna eru að kaupmáttur launa haldist eða aukist og að verðbólga fari lækkandi. Í febrúar á næsta ári verður farið yfir það hvort þessar forsendur hafi staðist. Hafi það gerst þá framlengjast samningarnir til nóvemberloka árið 2010. Hafi það hins vegar ekki gerst þá geta samningsaðilar samið um viðbrögð og þar með framlengingu samninganna eða samningar verða lausir frá og með 1. mars 2009.

### ***Aðrir kjarasamningar***

Hér er gerð grein fyrir öðrum samningum en þeim sem gengið var frá 17. febrúar 2008. Upptalningin er ekki tæmandi og er birt hér fyrst og fremst til lauslegs samanburðar við almennu samningana.

### ***Samningar aðildarsamtaka ASÍ á almennum markaði***

Hinn 21. desember 2007 var undirritaður kjarasamningur milli samtaka sjómanna (SSÍ, VM og FFSÍ) annars vegar og Landssambands smábátaeigenda hins vegar. Samningurinn var felldur af félögum smábátaeigenda. Staðan er því óbreytt hvað þennan bátaflokk varðar, þ.e. engir kjarasamningar gilda. Samningur SSÍ við SA /LÍÚ hafa verið lausir síðan í júní 2008.

Nokkur félög með beina aðild að ASÍ voru með lausa samninga við SA í upphafi árs 2008 en gengu samt ekki frá nýjum samningum með öðrum aðildarsamtökum 17. febrúar. Þannig gekk Mjólkurfræðingafélag Íslands

ekki frá samningum við SA fyrr en 21. apríl 2008. Flugfreyjufélag Íslands gekk frá samningum við Icelandair 20. maí, við Icelandic Express 3. júní og við Flugfélag Íslands 24. júlí. Félag leiðsögumanna gekk frá samningum við atvinnurekendur í ferðapjónustu 28. maí. Í sumum tilfellum kom til núnings milli samningsaðila um hvernig ætti að heimfæra hugmyndafræði febrúar-samninganna á þessa samninga, m.a. hvort miða ætti kjarabætur við sama meðalkostnaðarauka fyrirtækja eða sömu launahækkunar starfsfólks.

### ***Samningar aðildarsamtaka ASÍ við ríki og sveitarfélög***

Samningar aðildarsamtaka ASÍ við ríkið voru lausir í apríl 2008. Hinn 26. maí gekk SGS frá samningi við fjármálaráðherra. Samningurinn er til 11 mánaða eða til loka mars 2009. Í honum er m.a. kveðið á um að launataxtar hækkni um 20.300 kr. frá og með 1. maí sl. en frá sama tíma tekur einnig gildi ný launatafla. Í lok maí gengu RSÍ og Samiðn frá nýjum samningi við fjármálaráðherra á svipuðum nótum. Samningar aðildarsamtaka ASÍ við Reykjavíkurborg verða lausir í nóvember 2008 og við önnur sveitarfélög í desember.

### ***Samningar aðildarsamtaka ASÍ við veitur, o.fl.***

Samningar við fjöldann allan af öðrum aðilum voru eða verða lausir á árinu. Þegar hefur t.d. verið gengið frá samningum við Orkuveitu Reykjavíkur, Bílgreinasambandið, Samband garðyrkjubænda og Meistarasamband byggingamanna. Samningar við Landsvirkjun og Landsnet verða lausir í desember 2008 - janúar 2009. Verksmiðjusamningar verða lausir í desember 2008.

### ***Samningar félaga utan ASÍ***

- Hinn 28. apríl 2008 var gengið frá samningi grunnskólakennara við launanefnd sveitafélaga. Hann felur m.a. í sér 25.000 kr. hækkun launa frá 1. júní sl. Samningurinn verður laus að ári.
- Hinn 26. maí 2008, sama dag og gengið var frá samningi SGS við fjármálaráðherra, var gengið frá samningi félaga í BSRB við ríkið á svipuðum nótum.
- Hinn 16. júní 2008 var gengið frá samkomulagi framhaldsskólakennara/KÍ og fjármálaráðherra um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila. Samkomulagið felur í sér svipaðar áherslur og kjarasamningar annarra hvað varðar krónutöluleið hækkana og samningstíma. Samkvæmt samningnum hækkðu laun félagsmanna um 20.300 frá 1. júní 2008.
- Hinn 27. júní 2008 var gengið frá samkomulagi flugumferðarstjóra og Flugstoða. Felur samningurinn m.a. í sér 4,75% launahækkun við undirskrift og þriggja prósentu hækkun í febrúar. Einnig er í honum ákvæði um kennsluálag sem er ætlað að leiða til fjölgunar í stéttinni. Samningurinn

- gildir til 31. október 2009 og felur í sér samtals um 11% hækkun.
- Hinn 28. júní 2008 var gengið frá samkomulagi 23ja félaga innan BHM og fjármálaráðherra. Samkomulagið hljóðar upp á framlengingu á kjarasamningum aðila til loka mars 2009 og felur í sér rúmlega 6% launahækkun að meðaltali. Samkvæmt samningnum hækkuðu laun um 20.300 krónur frá 1. júní 2008. Að auki hækkuðu launatöflur um 2,2% frá sama tíma en á móti var framlag vinnuveitenda í vísindasjóði aflagt. Stéttarfélag lögfræðinga felldi samninginn í atkvæðagreiðslu.
  - Hinn 9. júlí 2008 var gengið frá samkomulagi hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra. Samningurinn hljóðar upp á 20.300 kr. hækkun á allar tölur í launatöflu auk nokkurra prósentu hækkunar á launatöflu vegna kerfisbreytinga.
  - Ljósmeður voru enn með opna samninga um miðjan september 2008. Hinn 16. september lagði ríkissáttasemjari fram miðlunartillögu í deilu þeirra við samninganefnd ríkisins. Miðlunartillagan var samþykkt 19. september og hækkuðu grunnlaun ljósmeðra um allt að 22,6%. Það þýðir að mánaðarlaun þeirra hækka um 70-90 þúsund kr.
  - Kjarasamningar bankamanna innan SÍB verða lausir í október.
  - Samningar stéttarféлага opinberra starfsmanna við Reykjavíkurborg verða lausir í nóvember 2008 og við önnur sveitarfélög í desember.

## **Eftirfylgni með kjarasamningum**

Með almennu kjarasamningunum 17. febrúar 2008 voru gerðar ýmsar bók-anir sem fylgja þarf eftir. Á grundvelli samstarfssamnings aðildarsamtaka ASÍ frá júní 2007 var ábyrgð á þeirri vinnu útdeilt til sérstakra vinnuhópa. Hér á eftir er gerð stutt grein fyrir stöðu þessara mála haustið 2008.

### ***Atvinnusjúkdómar***

Í framhaldi af bókun með kjarasamningunum sendu ASÍ og SA sameig- inlega erindi til félags- og tryggingamálaráðherra um atvinnusjúkdóma þar sem óskað var eftir því að sett yrði reglugerð á grundvelli laga um almanna- tryggingar um atvinnusjúkdóma. Nánar er fjallað um málið í kafla skýrslunnar um vinnuvernd.

### ***Breytingar á skaðabótalögum***

Formlegur vinnuhópur er ekki að störfum en ráð fyrir því gert að stjórn- arflokkarnir efni loforðið með lagafrumvarpi á nýju þingi.

## ***Fyrirtækjapáttur kjarasamninga***

Þessi bókun var gerð að frumkvæði SA og beðið er viðbragða frá þeim um næstu skref.

### ***Jafnréttisáherslur***

Í bókuninni segir m.a. að „Gerð verði úttekt á launamyndun á vinnumarkaði með sérstöku tilliti til launamyndunar kvenna og karla. Sérstaklega verði kannað samstarf við Hagstofu Íslands um rannsókn á launamyndun kvenna og karla á grundvelli gagnasafns Hagstofunnar“.

Skrifað hefur verið undir samstarfssamnings ASÍ, SA og Hagstofu Íslands um verkefni sem skiptist í þrjá meginþætti sem dregnir verða saman og settir fram í skýrslu sem skila á í lok nóvember 2008:

- Helstu aðferðir og skýringarbreytur sem fræðikenningar um launamun hafa sett fram og fjallað um eiginleika þeirra.
- Fjallað verður um kosti og galla þeirra gagna sem tiltæk eru í dag til að reikna launamun kvenna og karla og Hagstofan hefur tiltæk.
- Lagðar verða fram tillögur að grundvelli útreiknings á launamun kvenna og karla með hliðsjón af sérstöðu og séreinkennum íslenska vinnumarkaðarins.

Í bókuninni segir einnig að „þróað verði vottunarferli sem fyrirtæki geta nýtt sér og felur í sér vottun á framkvæmd stefnu um launajafnrétti og jafna möguleika kynjanna til starfa og starfsþróunar“.

Í nýjum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (10/2008) er ákvæði til bráðabirgða (IV) þar sem fram kemur að þróað verði fyrir 01.01.2010, „sérstakt vottunarkerfi á framkvæmd stefnu um launajafnrétti og framkvæmd stefnu um jafnrétti við ráðningar og uppsagnir“. Í lögunum er gert ráð fyrir samstarfi samtaka aðila vinnumarkaðarins og félags- og tryggingamálaráðherra við gerð vottunarkerfisins.

Viljayfirlýsing var undirrituð þann 23.06.08 af ASÍ, SA og félags- og tryggingamálaráðherra þar sem óskað er eftir viðræðum við Staðlaráð Íslands um að ráðið hafi umsjón með gerð staðals sem nýst gæti sem undirstaða vottunar af því tagi sem að framan greinir. Einnig var óskað eftir verk- og kostnaðaráætlun.

Rík áhersla er hjá framkvæmdaraðilum að fara af stað með verkefnið hið fyrsta þar sem tímarammi er knappur. Nauðsynlegt er að frumvarp að staðli verði tilbúið næsta vor, þar sem það þarf að auglýsa það til umsagnar og vinna endanlega úrvinnslu.

Auk þess hefur verið skrifað undir samstarfssamning milli ParX, ASÍ og SA. Gerð verður skýrsla um skýringar á launamun kvenna og karla í um ríflega hundrað fyrirtækjum og hjá nokkur þúsund starfsmönnum. Unnið er á



grundvelli gagnasafns ParX um launagreiðslur (raungögn úr launabókhaldi). Áætluð verklok eru um miðjan nóvember 2008.

### ***Réttur þeirra sem starfa erlendis***

Forseti ASÍ hefur átt fund með ráðuneytisstjóra samgönguráðuneytisins auk þess sem málið hefur verið kynnt félagsmálaráðherra.

### ***Slysatryggingar***

Vinnuhópur á vegum ASÍ, SA og tryggingafélaganna hefur unnið að útfærslu á bókun um slysatryggingaþátt samninganna. Hópurinn hefur sent bréf til allra tryggingarfélaga í landinu til að minna á að ný ákvæði kjarasamninga um slysatryggingu launafólks hafa tekið gildi. Í bréfunum eru helstu breytingarnar dregnar fram, bent á ýmis atriði í eldri skilmálum einstakra tryggingafélaga sem þarfnast endurbóta og félögin hvött til að uppfæra skilmála sína til samræmis við ákvæði kjarasamninga hið fyrsta.

### ***Tilkynning veikinda***

Ekki hefur verið unnið frekar að málinu frá því í febrúar en stefnt er að því að það verði tekið upp á haustdögum.

### ***Vinnustaðaskilríki***

Að undanfögnu hefur verið unnið að því að hrinda efni bókunarinnar um vinnustaðaskilríki í framkvæmd. Sérstakur vinnuhópur fulltrúa ASÍ og SA hefur unnið að málinu og átt samtöl við opinbera aðila sem málið varðar um það með hvaða hætti málinu verði best fyrir komið. Reiknað er með að aðilar komi sér saman um tillögur og frekari útfærslu fyrir lok árs 2008.

### ***Annað***

Skipaðir hafa verið starfshópar til þess að vinna að eftirfylgni bókana um evrópsk samstarfsráð, samning um stórframkvæmdir, upplýsingar og samráð og uppsögn ráðningarsamninga. Óskað hefur verið eftir fundi með SA um bókanirnar en ekki náðst saman um fund. Unnið er að gerð viðeigandi efnis.



## Atvinnumál

### Atvinnuástandið


Ástandið í atvinnumálum hefur verið gott lengst af frá því síðasta haust, mikil atvinnuþátttaka og lítið atvinnuleysi. Á tímabili fór skráð atvinnuleysi undir 1% en mælist nú á haustmánuðum um 1,2%. Horfur eru á að atvinnuleysi aukist hratt á næstu mánuðum. Viðkvæðið síðustu ár hefur verið þensla, uppgrip og skortur á vinnufúsum höndum. Samt er ljóst að góðærinu var mis-skipt bæði eftir greinum og atvinnusvæðum.

### *Atvinnuþátttaka*

Sjá má ákveðin merki um kólnun á vinnumarkaðnum í nýjustu vinnumarkaðsskönnun Hagstofunnar. Þannig er atvinnuþátttaka minni á öðrum ársfjórðungi í ár en í fyrra. Minni atvinnuþátttaka er einkum áberandi meðal kvenna svo og á höfuðborgarsvæðinu og meðal yngstu aldurshópanna.

### *Atvinnuleysi*

Í ágúst var skráð atvinnuleysi 1,2% samanborið við 1,1% í mánuðinum á undan og 0,9% á sama tíma í fyrra. Að meðaltali voru 2.136 manns skráðir



atvinnulausir í ágúst eða 168 fleiri en í mánuðinum á undan og 660 fleiri en á sama tíma í fyrra . Líkt og undanfarna mánuði þá er atvinnuleysi nú mest á Suðurnesjum og Norðurlandi eystra.

### ***Erlendir starfsmenn***

Enn er töluvert streymi erlends starfsfólks inn á íslenskan vinnumarkað. Nýskráningum fólks frá Póllandi og öðrum „nýju“ ríkjum ESB hefur lítið fækkað frá fyrra ári, hafa að jafnaði verið yfir 400 á mánuði fram í júní, en heldur færri nú í júlí og ágúst, eða um 340 hvorn mánuð. Þrátt fyrir að ekki séu komnar fram skýrar vísbendingar um minni aðflutning eru þegar komnar fram vísbendingar um aukinn brottflutning. Það sem af er ári hafa þannig verið gefin út 1.568 E-301 vottorð samanborið við 1.200 allt árið í fyrra, en erlendir ríkisborgarar sækja stundum um þessi vottorð þegar þeir fara úr landi. Þar sem lítil hvati er fyrir þá að tilkynna brottflutning með formlegum hætti er samt líklegt að hann sé vanmetinn.

### ***Horfur***

Horfur um atvinnuástand fara versnandi. Þetta má lesa út úr ýmsum vísbendingum sem eru að koma fram frá degi til dags. Skýrustu vísbendingarnar um versnandi horfur eru neikvæðar væntingar stjórnenda og fjöldi tilkynntra uppsagna.

Um 76% stjórnenda í 400 stærstu fyrirtækjum landsins telja að aðstæður

Í efnahagslífinu séu frekar eða mjög slæmar, um 22% telja þær hvorki góðar né slæmar og einungis 2% telja þær góðar. Meirihluti fyrirtækjanna býst við óbreyttum starfsmannafjölda en um fjórðungur hyggst fækka starfsfólki. Vísitala efnahagslífsins miðað við núverandi aðstæður er lægri en áður hefur komið fram í sambærilegum könnunum, allt frá september 2002.

Í ágúst tilkynntu tvö fyrirtæki um fjöldauppsagnir. Ístak tilkynnti uppsagnir allt að 150 manns á höfuðborgarsvæðinu og annað eins á Austurlandi frá október-desember í ár. Pósthúsið tilkynnti uppsagnir 129 manns (að verulegu leyti hlutastörf) á höfuðborgarsvæðinu frá 1. september í ár. Tilkynntar fjöldauppsagnir það sem af er árinu eru nú um 1.429 og ná orðið inn í flestar atvinnugreinar.

Vinnuálastofnun gerir ráð fyrir að atvinnuleysi muni aukast jafnt og þétt í september, einkum á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum, vegna samdráttar hjá byggingaverktökum, sumum greinum verslunar, fjármálastarfsemi og öðrum þjónustugreinum. Staðan virðist hins vegar víðast betri á landsbyggðinni þegar lítið er til næstu tveggja mánaða, einkum vegna aukinna fiskveiða og vinnslu við upphaf nýs kvótaárs.

## **Atvinnuþróun**

Viðkvæðið síðustu ár hefur verið þensla, uppgrip og skortur á vinnufús- um höndum. Samt er ljóst að góðærinu var misskipt bæði eftir greinum og atvinnusvæðum.

### ***Mannvirkjagerð***

Í upphafi ársins gerðu fulltrúar opinberra stofnana, sveitarfélaga og fyrirtækja í opinberri eigu grein fyrir áformum um verklegar framkvæmdir fyrir um 130 milljarða á þessu ári. Hjá ríkinu aukast fjárfestingar um meira en 100%, fara úr um 19 milljörðum í 43 milljarða. Þyngst vegur samgönguáætlun en einnig kemur til uppbygging hjúkrunarheimila og snjóflóðavarnargarða svo eitthvað sé nefnt. Sveitarfélög hyggja mörg hver á talsverðar framkvæmdir og verður árið 2008 t.d. mesta framkvæmdaár í sögu Hafnarfjarðar. Hjá Landsvirkjun eru enn í gangi verksamningar vegna Kárahnjúkavirkjunar auk þess sem fyrirtækið hefur í hyggju framkvæmdir í Þjórsá svo og við borholugerð víða um land. Mikil aukning verður í fjárfestingum Orkuveitunnar í ár vegna rannsókna og framkvæmda á Hellsisheiði. Á móti kemur að á síðasta ári fór verulega að dragast saman í fjárfestingum atvinnuveganna og líklegt að sú þróun haldi áfram á þessu ári. Þegar allt er tekið saman má búast við að um samdrátt verði að ræða í fjárfestingum á árinu. Við bygginga- og mannvirkja-

gerð starfa um 15 þús. manns. Fyrirsjáanlegur samdráttur snertir því marga beint og óbeint.

### ***Sjávarútvegur***

Ákvörðun sjávarútvegsráðherra 1. júlí sl. um afla á næsta fiskveiðiári er ekki uppörvandi en kemur ekki heldur á óvart í ljósi ráðgjafar Hafró. Þorskvótinn verður hinn sami og á yfirstandandi fiskveiðiári, eða 130 þúsund tonn. Ekki verða miklar breytingar á öðrum kvótategundum. Nú eru litlar aflafyrningar til að færa milli ára. Kvótaniðurskurður sem ákveðinn var í fyrra kemur því til með að leggjast af fullum þunga á greinina næsta vetur. Við þetta bætast kostnaðarhækkanir útgerða vegna hás olíuverðs framan af ári. Á móti má benda á góðar síld- og makrílveiðar og hagstætt afurðaverð. Lágt gengi krónunnar hefur jákvæð áhrif á afkomu útgerða og sjómanna. Atvinnuástand sjómanna virðist síst verra nú en undanfarin ár á sama tíma, þ.e. í lok fiskveiðiárs. Í fiskvinnslunni gekk hins vegar yfir hrina af uppsögnum síðasta haust og vetur með uppsögnum á um fimmta hundrað manns.

### ***Landbúnaður***

Verðlagsnefnd búvöru tók ákvörðun um hækkun á verði mjólkur og mjólkurafurða frá og með 1. apríl. Áður en ákvörðun þessi var tekin lá fyrir krafa framleiðenda um verulegar verðhækkanir á grundvelli mikilla kostnaðarhækkana á kjarnfóðri, áburði og eldsneyti auk hækkana á vöxtum. Fulltrúar ASÍ og BSRB í nefndinni voru tilbúnir til að taka tillit til þessara sjónarmiða en beittu sér samt fyrir því að takmarka eins og frekast væri kostur að kostnaðarhækkunum væri hleypt út í almennt verðlag. Niðurstaðan varð sú að verð á mjólk og mjólkurafurðum hækkaði talsvert hinn 1. apríl sl. Verðið hækkar vissulega ekki eins mikið og framleiðendur höfðu farið fram á, en samt meira en fulltrúi ASÍ gat sætt sig við. Það var sú ákvörðun að velta hluta vaxtahækkana út í matvöruverð sem hann gat ekki staðið að. Af þessum ástæðum sat hann hjá við ákvörðunina.

### ***Matvælaíðnaður***

Í apríl sl. var lagt fyrir Alþingi frumvarp um breytingar á ýmsum lögum í tengslum við fyrirhugaða upptöku á evrópsku matvælaölggjöfinni inn í EES-samninginn, m.a. um afnám á undanþágum sem gert hafa mögulegt að banna innflutning til Íslands á búfjárafurðum á grundvelli heilbrigðissjónarmiða. Frumvarpið er enn óafgreitt hjá Alþingi en ljóst er að ef það verður að lögum gæti það haft talsverð áhrif. Þannig hafa sumir bent á að í því felist tækifæri fyrir frekari þróun matvælaíðnaðar á grundvelli sérhæfingar í framleiðslu og

útflutnings; aðrir hafa vakið athygli á að aukið frelsi í innflutningi gæti haft íþyngjandi áhrif á atvinnuástand svæða þar sem kjötrframleiðsla og –vinnsla er mikil; enn aðrir hafa varað við að hætta á að smitsjúkdómar berist til landsins gæti aukist.

Í lok júlí sl. runnu hinar svokölluðu Doha-viðræður um aukið frelsi í alþjóðaviðskiptum út í sandinn eftir níu daga samningslotu. Á borðinu höfðu verið áætlanir um mjög róttækar breytingar í landbúnaði, m.a. um stórfellda niðurfellingu á tollum og breytingu á fyrirkomulagi beinna styrkja. Ljóst var að ef samkomulag hefði náðst þá hefði það haft veruleg áhrif á starfsumhverfi greinarinnar hér á landi. Forystumenn bænda hér á landi hafa sagt efnislega að þótt samningsdrögin sem lágu á borðinu í Genf hafi ekki verið íslenskum bændum hagstæð hafi þó verið betra að hafa samning en ekki, óvissan væri verst. Þrátt fyrir að viðræðurnar hafi strandað núna er ekki ólíklegt að menn nái saman fyrir eða síðar um frekari opnun viðskipta milli landa.

### ***Orkugeirinn***

Síðustu misseri hefur verið tekist á um ýmis grundvallaratriði á sviði orkumála, t.d. eignarhald á auðlindunum, rekstrarform orkufyrirtækja, o.s.frv. Það sem hefur kannski valdið mestum titringi eru áform um áframhaldandi uppbyggingu álvera og annars orkufreks iðnaðar í landinu. Að nokkru leyti er frumkvæði ákvörðunartöku á þessu sviði úti í atvinnulífinu með aðkomu fjölda ólíkra hagsmunaaðila. Regluverkið um ákvarðanatökuna virðist hins vegar enn frekar veikt og óljóst hvaða verkefni geti komið til greina og hvernig skuli meta umhverfisáhrif þeirra. Þetta ætti þó að skýrast eitthvað undir lok næsta árs þegar iðnaðarráðherra mun, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, leggja fyrir Alþingi tillögu að rammaáætlun um verndun og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafls- og jarðvarmasvæði.

### ***Nýsköpun***

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar kemur fram mikil áhersla á að skapa hagstæð starfsskilyrði fyrir hátækniíðnað, fjármálaþjónustu og skapandi atvinnugreinar. Hátækniíðnaðurinn hefur löngum glímt við erfiðleika tengda óstöðugu gengi krónunnar og háum innlendum vöxtum. Nú glíma allar ofanfundar greinar að auki við hert aðgengi að lánsfé á alþjóðamörkuðum. Á hinn bóginn liggja fyrir áform ríkisstjórnarinnar um að stórauka framlög til rannsóknna, tækniþróunar og nýsköpunar á næstu árum, t.d. munu framlög til helstu samkeppnissjóða aukast um sem nemur röskum einum milljarði á ári þegar áformin verða að fullu komin til framkvæmda árið 2011. Þetta hefur m.a. gert mögulegt að fylgja betur eftir stefnumótunarvinnu Vísinda- og tækniráðs.

## ***Köld atvinnusvæði***

Meðan mikill hagvöxtur hefur verið á suðvesturhorninu og á Austurlandi þá hefur hann verið lítill og jafnvel neikvæður annars staðar. Í þessu sambandi má tala um köld atvinnusvæði á Vestfjörðum og Norðvesturlandi svo og á ýmsum jaðarsvæðum eins og t.d. á norðausturhorninu. Vegna bágborins ástands hefur verið hætta á myndun vítahrings með fólksflotta og skertu þjónustustigi sem hefur síðan leitt til enn erfiðara ástands. Aðkoma stjórnvalda að vanda þessara svæða hefur m.a. verið í gegnum byggðaáætlun, vinnumarkaðsaðgerðir Vinnumálastofnunar (sem snúa aðallega að launafólkinu sjálfu), vaxtasamninga (sem snúa meira að fyrirtækjunum), jöfnun flutningskostnaðar, o.fl.

Vinnumarkaðsaðgerðir: Á vegum Vinnumálastofnunar er unnið að þróun aðgerða til að auðvelda launafólki að laga sig að sviptingum í atvinnulífínu. Áhersla er lögð á greiningarvinnu ráðgjafa til að grípa sem fyrst inn í aðstæður hjá þeim sem hættast er við langtímaatvinnuleysi. Á höfuðborgarsvæðinu er nú að hefjast tilraunaverkefni með rekstur vinnuklúbbs þar sem fólk fær aðstoð við gerð ferilskráar, fyrstu skref við atvinnuleit og ýmsa ráðgjöf. Á Austurlandi er að hefjast samvinnuverkefni á sviði starfsendurhæfingar fyrir fólk sem þarf marghliða þjónustu vegna félagslegra eða heilsufarslegra aðstæðna og annað verkefni er á döfnni til að auðvelda fiskvinnslufólki sem missir atvinnu sína að finna sér nýjan starfsvettvang. Vinnumálastofnun hefur ráðið pólskumælandi starfsmenn á höfuðborgarsvæðinu og Vestfjörðum til að veita Pólverjum ráðgjöf og aðstoða þá við atvinnuleit.

Vaxtarsamningar: Vaxtarsamningar eru framkvæmdaáætlanir um nýsköpun á tilgreindum sviðum atvinnumála fyrir ákveðið svæði. Meginhugmyndin er samstarf í svokölluðum klösum, þar sem leitast er við að efla samvinnu fyrirtækja og stofnana á ákveðnum sviðum sem á einhvern hátt geta unnið saman og nýtt styrkleika hvers annars, jafnvel þótt fyrirtækin séu að öðru leyti í samkeppni. Síðustu ár hafa verið gerðir sex slíkir samningar vítt og breitt um landið. Undirbúningsvinnu við vaxtarsamning fyrir Norðurland vestra er nýlega lokið og stefnt er að því að gera sérstakan samning fyrir Þingeyjarsýslur. Vaxtarsamningi Eyjafjarðar lýkur um næstu áramót og hafa heimamenn óskað eftir að gerður verði nýr samningur.

## ***Mótvægisáðgerðir***

Í kjölfar ákvörðunar um kvótaskerðingu á síðasta ári kynntu stjórnvöld áætlun um mótvægisáðgerðir. Ný útgjöld vegna boðaðra aðgerða áttu að nema um 6,5 milljarði kr. en til viðbótar komu 4 milljarðar kr. vegna verkefna sem þegar hafði verið tekin ákvörðun um að ráðast í en var flýtt vegna kvótaskerðingarinnar. Samtals var því um að ræða útgjöld fyrir um 10,5 milljarð

kr. sem áttu að dreifast að mestu á árin 2007-2009. Stór hluti útgjaldanna var eyrnamerktur til afskrifta á lánum Bygðastofnunar (1.200 milljónir kr.) og umtalsverður hluti rann beint til sveitarfélaganna til að mæta fyrrisjábanlegri minnkun útsvarstekna (750 milljónir kr.).

Gert er ráð fyrir að tæpur helmingur mótvægisútgjaldanna fari í samgönguframkvæmdir, m.a. gangnagerð á Vestfjörðum og Austurlandi, lagningu Suðurstrandavegar og lengingu Akureyrarflugvallar. Um fjórðungur rennur í ráðstafanir sem beinast að ákveðnum atvinnugreinum eða störfum, svo sem sjávarútvegi (tímabundin niðurfelling veiðigjalds og greiðslur til atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufyrirtækja), byggingariðnaði (viðhald opinberra bygginga), ferðaþjónustu og skjalaskráningu. Þá voru áform um að setja á fót þróunarsjóð til að styrkja náms- og starfsþjálfun í framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni. Loks skyldi nokkur upphæð renna í verkefni á vegum Bygðastofnunar, Vinnumálastofnunar og Impru.

Styrkir til ferðaþjónustu námu 160 milljónum kr. Þeim hefur þegar verið úthlutað. Styrkt voru 77 verkefni. Hæstu styrkina hlutu Sögugarður í Grundarfirði og Félag áhugamanna um víkingaverkefni á Þingeyri, sex milljónir hvort verkefni.

Bygðastofnun /atvinnuþróunarfélögin fengu 200 milljónir kr. til mótvægisáðgerða vegna kvótaniðurskurðar 2008-2009. Stofnunin hefur þegar úthlutað þessu fé. Alls bárust 253 umsóknir samtals að fjárhæð 1.528. milljónir kr. Alls hlutu 69 verkefni styrk. Nokkrar umsóknir eru til frekari skoðunar.

Vinnumálastofnun fékk 100 milljónir kr. til mótvægisáðgerða vegna kvótaniðurskurðar 2008-2009. Gert var ráð fyrir 15 milljón króna fjárveitingu til stofnunarinnar 2007 og 45 milljónum króna á árinu 2008 til þróunar vinnumarkaðsúrræða. Að auki skyldu um 40 milljónir renna til „atvinnumála kvenna“. Á vegum þess verkefnis hefur árlega verið úthlutað um 15-20 milljónum í fjölbreytt verkefni kvenna víðsvegar um landið. Með viðbótarframlaginu er hægt að auka upphæðina í 50 milljónir.

Impra fékk 20 milljónir kr. til mótvægisáðgerða vegna kvótaniðurskurðar 2008-2009. Sú upphæð rennur öll til verkefnisins „Brautargengis“ sem er 70 tíma nám fyrir athafnakonur sem vilja hrinda viðskiptahugmyndum sínum í framkvæmd með nýju eða starfandi fyrirtæki. Brautargengi hóf göngu sína 1996 en 2003 var það haldið í tunda sinn og þá í fyrsta skipti á landsbyggðinni.

## **Atvinnumálanefnd ASI**

Nefndin hefur á síðasta ári tekið til umfjöllunar margvísleg mál, svo sem eignarhald erlendra aðila í íslensku atvinnulífi, ákvarðanir Verðlagsnefndar



búvöru um mjólkurverð, frumvarp um innleiðingu á evrópsku matvælalöggjöfni og úrskurð umhverfissráðherra um sameiginlegt mat stórframkvæmda. Nefndin hefur komið að málefnaundirbúningi ársfundar ASÍ í ár um ungt fólk, samfélagið og verkalyðshreyfinguna. Sú vinna hefur eingöngu verið í formi samantektar á áherslum ASÍ í atvinnumálum eins og þær snúa að ungu fólki. Haustið 2008 áformar nefndin að halda opinn fund þar sem sett verður í brennidepilinn atvinnuhorfur á komandi vetri og hlutverk vinnumarkaðsráða. Atvinnumálanefnd hefur verið bakland fyrir fulltrúa ASÍ í ýmsum opinberum nefndum, þeirra á meðal nefnd um eignarhald erlendra aðila í íslensku atvinnulífi. Þá heldur Atvinnumálanefnd utan um samskipti ASÍ við Vinnumarkaðsráð, Vísinda- og tækniráð og Landflutningaráð.

### ***Vinnumarkaðsráð***

Sérstök svæðisbundin vinnumarkaðsráð tóku til starfa um land allt fyrir einu ári síðan. Ráðin starfa á grundvelli laga um vinnumarkaðsaðgerðir sem samþykkt voru á Alþingi í fyrra. Auk fulltrúa ASÍ sitja í ráðunum fulltrúar BSRB, SA, heilbrigðisráðuneytisins, menntamálaráðuneytisins og sveitarfélaganna. Hlutverk þeirra er m.a. að greina stöðu og þróun atvinnumála hvert á sínu starfssvæði og gera tillögur að vinnumarkaðsúræðum. Fyrir hönd ASÍ hefur Atvinnumálanefnd tekið að sér að vera tengiliður við ráðin. Nefndin kom að tveimur vinnufundum með vinnumarkaðsráðunum á síðasta ári, sá fyrri var haldinn á vegum ASÍ hinn 30. ágúst en sá seinni í tengslum við ársfund Vinnumálastofnunar hinn 9. nóvember. Eins og fyrr segir áformar Atvinnumálanefnd að halda opinn fund þar sem sett verður í brennidepil atvinnuhorfur á komandi vetri og hlutverk vinnumarkaðsráðanna.

### ***Vísinda- og tækniráð***

Vísinda- og tækniráð hefur það hlutverk að samræma stefnu stjórnvalda hvað varðar rannsóknir, tækniþróun og nýsköpun. Auk fulltrúa ASÍ sitja í ráðinu fulltrúar SA, háskólasamfélagsins og stjórnvalda. Á vegum ráðsins hefur verið unnið að verkefninu „Framtíðarsýn 2020“. Það hófst með ráðstefnu um nýsköpun í febrúar 2007 en hana sóttu tæpt hundrað þátttakenda, þeirra á meðal fulltrúar í Atvinnumálanefnd. Fjórir starfshópar unnu úr þeim hugmyndum sem komu fram á ráðstefnunni. Niðurstöður þeirrar vinnu voru teknar saman í skýrslu sem síðan var samþykkt sem ályktun Vísinda- og tækniráðs 18. desember 2008. Ályktunin hefur síðan verið lögð til grundvallar undirbúningi fyrir nýja og aukna markáætlun á sviði vísinda og tækni 2009-2015.

### ***Landflutningaráð***

Á síðasta ári var á vegum samgönguráðuneytisins sett á laggirnar sérstakt Landflutningaráð. Því er ætlað að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um landflutningamál og umsagnaraðili um breytingar á lögum, reglum og stefnumörkun í málaflokknum. Auk fulltrúa ASÍ sitja í ráðinu fulltrúar SA og stjórnvalda. Meðal þeirra mála sem rædd hafa verið hingað til er beiðni um undanþágur frá reglugerð ESB um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, eftirlit með aksturs- og hvíldartíma ökumanna, sektir og viðurlög vegna brota á akstursreglum ökumanna svo og uppbygging á áningarstöðum við þjóðvegi. Á komandi vetri er auk ofanefndra mála fyrirhugað að fjalla um starfsmenntun atvinnubílstjóra, almennt um starfsumhverfi þeirra svo og afleiðingar tilflutnings þungaflutninga á þjóðvegi landsins.



## Velferðarmál


Kaupmáttur launa hefur minnkað um tæp 4% milli ára. Þetta er áhyggju-efni þar sem heimilin í landinu hafa safnað upp miklum skuldum síðustu ár og eiga sum hver á hættu að lenda í greiðsluferfiðleikum ef tekjur dragast saman. Veigamikil breyting var gerð á skipulagi velferðarmála um síðustu áramót. Meginbreytingin fólst í því að lífeyrishluti almannatrygginga færðist undir félagsmálaráðuneytið.

### Kaup og kjör

#### *Kaupmáttur*

Á tólf mánaða tímabili til loka júlí sl. hefur kaupmáttur launa minnkað um 3,9%. Þessi kjararárningun átti sér aðallega stað á tímabilinu frá mars til maí. Ástæðan er fyrst og fremst mikil verðbólga en hún hefur verið yfir 11% síðan í mars. Á öðrum ársfjórðungi í ár hækkuðu laun að meðaltali um 8,5% frá sama tíma í fyrra; 9,2% á þeim almenna en 6,7% hjá opinberum starfsmönnum. Á almennum markaði hækkuðu laun mest meðal verkafólks (11,2%) en minnst meðal stjórnenda (7,5%). Þrátt fyrir að enn mælist launaskrið í

## Kaupmáttaraukning, júlí 2007 - júlí 2008



launavísitölunni eru komnar fram vísbendingar um að það sé að minnka. Á öðrum ársfjórðungi hækkuðu þannig laun minna milli ára en í fyrra í öllum atvinnugreinum og stéttum. Enn eru samt ekki komnar fram vísbendingar um minni verðbólgu. Því eru líkur á að ársbreyting kaupmáttar mælist neikvæð áfram á næstunni.

### *Jöfnuður*

Rannsókn ASÍ á „ofurlaunum“ sem framkvæmd var í ár leiðir marga forvitnilegt í ljós. Þannig jafngiltu laun æðsta stjórnanda Kaupþings árið 2006 því að í kringum 10. mars væri hann búinn að vinna sér inn upphæð sem venjulegt verkafólk er alla starfsævina að strita fyrir og það tók 321 fullvinnandi verkakonu allt árið að vinna fyrir launum hans. Sérstök rannsókn Alþýðusambandsins sem framkvæmd var árið 2007 leiddi í ljós að á tímabilinu 1990-2005 hefði jöfnuður minnkað. Helsta skýringin á þessari þróun virtist annars vegar vera sú staðreynd að fjármagnstekjur renna helst til þeirra tekjuhærri og hins vegar sú að stjórnvöld hafi markvisst dregið úr tekjujöfnunarhlutverki skattkerfisins, með afnámi hátekjuskatts, raunlækkun persónuafsláttarins og minnkandi vægi barnabóta.

Flestir þeir mælikvarðar sem stuðst er við til að meta tekjujöfnuð benda til að hann hafi farið minnkandi hér á landi á síðustu árum. Þannig hækkaði

hinn svokallaði Gini-stuðull<sup>1</sup> úr 24 stigum árið 2004 í 26 stig árið 2006 og er nú nokkuð hærri hér á landi en bæði í Svíþjóð og Danmörku. Þá hefur hinn svokallaði fimmtungastuðull<sup>2</sup> hækkað úr 3,4 stigum árið 2004 í 3,7 stig árið 2006 og er nú hærri hér á landi en á öllum hinum Norðurlöndunum nema Noregi. Lágtekjuhltfall<sup>3</sup> hefur hins vegar verið nokkuð stöðugt, þ.e. um 10% landsmanna eru með ráðstöfunartekjur undir lágtekjumörkum en það er eitt lægsta lágtekjuhltfall í Evrópu.

### **Skuldir heimilanna**

Í ljósi vísbendinga um aukið atvinnuleysi, minnkandi launaskrið svo og viðvarandi verðbólguþrýstings er líklegt að ársbreyting kaupmáttar mælist neikvæð áfram á næstunni. Þetta er áhyggjuefni þar sem heimilin í landinu hafa safnað upp miklum skuldum síðustu ár og eiga mörg hver á hættu að lenda í erfiðleikum með að greiða af lánum sínum ef tekjur dragast saman.

Athugun ASÍ á skuldum heimilanna sem framkvæmd var á þessu ári leiðir í ljós að síðustu ár hafa tekjur ekki hrokkið fyrir neyslu heimilanna. Skuldarnar hafa því hlaðist upp og heimilin eru orðin viðkvæmari en áður fyrir sveiflum í tekjum, verðlagi, gengi og húsnæðisverði. Til viðbótar bætist áhætta – annars vegar vegna breyttrar samsetningar lánanna; hins vegar vegna ójafnrar dreifingar þeirra milli þjóðfélagshópa.

Hvað fyrra atriðið varðar er ljóst að hlutfall gegngisbundinna lána er orðið umtalsvert hjá íslenskum heimilum sem um leið gerir þau viðkvæm fyrir sveiflum í gengi krónunnar. Fall hennar skilar sér samstundis í út í hækkun greiðslubyrði gengisbundinna lána um sem nemur verðryrnun krónunnar miðað við þá myntkörfu sem lánið var tekið í. Fall krónunnar ýtir einnig undir verðbólgu og leiðir þannig óbeint til hækkunar á greiðslubyrði verðtryggðra innlendra lána þó að þau áhrif séu dempaðri þar sem verðbólgan sveiflast minna en gengið.

Þrátt fyrir að meðalheimilið gæti e.t.v. staðið af sér efnahagslegt áfall þá er ekki endilega sömu sögu að segja um alla. Þannig hefur skuldabyrði hinna skuldsettustu aukist meira en annarra á síðustu árum. Meðal hjóna og sambýlisfólks virðist áhættan á greiðsluferfiðleikum mest í lág- og millitekjuhópnum svo og hjá yngstu heimilunum. Svigrúm til að takast á við slíka

---

1 Gini-stuðullinn mælir í einni tölu milli 0 og 100 hvernig samanlagðar tekjur allra einstaklinga í landinu dreifast. Hann væri 100 ef sami einstaklingurinn hefði allar tekjurnar en 0 ef allir hefðu jafnar tekjur.

2 Fimmtungastuðull mælir hlutfallið milli heildarsummu þeirra ráðstöfunartekna á neyslueiningu sem 20% tekjuhæstu einstaklingarnir fá saman borið við þá 20% tekjulægstu. Árið 2006 var tekjuhæsti hópurinn til dæmis með 3,7 sinnum hærri tekjur en sá tekjulægsti.

3 Lágtekjuhltfall er það hlutfall einstaklinga sem lendir undir lágtekjumörkum. Lágtekjumörk miðast við 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu.

erfiðleika er einnig minnst í þessum sömu hópum. Meðal einhleypra virðist hættan á greiðsluferfiðleikum mest í hátekuhópnum svo og hjá yngstu einstaklingunum allt fram að miðjum aldri.

### ***Greiðsluferfiðleikar***

Hinn 17. apríl 2008 var haldinn ársfundur Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Í ársskýrslu stofunnar fyrir árið 2007 kemur m.a. fram að 612 umsóknir frá fjölskyldum og einstaklingum voru afgreiddar á árinu eða heldur fleiri en á undangengnum tveimur árum. Flestir umsækjendur koma af höfuðborgarsvæðinu eða um 80%. Fjölmennasti einstaki hópurinn er eins og undanfarin ár einstæðar mæður en þær eru 34% umsækjenda. Næst koma einhleypir karlmenn en þeir voru 23%. Áföll af ýmsum toga hafa mikil áhrif á getu einstaklinga og fjölskyldna til að standa undir útgjöldum og eru veikindi algengasta ástæða greiðsluferfiðleika meðal viðskiptavina Ráðgjafarstofunnar. Næst algengasta ástæðan er vankunnátta í fjármálum en 16% umsækjenda nefna hana. Á árinu voru aldurshóparnir 21-30 ára og 31-40 ára nánast jafnstórir og samtals rúmlega 60% umsækjenda. Húsnæðisaðstæður umsækjenda eru þær að flestir eru í leiguhúsnæði eða 54% og flestir eru í atvinnu eða 57%. Samkvæmt ársskýrslu hafa heildarskuldir þeirra, sem leita til Ráðgjafarstofu, aukist um 14,9% á milli ára og vanskil hafa hækkað um 33,5%. Vanskil lána með raðgreiðslusamningi og bílalan hafa aukist mest á milli ára.

### **Velferðarkerfið**

Veigamikil breyting var gerð á skipulagi velferðarmála með ýmsum lagabreytingum er tóku gildi um síðustu áramót. Meginbreytingin fólst í því að lífeyrirluti almannatrygginga, yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins og málefni aldraðra færðist undir félagsmálaráðuneytið. Sjúkra- og slysatryggingar halda áfram að vera á forræði heilbrigðisráðuneytisins. Yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar með þessum breytingum var að gera fyrirkomulag heilbrigðis- og tryggingakerfisins auðskiljanlegra og aðgengilegra almenningi.

### ***Lífeyrstryggingar***

Í tengslum við gerð kjarasamninga hinn 17. febrúar 2008 tilkynnti ríkisstjórnin einhliða ákvörðun um að hækka lífeyri almannatrygginga um 4% frá og með 1. febrúar. Þessi ákvörðun olli nokkrum vonbrigðum þar sem hækkunin til þeirra lífeyrisþega sem eru hvað verst settir var minni en sem nam hækkun lægstu launa í kjarasamningum.

Tveir nýir bótaflokkar hafa verið kynntir til sögunnar á árinu:

- Með nýjum lögum fjármálaráðherra um uppbót á eftirlaun sem samþykkt voru á Alþingi í maí 2008 er stefnt að því að tryggja einstaklingum sem eiga takmörkuð eða engin réttindi til eftirlauna frá lífeyrissjóðum tiltekna uppbót á eftirlaun sem greiðist úr ríkissjóði; upphæðin er tekjutengd og skerðir auk þess greiðslur almannatrygginga.
- Með reglugerð um sérstaka uppbót til framfærslu lífeyrisþega sem félags- og tryggingamálaráðherra undirritaði hinn 17. september 2008 er stefnt að því að tryggja einstaklingum samtals 150.000 króna lágmarksframfærslu á mánuði og hjónum samanlagt 256.000 krónur.

Með breytingum á lögum um almannatryggingar sem samþykktar voru á Alþingi í mars 2008 voru kynntar ýmsar nýjungar í viðmiðunarreglum tryggingakerfisins sem taka gildi í þremur áföngum:

### • 1. apríl 2008

- **Afnám tekjutengingar við maka.** Tekjur maka munu framvegis ekki hafa áhrif til skerðingar greiðslna.
- Skerðingarhlutfall ellilífeyris lækkað. Skerðingarhlutfall ellilífeyris lækkað úr 30% í 25% (sama og skerðingarhlutfall örorkulífeyris).
- **Hækkun vasapeninga og afnám frítekjumarks.** Fjárhæð vasapeninga hækkuð úr 30.000 kr. á mánuði upp í 38.225 kr. og um leið frítekjumark fyrir vasapeninga afnumið.
- Aðgerðir gegn van- og ofgreiðslum. Gripið verður til sérstakra aðgerða til að draga úr van- og ofgreiðslum tekjutengdra greiðslna. Helsta breytingin er sú að frítekjumark upp að 90.000 kr. verður sett á fjármagnstekjur. Í athugasemdum verkefnastjórnar sem félags- og tryggingamálaráðherra skipaði í október kemur fram að stór hluti ofgreiðslna sem myndast hjá greiðsluþegum kemur til vegna þess að þeir hafa ekki tilkynnt fjármagnstekjur sínar til Tryggingastofnunar.

### • 1. júlí 2008

- **Frítekjumark tekjutryggingar 67-70 ára hækkað.** Frítekjumark lífeyrisþega vegna atvinnutekna hækkað úr 25.000 kr. á mánuði í 100 þúsund kr. Áður hafði launatenging 70 ára og eldri verið afnumin.
- **Frítekjumark tekjutryggingar örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega vegna lífeyrissjóðstekna.** Frítekjumark sett á lífeyrissjóðstekjur örorku og endurhæfingarlífeyrisþega upp að 300.000 kr. á ársgrundvelli.
- Breyting á aldurstengdri örorkuuppbót. Fjárhæð aldurstengdrar örorkuuppbótar hækkar. Full uppbót nær til þeirra sem verða örorkulífeyrisþegar 24 ára eða yngri í stað 19 ára og yngri áður.

- **1. janúar 2009**
- Afnám skerðingar vegna innlausnar séreignarsparnaðar. Kveðið er á um afnám skerðingar bótagreiðslna vegna séreignarlífeyrissparnaðar.
- Nýtt örorkumatskerfi. Nýtt örorkumatskerfi öðlast gildi.

### ***Slysa- og sjúkratryggingar***

Í skýrslu OECD sem kom út á þessu ári um íslensk efnahagsmál kemur fram að útgjöld til heilbrigðismála á Íslandi á mann hafa aukist hraðar en sem nemur meðaltali OECD-landa og hefur auk þess vaxið umfram aukningu þjóðartekna á mann. Bent er á að það sé nauðsynlegt fyrir stjórnvöld að kanna möguleika á að auka kostnaðarskilvirkni á sviði heilbrigðismála, þar sem útlit er fyrir að útgjöld til heilbrigðismála muni aukast með tilheyrandi afleiðingum fyrir þróun opinberra útgjalda. Stjórnvöld hafa á síðustu árum brugðist við vandanum með ýmsum hætti. Þannig segir í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar: „Leita á leiða til að lækka lyfjaverð og einfalda greiðsluþátttöku hins opinbera. Kostnaðargreina á heilbrigðisþjónustuna og taka upp blandaða fjármögnun á heilbrigðisstofnunum þar sem fjármagn fylgir sjúklingum. Þannig fái heilbrigðisstofnanir fjármagn í samræmi við þörf og fjölda verka. Skapað verði svigrúm til fjölbreytilegri rekstrarforma í heilbrigðisþjónustu, m.a. með útboðum og þjónustusamningum, en jafnframt tryggt að allir hafi að henni jafnan aðgang, óháð efnahag.“ Í samræmi við þessa stefnumörkun hafa þegar verið stigin nokkur skref:

Eitt skref var stigið með samþykkt nýrra lyfjalaga í maí sl. Í þeim er m.a. kveðið á um að lyfjaheildsalar, lyfjaframleiðendur og umboðsmenn þeirra eða smásöluaðilar sem vilja selja lyf á lægra verði en á skráðu hámarksverði skulu tilkynna verð sitt til lyfjagreiðslunefndar, sem birtir það í næstu lyfjaverðskrá. Þessi breyting felur í sér að söluaðilar lyfja keppa um lægra verð í lyfjaverðskrá í stað þess að veita afslætti og stuðlar þannig hugsanlega að meira gagnsæi í lyfjaverðlagningu og heiðarlegri samkeppni. Raunverulegt lyfjaverð verður aðgengilegt neytendum í verðskrá sem ætti að stuðla að raunhæfum verðsamanburði og efla samkeppni.

Annað skref var stigið með samþykkt laga um sjúkratryggingar nú í haust. Lögin byggja á ákvæðum eldri laga um sjúkratryggingar en inn í þau er fléttað ákvæðum um hvernig staðið skuli að samningum um heilbrigðisþjónustu og endurgjald ríkisins fyrir hana. Tilgangurinn er að styrkja hlutverk ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu. Sett verður á fót ný sjúkratryggingastofnun sem falið er framkvæmd kaupendahlutverksins. Stofnuninni er m.a. ætlað að byggja upp þekkingu og hæfni til að sinna þessu hlutverki með fullnægjandi hætti og jafnframt koma á kostnaðargreiningu í samvinnu við veitendur þjón-



ustu og hafa eftirlit með gæðum þeirrar þjónustu sem aflað er.

Loks má nefna að síðastliðið haust var skipuð nefnd á vegum heilbrigðisráðherra sem fékk það verkefni að einfalda greiðsluþátttöku almennings í heilbrigðiskerfinu.

Gert var ráð fyrir að nefndin snéri sér fyrst að endurgreiðslum vegna lyfja, en færi svo koll af kolli í alla þætti sjúkratrygginganna.

Auk þeirra breytinga á slysa- og sjúkratryggingamálum sem hér hafa verið raktar er rétt að vekja athygli á að samstarf ASÍ og SA um heildarendurskoðun á veikinda-, slysa- og örorkubótarétti þeirra sem eru á almennum vinnumarkaði skilaði sér með ákveðnum hætti inn í kjarasamningana sem gengið var frá 17. febrúar 2008 með bættum slysatryggingum launafólks og yfirlýsingu um að hefja þróun á nýju fyrirkomulagi endurhæfingar fyrir launafólk sem veikist til lengri tíma eða slasast þannig að vinnugeta skerðist.

### *Ýmis málefni heimilanna*

Húsnæðisliðurinn eru einn stærsti útgjaldaliðurinn í fjármálum heimilanna. Kjör á fasteignamarkaði skipta því sköpum í afkomu heimilanna en ljóst er að þau hafa tekið miklum breytingum undanfarin ár. Eftir að bankarnir komu inn á húsnæðismarkaðinn haustið 2004 bötnuðu kjör verulega til að byrja með, einkum vegna lækkunar vaxta og nýrra endurfjármögnunarmöguleika. Kjörin fóru síðan smám saman versnandi, fyrst vegna gríðarlegra hækkana á íbúðaverði og síðan einnig vegna hækkandi vaxta. Um þessar mundir eru kjörin það óhagstæð að segja má að markaðurinn sé í raun lokaður. Velta á fasteignamarkaði náði sögulegu lágmarki í júní, en jókst nokkuð á ný í júlí. Innlánsstofnanir veittu 44 íbúðalán í júlí. Ekki hafa verið veitt færri lán í einum mánuði frá því að bankarnir juku framboð íbúðalána í ágúst 2004. Þetta hefur í för með sér að fólk sem er að kaupa sína fyrstu íbúð eða þarf af einhverjum ástæðum að skipta um húsnæði verður að fresta áætlunum sínum um sinn eða taka á sig verulega íþyngjandi skuldbindingar. ASÍ hefur haft ákveðið frumkvæði í að þrýsta á stjórnvöld um úrbætur í þessum málum, m.a. í tengslum við gerð kjarasamninga svo og í gegnum aðkomu að opinberum nefndum sem um þessi má fjalla. Í málflutningi sínum hefur ASÍ byggt á þeirri stefnu sem mótuð var í velferðarmálum á síðasta ársfundi.

Í tengslum við gerð kjarasamninga hinn 17. febrúar sl. gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu þar sem m.a. er kveðið á um ýmsar breytingar sem ætlað er að koma til móts við húsnæðisútgjöld heimilanna. Í apríl var síðan tilkynnt um að ríkið og Samband íslenskra sveitarfélaga hefðu gert með sér samkomulag um útfærslu á ýmsum atriðum í yfirlýsingunni á grundvelli tillagna sérstakrar húsnæðisnefndar sem starfað hafði á vegum félags- og tryggingamálaráðherra.

Þannig myndu húsaleigubætur hækka frá og með 1. apríl. Þá myndi ríkið koma að greiðslu sérstakra húsaleigubóta sem einnig myndu hækka frá 1. apríl. Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir því að skilyrði vegna sérstakra húsaleigubóta verði rýmkuð þannig að þær nái til fleiri heimila. Einnig var samið um að sveitarfélög greiði fyrir byggingu leiguhúsnæðis með lóðum á hagstæðum kjörum eða annars konar fyrirgreiðslu og að félags- og tryggingamálaráðherra skipi starfshóp sem muni vinna að frekari stefnumótun í húsnæðismálum.

Hinn 19. júní sl. tilkynnti ríkisstjórnin að hún hefði ákveðið að grípa til sérstakra aðgerða til að bregðast við erfiðleikum í efnahagslífinu. Hluti aðgerðanna snýr að húsnæðiskerfinu og er ætlað að auðvelda fólki íbúðakaup og efla þannig húsnæðismarkaðinn. Tilkynnt var um stofnun nýrra lánaflokka hjá Íbúðalánasjóði til að fjármagna íbúðalán fjármálastofnana, hækkun hámarkslána, aukar heimildir til leiguíbúðalána og breytingar á viðmiðum vegna lántöku.

Af öðrum brýnum málum heimilanna sem hreyft hefur verið við síðasta árið má nefna skipun starfshóps á vegum félags- og tryggingamálaráðherra sem falið var að vinna aðgerðaáætlun til að sporna gegn fátækt og treysta öryggisnet velferðarkerfisins. Starfshópurinn á m.a. að afla sér upplýsinga um skýrslur og rannsóknir sem unnar hafa verið á vegum hagsmunasamtaka, frjálsra félagasamtaka og sérfræðinga varðandi fátækt á Íslandi. ASÍ tilnefndi einn fulltrúa í hópinn. Loks er rétt að geta þess að á árinu hefur félags- og tryggingamálaráðherra lagt fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun ríkisins í barnavernd og aðra tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun ríkisins í málefnum innflytjenda.

## Velferðarnefnd ASÍ

Nefndin kom m.a. að málefnavinnu ársfundar ASÍ 2007 um Norræna velferðar- og vinnumarkaðsmódelið. Sú vinna fór aðallega fram í gegn um þrjá vinnuhópa sem störfuðu á vegum nefndarinnar; hóp um húsnæðismál, hóp um málefni barna og barnafjölskyldna og hóp um framfærsluviðmið. Sérstakur vinnuhópur um veikinda-, slysa- og örorkubótarétt var á vegum Lífeyrisnefndar ASÍ. Eftir fundinn voru niðurstöður málefnavinnunnar gefnar út í ritinu Norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðsmódelið. Velferðarnefnd hefur einnig komið að málefnaundirbúningi ársfundar ASÍ í ár um ungt fólk, samfélagið og verkalýðshreyfinguna. Sú vinna hefur nær eingöngu verið í formi samantektar á áherslum ASÍ í velferðarmálum eins og þær snúa að ungu fólki. Haustið 2008 áformar nefndin að halda ráðstefnu í Norræna húsinu undir yfirskriftinni Málefni barna – hvert viljum við stefna? Velferðarnefnd hefur verið bakland fyrir fulltrúa ASÍ í ýmsum opinberum nefndum, þeirra á meðal

húsnæðisnefnd og starfshópi gegn fátækt sem báðir eru á vegum félags- og tryggingamálaráðherra. Þá heldur Velferðarnefnd utan um samskipti ASÍ og Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna en hinn 7. desember 2007 var undirritað nýtt samkomulag til fimm ára um hlutverk og rekstur stofunnar.



## Félags- og vinnumarkaðsmál

Alþýðusambandið og skrifstofa þess vinna árlega að fjölda verkefna er tengjast vinnumarkaðs- og félagsmálum. Með aðild sinni að stjórnnum Vinnu-  
málastofnunar, Atvinnuleysistryggingasjóðs, Ábyrgðasjóðs launa, Vinnu-  
eftirlitsins, Jafnréttisráði og Starfsmenntaráði, auk fjölmargra nefnda á sviði  
félags- og vinnumarkaðsmála, taka fulltrúar ASÍ virkan þátt í að móta og  
framkvæma stefnuna stjórnvalda á þessu sviði.

Vinnumarkaðurinn einkenndist á fyrri hluta tímabilsins af mikilli þenslu  
vegna verklegra framkvæmda og aukinna umsvifa á öllum sviðum samfélags-  
ins. Samhliða hefur atvinnuleysi verið mjög lítið á tímabilinu. Nú eru hins  
vegar alvarlegar blikur á lofti og spáð er umtalsverðum samdrætti í atvinnulíf-  
inu og á vinnumarkaði á næstu misserum.

Á tímabilinu var unnið að fjölmörgum verkefnum í öllum helstu mála-  
flokkum sem varða félagsmálin og vinnumarkaðinn. Jafnréttismál eru við-  
varandi viðfangsefni Alþýðusambandsins og skrifstofu þess og hefur sá  
málaflokkur fengið stöðugt meira vægi í starfi sambandsins á síðustu árum. Á  
tímabilin voru m.a. til umfjöllunar frumvarp að nýjum jafnréttislögum, innra  
starf verkalýðshreyfingarinnar að jafnréttismálum og aðgerðir til að draga úr  
kynbundnum launamuni í tengslum við gerð kjarasamninganna í febrúar 2008.

Þá eru vinnuverndarmálin stöðugt til umfjöllunar. Sama gildir um húsnæðismálin. Umræða um starfsendurhæfingu var einnig áfram til mikillar umfjöllunar, bæði á vettvangi ASÍ og í samskiptum við samtök atvinnurekenda og stjórnvöld. Stefnumótun og eftirlit með framkvæmd EES samningsins er viðvarandi verkefni, þar sem stöðugt eru að bætast við nýjar reglur og ný úrlausnarefni. Þá hefur hnattvæðingin og málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði kallað á umræðu og stefnumótun og mikið starf í þessum málaflokki, þar sem áhersla Alþýðusambandsins hefur verið á að vernda og treysta þær reglur og hefðir sem mótast hafa í samskiptum á íslenskum vinnumarkaði og treysta réttindi launafólks.

Fyrir liggur að þær miklu breytingar sem orðið hafa á verkefnum Vinnu-málastofnunar með nýrri og breyttri löggjöf og nýjum áherslum hafa kallað á umræðu um stöðu og starfshætti stofnunarinnar í framtíðinni. Þar kemur einnig til flutningur almannatrygginga til félagsmálaráðuneytisins og hugmyndir sem settar hafa verið fram um uppstokkun verkefna og stofnana í því samhengi.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir nokkrum málaflokkum sem voru til umræðu og unnið var að á vettvangi ASÍ á tímabilinu.

## **Jafnréttis- og fjölskyldumál**

Stefna ASÍ í jafnrétti kvenna og karla sem samþykkt var á ársfundi sambandsins árið 2005 er líkt og fyrri ár vegvísir í öllu jafnréttisstarfi verkalýðshreyfingarinnar. Liðið starfsár einkenndist af mikilli fjölbreytni í verkefnum og ber þar helst að nefna að í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði í febrúar 2008 var samþykkt bókun um jafnréttisáherslur.


### ***Jafnréttis- og fjölskyldunefnd***

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd er ætlað að hafa frumkvæði að stefnumótun og aðgerðum á sviði jafnréttis- og fjölskyldumála á vettvangi ASÍ. Nefndin er einnig vettvangur fyrir upplýsingar til aðildarfélaganna Alþýðusambandsins. Nefndin hefur fundað fjórum sinnum frá síðasta ársfundi.

### ***Kynjabókhalda ASÍ***

Kynjabókhalda ASÍ var lagt fram á ársfundi 2007 í annað sinn. Líkt og fyrra ár voru upplýsingar fengnar úr skýrslum aðildarfélaganna þar sem fram kemur kynjahlutfall félagsmanna og skipting í stjórnir og ráð á vegum einstakra félaga, deilda og landssambanda. Uppsetningin var með svipuðu sniði og áður til að auðvelda samanburð á milli ára. Þegar skoðaðar eru breytingar á milli ára hvað varðar hlutfall kvenna í stjórnnum og ráðum kemur í ljós að þar er

FJÖLDI STJÓRNARMANNA Í FÉLÖGUM OG DEILDUM  
EFTIR KYNI  
Kynjabókhald ASÍ 2007



ekki veruleg breyting. Kynjabókhaldið sjálft leysir hvorki vanda né eykur hlut kvenna í stjórnnum og ráðum, til þess þarf að breyta viðhorfum og samþætta jafnréttissjónarmiðið í allri ákvörðunartöku aðildarféлага ASÍ.

Eitt af markmiðum stefnu ASÍ í jafnrétti kvenna og karla frá árinu 2005 var að auka hlut kvenna í stjórnnum og áhrifastöðum innan verkalýðshreyfingarinnar og samtökum þeim tengdum, s.s. stjórnnum lífeyrissjóða. Með það markmið í huga er bætt við töflu í kynjabókhaldið með upplýsingum um kynjaskiptingu fulltrúa aðildarféлага ASÍ í stjórnnum níu stærstu lífeyrissjóða sem þau eiga aðild að. Þar kemur fram að ríflega tveir þriðju hlutar fulltrúanna eru karlar.

Kynjabókhaldið upplýsir um stöðuna eins og hún er á hverjum tíma, það er verkefni til að auðvelda stefnumótunarvinnu aðildarféлага ASÍ til að koma jafnréttismálum í það horf að þau geti verið stolt af og þjónað öllum félagsmönnum.

Hægt er að nálgast kynjabókhaldið á heimasíðu ASÍ.

### ***Jafnréttisáherslur í kjarasamningum***

Verkefnishópur skrifstofu ASÍ sem hafði að markmiði að sameina og samræma krafa vegna starfa ASÍ að jafnréttismálum í tengslum við undirbúning kjarasamninga sambandsins vann tillögur þess efnis á fyrri hluta árs 2007.

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd ASÍ lagði fram tillögur til miðstjórnar ASÍ vorið 2007 um að jafnréttisáherslur verði samþættar við kröfugerð í komandi

kjarasamningum og var samþykkt að vinna á þeim grunni sem þar var lagður. (sjá Skýrslu forseta 2007, bls. 119-120).

Bók um jafnréttisáherslur var samþykkt í kjarasamningum 17. febrúar 2008 (sjá bókunina í heild sinni í kaflanum um kjarasamningana). Í bókuninni er lögð áhersla á þrjá þætti:

- auka fræðslu um jafnrétti á vinnumarkaði
- þróa vottunarferli til að votta framkvæmd stefnu um launajafnrétti og starfsþróun
- úttekt á launamyndun á vinnumarkaðinum

### *Staða mála*

Eftirfarandi þættir bókunarinnar eru komnir í vinnslu. Í bókuninni segir m.a. að „Gerð verði úttekt á launamyndun á vinnumarkaði með sérstöku tilliti til launamyndunar kvenna og karla. Sérstaklega verði kannað samstarf við Hagstofu Íslands um rannsókn á launamyndun kvenna og karla á grundvelli gagnasafns Hagstofunnar“.

Skrifað hefur verið undir samstarfssamnings ASÍ, SA og Hagstofu Íslands um verkefni sem skiptist í þrjá meginþætti sem dregnir verða saman og settir fram í skýrslu:

1. Helstu aðferðir og skýringarbreytur sem fræðikenningar um launamun hafa sett fram og fjallað um eiginleika þeirra.
2. Fjallað verður um kosti og galla þeirra gagna sem tiltæk eru í dag til að reikna launamun kvenna og karla og Hagstofan hefur tiltæk.
3. Lagðar verða fram tillögur að grundvelli útreiknings á launamun kvenna og karla með hliðsjón af sérstöðu og séreinkennum íslenska vinnumarkaðarins.

Áætlaður verktími er þrjú mánuðir, 1. september til 30. nóvember 2008.

Í bókuninni segir einnig að „þróað verði vottunarferli sem fyrirtæki geta nýtt sér og felur í sér vottun á framkvæmd stefnu um launajafnrétti og jafna möguleika kynjanna til starfa og starfsþróunar“.

Í nýjum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (10/2008) er ákvæði til bráðabirgða (IV) þar sem fram kemur að þróað verði fyrir 01.01.2010, „*sérstakt vottunarkerfi á framkvæmd stefnu um launajafnrétti og framkvæmd stefnu um jafnrétti við ráðningar og uppsagnir*“. Í lögum er gert ráð fyrir samstarfi samtaka aðila vinnumarkaðarins og félags- og tryggingamálaráðherra við gerð vottunarkerfisins.

Viljayfirlýsing ASÍ, SA og félags- og tryggingamálaráðherra var undirrituð þann 23.06.08 þar sem óskað er eftir viðræðum við Staðlaráð Íslands um að ráðið hafi umsjón með gerð staðals sem nýst gæti sem undirstaða vottunar af því tagi sem að framan greinir. Einnig var óskað eftir verk- og kostnaðar-áætlun.

Rík áhersla er hjá framkvæmdaraðilum að fara af stað með verkefnið hið fyrsta þar sem tímarammi er knappur. Nauðsynlegt er að frumvarp að staðli verði tilbúið næsta vor, þar sem það þarf að auglýsa það til umsagnar og vinna endanlega úrvinnslu.

Auk þess hefur verið skrifað undir samstarfssamning milli ParX viðskiptaráðgjafar IBM, Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins. Gerð verður skýrsla um skýringar á launamun kvenna og karla í um ríflega 100 fyrirtækjum og hjá nokkur þúsund starfsmönnum. Unnið verður á grundvelli gagnasafns ParX um launagreiðslur, (raungögn úr launabókhaldi). Áætluð verklok eru um miðjan nóvember 2008.

## Fræðsla

Nauðsynlegt er að efla fræðslu um mikilvægi jafnréttis kvenna og karla á öllum sviðum samfélagsins meðal aðildarféлага ASÍ. Framboð og þátttaka á námskeiðum í jafnréttismálum og fjölmenningu á íslenskum vinnumarkaði hefur aukist á milli ára í trúnaðarmannafræðslunni og almennu fræðsluframboði MFA.

### *Hvað vilt'upp á dekk – aftur?*

Eitt af verkefnum verkalýðshreyfingarinnar er samkvæmt stefnu ASÍ í jafnrétti kvenna og karla, sem samþykkt var á ársfundinum 2005, að auka hlut kvenna í stjórnnum og áhrifastöðum. Nauðsynlegt er því að byggja upp tengslanet kvenna innan hreyfingarinnar til að efla þær og styrkja. Með það að markmiði hefur ASÍ í samvinnu við MFA haldið námsstefnur sérstaklega ætlaðar konum.

Dagana 11. og 12. apríl 2008 komu saman tæplega fimmtíu konur víðs vegar af landinu á hótél Selfossi undir yfirskriftinni „Hvað vilt'upp á dekk – aftur?“ og var framhald af einstaklega vel heppnaðri ráðstefnu kvenna frá árinu á undan sem bar yfirskriftina „Hvað vilt'upp á dekk?“

Á síðasta ári voru fyrirlestar frá konum víðs vegar úr samfélaginu sem fjölluðu um fjölbreytt málefni frá sjónarhóli kvenna. Í ár var ákveðið að horfa inn á við, fræðast um viðhorf til verkalýðshreyfingarinnar með sérstaka



áherslu á ungar konur og verkalýðshreyfinguna. Umfjöllunarefnið var ákveðið í samræmi við yfirskrift ársfundar ASÍ 2008 – Ungt fólk, samfélagið og verkalýðshreyfingin – .

Henný Hinz, hagfræðingur hjá ASÍ skýrði frá könnun ASÍ frá árinu 2005 þar sem kannað var viðhorf til starfshátta verkalýðshreyfingarinnar, og fjallaði hún sérstaklega um unga fólk sem tók þátt í könnuninni og viðhorf þess til hreyfingarinnar. Katrín Anna Guðmundsdótti, MA nemi í kynjafræði og ráðgjafi spurði „Verkalýðshreyfingin hvað?“, og í framhaldi kom Ragna Hreinsdóttir frá Afli Starfsgreinafélagi og svaraði spurningunni „Verkalýðshreyfingin! Ég þekki til!“. Fulltrúar ungra kvenna í aðildarfélögum ASÍ sögðu frá „Hvaða þýðingu verkalýðshreyfingin hefur fyrir mig“, þær voru Guðfinna Alda Ólafsdóttir frá LÍV, Súsanna Björg Vilhjálmisdóttir, Samiðn og Þórunn Stefanía Jónsdóttir, RSÍ. „Er kynjajafnrétti hausatalning – eða breytir þátttaka kvenna einhverju í reynd?“ spurði dr. Þorgerður Einarsdóttir, lektor við HÍ. Gunnlaug Hartmannsdóttir, starfsþróunarstjóri hjá tollstjóranum í Reykjavík gerði grein fyrir raunfærnimati og sagði frá færnimöppunni sem gagnast sérstaklega til að byggja upp sterkara sjálfsmat og styrkja tengslanet. Að lokum fjallaði Maríanna Traustadóttir, jafnréttisfulltrúi ASÍ um nokkur myndverk af konum undir yfirskriftinni „Konur sem lesa eru hættulegar“ – birting staðalmynda í nokkrum málverkum. Stefanía Magnúsdóttir, formaður jafnréttis- og fjölskyldunefndar ASÍ var ráðstefnustjóri. Líflegar umræður voru á milli erinda þar sem skipst var á skoðunum og nýjar hugmyndir mótuðust.

Síðari dag ráðstefnunnar var þátttakendum skipt niður í hópa og unnið var með spurninguna „Hvernig náum við til ungra kvenna?“. Það er nauðsynlegt að rödd kvenna innan verkalýðshreyfingarinnar heyrir til að tryggja að sjónarmið þeirra komist til skila í stefnumótun og ákvörðunartöku innan ASÍ. Margar áhugaverðar tillögur komu fram og var heildarniðurstaða hópanna send til vinnuhóps á vegum skrifstofu ASÍ sem sér um undirbúning stefnu ASÍ í málefnum ungs fólks.

Allir þátttakendur voru sammála um að ráðstefna líkt og „Dekkið“ þar sem konur koma saman er nauðsynleg forsenda þess að efla og styrkja konur innan verkalýðshreyfingarinnar .

### ***Samstarf kvenna – Allar heimsins konur***

Samstarfshópurinn *Allar heimsins konur* samanstendur af konum sem eiga það sameiginlegt að vinna á einhvern hátt að því að styrkja stöðu kvenna af erlendum uppruna á Íslandi. Jafnréttisfulltrúi ASÍ er fulltrúi sambandsins í hópnum og sér jafnframt um verkefnisstjórnun.

Allar heimsins konur hafa það að markmiði;

- að ná til innflytjendakvenna og tryggja þátttöku þeirra í samfélaginu á eigin forsendum svo þær geti nýtt hæfileika sína og getu til jafns við aðra þjóðfélagsþegna
- að mynda tengslanet og virkja samtakamátt samtaka og stofnana sem vinna að hagsmunum og réttindum kvenna og barna af erlendum uppruna
- að efla upplýsinga- og fræðslunet í samfélaginu og vinna að forvörnum og vitundarvakningu um réttindi og skyldur fjölþjóðasamfélagsins
- að vinna gegn kynbundnu ofbeldi og misrétti og styðja þolendur þess

### **Ráðstefna**

Samstarfshópurinn boðaði til ráðstefnu 23. janúar 2008 undir yfirskriftinni *Hnattvæðing og nútíma fólksflutningar*. Markmið ráðstefnunnar var að vekja athygli á stöðu kvenna í heimi hnattvæðingar og efla umræðuna hér á landi. Sérstök áhersla var á að raddir kvenna af erlendum uppruna á Íslandi heyrðust.

Ráðstefnan var tvískipt, fyrir hádegið var fjallað um hnattvæðinguna og hvaða áhrif hún hefur á konur og eftir hádegið voru skoðaðar skuggahlíðar nútíma fólksflutninga. Aðalfyrirlesarinn var dr. Rhacel Parrenas, prófessor við Davis, Kaliforníuháskólann. Hún flutti tvö erindi, um konur og þversagnir heimsvæðingarinnar og um stríð Bandaríkjanna gegn mansali. Dr. Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor við HÍ flutti erindi um valkyrjur samtímans á ferð í hnattvæddum heimi. Rúna Jónsdóttir, talskona Stígamóta, fjallaði um óljóst, loðið og falið mansal, í dagsljósið með það! Á milli fyrirlestra heyrðu ráðstefnugestir raddir kvenna og sögur erlendra kvenna sem hafa sest að á Íslandi, um reynslu þeirra og hugsanir, góðar og slæmar. Utanríkisráðherra Ingibjörg Sólrún Gísladóttir setti ráðstefnuna og Maríanna Traustadóttir jafnréttisfulltrúi ASÍ var ráðstefnustjóri. Ráðstefnan vakti mikla athygli var einstaklega vel sótt og fékk mikla umfjöllun í fjölmiðlum.

Ráðstefnan var styrkt af ASÍ, VR og Eflingu-stéttarfélagi ásamt Reykjavíkurborg og Rauða krossi Íslands.

### **Mentor er málið**

Verkefnið *Félagsvinur – Mentor er málið* sem *Allar heimsins konur* eiga aðild að hefur verið starfrækt frá október 2007 og gengur mjög vel. Hugmyndafræði verkefnisins byggir á sambandi tveggja kvenna sem báðar njóta góðs af, önnur frá heimalandinu og hin af erlendum uppruna, þannig tengjast konur sem geta skipst á upplýsingum og þekkingu á jafningjagrundvelli. Íslenskt samfélag hefur upp á margt að bjóða en erfitt getur verið fyrir þann sem ekki til þekkir að nýta sér alla möguleikana.

Verið er að undirbúa að koma verkefninu af stað víðar um land m.a. á Akureyri og á Austurlandi í samvinnu við Afl Starfsgreinafélag.

### **8. mars 2008 – alþjóðlegur baráttudagur kvenna**

Undanfarin ár hefur ASÍ kallað til samstarfs helstu samtök launafólks, stofnanir og félagasamtök sem láta sig jafnréttismál varða og staðið að opnum hádegisverðarfundum á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, 8. mars.

Í ár voru breytingar á því fyrirkomulagi þannig að ASÍ, BHM, BSRB, KÍ og SSF ásamt Jafnréttisstofu boðuðu til ráðstefnu sem bar yfirskriftina *Aðferðir til að ná launajafnrétti – kostir, gallar og nýjar hugmyndir*.

Í ljósi nýgerðra kjarasamninga á almennum vinnumarkaði, þar sem sérstök bókun um jafnréttisáherslur í kjarasamningum var samþykkt, og væntanlegra samninga hjá hinu opinbera, þótti samtökum launafólks nauðsynlegt að leggja sitt af mörkum inn í orðræðuna um leiðir til árangurs til að ná launajafnrétti. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 2007 voru einnig háleit markmið er varða jafnrétti kvenna og karla á vinnumarkaði. Þátttakendur hlustuðu á eftirfarandi framsöguerindi og tóku þátt í umræðum í kjölfarið. Lára V. Júlíusdóttir, hrl. formaður ráðgjafanefndar félagsmálaráðherra um launajafnrétti, flutti erindið *Að velta við steinum – Hvaða leiðir til árangurs?* Signý Jóhannsdóttir, sviðsstjóri sviðs opinberra starfsmanna innan Starfsgreinasambands Íslands talaði út frá yfirskriftinni „Gott væri að eiga góða skó“, Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff og formaður FKA velti fyrir sér spurningunni „Bera atvinnurekendur ábyrgð á kynbundnum launamun?“, Árni Stefán Jónsson, formaður SFR sagði frá Jafnréttislaunapottunum – tilraun til leiðréttingar og Katrín B. Ríkharðsdóttir, framkvæmdastjóri samfélags- og mannréttindadeildar Akureyrarbæjar, talaði um Mikilvægi markvissra aðgerða. Ráðstefnustjóri var Halldóra Friðjónsdóttir, þáverandi formaður BHM.

### **Starfshópur um jafnlaunastefnu á almennum vinnumarkaði**

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2007 segir meðal annars eftirfarandi:

*„Gerð verði áætlun um að minnka óútskýrðan kynbundinn launamun hjá ríkinu og stefnt að því að hann minnki um helming fyrir lok kjörtímabilsins. Ríkisstjórnin vill koma á samvinnu aðila vinnumarkaðarins og hins opinbera um að leita leiða til að eyða þessum launamun á almennum vinnumarkaði. Endurmeta ber sérstaklega kjör kvenna hjá hinu opinbera, einkum þeirra stétta þar sem konur eru í miklum meirihluta. Stefnt skal að því að jafna stöðu kvenna og karla í nefndum og stjórnunarstöðum á vegum ríkisins.“*

Á grundvelli þessarar yfirlýsingar skipuðu félags- og tryggingamálaráð-

herra og fjármálaráðherra sérstaka starfshópa haustið 2007 til þess að vinna að undirbúningi framkvæmda á þessum áformum. Starfshópur sem vinna á að framkvæmd jafnlaunastefnu á almennum vinnumarkaði er skipaður fulltrúum tilnefndum af ASÍ, SA, fjármálaráðuneytinu og fulltrúa án tilnefningar skipaður af ráðherra auk formanns starfshópsins.

Verkefni hópsins voru skilgreind á grundvelli skipunarbréfsins á eftirfarandi hátt:

Verkefnið er að leita leiða til þess að :

1. eyða óútskýrðum launamun kynjanna á almennum vinnumarkaði
2. jafna stöðu karla og kvenna í stjórnun fyrirtækja og stofnana og í nefndum og stjórnnum á þeirra vegum
3. hringa í framkvæmd aðgerðum sem líklegastar þykja til árangurs í þessum efnum

Í skýrslu starfshópsins sem lögð var fram í október 2008 er mesta áherslan á að kanna leiðir sem gætu virkað til þess að auka launajafnrétti á almennum vinnumarkaði og bent er á þrjár leiðir í því skyni, starfsmatsleiðina, vottunarleiðina og vegvísisleiðina.

Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir hverri leið fyrir sig, nánari útfærslu er að finna í skýrslu starfshópsins.

*Starfsmatsleiðin* er verkfæri sem metur ólík störf með kerfisbundnum, samræmdum hætti. Það byggir á hlutlægum viðmiðum sem notuð eru til þess að bera saman störf innbyrðis eftir þeim kröfum sem þau gera til starfsmanna, óháð einstaklingsbundinni hæfni þeirra eða frammistöðu. Með notkun starfsmats eru forsendur og rökstuðningur launaákvæðana gerðar skýrar og gegnsæjar. Helsti kostur starfsmats er að það er viðurkennd leið til þess að ákvarða sömu grunnlaun fyrir ólík störf sem metin eru sambærileg eða jafn verðmæt.

*Vottunarleiðin* byggist á því að óháður, faggiltur aðili staðfesti að framkvæmd launamála og mannauðsstjórnunar fyrirtækis sé í samræmi við viðurkenndan launajafnréttisstaðal. Hugmyndin er sú að virkja markaðsöflin í þágu jafnréttis því fyrirtæki muni sækjast eftir því að fá gæðastimpil á framkvæmd launamála og starfsmannahalds frá jafnréttissjónarmiði til þess að standa sem best að vígi í samkeppni um hæft starfsfólk.

*Vegvísisleiðin* byggir á hugmyndum Starfsmannastjóráklúbbsins, félags mannauðsstjóra fyrirtækja á almenna og opinbera vinnumarkaðinum, sem telja að fara megi einfaldar en árangursríkar leiðir til að auka jafnrétti í launamálum og sneiða hjá þeim umfangsmikla formbúningi sem fylgir starfsmats- og vottun-

arleiðunum sem að framan greindi. Að þeirra mati er unnt að ná góðum árangri án þess að eyða miklu fé eða fyrirhöfn í starfsmatskerfi eða staðlagerð. Þeir leggja mikla áherslu á að tryggja þátttöku æðstu stjórnenda hvers fyrirtækis í viðleitninni til að koma á launajafnrétti m.a. með því að þeir skoði reglulega launamun kynjanna eins og hann birtist í greiddum launum fyrir hvert starfsheiti innan fyrirtækisins með það fyrir augum að enginn kynbundinn launamunur eigi rétt á sér. Á það er bent að það sé í reynd mikið hagsmunamál fyrir hvert fyrirtæki að jafnrétti ríki í launa- og kjaramálum því þannig tryggi þau sér hæft starfsfólk og laði til sín hæfa einstaklinga til starfa.

## Fæðingar- og foreldraorlofslögin

Framkvæmd laganna um fæðingar- og foreldraorlof er viðvarandi viðfangsefni á skrifstofu ASÍ.

Töluvert er um að leitað sé til Alþýðusambandsins með fyrirspurnir og ábendingar um efni laganna og framkvæmd þeirra. Þótt að lögin séu almennt til mikillar fyrirmyndar og eftirbreytni hefur ASÍ þó á undangengnum árum gagnrýnt nokkur atriði þeirra. Tvennt hefur þar einkum komið til. Annars vegar fyrirkomulagið varðandi viðmiðunartímabilið vegna útreiknings á greiðslum í fæðingarorlofi. Hins vegar sú staðreynd að á almennum vinnumarkaði reiknast ekki orlof á fæðingarorlofið, sem þýðir í reynd að fæðingarorlofið er styttra sem því nemur.

Hvað varðar fyrra atriðið voru gerðar lagfæringar á lögunum í maí sl. Í þeim fellst að nú er viðmiðunartímabilið vegna greiðslna úr fæðingarorlofs- sjóði tólf mánaða samfellt tímabil sem lýkur sex mánuðum fyrir fæðingardag barns eða þann dag sem barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða varanlegt fóstur. Í þessari breytingu fellst veruleg réttarbót frá því sem áður var. Varðandi seinna atriði hefur ekki fengist nein lagfæring þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar ASÍ, nú síðast þegar lögunum var breytt fyrr á þessu ári.

Alþýðusambandið mun áfram vinna að því að fá lagfæringu á þessu óréttlæti um leið og fylgt verður eftir því sem kemur fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um 12 mánaða fæðingarorlof. Jafnframt er mikilvægt að samhliða lengingu fæðingarorlofsins þarf að tryggja að sveitarfélög komi betur til móts við foreldra ungra barna með því að efla leikskólastigið og lækka aldursmörk vegna þeirra barna sem þjónustan nær til.

## Málefni líffæragjafa

Fulltrúi ASÍ tók þátt í starfi vinnuhóps félags- og tryggingamálaráðherra og heilbrigðisráðherra á tímabilinu um málefni lifandi líffæragjafa, en hópnum

var ætlað að gera tillögur um það með hvaða hætti mætti bæta líffæragjöfum útlagðan kostnað og tekjutap sem þeir verða fyrir. Hópurinn skilaði tillögum þar sem fram kemur að bæta þurfi réttarstöðu þeirra sem gefa líffæri með því að tryggja þeim tímabundna fjárhagsaðstoð ef þeir verða fyrir missi tekna vegna líffæragjafar. Lagt er til að sett verði sérstök löggjöf um það hvernig greiðslum til líffæragjafa skuli háttáð. Hafa megi til hliðsjónar þær reglur sem fram koma í lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna þannig að tekjutengdar greiðslur til líffæragjafa nemi 80% af meðaltali heildarlauna og að hámarksfjárhæð tekjutengda greiðslna í hverjum mánuði nemi aldrei hærrí fjárhæð en 518.600 krónum á mánuði. Þá er lagt til að tekjutengdar greiðslur standi aldrei lengur en í þrjú mánuði.

Lagafrumvarp þessa efnis verður lagt fram á Alþingi haustið 2008.

## Vinnuvernd

Skipulag vinnunnar og vinnuvernd hafa stöðugt mikilvægara hlutverki að gegna fyrir launafólk, velferð þess á vinnustað og almenna velferð. Þá hafa áherslur á þessu sviði tekið miklum breytingum með aukinni þekkingu og breyttum aðstæðum á vinnumarkaði. Mikill árangur hefur náðst gagnvart mörgum þeirra úrlausnarefna sem tengjast grundvallarþáttum varðandi öryggi við vinnu og aðbúnað á vinnustöðum. Á undanförunum árum hefur athyglin í vaxandi mæli einnig beinst að öðrum þáttum vinnuverndar eins og ýmsum sálrænum og félagslegum þáttum tengdum vinnunni, skipulagi hennar og samskiptum á vinnustað. Einnig er nú mikil áhersla lögð á að efla vinnuvernd með vinnuverndarstafi á vinnustöðunum sjálfum í samstarfi stjórnenda og starfsmanna.

### *Vinnueftirlit ríkisins*

Á vettvangi stjórnar Vinnueftirlitsins er hafin vinna við stefnumótun fyrir stofnunina næstu árin. Ákveðið hefur verið að leggja m.a. til grundvallar því starfi, stefnumótun Evrópusambandsins í vinnuvernd til ársins 2013 og samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 187 frá árinu 2006 um að efla öryggi og heilbrigði við vinnu.

Þá hefur verið unnið að því að fylgja eftir hugmyndum og tillögum stjórnar VER í framhaldi af stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar frá vormánuðum 2007. Í áliti stjórnarinnar sem send var félags- og tryggingamálaráðherra í júní 2008 er fjallað ítarlega um þær tillögur sem settar voru fram af hálfu Ríkisendurskoðunar. Þar er tekið undir sumar af tillögunum meðan öðrum er hafnað og það rökstutt. Einnig er sett fram almenn sýn stjórnarinnar í inngangi þar sem segir m.a.:

„Í skýrslunni [þ.e. stjórnýsluúttekt RE] kemur fram sú almenna niðurstaða að Vinnueftirlitið (hér eftir skammstafað VER) hafi staðið allvel að framkvæmd vinnuverndarlaganna frá 1980 með síðari breytingum og stjórn VER tekur undir það. Hlutverk VER hefur verið mjög víðtækt og í raun spannað alla þætti málaflöksins. Viðhorfskönnun meðal samskiptaadila stofnunarinnar, sem Ríkisendurskoðun gerði, leiddi í ljós almennt jákvætt viðhorf til stofnunarinnar og þess starfs sem hún vinnur. Ríkisendurskoðun telur hins vegar að í ljósi þróunar, sem orðið hefur, beri að breyta ýmsum þáttum starfseminnar og færa verkefni til annarra aðila eða a.m.k. kanna hvort rétt sé að standa að slíkum breytingum.

Stjórn VER telur mikilvægt að skipulag og framkvæmd þessara mála sé á hverjum tíma með þeim hætti sem bestum árangri skilar í vinnuvernd og á sem hagkvæmastan hátt. Því beri að skoða tillögur um breytingar með opnum huga og komast að niðurstöðu eftir að skoðuð hafa verið rök sem mæla með og á móti slíkum breytingum.

Meginmarkmiðið með vinnuverndarstarfi er að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi og vernda starfsfólk gegn heilsutjóni. Til að ná sem bestum árangri á þessu sviði er mikilvægt að efla og treysta kerfisbundið vinnuverndarstarf innan vinnustaðanna sjálfra með samstarfi stjórnenda og starfsmanna. VER gegnir lykilhlutverki við að fylgja eftir markmiðum um vinnuvernd af hálfu stjórnvalda. Mikilvægur þáttur þess starfs er að stuðla að og styrkja innra starf fyrirtækja á sviði vinnuverndar með fræðslu og leiðsögn. Þá eru nýjar aðferðir við eftirlit, svokallað aðlagð eftirlit, einn liður í eflingu og þróun vinnuverndarstarfs.

Stjórn VER telur almennt að í okkar samfélagi fari best á því að stjórnýsla vinnuverndarmála sé í höndum stofnunarinnar. Hvað varðar framkvæmd vinnuverndarstarfs eða lagafyrirmæla um þau efni er mikilvægt að eftirfarandi grundvallarsjónarmið verði höfð að leiðarljósi þegar ákveðið er hverjir eða hvaða aðilar skuli sjá um framkvæmdina, þ.m.t. hvort fela eigi einkaaðilum einhvern hluta þeirra verkefna sem nú eru í höndum VER:

- Tryggt sé að starfsemin/þjónustan sé fullnægjandi og að hún uppfylli kröfur um þjónustustig og umfang sem eðlilegt er að gera.
- Tryggt sé að starfsemin/þjónustan uppfylli þær kröfur sem lög og önnur stjórnýslufyrirmæli kveða á um og sé að öðru leyti í samræmi við þau viðmið sem gilda á hverjum tíma.
- Tryggt sé að starfsemin/þjónustan sé boðin á sanngjörnu verði í samræmi við þá þjónustu sem veitt er.

Hér er mikilvægt að hafa í huga fámenni íslensks samfélags sem ekki ber uppi fjölda sérfræðinga eða margar sérhæfðar stofnanir á þessu sviði eins og er sums staðar erlendis. Þá er nauðsynlegt að hafa í huga, þegar ákvarðanir eru teknar um fyrirkomulag vinnuverndarstarfs og starfsemi VER, að mismunandi þættir í núverandi starfi þess og þekkingaruppbygging styðja og efla hvern annan. Mikilvægt er að vanmeta ekki þau samlegðaráhrif sem þannig fást. Þannig styðja og efla rannsóknir fræðslustarfsemina, fræðslustarfsemin eftirlitsþáttinn, eftirlitsstarfið fræðslustarfsemina og þannig mætti áfram telja. Loks ber að hafa í huga að landshlutaskrifstofur VER standast aðeins sem starfshæfar, sjálfstæðar einingar hafi þær nægileg verkefni sem falla að kjarnastarfseminni.

Stjórn VER leggur ríka áherslu á að við alla framkvæmd þessara mála sé haft sem mest samstarf við aðrar stofnanir og aðila sem vinna að skyldum málum. Slíka samvinnu á að yfirfara reglulega og skoða hvort þær breytingar hafi orðið á umhverfi og verkefnum að endurskoða þurfi verkaskiptingu á milli þessara aðila. Þar má nefna stjórnarsýslustofnanir ríkisins svo sem Lýðheilsustöð, Neytendastofu, Umhverfisstofnun, Siglingastofnun Íslands, Vinnu-málastofnun, Umferðarstofu, Brunamálastofnun o.fl., sem og ýmsar rannsókn- og menntastofnanir; ennfremur eftirlitsaðila svo sem heilbrigðiseftirlit og eldvarnaeftirlit. Fyllsta ástæða er til að skoða hvort verkefni annarra eftirlitsstofnana, s.s. Geislavarna ríkisins eða jafnvel heilbrigðisfulltrúa, eigi heima innan VER. Stofnunin hefur þegar samstarf við fjölmarga slíka aðila. Styrkja mætti það samstarf enn frekar, t.d. með gerð formlegs samkomulags um verkaskiptingu og samstarf sem – eins og áður sagði – yrði endurskoðað reglulega.

Skoða ber ábendingar og tillögur stjórnar VER, sem hér fylgja á eftir, í ljósi þeirra almennu sjónarmiða sem sett eru fram hér að ofan. Ljóst er að sumar tillögurnar kalla á lagabreytingar. Jafnframt þarf að taka afstöðu til fleiri lagabreytinga sem brýnar eru taldar, m.a. í ljósi nýlegra hæstaréttardóma um lögmati reglna, o.fl. Stjórnin leggur til að slíkar brýnar lagabreytingar verði undirbúnar eins og fljótt og kostur er og afgreiddar sérstaklega. Jafnframt er varpað fram þeirri spurningu hvort ekki sé rétt að hefja undirbúning að heildarendurskoðun á vinnuverndarlögum í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á þessum málaflokki og þróun lagaumhverfis í nágrennalöndunum og hjá Evrópusambandinu (ESB). Þá gæfist jafnframt tækifæri til að skoða frekar hlutverk og verkaskiptingu stofnana á sviði vinnumarkaðsmála sem og annarra stofnana sem tengjast vinnuverndarmálunum.“

Loks má nefna að á vettvangi stjórnar Vinnueftirlitsins haustið 2008 var fjallað ítarlega um aukningu á dauðsföllum vegna vinnuslysa síðustu ár,



einkum meðal erlendra starfsmanna. Var samþykkt að setja upp sérstakan vinnuhóp með fulltrúum ASÍ og SA, auk vinnueftirlitsins til að greina eðli og ástæður alvarlegra vinnuslysa og dauðsfalla af þeim sökum og koma með tillögur til úrbóta.

### ***Reglur um vinnuefnapróf og persónuvernd starfsmanna***

Að undanfögnu hefur orðið vaxandi umræða um vinnuefnaprófanir fyrirtækja og persónuvernd starfsmanna og hafa fulltrúar ASÍ gagnrýnt hvernig að þessum málum hefur verið staðið af hálfu sumra fyrirtækja. Fulltrúar ASÍ hafa bent á að mikilvægt sé að setja um þetta almennar reglur sem taka mið af persónuvernd og réttindum starfsmanna og almennum vinnuverndarsjónarmiðum.

Á vettvangi stjórnar Vinnueftirlitsins var að frumkvæði fulltrúa ASÍ samþykkt að skoða þessi mál frekar, m.a. í samstarfi við aðrar stofnanir sem málið varðar. Þá hafa fulltrúar ASÍ einnig átt samræðu við fulltrúa SA um þetta efni. Ekkert hefur ennþá komið út úr því starfi. Þörfin fyrir almenna reglusetningu um þetta efni fer hins vegar vaxandi og mun ASÍ fylgja málinu eftir á næstu mánuðum.

### ***Skráning og flokkun atvinnusjúkdóma***

Í framhaldi af bókun með kjarasamningunum sendu ASÍ og SA sameiginlega erindi til félags- og tryggingamálaráðherra um atvinnusjúkdóma. Þar sagði m.a.:

*„Verulega skortir á fullnægjandi regluramma um skráningu atvinnusjúkdóma hér á landi. Þessi staðreynd hefur ítrekað komið til umræðu á vettvangi Vinnueftirlitsins og á fundum stjórnar þess. Í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Vinnueftirlitinu frá mars 2007 segir m.a. um þetta efni:*

*„Samkvæmt lögum ber lækni sem verður þess áskynja að starfsmaður hafi atvinnutengdan sjúkdóm eða hafi orðið fyrir skaðlegum áhrifum vegna starfa sinna að tilkynna það Vinnueftirlitinu. Á árunum 2002 til 2005 voru slíkar tilkynningar á bilinu 8 til 12 á ári og telja sérfræðingar Vinnueftirlitsins þær langt undir raunverulegum fjölda tilfella. Hvorki sjúklingar né lækna hafa beinan hag af því að sjúkdómstílfelli séu tilkynnt Vinnueftirlitinu og verður það að teljast skýring á slæmum heimtum tilkynninga.” (bls. 48).*

*Þá segir einnig:*

*„Tölfræðiupplýsingar um vinnuslys og vinnutengda sjúkdóma eru mjög mikilvægar við að meta gæði vinnuumhverfis og móta opinbera stefnu í vinnuverndarmálum. Sú gagnasöfnun sem slíkar upplýsingar byggja á er komin undir þátttöku margra aðila. Þrátt fyrir að Vinnueftirlitið hafi lagt nokkuð af*

mörkum til að bæta hana er tölfraediupplýsingum um gæði vinnuumhverfis ábótavant. Samkvæmt samanburðarkönnun átta Evrópuríkja var tölfraediupplýsingum um málefnið ábótavant hér á landi (sjá kafla 7).” (bls. 49).

Í umsögn stjórnar Vinnueftirlitsins til félags- og tryggingamálaráðherra um tillögur Ríkisendurskoðunar 16. janúar sl. er brugðist við framangreindum ábendingum þar sem segir m.a.:

„5.2 Efla þarf gagnasöfnun og rannsóknir á atvinnusjúkdómum, vinnutengdri líðan og áhrifum vinnuverndarstarfs á íslenskt vinnuumhverfi“.

Stjórnin er sammála ábendingu Ríkisendurskoðunar að þessu leyti og telur brynt að úr verði bætt, bæði með forgangsröðun verkefna innan VER og með því að reyna að virkja betur aðra aðila er að þessu koma.

Stjórnin bendir á tvennt sem félagsmálaráðuneytið gæti aðhafst í þessum málum sem bæta myndi úr þessu ástandi.

Í fyrsta lagi að ráðuneytið beiti sér fyrir því í samráði við VER og aðra aðila sem málið varðar að sett verði reglugerð um atvinnusjúkdóma eins og kveðið er á um í 27. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar. Við samningu slíkrar reglugerðar verði skrá ESB um atvinnusjúkdóma lögð til grundvallar.

Í öðru lagi með því að Ísland taki þátt í reglubundnum könnunum Dyflinnar-stofnunarinnar um vinnuaðstæður (Working Conditions Survey) en næsta könnun verður unnin á árinu 2009.

Þá verði rannsóknir og fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði atvinnusjúkdóma eflar á vettvangi VER” (bls. 15).

Á hálfu Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) var þessi afstaða áréttuð enn frekar með bókun varðandi atvinnusjúkdóma sem gerð var í tengslum við kjarasamninga aðila sem undirritaðir voru 17. febrúar sl. Þar segir:

„Samningsaðilar munu sameiginlega beita sér fyrir því að sett verði reglugerð um skráningu bótaskyldra atvinnusjúkdóma í samræmi við 27. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007. Samningsaðilar telja mikilvægt að efla rannsóknir og fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði atvinnusjúkdóma á vettvangi Vinnueftirlits ríkisins.“

Í ljósi framanritaðs er hér með óskað eftir því við félags- og tryggingamálaráðuneytið að nú þegar verði hafin vinna sem hafi að markmið að setja reglur sem stuðli að bættri skráningu atvinnusjúkdóma. Að mati ASÍ og SA er eðlilegt að tillögur að slíkum reglum verði unnar á vettvangi Vinnueftirlitsins.“

Nú í september var upplýst að félags- og tryggingamálaráðherra mundi

senda erindi til Vinnueftirlitsins í samræmi við erindi ASÍ og SA.

### ***Evrópsk vinnuverndarvika 2007***

Vinnuverndarvika Evrópsku vinnuverndarstofnunarinnar árið 2007 var dagana 22.-26. október. Hún beindist að álagseinkennum vegna vinnu. Yfirskriftin var „Hæfilegt álag er heilsu best“. Í vinnuverndaráttakinu var sjónum beint annars vegar að því hvernig hægt er að koma í veg fyrir líkamleg álagseinkenni og hins vegar hvernig hægt er að halda fólki í starfi, endurhæfa það og færa til í starfi þá sem kljást við vandamálið. Fulltrúar ASÍ tók virkan þátt í undirbúningi vikunnar. Í tengslum við vinnuverndarvikuna 2007 voru veittar viðurkenningar til fyrirtækja sem eru góðar fyrirmyndir á þessu sviði og hafa markvisst unnið að forvörnum.

### ***Evrópsk vinnuverndarvika 2008***

Vinnuverndarvika Evrópsku vinnuverndarstofnunarinnar árið 2008 verður 20.-24. október nk. Hún mun að þessu sinni beinast að gerð áhættumats undir yfirskriftinni „**BÆTT VINNUMHVERFI BETRA LÍF - ÁHÆTTUMAT OG FORVARNIR ERU LEIÐIN**“. Í vinnuverndaráttakinu verður sjónum beint að mikilvægi þess að gert sé áhættumat fyrir alla vinnustaði. Engin vinnustaður er í raun undanskilinn. Áhættumatið á að styrkja vinnuverndarstarfið innan fyrirtækjanna með skýrri ábyrgð og virkni atvinnurekenda, stjórnenda og kerfisbundinni þátttöku starfsmannanna sjálfra með hjálp öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða.

Í tengslum við vinnuverndarvikuna 2008 verða veitta viðurkenningar til fyrirtækja sem eru góðar fyrirmyndir á þessu sviði og hafa markvisst unnið að forvörnum. Lesendur eru beðnir um að tilnefna fyrirtæki til Vinnueftirlitsins sem þeir telja að eigi að hljóta slíka viðurkenningu.

Pema vinnuverndarvikunnar árið 2009 verður líka áhættumat, sem undirstrikar mikilvægi áhættumats fyrir vinnuverndarstarfið.

Fulltrúi ASÍ hefur tekið virkan þátt í undirbúningi vinnuverndarvikunnar.

### ***Vinnumarkaðsaðgerðir og málefni Vinnumálastofnunar***

Við endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir á árunum 2004 – 2006 og síðan í starfi fulltrúa ASÍ á vettvangi stjórnvalda í samskiptum við Samtök atvinnulífsins hefur Alþýðusamband Íslands lagt megináherslu á eftirfarandi þegar kemur að umfjöllun um virkar vinnumarkaðsaðgerðir, starfsendurhæfingu og aðstoð við fólk sem er tíma-

bundið utan vinnumarkaðar:

- Lykilatriði er að fyrirkomulag vinnumarkaðsaðgerða og starfsendurhæfingar gagnvart fólki sem vegna breytinga í atvinnulífinu eða af öðrum ástæðum missir atvinnu sína byggi á því að halda tengslum viðkomandi við vinnumarkaðinn og áhersla lögð á að aðstoða viðkomandi einstakling sem fyrst við að greina stöðu hans og þarfir og hefja ferli sem miðar að því að aðstoða viðkomandi við að verða aftur virkur á vinnumarkaði. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á að tryggja ákveðið samspil og samhengi á milli afkomutryggingar þeirra sem eru tímabundið utan vinnumarkaðar og virkni þeirra við að leita sér og nýta þá aðstoð sem í boði er varðandi virkar vinnumarkaðsaðgerðir og starfsendurhæfingu.
- Það hefur verið skýr afstaða Alþýðusambandsins að framangreind nálgun sé mjög mikilvægt til að tryggja sem best möguleika einstaklinga sem hverfa tímabundið af vinnumarkaði til að verða þar virkir að nýju. Rík áhersla hefur verið lögð á það sem kallað hefur verið „snemmtæk íhlutun“, þ.e. að einstaklingar fái sem fyrst greiningu og aðstoð til að vinna í sínum málum. Þá hefur jafnframt verið lögð áhersla á að þau úrræði sem standi einstaklingum til boða taki sérstaklega mið af möguleikum viðkomandi og þörfum eins og kostur er og séu þannig einstaklingsmiðuð.
- Þá hefur verið lögð rík áhersla á beina aðkomu aðila vinnumarkaðarins að uppbyggingu og þróun kerfisins með það að markmiði að tryggja mikilvæg tengsl á milli vinnumarkaðarins og einstaklinganna. Þar hafa aðilar vinnumarkaðarins verið tilbúnir til að axla mikilvæga ábyrgð varðandi alla uppbyggingu og framkvæmd.
- Um framangreind sjónarmið hefur verið full sátt meðal aðila vinnumarkaðarins og einnig við stjórnvöld að svo miklu leyti sem á það hefur reynt.
- Það er í ljósi framangreindra sjónarmiða sem breytingar voru gerðar á lögum um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir á árinu 2006. Það er jafnframt í þessu ljósi sem fulltrúar ASÍ hafa starfað á vettvangi stjórnvalda að umræðu og uppbyggingu starfsendurhæfingarmála Og, það er á þessum grunni sem umræðan og síðan ákvörðunin um stofnun Endurhæfingarsjóðs byggði.

### ***Stofnun velferðar- og vinnumarkaðsmála***

Félags- og tryggingamálaráðherra kynnt á ráðstefnu 7. maí sl. hugmyndir sínar um sameiningu Tryggingastofnunar og Vinnumálastofnunar þar sem

komið verði fyrir „á einum og sama stað allri þeirri velferðarþjónustu sem er á sviði vinnumála- og tryggingamála í eina stofnun velferðar- og vinnumála með sameiginlegum þjónustuverum um land allt”. Þá kom fram að ráðherra hefði þegar sett á laggirnar vinnuhóp sem hefur það verkefni að kanna möguleika á uppbyggingu slíkrar nýrrar velferðarstofnunar. Margt er enn óljóst um hugmyndir ráðherra varðandi samspil framfærslukerfa og virkra vinnumarkaðsaðgerða og starfsendurhæfingar.

Það kom Alþýðusambandinu í opna skjöldu þegar ráðherra kynnti fyrirætlun sína og skipun vinnuhópsins. Ráðherra hafði ekkert samráð við ASÍ um þetta útspil og á sama tíma var á vettvangi stjórnar Vinnumálastofnunar þegar hafin undirbúningur undir stefnumótun fyrir stofnunina, án þess að nokkur slík skilaboð hefðu komið frá ráðherra. Þá er ljóst af skipun vinnuhópsins að ekki er gert ráð fyrir virkri aðkomu ASÍ eða aðila vinnumarkaðarins að þeirri stefnumótun og ákvarðanatöku sem nú er í undirbúningi.

Af hálfu Alþýðusambandsins var ráðherra gerð grein fyrir efasemdum ASÍ um framangreinda nálgun. Sú augljósa hættu er til staðar að byggt verði upp kerfi sem slitið verði úr tengslum við vinnumarkaðinn og aðila vinnumarkaðarins með þeim augljósu ókostum sem í því felast.

### ***Stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Vinnumálastofnun***

10. maí sl. birti Ríkisendurskoðun stjórnsýsluúttekt sína á Vinnumálastofnun sem félagsmálaráðherra óskaði eftir þegar hann tók við ráðuneytinu á síðasta ári.

Úttektin er mikil að vöxtum og víða komið við auk þess sem settar eru fram ákveðnar tillögur eða hugmyndir af hálfu stofnunarinnar.

Í grunninn má segja að tillögur/hugmyndir Ríkisendurskoðunar séu eftirfarandi helstar:

Verkefnum Vinnumálastofnunar er skipti í tvo þætti: tekjufærsluverkefni og stjórnsýslu- og þjónustuverkefni atvinnumála. Tekjutilfærsluverkefni verði færð undir nýja stofnun velferðarmála og að sá hluti sem snýr að stjórnsýslu- og þjónustuverkefnum atvinnumála verði sameinaður eða samtvinnnaður starfsemi Vinnueftirlitsins.

Lagt er til að öll svokölluð „tekjutilfærsluverkefni” sem heyra undir ráðuneytið (þ.e. allar greiðslur sem nú fara fram í gegnum Vinnumálastofnun (Atvinnuleysistryggingasjóður, Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi, Ábyrgðarsjóður launa, Fæðingarorlofssjóður, Starfsmenntasjóður, atvinnumál kvenna) og Tryggingastofnun (lífeyris-, sjúkra- og slysatryggingar) „...verði flutt til nýrrar stofnunar sem ætlað sé að annast alla opinbera tekjutilfærslu til einstaklinga vegna lífeyris-, sjúkra- og slysatrygginga og vinnumarkaðsúrræða. Þá um leið verði hlutverk stjórnna sjóðanna endurmetið og þá haft í

*huga hvort ekki eigi að leggja þær af. (bls. 31)” Á öðrum stað segir: „Lagt er til að öll tekjutilfærsluverkefni félags- og tryggingamálaráðuneytis verði sameinuð í nýrri stofnun velferðarmála sem hefði eina þjónustumiðstöð á hverjum stað. Ábyrgðarsjóður launa, Atvinnuleysistryggingasjóður, Fæðingarorlofssjóður, Ættleiðingarsjóður og styrkir til atvinnumála kvenna yrðu því í umsjón sömu stofnunar og sæi um lífeyristryggingar og félagslega aðstoð. Einnig er lagt til að sú stofnun annist greiðslur sjúkra- og slysatrygginga til einstaklinga. Þá geti hún einnig sinnt ráðgjöf og þjónustu í málefnum fatlaðra eftir að meginverkefni svæðisskrifstofa fatlaðra hafa verið flutt til sveitafélaganna. ...Með þessu fyrirkomulagi er stefnt að því að gera kerfið skilvirkara og einfaldara svo að unnt sé að beina atvinnuleitendum í þau úrræði sem talin eru henta hverjum og einum best. Þetta þýðir að greiðslu-/bótakerfin þurfa að vinna vel saman og hafa góða tengingu við skráningu atvinnulausra og vinnu-markaðsúrræði þar sem skilyrði fyrir greiðslu atvinnuleysistrygginga er að viðkomandi einstaklingur hefji strax virka atvinnuleit. Lagt er til að fyrrnefnd þjónustumiðstöð velferðarmála tryggi að þetta verði gert.” (bls. 36-37).*

Hér virðist í grunninn vera komin sama hugmynd og ráðherra kynnti 7. maí sl. Jafnframt virðist gengið út frá því að mjög verði dregið úr aðkomu aðila vinnumarkaðarins varðandi vinnumarkaðsúrræði, starfsendurhæfinguna og atvinnuleysistryggingar, Ábyrgðarsjóði launa og Starfsmenntasjóði, eða henni hreinlega sleppt alfarið.

Fulltrúar ASÍ hafa á vettvangi stjórnar Vinnuálastofnunar og í samskiptum við félags- og tryggingamálaráðuneytið varað við þeim hættum sem felast í framangreindri nálgun varðandi þau verkefni sem þar eru til umfjöllunar og lagt áherslu á mikilvægi þess að samráð verði haft við aðila vinnumarkaðarins um framtíðarstefnumótunina og að tryggt verði virk aðkoma þeirra að stefnumótun og framkvæmd þessara mála. Þá hafa fulltrúar ASÍ einnig bent á mikilvægi þess að skoða aukið samstarf Vinnuálastofnunar og Vinnueftirlitsins.

Loks má nefna að í ljósi þess að blikur eru nú á lofti í atvinnuátlum hefur ítarleg umræða átt sér stað á vettvangi stjórnar Vinnuálastofnunar um það með hvaða hætti stofnunin geti best búið sig undir þau verkefni sem framundan eru varðandi vinnumiðlun, virkar vinnumarkaðsaðgerðir og aðra þjónustu við fólk í atvinnuleit.

## **Framkvæmd EES-samningsins**

### ***Evrópusamvinnan***

Sá þáttur í starfi Alþýðusambands Íslands sem tengist Evrópusamvinnunni og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hefur orðið stöðugt mikilvæg-

ari síðustu ár. Áhrifin eru bæði bein og óbein. Þau birtast með skýrustum hætti í þeim þætti starfsins sem snýr að undirbúningi og gildistöku tilskipana og reglna Evrópusambandsins á sviði vinnumarkaðs- og félagsmála hér á landi, sem og samningum aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu. Það er jafnframt ljóst að reglur á íslenskum vinnumarkaði og réttindi launafólks byggja í stöðugt ríkari mæli á þróuninni í Evrópu á þessu sviði. Þessi þróun er í samræmi við það sem stefnt var að með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Á árinu 2008 hófst undirbúningur að gildistöku Evrópusamnings um varnir gegn einelti og ofbeldi við vinnu.

Ýmis viðfangsefni hafa komið upp á árinu varðandi framkvæmd EES samningsins á íslenskum vinnumarkaði og samninga á Evrópuvísu. Fjallað er um nokkur þau helstu hér á eftir. Einnig vísast til kaflans um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði á öðrum stað í skýrslunni.

### ***Kjarasamningar á Evrópuvísu***

Rammasamningur sem gerður hefur verið á Evrópuvísu milli ETUC og BUSINESSEUROPE, um aðgerðir gegn einelti og ofbeldi við vinnu, bíður þess að verða hrint í framkvæmd með samningum aðila vinnumarkaðarins hér á landi. Frestur er til 26. apríl 2010. Samningurinn hefur verið þýddur fyrir tilstuðlan ASÍ og SA og er stefnt að því að hefja viðræður um gildistöku hans hér á landi nú fyrri hluta vetrar.

Þá hafa einnig átt sér stað óformlegar þreifingar um að samtök launafólks, þ.m.t. ASÍ og atvinnurekendur á opinbera vinnumarkaðinum geri sambærilegan samning um varnir gegn vinnustreitu og ASÍ og SA gerðu á árinu 2007 til staðfestingar á Evrópusamningi sama efnis.

### ***Þjónustutilskipun ESB***

*Þjónustutilskipun Evrópusambandsins ber að innleiða hér á landi fyrir lok árs 2009. Undirbúningur undir innleiðinguna hefur farið fram innan stjórnkerfisins, auk þess sem lítillsháttar samráð hefur verið haft við aðila vinnumarkaðarins um málið.*

Alþýðusambandið hefur lagt ríka áherslu á að innleiðing tilskipunarinnar hér á landi verði í góðri sátt við sambandið enda ljóst að miklu skiptir að vel takist til með innleiðinguna.

Alþýðusambandið hefur frá því í vor átt aðild að starfshópi sem vinnur að því að undirbúa sérstaka ráðstefnu um þjónustutilskipunina og almannathjónustu sérstaklega sem lið í undirbúningnum hér á landi. Ráðgert er að ráðstefna verði haldin í byrjun árs 2009.

## ***Dómar Evrópudómstólsins og íslenskur vinnurmarkaður***

Nokkrir dómar Evrópudómstólsins á sviði vinnuréttar hafa vakið sérstaka athygli að undanfögnu og verið gagnrýndir harðlega af Evrópusambandi verkalýðsfélaga fyrir að vega að launafólki og verkalýðshreyfingunni í Evrópu. Þá hefur verið rætt um möguleg áhrif þeirra hér á landi. Hér verður gerð grein fyrir þremur dómum í svokölluðum Viking, Laval og Ruffert málum.

### ***Víking málið***

Niðurstaða Evrópudómstólsins er sú að hótun stéttarfélags um að grípa til verkfallsaðgerða í þeim tilgangi að knýja atvinnurekanda til rita undir kjarasamning, sem er efnislega með þeim hætti að hann mun draga úr líkum þess að atvinnurekandinn beiti rétti sínum til að flytja starfsemi sína til annars aðildarríkis, feli í sér ólögmeta hindrun á þeim rétti samkvæmt 43. gr. laga Evrópusambandsins. Upphaf þessa máls var að Viking line, finnskt ferjufélag, tilkynnti finnska sjómannasambandinu (FSU) í október 2003 um áform sín að skrá eina af ferjum sínum, Rosellu, í eistneska skipaskrá. Hafði Viking line skráð dótturfélag sitt þar í landi. Þessi ráðstöfun var byggð á því að ferjan hefði verið rekin með tapi og stóð til að ráða eistneska áhöfn á lægri launum en samkvæmt finnskum kjarasamningum. Þannig átti að keppa við aðrar ferjur á siglingaleiðinni milli Finnlands og Eistlands. Í nóvember 2003 sendi Alþjóðasamband flutningamanna (ITF) áskorun til aðildarfélaga sinna um að stofna ekki til kjaraviðræðna við Viking Line og hafði sú áskorun þau áhrif að eistnesk stéttarfélög neituðu að stofna til samningaviðræðna við Viking Line um ráðningarkjör sjómanna um borð í Rosellu. Á sama tíma setti FSU fram kröfu um framlengingu gildandi kjarasamnings um mönnun um borð í ferjum fyrirtækisins og lýsti jafnframt áformum sínum um að grípa til verkfallsaðgerða ef ekki yrði orðið við þeim kröfum. Þá var þess krafist að í nýjum kjarasamningi skyldi kveðið á um að yrði skipið skráð í skipaskrá annars ríkis en Finnlands myndi Viking line áfram vera bundið af finnskri vinnulöggjöf hvað það skip varðaði. Viking line leit svo á að með aðgerðum sínum hefðu stéttarfélögin hindrað fyrirtækið í því að nýta sér grundvallaréttindi sín samkvæmt lögum Evrópusambandsins til að skrá starfsemi sína í öðru aðildarríki. Evrópudómstóllinn tekur skýrt fram að verkfallsréttur stéttarfélaga hafi stöðu sem grundvallaréttindi í lögum Evrópusambandsins. Í skjóli þess réttar megi réttlæta ákveðnar takmarkanir á frelsi fyrirtækja samkvæmt lögum Evrópusambandsins og þá fyrst og fremst ef það er gert til að vernda hagsmuni launafólks og þeirra starfskjör. Svo er hins vegar að sjá að Evrópudómstóllinn vilji takmarki þá túlkun þannig að það komi í raun niður á



rétti stéttarfélaga til að grípa til verkfallsaðgerða ef þær skerða um of frelsi fyrirtækja til að færa sér í nyt réttindi sín samkvæmt lögum Evrópusambandsins, þ.m.t. réttinn til að flytja starfsemi sína til annarra aðildarríkja. Evrópusamtök launafólks (ETUC) hafa fagnað sérstaklega þeim þætti niðurstöðunnar sem snýr að viðurkenningu þess að verkfallsréttur launafólks hafi stöðu sem grundvallaréttindi samkvæmt lögum Evrópusambandsins. Staðan á alþjóðasviðinu, þ.e. þegar aðgerðir stéttarfélaga hafa áhrif á möguleika fyrirtækja til að flytja starfsemi sína til annarra ríkja, sé hins vegar ekki eins skýr, jafnvel þó gripið sé til þeirra í þeim tilgangi að verja hagsmuni launafólks. Í dóminum komi þó fram að það falli í verkahring dómstóla í hverju aðildarríki að ákveða hvort stéttarfélagi sé heimilt að grípa til verkfallsaðgerða þegar þær hafa áhrif á réttindi fyrirtækja til að taka sig upp frá einu aðildarríki og setja sig niður í öðru, líkt og var uppi á teningnum í þessu máli. Að lokum má minna á að í dóminum kemur fram að lög Evrópusambandsins fjalli ekki aðeins um samstarf aðildarríkjanna um hinn innri markað og afnám hindrana á frjálsum flæði fyrirtækja og launafólks heldur hafi aðildarríkin einnig skapað með sér samfélag byggt á sameiginlegri stefnumótun á hinu félagslega sviði. Á milli þessara tveggja þátta verði að ríkja ákveðið jafnvægi, þ.e. aðildarríkin verða að leita jafnvægis milli þess að tryggja markaðsfrelsið annars vegar og félagsleg markmið þess hins vegar um bætt lífskjör fólks og starfsskilyrði.“

### ***Laval málið***

Dómurinn felur í sér sigur fyrir þau sjónarmið, að rétturinn til þess að grípa til lögmætra aðgerða á vinnumarkaði til þess að þvinga fram kjarasamning um kaup og kjör telst varinn sem grundvallarregla Evrópuréttar. En dómstóllinn segir einnig að þessi réttur sé háður takmörkunum m.a. þegar hann getur skarast við aðrar grundvallarreglur Evrópuréttar eins og t.d. réttinn til þess að veita þjónustu yfir landamæri aðildarríkjanna.

Dómurinn veldur einnig ákveðnum vonbrigðum. Niðurstaða hans er sú, að reglur sænskra laga og skipulag á vinnumarkaði um lágmarksvernd launafólks fullnægi ekki þeim skilyrðum sem tilskipun ESB nr. 96/71 um útsenda starfsmenn mælir fyrir um, sem veita eiga útsendum starfsmönnum í Svíþjóð vernd og sænskum fyrirtækjum vörn gegn ósanngjarni samkeppni. Í Svíþjóð, ólíkt því sem er hér á landi, eru kjarasamningar ekki almennt skuldbindandi sem lágmarkskjör og allt sænska kerfið byggist á því að ná verði kjarasamningum við einstaka atvinnurekendur séu þeir ekki aðilar heildarkjarasamninga. Sænsk stjórnvöld hafi innleitt tilskipunina að hluta þannig að þessum markmiðum verði náð en ekki hvað varðar lágmarkslaun. Auk þessi heimila sænsku lög

að semja megi við einstaka atvinnurekendur um betri kjör en þau sem þó eru tilgreind sem lágmarkskjör í lögum sem sett voru við innleiðingu tilskipunar 96/71.

Þessi niðurstaða Evrópudómstólsins hefur engin áhrif hér á landi eins og fyrir segir þar sem tryggilega er frá því gengið í lögum nr. 55/1980 að kjarasamningar hafa almennt gildi hér á landi fyrir alla launaða vinnu.

Dómurinn veldur einnig vonbrigðum að því leyti að ekki er fallist á þau sjónarmið verkalýðshreyfingarinnar og raunar margra þeirra ríkisstjórna sem blönduðu sér í málaferlin, að verkfallsrétturinn og samskiptareglur á vinnu- markaði falli utan gildissviðs Evrópuréttarins. Hver áhrif það mun hafa á eftir að koma í ljós en í öllu falli er ljóst að styrkja verður reglur Evrópuréttarins í þessu efni. Tryggja þarf verkfallsréttinn þannig að honum megi beita í vinnu- deilum sem beinast gegn atvinnurekendum með staðfestu í tveimur eða fleiri ríkjum ESB og á EES svæðinu. Það verður ekki gert nema með breytingum á sáttmála ESB en ákvæði nýja stjórnarskrársáttmálans sem fjalla um réttindi launafólks og verkalýðshreyfingar eru ekki mjög skýr hvað þetta varðar.

### ***Ruffert málið***

Samkvæmt dóminum er tiltekin þýsk lagaregla um lágmarkslaun við opinberar framkvæmdir talin andstæð 49. gr. stofnsáttmála Evrópusambands- ins um frjáls þjónustuviðskipti. Eftir dóminn er öllum ríkjum á EES-svæðinu, þar á meðal Íslandi, óheimilt að áskilja við útboð opinberra framkvæmda, að verktakar virði lágmarkslaun ef svo hagar til að þær kröfur eru almennt ekki gerðar til verktaka við aðrar framkvæmdir.

Dómurinn hefur engin áhrif hér á landi þar sem lög nr. 55/1980 veita lág- markskjörum kjarasamninga almennt gildi án tillits til þess hvort um opinberar framkvæmdir er að ræða eða aðrar framkvæmdir.

Í stuttu máli fjallar málið um opinbert útboð á byggingu fangelsis. Skv. sérstökum þýskum lögum um opinber útboð verða þeir verktakar sem bjóða í verk að skuldbinda sig og undirverktaka sína til þess að virða lágmarkslaun á svæðinu. Þýskur verktaki fékk verkið og fékk til liðs við sig pólskan und- irverktaka. Undirverktakinn sendi pólska starfsmenn sína til þess að sinna verkinu. Um réttarstöðu þeirra fór skv. tilskipun 96/71 um útsenda starfsmenn. Í ljós kom að þeim voru ekki greidd laun í samræmi við áskilin lágmarkslaun skv. framansögðu og var öllum samningum rift. Þýski verktakinn varð gjald- þrota og er málið rekið af skiptastjóra þrotabúsins. Þar er því haldið fram, að þýsku réttarreglurnar séu andstæðar 49. gr. stofnsáttmála Evrópusambandsins og hamli gegn frjálsum þjónustuviðskiptum.

Evrópudómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu, að viðkomandi þýsk stjórnvöld hafi ekki hrint tilskipun 96/71 um útsenda starfsmenn þannig í

framkvæmd að hún tryggði hinum pólsku verkamönnum þau lágmarkslaun sem þýsku lögin áskildu við opinberar framkvæmdir. Þau hafi ekki nýtt heimild tilskipunarinnar á réttan hátt til þess að mæla fyrir um lágmarkslaun þar sem þau hafi einungis ákveðið að þau skyldu virt við opinberar framkvæmdir en ekki allar framkvæmdir. Í 39 tl. dómsins segir:

„Þar sem mál þetta snýst um lágmarkslaun ákvörðuð með kjarasamningi eins og þeim sem mál þetta fjallar um, sbr. 29 málsgrein þessa dóms, þá eiga þau lágmarkslaun sem gerð hafa verið skuldbindandi á grunvelli laga eins og Landesvergabegesetz, einungis við um hluta byggingariðnaðarins á viðkomandi landssvæði, í fyrsta lagi þar sem löggjöfin á einungis við um opinbera samninga og í öðru lagi þar sem viðkomandi kjarasamningi hafði ekki verið veitt almennt gildi [Þýtt af MMN].

Þótt dómurinn hafi ekki áhrif hér á landi vegna laga nr. 55/1980 er það mat evrópsku verkalýðshreyfingarinnar að Evrópudómstóllinn sé enn að takmarka heimildir aðildarríkjanna og evrópskrar verkalýðshreyfingar til þess að stýra vinnumarkaði sínum og verja hann gegn félagslegum undirboðum. Dómurinn mun efalaust hafa mikil áhrif á þá umræðu sem á sér stað innan sambandsins um sérstaka tilskipun um þjónustuviðskipti og mun knýja aðildarríkin til þess að skipa málum með öðrum hætti en þau gera nú vilji þau vernda vinnumarkað sinn fyrir félagslegum undirboðum.

## Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði

Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði hafa mikið verið til umfjöllunar á vettvangi ASÍ og aðildarsamtaka þess á undanförunum misserum og árum. Fyrir því eru margvíslegar ástæður.

Í fyrsta lagi má nefna að útlendingum á íslenskum vinnumarkaði hefur fjölgað mikið á síðustu árum. Er áætlað að erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnumarkaði hafi í lok árs 2007 verið 17.000 talsins, eða tæplega 10% af öllu vinnuafla í landinu.

Í annan stað liggur fyrir að starfsemi svikafyrirtækja, innlendra og erlendra og félagsleg undirboð með misnotkun á erlendu launafólki hafa verið vanda-mál á íslenskum vinnumarkaði. Þetta á sérstaklega við um fyrirtæki, bæði erlend og innlend, sem gefa sig út fyrir að vera starfsmannaleigur, en einnig önnur erlend fyrirtæki sem starfa hér á landi sem þjónustuveitendur.

Ljóst er að þau álitafni og ágreiningsmál sem komið hafa upp varðandi þessa starfsemi tengjast einnig með beinum hætti stækkun Evrópska efnahags-svæðisins og framkvæmd EES samnings, enda í flestum tilfellum tengd fyrirtækjum og verkafólki frá nýju aðildarríkjum EES.

Af hálfu Alþýðusambandsins og aðildarsamtaka þess hefur verið lögð

mikil vinna í þennan málaflokk á síðustu árum með það að markmiði að styrkja íslenskan vinnumarkað og treysta réttindi og stöðu þeirra útlendinga sem koma hingað til starfa um lengri eða skemmri tíma.

Hér á eftir er fjallað um það helsta sem hefur verið að gerast á þessu sviði á tímabilinu frá október 2007 á vettvangi ASÍ og í starfi sambandsins.

### ***Endurskoðun laga um atvinnuréttindi útlendinga***

Haustið 2007 var hafin endurskoðun á lögum um atvinnuréttindi útlendinga og tók fulltrúi ASÍ virkan þátt í því starfi. Af hálfu stjórnvalda var lagt upp með að markmiðið með endurskoðuninni væri þrjúþætt:

- Að gera löggjöfina skýrari, framkvæmdina skilvirkari og skýra og herða viðurlög vegna brota á lögnum.
- Að endurspegla almenna stefnumótun stjórnvalda hvað varðar veitingu atvinnuleyfa með því að skilgreina ólíka flokka atvinnuleyfa og mæta þörfum íslensks atvinnulífs, einkum fyrir háskólamenntað fólk og sérfræðinga sem búa yfir þekkingu sem er íslenskum fyrirtækjum nauðsynleg vegna starfsemi þeirra og sækja verður út fyrir Evrópska efnahagssvæðið.
- Að sú meginregla gildi að útgáfa atvinnuleyfa byggji á almennum vinnumarkaðssjónarmiðum og þörfum atvinnulífsins, kjör og réttindi erlendra starfsmanna séu í samræmi við það sem gildir á íslenskum vinnumarkaði og að stéttarfélög gegni mikilvægu hlutverki við mat á aðstæðum og eftirlit með framkvæmd á grundvelli umsagnarréttar síns.

Við endurskoðun laganna studdi Alþýðusambandið framangreind sjónarmið, en lagði jafnframt ríka áherslu á að þær breytingar sem gerðar yrðu gengju ekki í aðrar áttir eða sköpuðu skilyrði fyrir framkvæmd sem gengur gegn framangreindum markmiðum. Þá studdi ASÍ einnig það sjónarmið að tímabundin atvinnuleyfi yrðu veitt viðkomandi einstaklingum, en um leið að fyrirtækin sem réðu þá til starfa hefðu ríkar skyldur gagnvart þeim.

Í vinnunni að frumvarpssmiðinni var mjög litið til þeirrar umræðu sem verið hefur á Evrópuvísu um atvinnuréttindi útlendinga og breytingar sem gerðar hafa verið eða voru fyrirhugaðar á löggjöf um þetta efni á hinum Norðurlöndunum.

Full samstaða náðist milli félags- og tryggingamálaráðuneytisins, ASÍ og SA um frumvarp um breytingar á lögnum um atvinnuréttindi útlendinga sem lagt var fyrir Alþingi veturinn 2007 – 2008 og síðan samþykkt vorið 2008.

***Verkefnið „Allt í ljós“***

Eftir samráð við Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess ákvað félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, að efna til sérstaks átaks af hálfu Vinnu-málastofnunar gegn brotastarfsemi fyrirtækja og félagslegum undirboðum með útlendinga sem formlega var hleypt af stokkunum 2. október. Jafnframt óskaði félagsmálaráðherra eftir miklu og góðu samstarfi við Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess um undirbúning átaksins og þetta sameiginlega viðfangs-efni stjórnvalda og verkalýðshreyfingarinnar. Markmið átaksins var að tryggja að starfsemi erlendra fyrirtækja sé í samræmi við íslensk lög og kjarasamninga og að innlendir atvinnurekendur tilkynntu ráðningar starfsmanna sem eru rík- isborgarar í átta af hinum tíu nýju EES-ríkjum. Þá var markmið með áttakinu að tryggja að vinnuveitendur virtu réttindi erlends launafólks og að gefa þau skilaboð að framkvæmd og eftirlit laga væru skilvirk og að ekki yrði annað liðið en að fyrirtæki, innlend sem erlend virði íslensk lög.

Á blaðamannafundi þar sem átakið var kynnt fagnaði forseti ASÍ þessu framtaki og lýsti yfir vilja Alþýðusambandsins til að styðja við framkvæmd þess.

Af hálfu ASÍ og aðildarsamtaka þess var áttakinu síðan fylgt eftir með ýmsum hætti og stjórnvöld studd í þeirra starfi. Þannig útbjó ASÍ viðamikið kynningar- og fræðsluefni fyrir stéttarfélögin og starfsmenn þeirra um útlend- inga á vinnumarkaði, löggjöf og réttindi og leiðbeiningar um verklag af hálfu stéttarfélaga.

### ***Útdráttur úr kjarasamningum á ensku og pólsku***

Haustið 2007 gáfu ASÍ og SA sameiginlega út útdrátt úr kjarasamningum aðila, annarra en verslunar- og skrifstofufólks og sjómanna, á ensku og pólsku. Þessi útgáfa fékk mjög góðar undirtektir meðal aðildarfélaganna ASÍ og var dreift í þúsundum eintaka til erlendra starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði.

Í framhaldi af gerð kjarasamninganna í febrúar voru þessir útdrættir upp- færðir og endurútgefnir í júní á ensku og pólsku. Í báðum tilfellum er um „tvítyngda“ útgáfu að ræða, þ.e. að sami texti er birtur annars vegar á ensku eða pólsku og hins vegar á íslensku. Þetta er gert samkvæmt ráðleggingum fagaðila á þessu sviði sem m.a. hafa bent á mikilvægi þess að hinir erlendu starfsmenn geti kynnt sér helstu hugtök kjarasamninganna á íslensku. Þá á þetta fyrirkomulag jafnframt að auðvelda samskipti íslendinga og erlendra starfsmanna varðandi efni kjarasamninganna.

Þá má geta þess að ASÍ tók að sér að útbúa fyrir aðildarfélög sín sérstaka kynningu á helstu efnisatriðum kjarasamninganna 17. febrúar á ensku, pólsku og litháísku.

### ***Samkomulag við ÍAV vegna byggingar Tónlistar- og ráðstefnuhúss***

Nokkrar umræður áttu sér stað á vettvangi ASÍ og aðildarsamtaka þess vegna byggingar tónlistar- og ráðstefnuhúss við Austurbakka Reykjavík-urhafnar. Ástæðan var einkum samningar ÍAV við kínverskan undirverktaka um að reisa glerhjúp hússins. Mikil áhersla var lögð á að tryggja eins og kostur væri að kínverskir starfsmenn sem verkið ynnu hefðu laun og önnur starfskjör í samræmi við það sem gildir á íslenskum vinnumarkaði.

Í lok apríl var undirritað samkomulag milli ÍAV og ASÍ og viðkomandi aðildarsamtaka um kjör kínversku starfsmannanna. Jafnframt var samkomulag um að stéttarfélögin tilnefndu sameiginlegan fulltrúa sem hefði stöðu trúnaðarmanns skv. samkomulagi ASÍ og SA um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði frá 7. mars 2004. Þá varð einnig samkomulag um að setja á stofn samráðsnefnd sem skipuð væri fulltrúum stéttarfélaganna og ÍAV og að um störf nefndarinnar færi skv. samkomulagi ASÍ og SA frá 17. febrúar 2008 um stórf framkvæmdir.

### ***Kárahnjúkar***

Nú hillir undir lok framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun ef frá er talið verk sem ÍSTAK mun fara í sumarið 2009. Starfsmenn á svæðinu eru nú um 400 og samhliða verklokum um mánaðarmót nóvember og desember munu flestir erlendir starfsmenn á virkjunarsvæðinu fara af landi brott. Virkjunarsamningur ASÍ gildi til 31. desember 2007 en tekin var á starfsárinu ákvörðun um að framlengja gildistíma hans til loka framkvæmdanna. Starfsemi fastanefndar framkvæmdaraðila og verkalýðshreyfingar, KARPERM, hefur og runnið sitt skeið. Um var að ræða nefnd skipaða fulltrúum félaganna sem aðild eiga að virkjunarsamningi annars vegar og Impregilo hins vegar og sem stofnuð var 7. mars 2005. Hún átti sinn 12 og síðasta fund þann 16.4 2008. Samhliða hefur aukin ábyrgð á málefnum tengdum framkvæmdunum óhjákvæmilega færst í hendur stéttarféлага á svæðinu. Aðaltrúnaðarmaður stéttarfélaganna mun láta af störfum um næstkomandi áramót og öryggistrúnaðarmenn um mánaðarmót október og nóvember.

Reynslan af þessari framkvæmd er ASÍ mikilvæg og hefur leitt til margháttaðra breytinga í löggjöf er varðar réttindi og skyldur erlendra ríkisborgara og erlendra framkvæmdaraðila hér á landi og breytt starfsháttum víðeigandi opinberra stofnana.



## Fræðslu- og menntamál

Alþýðusamband Íslands og stofnanir þess taka virkan þátt í mennta-  
starfi hér á landi, bæði með stefnumótun og þátttöku í framkvæmd á  
fjölmörgum sviðum. Auk þess standa MFA-fræðsludeild ASÍ og Mímir-  
símenntun, sem er í eigu ASÍ, fyrir öflugri fræðslustarfi. Þá á Alþýðu-  
sambandið aðild að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Starfsmenntaráði,  
MENNT, samstarfsvettvangi atvinnulífs og skóla, stjórn landsskrifstofu  
menntaáætlunar ESB, 18 manna nefnd menntamálaráðuneytisins um  
verkmenntun á framhaldsskólastigi, auk þess að vera tilnefningaraðili í  
starfsgreinaráð á framhaldsskólastigi.

Aukinni áherslu Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar á mik-  
ilvægi menntunar, bæði góðrar grunnmenntunar og símenntunar, hefur fylgt  
mjög aukið starf á þessu sviði á vettvangi samtakanna og vænta má þess að  
sú þróun haldi áfram.

Á vettvangi Menntanefndar ASÍ hefur átt sér stað mikil umræða um stöðu  
og framtíð menntamála og um hlutverk verkalýðshreyfingarinnar í þeim  
efnum. Hér bar á tímabilinu hæst umfjöllun og umsagnir um fjögur frumvörp  
menntamálaráðherra um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og menntun



kennara. Þá voru í tengslum við undirbúning og gerð kjarasamninga ASÍ og SA 17. febrúar tekin mikilvæg skref í þessum efnum, bæði í kjarasamningunum sjálfum, með sérstakri bókun samningsaðila og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem fylgdi samningunum.

Hér á eftir verður fjallað nánar um nokkur viðfangsefni á sviði menntamála á tímabilinu á vettvangi Alþýðusambandsins eða sem ASÍ kom að.

## **Félagsleg fræðsla**

### ***MFA fræðsludeild ASÍ***

Menntanefnd ASÍ er stjórn MFA fræðsludeildar. Markmið MFA er að bjóða upp á fræðslu og námskeið sem styrkja talsmenn í starfi til að þeir séu betur í stakk búnir að takast á við kröfur sem gerðar eru og stöðugar breytingar í samfélaginu. Lögð er áhersla á að námsframboð miðist við þarfir og aðstæður félaga hverju sinni. MFA býður upp á ráðgjöf og þarfagreiningu fyrir einstök félög og geta stéttarfélögin þannig nýtt sér námskeið og fræðslu til að móta starf og stefnu. Í samráði við þarfir félaga er hægt að þróa námskeið og námsefni.

### ***Félagsmálaskóli alþýðu***

Félagsmálaskóli alþýðu er rekinn af MFA og er deildarstjóri fræðsludeildar jafnframt skólastjóri Félagsmálaskólans. Skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu ber ábyrgð á rekstri skólans ásamt skólastjóra. Skólanefndin hittist fimm sinnum á skólaárinu. Félagsmálaskólinn fær framlag úr ríkissjóði til reksturs skólans og gerir skólastjóri fjárhagsáætlanir fyrir hann. Talsmenn BSRB hafa einnig aðgang að Félagsmálaskólanum. Þjónustusamningur er við Mími símenntun um ýmsa framkvæmdarþætti.

Í samstarfi við skólanefnd Félagsmálaskólans og einnig menntanefnd, mótar deildarstjóri heildarsýn fræðslustarfsins og stefnu fyrir hverja önn. Þarfagreining og stefnumótun fléttast inn í daglegt starf deildarstjórans og eru tengsl hans við talsmenn stéttarfélaga mikilvægur þáttur í starfi deildarinnar.

### ***Trúnaðarmannanámskeið***

Fræðsludeildin er með námskeið fyrir trúnaðarmenn og talsmenn stéttarfélaganna. Stéttarfélögin panta trúnaðarmannanámskeið hjá fræðsludeildinni og í samráði við deildarstjóra eru gerð drög að dagskrá.

Trúnaðarmannanámskeiðin voru með hefðbundnum hætti á árinu. Alls voru 33 trúnaðarmannanámskeið haldin og voru þau allt frá tveimur dögum til fimm. Alls sóttu 422 námskeiðin sem er aukning frá fyrra ári en þá sóttu aðeins 321 námskeiðin.



## ***Formlegt mat á trúnaðarmannanámi***

Gefnar voru út tvær námsskrár Trúnaðarmannafræðsla I og II samtals 142 kennslustundir. Gerður var samningur við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um að fá trúnaðarmannanámið metið til eininga á framhaldsskólastigi. Markmiðið með formlegu mati er að efla trúnaðarmannafræðsluna, fjölga námsþáttum og gera trúnaðarmönnum kleift að nýta sér námskeiðin ef þeir vilja halda áfram námi.

## ***Háskólanám***

Samstarfinu við Háskólann á Akureyri um rekstrar – og stjórnunarnám fyrir trúnaðarmenn og talsmenn verkalýðshreyfingarinnar lauk formlega vorið 2008. Það var sérsniðið 18 eininga nám, skipulagt með þarfir forystu- og starfsmanna stéttarfélaga í huga, bæði hvað varðar námsgreinar og skipulag. Þá útskrifuðust 10 nemendur síðastliðið vor, en alls luku 47 nemendur 18 einingum. Samstarfið hófst haustið 2004 og fyrsti hópurinn sem hóf námið útskrifaðist vorið 2006.

## ***Námskeið***

Almenn námskeið sem eru í boði fyrir stéttarfélög eru ýmist auglýst og þá opin öllum eða pöntuð af einstökum félögum.

Haustið 2007 voru þrjú styttri námskeið í boði: *Jafnrétti, Formlegur undirbúningur kjarasamninga, afgreiðsla þeirra og boðun verkfalla* og *Lífið í karpúsínu*. Einnig var boðið uppá fimm lengri námskeið: *Opið trúnaðarmannanámskeið I – grunnur, Námsþvotning á vinnustað, Samningatækni, Enskt talmál* og *Opið trúnaðarmannanámskeið I – framhald*.

Vorið 2008 voru þrjú styttri námskeið í boði: *Að efla framkomu sína, Færnimappa talsmannsins* og *Grundvallarþættir á íslenskum vinnumarkaði*. Auk þess var boðið upp á tvö lengri námskeið: *Opið trúnaðarmannanámskeið I – grunnur* og *Opið trúnaðarmannanámskeið I – framhald*.

Alls sóttu 79 talsmenn námskeiðin þetta skólaár.

## ***Útgáfa***

Á vegum fræðsludeildar er bæði gefið út efni í prentuðu formi og rafrænu. Til að auðvelda trúnaðarmönnum og félagsmönnum aðgengi að upplýsingum hefur verið útbúin upplýsingaveita sem kallast Vefnám trúnaðarmannsins og er á heimasíðu skólans. Vefnámið gerir fólki kleift að sækja sér upplýsingar um störf trúnaðarmanna hvar og hvenær sem því hentar.

## ***Handbók trúnaðarmannsins***

Handbók trúnaðarmannsins kom fyrst út vorið 2004 og hefur selst í 2.389 eintökum. Mörg félög hafa keypt handbókina fyrir alla trúnaðarmenn sína. Handbókin er í stöðugri endurskoðun. Þá hafa fimm kaflar verið þýddir á sex tungumál: ensku, pólsku, portúgölsku, tagalog, rússnesku og þýsku.

## ***Önnur störf Genfarskólinn***

Deildarstjóri er í stjórn Genfarskólans. MFA sendir tvo þátttakendur í Genfarskólann sem haldinn er í tengslum við þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf.

## ***Starfsmenntaverðlaun***

Deildarstjóri situr í dómnefnd Starfsmenntaverðlauna.

## **Ný löggjöf um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og mál- efni kennara**

Menntamálaráðherra lagði í nóvember 2007 fram á Alþingi fjögur frumvörp til laga um skólastigin þrjú; leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, auk frumvarps um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda.

Á vettvangi ASÍ var fjallað ítarlega um framkomin frumvörp menntamálaráðherra, bæði með kynningum og síðan umræðu. Þinginn af þessu starfi var hjá menntanefnd ASÍ. Alþýðusambandið sendi frá sér umsögn um framhaldsskólafrumvarpið í lok janúar 2008. Í febrúar fylgdu síðan umsagnir um hin frumvörpin þrjú. Á öðrum stað í skýrslunni eru umsagnirnar birtar í heild sinni.

Megininntakið í öllum umsögnunum var að tekið er undir ýmislegt sem horfir til framfara varðandi eflingu skólastarfsins, val og möguleika nemenda og að á öllum skólastigum verði horft til tækifæra og möguleika einstaklinganna með það að markmiði að allir hafi tækifæri til að menntast, eflast og þroskast í náminu. Jafnframt voru settar fram athugasemdir og ábendingar um ýmislegt sem betur mætti fara. Þá er í umsögnunum að finna alvarlega gagnrýni á nokkra þætti í frumvörpunum.

Í umsögninni um framhaldsskólafrumvarpið er bent á að það komi glöggt fram um leið og frumvarpið er lesið að það var samið af skólafólki án eðlilegs og nauðsynlegs samráðs við atvinnulífið. Þá segir m.a.:

„Þannig er frumvarpið mjög skólamiðað meðan núverandi framhalds-

skólalög leggja áherslu á hlutverk og ábyrgð atvinnulífsins varðandi skipulag og framkvæmd iðn- og starfsnáms. Aðkoma atvinnulífsins að uppbyggingu náms og framkvæmd kennslu er gerbreytt og úr henni dregið á öllum sviðum. Ekki er gerður greinarmunur á þörfum móttökuáðila þeirra nemanda sem útskrifast úr framhaldsskólakerfinu, þ.e. háskóla annars vegar, og fyrirtækja og atvinnulífs hins vegar. Háskólar setja kröfur um þekkingu nemanda til frekari náms. Fyrirtæki og starfsmenn þeirra hafa gert það í núverandi kerfi fyrir tilstilli starfsgreinaráða.

Starfsemi starfsgreinaráða hefur eflst mjög á þeim 10 árum sem þau hafa starfað og liggur nú mikil þekking og reynsla í verklagi og verkefnavinnu hjá ráðunum. Ef iðn- og starfsnám verður þróað, stýrt og metið af skólunum eins og frumvarpið gengur út frá er þeirri hættu boðið heim að iðn- og starfsnámsnemendur öðlist minni þekkingu og færni en nú er þar sem ekki er tekið tillit til álits, krafna og reynslu móttökuáðilans, þ.e. atvinnulífsins. Það væri mikið óheillaskref ef þeirri þekkingu og reynslu sem er til staðar í atvinnulífinu og miðlað hefur verið í gegnum starfsgreinaráðin, skv. núgildandi lögum, yrði kastað á glæ eins og frumvarpið býður heim hættunni á.

Ljóst er að hvað varðar aðkomu atvinnulífsins að iðn- og starfsnámi á framhaldsskólastigi hefur verið gengið þvert gegn meginhugsun og mörgum mikilvægum tillögum Starfsnámsnefndarinnar um Nýjan framhaldsskóla sem viðtæk samstaða var um meðal allra aðila sem málið varðar og Alþýðusamband Íslands hefur ítrekað lýst stuðningi sínum við.“

Í umsögn um leikskólafrumvarpið er gerð alvarleg athugasemd við stöðu annarra starfsmanna leikskólanna en leikskólakennara samkvæmt því. Þá segir m.a.:

„Í 8. gr. frumvarpsins er fjallað um símenntun starfsfólks leikskólanna. Þar er í fyrri málsgrein kveðið á um frumkvæði leikskólastjóra við að „*móta áætlun um hvernig símenntun starfslíðs skuli háttáð*“. Samkvæmt seinni málsgreininni verður hins vegar ekki annað skilið en að „starfslíð“ leikskólans sé í þessum skilningi bundið við leikskólastjóra og leikskólakennara eingöngu.

Hér er með öðrum orðum ekkert að finna um réttindi og mikilvægi þess að aðrir starfsmenn leikskólanna eigi kost á símenntun til að „efla starfshæfni sína“ og kynnast nýjungum í leikskóla og uppeldismálum.

Afstaða í frumvarpinu til símenntunar annarra starfsmanna leikskólanna en leikskólastjóra og leikskólakennara felur í sér óásættanlega mismunun og forneskju í hugsun og hamlar eðlilegri starfsþróun starfsmanna og þróun leikskólans.“

Í umsögn um frumvarpið til grunnskólalaga er gerð sambærileg athugasemd varðandi símenntun eins og í umsögninni um leikskólafrumvarpið.

Í umsögn um frumvarpið um menntun og ráðningu kennara og skólastjórna

enda er gagnrýnt hvernig standa á að lengingu kennaranámsins og bent á að ekkert tillit sé tekið til möguleika annarra starfsmanna skólanna (leikskóla og grunnskóla) til að afla sér kennaramenntunar og tryggja þannig möguleika þeirra á framþróun í starfi. Þá er gagnrýnt hvernig standa á að löggildingu leikskólakennarastarfsins og þær neikvæðu afleiðingar sem sú nálgum muni hafa fyrir aðra starfsmenn, sem eru stór hluti af starfsmönnum á þessu skólastigi.

## **Starfsmenntun, annað tækifæri til náms og löggjöf um fullorðinsfræðslu**

Í framhaldi af stefnumótun ASÍ varðandi löggjöf um fullorðinsfræðslu og annað tækifæri til náms sem unnin var á fyrri hluta árs 2007 hefur Alþýðusambandið unnið að því að hrinda þessari stefnu í framkvæmd. Mikilvægur þáttur í þeirri viðleitni er starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem gerð er grein fyrir hér á eftir.

Í aðdraganda kjarasamninganna á milli ASÍ og SA sem undirritaðir voru 17. febrúar voru menntamálin ofarlega á dagskrá. Í áherslum sem forysta ASÍ lagði fram 12. desember 2007 í viðræðum við stjórnvöld undir yfirskriftinni „Sáttmáli um efnahagslegt jafnvægi og félagslegt réttlæti“ sagði m.a.:

### **„Áherslur í menntamálu“**

- a. Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðar sameinist um stefnu sem felist í því að ekki verði fleiri en 10% á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsmenntunar árið 2020 og fjármögnun verði tryggð.
- i. Framlög til starfsmenntunar og fullorðinsfræðslu verði aukin í 500.000.000 kr.
- ii. Sett verði í lög að allir eigi rétt á viðurkenndu framhaldsnámi á kostnað ríkisins.
- iii. Tryggt verði að almenningur eigi rétt á raunfærnimati með sömu kostnaðarskiptingu og í fullorðinsfræðslu (85-10-5 reglunni milli ríkis, fræðslusjóðs og einstaklings).
- b. Tryggt verði að launafólk hafi raunhæfan möguleika á að sækja sér aukna menntun og fræðslu.
- i. Heimilt verði að nýta séreignarsparnað sem menntareikninga án þess að skattfrelsi innborgana raskist.
- ii. Settar verði reglur sem heimili fullorðnu fólki (25 ára og eldra) að fá námslán til að ljúka viðurkenndu framhaldsnámi án tengsla við fyrri tekjur.
- c. Aðstaða til verknáms og bóknáms verði jöfnuð.

- i. Efnisgjöld hjá nemum á verknámsbrautum verði felld niður og viðmiðun í hópafjölda lækkuð í 12.
- ii. Að starfsmenntun standi jafnfætis háskólanámi með 70% þátttöku ríkis í kennslulaunum á starfsmenntanámskeiðum.“

Í yfirlýsingu stjórnvalda sem birt var 17. febrúar er áherslum ASÍ mætt í öllum helstu atriðum. Þar er sett fram markmiðið um að ekki verði fleiri en 10% án viðurkenndrar framhaldsskólamenntunar 2020 og sérstök áhersla lögð á annað tækifæri til náms. Sett verði löggjöf um fullorðinsfræðslu sem tryggi að allir hafi tækifæri til menntunar að loknu grunnskólanámi þannig að jafnræðis sé gætt. Útlánareglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna verði breytt með það að markmið að gæta jafnræðis milli einstaklinga og hópa varðandi tækifæri til menntunar, sem tengist einnig öðru tækifæri til náms. Loks er að finna yfirlýsingu um að framlög til símenntunar og fullorðinsfræðslu verði aukin um 300 milljónir á næstu tveimur árum.

Unnið hefur verið að því að hrinda efni yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í framkvæmd. Frumvarp um fullorðinsfræðslu er í vinnslu og stefnt að því að það verði lagt fram haustið 2008. Þá hefur ASÍ lagt áherslu á að sett verði fram tímasett og markmiðsmiðuð verk- og fjárhagsáætlun um það hvernig ná á settu markmiði árið 2020. Þá er unnið að því að útfæra hvernig farið verður með aukið fjármagn til símenntunar og fullorðinsfræðslu.

## **Fræðslumiðstöð atvinnulífsins**

Þetta starfsár er það sjötta í röðinni en Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) var stofnuð af ASÍ og SA í árslok 2002 og hóf starfsemi á miðju ári 2003. Starfsemin byggist á þjónustusamningi sem ASÍ og SA gera við menntamálaráðuneytið. Fyrsti þjónustusamningurinn var undirritaður í apríl árið 2003 og gildi hann út árið 2006. Hins vegar gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu í tengslum við niðurstöður ASÍ og SA um gildi kjarasamninga í nóvember 2005. Í þeirri yfirlýsingu var greint frá því að fé yrði aukið til fullorðinsfræðslu og starfsmenntamála. Ákveðið var að fela FA að vinna að þeim málum sem yfirlýsingin kvað á um og var þjónustusamningurinn því endurnýjaður í ársbyrjun 2006. Viðauki var gerður við samninginn í ársbyrjun 2007, þar sem FA var falið að móta reglur og deila út fé til fræðslumiðstöðva iðngreina vegna námsráðgjafar á vinnustað og raunfærnimats. Í sambandi við kjarasamninga í febrúar 2008 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu í tengslum við kjarasamninga ASÍ og SA um aukið framlag til símenntunar og fullorðinsfræðslu sem nýttist fólki á vinnumarkaði. Þegar þetta er ritað hefur ekki verið gengið frá samningum

um þetta fé.

### ***Stjórn***

Stjórnarmenn árið 2007-2008 voru fyrir hönd ASÍ Gylfi Arnbjörnsson, Finnbjörn A. Hermannsson og Atli Lýðsson. Af hálfu SA voru Guðrún Eyjólfsdóttir, Grétar Halldórsson og Sigríður Anna Guðjónsdóttir. Varamenn í stjórn voru: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir fyrir hönd ASÍ og Jónína Gissurar-dóttir fyrir hönd SA. Gylfi Arnbjörnsson hætti í stjórn á aðalfundi í júní 2008 og við tók Halldór Grönvold. Stjórnin hélt 11 stjórnarfundum á árinu. Ársfundur var haldinn 28. nóvember 2007. Aðalfundur var haldinn 12. júní.

### ***Starfsmenn***

Starfsmenn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins voru: Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, Anna Vilborg Einarsdóttir, Ásmundur Hilm-arsson, Björn Garðarsson, Fjóla María Lárusdóttir, Guðfinna Harðardóttir, Lena Nilsen, Sigríður Jóhannsdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir, Heimir Guð-jónsson lét af störfum um áramót. Sigrún Kristín Magnúsdóttir lét af störfum í nóvember 2007, en vann að nokkrum verkefnum í ágúst og september 2008. Stöðugildi voru tæplega 9 á árinu.

## **Úttekt á starfsemi FA**

Á síðastliðnu ári var framkvæmd úttekt á starfsemi FA. Það var mennta-málaráðuneytið sem hafði umsjón með úttektinni og fékk Par-X viðskiptaráð-gjöf IBM til verksins. Par-X gerði skýrslu sína m.a. á grundvelli sjálfsmats-skýrslu FA, sem skilað hafði verið til ráðuneytisins 15. september 2007. Úttektin fór fram á tímabilinu september til desember 2007. Fram kemur í skýrslunni að FA hafi unnið mjög gott starf og almennt sé mikil ánægja með verkefnum hjá samstarfsaðilum FA en einnig eru þar gerðar tillögur um ýmis fleiri verkefni sem FA hefur góðar faglegar forsendur til að vinna og til framfara horfa og bent á ýmsar breytingar sem mætti gera á innri starfsemi, sérstaklega ef verkefnum fjölgar og verkefnasvið vikkar.

Á grundvelli tillagnanna í úttektarskýrslunni hefur stjórn og starfsfólk FA rætt hugmyndir og leiðir til að framkvæma þær og unnið sérstaka framkvæmdaáætlun sem er ætlað að taka á þeim meginþáttum sem fram koma í skýrslunni. Ýmislegt er þegar búið að framkvæma eða komið á veg síðan úttektin var gerð en annað þarf lengri tíma og er háð stefnumörkun stjórnar og ráðuneytis og jafnvel einnig háð vilja og ákvörðunum annarra aðila, s.s. ASÍ, SA, HÍ, Hagstofunnar og ýmissa fræðsluaðila á vinnumarkaði. Í framhaldi af

úttektinni var starfsmannahandbók FA yfirfarin á árinu 2008.

## **Þjónustusamningar við menntamálaráðuneytið**

Allir þjónustusamningarnir eiga það sammerkt að markhópar starfseminnar er fólk á vinnumarkaði, sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, innflytjendur og aðrir sambærilegir hópar. FA er ekki ætlað að sinna markhópum sínum beint, heldur í gegnum samstarfsaðila sína sem eru símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni, Mímir-símenntun og fræðslumiðstöðvar iðngreina.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir starfseminni samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið.

Í fyrsta lagi verður gerð grein fyrir þeim verkefnum sem veitt er fé til hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum.

Í öðru lagi verkefnum, sem FA annast.

Í þriðja lagi verður greint frá nokkrum stórum verkefnum sem eru fjármögnuð með öðrum hætti.

## **Framlög til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva**

Greiðslur til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva komu fyrst inn í samninga FA árið 2006 og hafa því verið framkvæmdar á þriðja ár. Framlagið til miðstöðvanna greinist í þrjá hluta og verður gerð grein fyrir þeim hverjum fyrir sig.


1. Framlag til vottaðs náms hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum og Mími-símenntun.
2. Framlag til símenntunarmiðstöðvanna níu og Mímis-símenntunar vegna náms- og starfsráðgjafar á vinnustöðum.
3. Framlag til námsráðgjafar og raunfærnimats hjá fræðslumiðstöðvum iðngreina, sem eru tvær talsins.

### ***Framlag til vottaðra námsleiða***

Árið 2007 var greitt til vottaðra námsleiða um 117 milljónir króna, sambærileg upphæð fyrir 2008 er um 143 milljónir króna. Alls sóttu 1.375 nemendur nám í 136.038 nemendastundir árið 2007. Áætlaður fjöldi eininga er 9.821. Einingaverðið á vorönn er því tæplega 12 þúsund krónur.

Um 52% nemendastunda fóru fram á höfuðborgarsvæðinu, (70.766) en 48% á landsbyggðinni (65.272). Þátttaka símenntunarmiðstöðvanna á landsbyggðinni í þessari framkvæmd vex hratt en árið áður var sambærilegt hlutfall 73% og 28%.

Aukning í vottuðu námi í nemendastundum er 84% milli árana 2006 og 2007. Sambærilegar tölur fyrir árið 2008 liggja ekki fyrir.





### ***Framlag til náms- og starfsráðgjafar hjá símenntunarmiðstöðvum***

Árið 2008 er þriðja árið, sem fjármagni er veitt í náms- og starfsráðgjöf hjá símenntunarmiðstöðvunum og Mími-Símenntun. Samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið var ákveðið að verja 46,3 milljónum til náms- og starfsráðgjafar fyrir markhópin á árinu 2007. Árið 2008 er þessi upphæð rúmar 48 milljónir. Allir til þess bærir aðilar gerðu viðaukasamninga um fjárframlag til ráðgjafarinnar.

Á árinu 2007 voru haldnir 499 kynningarfundir í 437 fyrirtækjum. Fundina





sóttu 4.486 einstaklingar og komu 1.581 í viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa í framhaldi af kynningarfundum. Sjá mynd.

Nokkuð víst má telja að ráðgjöfin eigi hlutdeild í þeirri miklu aukningu sem er á þátttöku í námi á vegum samstarfsaðilanna, bæði vottuðu og óvottuðu. Að mati allra hlutaðeigandi er hún mjög gagnleg.

Samanburður milli ára 2006 og 2007 sýnir mikla aukningu í þessari þjónustu við markhóp FA. Allir samstarfsaðilar FA hafa aukið fjölda viðtala milli ára.

Árangursmarkmið voru endurskoðuð á árinu 2007. Fljótlega varð ljóst að þau höfðu verið of metnaðarfull í upphafi starfseminnar árið 2006 og var heimilud 40% lækkun þeirra bæði vegna ársins 2006 og aftur vegna ársins 2007.

Í nýju árangursmarkmiðunum er miðað við að 50% af greiðslu til símenntunarmiðstöðvar sé fast framlag til starfseminnar. Þetta framlag á að dekkja m.a. stjórnun, utanumhald, aðstöðu og tæki, skýrslugerð, gæðavinnu og fræðslufundi ásamt kynningar- og markaðsmálum. Kynningarfundir flokkast undir þennan lið og skal telja einstaklinga sem sækja kynningarfundi.

Hinn helmingur framlagsins er til einstaklingsviðtala og hópráðgjafar. Viðtölín eru verðlögð í tveimur flokkum, þ.e. dýrari viðtöl á Vestfjörðum og Austurlandi vegna fjarlægðar og erfiðra skilyrða. Aðrar miðstöðvar eru með sama verð á viðtölum. Miðað er við að miðstöð skili af sér lágmarksfjölda viðtala. Fari miðstöð niður fyrir lágmark ber henni að endurgreiða þann fjölda viðtala sem á vantar, á verði viðtals fyrir viðkomandi svæði. Ekki er greitt sérstaklega fyrir viðtöl umfram lágmark. Óskað verður eftir tíðari skilum á skýrslum um framvindu starfsins. Séu árangursmarkmið ekki uppfyllt með reglulegum hætti hjá miðstöð er heimilt að stöðva greiðslur til miðstöðvarinnar.

Á árinu 2008 hefur verið lögð sérstök áhersla á að búa til gæðaskilgreiningar í starfinu. Meðal annars er lagt er upp með að gera greinarmun á hvatningarviðtölum og náms- og starfsráðgjöf. Opnaður hefur verið möguleiki á því að fleiri sinni hvatningarviðtölum en menntaðir náms- og starfsráðgjafar. Þar sem einkum er um námshvatningu og ráðleggingar um færniuppbyggingu að ræða geta fagaðilar eða sérfræðingar á tilteknum sviðum einnig komið að ráðgjöf og jafnframt vísað fólki áfram til náms- og starfsráðgjafa.

### ***Framlag til náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats hjá fræðslumiðstöðvum iðngreina***

Í upphafi árs 2007 gerðu ASÍ og SA viðaukasamning við menntamálaráðu-

neytið. Í samningnum er FA falið að skilgreina nýtingu fjár sem ætlað er að gera fræðslumiðstöðvum í löggiltum iðngreinum kleift að bjóða upp á þjónustu náms- og starfsráðgjafa. Einnig að FA þrói í samstarfi við þessa aðila aðferðir við raunfærnimat sem eru til þess fallnar að nýtast einstaklingum sem hafa hafið iðnnám, en ekki lokið sveinsprófi. Til þessa starfs var veitt 30 milljónum á árinu. IÐAN fræðslusetur fékk 21,3 milljónir og Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins 8,7 milljónir. Í upphafi var miðað við að 80% færu til náms- og starfsráðgjafar en 20% til raunfærnimats. Fljótlega kom í ljós að raunfærnimatið gekk mjög vel og var flutt fjármagn á milli liða hjá báðum miðstöðvum. IÐAN nýtti 10.250.000 í ráðgjöfina og 11.050.000 í raunfærnimatið. Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins nýtti tæplega 6 milljónir í ráðgjöfina og rétt rúmlega 2,7 í raunfærnimatið. Fjármagnið í þetta verkefni vegna ársins 2008 er 31 milljón króna.

### ***Raunfærnimat***

Fjöldi einstaklinga sem tók þátt í raunfærnimati var 106, 73 hjá IÐUNNI og 33 hjá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins. Staðnar einingar voru 2.050 hjá IÐUNNI og 419 hjá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins, samtals 2.469 einingar.

Árangursmarkið gerðu ráð fyrir að staðnar einingar yrðu 2.119. Árangursmarkmið stóðust hjá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins en IÐAN fór 17% fram úr árangursmarkmiðunum og lækkar það verð pr. staðna einingu úr 6.500 niður í 5.390. Meðalverð á staðna einingu er því 5.579 krónur.

Skipting á starfsgreinum er sýnd á neðangreindri töflu.

| Fræðsluaðili                    | Fjöldi einstaklinga | Fjöldi viðtala | Fjöldi eininga í mati | Fjöldi staðinna eininga | Árangursviðmið - einingar | Fjármagn   | Verð pr. einingu |
|---------------------------------|---------------------|----------------|-----------------------|-------------------------|---------------------------|------------|------------------|
| ALLS                            | 106                 | 679            | 4.224                 | 2.469                   | 2.119                     | 13.773.500 | 5.579            |
| Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins | 33                  | 298            | 682                   | 419                     | 419                       | 2.723.500  | 6.500            |
| Iðan                            | 73                  | 381            | 3.542                 | 2.050                   | 1.700                     | 11.050.000 | 5.390            |

| Starfsgrein                | Fjöldi einstaklinga | Fjöldi viðtala | Fjöldi eininga í mati | Fjöldi staðinna eininga | Meðaltal staðinna eininga pr. einstakling |    |
|----------------------------|---------------------|----------------|-----------------------|-------------------------|---|----|
| ALLS                       | 106                 | 679            | 4.224                 | 2.469                   | 23  |    |
| Bilgreinar                 |                     | 22             | 110                   | 1.072                   | 667                                       | 30 |
| Hárgreiðsla                |                     | 2              | 6                     | 28                      | 0   | 0  |
| Hússasmiði                 |                     | 29             | 192                   | 1.213                   | 893                                       | 31 |
| Matreiðsla - námssamningur |                     | 5              | 28                    | 630                     | 190                                       | 38 |
| Málaraiðn                  |                     | 15             | 45                    | 599                     | 300                                       | 20 |
| Rafvirkjun                 |                     | 33             | 298                   | 682                     | 419                                       | 13 |

Þar kemur einnig fram að meðaltal staðinna eininga á mann eru 23, en eru eftir greinum frá 13 einingum í rafvirkjun til 38 eininga í námssamningum vegna matreiðslu. Bæði bílgreinar og húsasmíði gefa af sér um 30 einingar á mann að meðaltali.

### **Ráðgjöf**

Náms- og starfsráðgjöf hjá fræðslumiðstöðvum iðngreina snerist mjög mikið um raunfærnimat. Engu að síður tóku þær einnig á móti einstaklingum í viðtal og fóru á vinnustaði. Heildarfjöldi viðtala var 1.171 viðtal. ÍÐAN tók 775 viðtöl en Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins tók 396 viðtöl. Árangur beggja var að meðaltali 49% yfir árangursmarkmiðum. Sjá töflu hér að neðan.

| Fræðsluaðili         | Raunfjöldi viðtala | Árangurs-<br>markmið | Mismunur   | Hlutfall umfram<br>markmið |
|----------------------|--------------------|----------------------|------------|----------------------------|
| <b>Samtals</b>       | <b>1171</b>        | <b>787</b>           | <b>384</b> | <b>49</b>                  |
| ÍÐAN                 | 775                | 497                  | 278        | 56                         |
| Fræðsluskrf. Rafiðn. | 396                | 290                  | 106        | 37                         |

### **Starfsemi FA samkvæmt þjónustusamningum**

Viðtækt samstarf hefur tekist við flesta þá aðila, sem starfa að fræðslumálum á vegum ASÍ og SA. Allir skilgreindir samstarfsaðilar hafa komið til samstarfs á þeim árum sem liðin eru frá stofnun FA, þ.e. allar símenntunarmiðstöðvarnar, Mímir-símenntun, fræðslumiðstöðvar iðngreina, fræðslusjóðirnir Landsmennt, Sveitamennt, Ríkismennt, Starfsafl og Fræðslusjóður verslunar- og skrifstofufólks. Mikil þátttaka hefur einnig verið frá baklandi ASÍ og SA í samstarfsverkefnum, ber þar einkum að nefna SGS, VR, SAF og SVP. Fleiri en skilgreindir samstarfsaðilar hafa leitað eftir samstarfi við FA og hefur ráðið úrslitum um slíkt samstarf, hvort verkefnin hafi samlegðaráhrif við þau þróunarverkefni sem FA vinnur að.

### **Húsfélag**

Sem lið í þjónustu við fræðslustofnanir á vegum ASÍ og SA hefur FA boðið upp á húsnæðissamstarf. Mímir – símenntun og Landsmennt, starfsmenntun Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni hafa leigt húsnæði af FA. Háskólinn á Bifröst kom inn í húsnæðissamstarfið í september 2007. Starfsemin hefur nú verið tvö ár í Skeifunni 8, 2. hæð. Auk skrifstofuaðstöðu er í húsakynnum FA aðstaða fyrir fjarfundarbúnað, tvö fundarherbergi og ein kennslustofa. Mímir – símenntun hefur á sínum snærum 8 kennslustofur. Símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni hafa heimild til að nýta vinnu- og fundaraðstöðu hjá FA.

Húsnæðið í Skeifunni 8 er talsvert stærra en fræðslusamfélagið hefur þörf fyrir núna. Þetta gefur möguleika bæði á húsnæðissamstarfi við fleiri fræðsluaðila en ekki síður vaxtarmöguleika fyrir núverandi samstarfsaðila. Meðan húsnæðinu hefur ekki verið ráðstafað til samstarfsaðila er það leigt út til óskyldrar starfsemi.

Jafnframt er reynt að ná samlegðaráhrifum í þjónustu samstarfsaðilanna.

Í gildi eru þjónustusamningar við allar símenntunarmiðstöðvarnar, Mími-símenntun og fræðslumiðstöðvar iðngreina. Jafnframt eru í gildi þjónustusamningar við fleiri aðila, svo og ýmsir verkefnasamningar um námsskrárgerð, gátlistagerð, o.fl.

### ***Nýjar námsleiðir***

Á sl. ári voru gefnar út eftirtaldar námsskrár; Fagnámskeið fyrir starfsmenn í félags- og heilbrigðisþjónustu, 198 kennslustundir að lengd, ætlað þeim sem aðstoða, annast um að hlynna að sjúkum, fötludum og öldrudum á einkaheimilum eða stofnunum. Fagnámskeið starfsmanna leikskóla, 210 kennslustundir að lengd, ætlað þeim sem starfa á leikskólum og hafa hug á að sækja nám á leikskólabrú framhaldsskóla. Færni í ferðaþjónustu I, 60 kennslustundir að lengd, ætlað starfsmönnum í ferðaþjónustu eða þeim sem stefna að starfi í greininni. Þjónustuliðar – grunnnám, 60 kennslustundir að lengd, ætlað þeim sem starfa við ræstingar, hreingeringar, sóttþreinsun eða starfa í býtibúrum, borðstofum, kaffistofum, matsölum og þvottahúsum. Trúnaðarmannanámsskeið I, 81 kennslustund, ætlað trúnaðarmönnum á vinnustöðum. Trúnaðarmannanámsskeið II, 61 kennslustund, ætlað trúnaðarmönnum á vinnustöðum. Öryggisvarðanám, 300 kennslustunda nám ætlað þeim sem vinna hjá fyrirtækjum sem annast öryggisþjónustu í atvinnuskyni.

Námsskrárnar hafa allar verið metnar til eininga á framhaldsskólastigi. Það opnar möguleika fyrir þá sem ljúka námi samkvæmt þeim, að stytta nám sitt í framhaldsskólum landsins, kjósi þeir að hefja nám. Ekki hefur enn gefist möguleiki á að kanna hversu margir hafa nýtt sér þann möguleika.

Á árinu var jafnframt unnið að eftirtöldum námsleiðum; Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum, 300 kennslustundir, ætlað starfsmönnum, sem hófu nám í iðngrein en luku ekki almennum bóklegum áföngum, sem krafist er fyrir lokapróf og öðrum þeim sem vilja spreyta sig á námsgreinum framhaldsskólans. Nám á umhverfis- og framkvæmdasviði sveitarfélaga, 200 kennslustundir, ætlað þeim sem starfa á umhverfis- og framkvæmdasviði sveitarfélaga. Færni í ferðaþjónustu II fyrir starfsmenn í ferðaþjónustu í samstarfi við SGS og SAF. Um er að ræða 100 kennslustunda nám ætlað starfsmönnum

í afþreyingu, á bílaleigum, hópferðabílum og í hótél- og veitingagreinum.

### ***Gæði náms***

Í lok árs 2007 gerði FA könnun meðal samstarfsaðila á notkun gæðaviðmiðana, sem unnin voru í samstarfi FA og samstarfsaðilanna. Svör fengust frá sex af tíu samstarfsaðilum. Allir þeir sem svöruðu sögðust notast að einhverju leyti við viðmiðin til að auka gæði starfsemi sinnar.

FA tók sl. haust við verkefninu RECALL af Mennt. Um er að ræða evrópskt samstarfsverkefni með þátttakendum frá 9 löndum. Þrír fundir hafa verið haldnir í verkefninu eftir að FA tók við því, dagana 20.-23. febrúar í Bretlandi, dagana 8.-10. maí í Slóveníu og dagana 6.-8. október í Osló. Í RECALL er unnið að því að búa til kerfi til vottunar fræðsluaðila. Mikil vinna hefur átt sér stað í þessu verkefni á árinu. Þegar verkefninu lýkur í ársbyrjun 2009 munu niðurstöður þess og afurðir verða kynntar fyrir hagsmunaaðilum.

### ***Þróun mats á raunfærni***

Raunfærnimat til styttingar á námi í framhaldsskóla hefur verið forgangsverkefni hjá FA vegna þess hversu margir á vinnumarkaði hafa ekki lokið námi á framhaldsskólastigi. Samstarfshópur á vegum menntamálaráðuneytisins hefur unnið stefnumarkandi vinnu á árinu vegna tillagna sem FA skilaði til ráðuneytisins vorið 2007. Lagt var til að tvær leiðir verði þróaðar, annars vegar raunfærnimat í framhaldsskólum og hins vegar raunfærnimat hjá fullorðinsfræðsluaðilum. Báðar leiðirnar þurfa að byggja á sömu grundvallar lögmálum og sömu gæðaviðmiðum. Mikilvægt er að vera í takt við þróun málaflokksins í Evrópu. Samstarfshópurinn er skipaður eftirtöldum fulltrúum: Ólafur Grétar Kristjánsson, Þórir Ólafsson og Sigurjón Mýrdal fyrir hönd menntamálaráðuneytisins og Fjóra María Lárusdóttir og Heimir Guðjónsson fyrir hönd FA. Nefndin hélt 5 fundi á sl. ári.

FA hefur sinnt ráðgefandi hlutverki varðandi aðferðafræði og komið að undirbúningi og þjálfun matsaðila fyrir raunfærnimatsverkefni fyrir húsasmíði, rafíðnaðarmenn, málara, kjötiðnaðarmenn, þjóna og hársnyrtifólk, félagsliða og bankamenn. Í þjálfun matsaðila tóku þátt 55 manns í 203 nemendastundir.

Á vormánuðum 2008 gerði FA samning við menntamálaráðuneytið um verkefnavinnu vegna þróunar raunfærnimats. Í samningnum er FA falið að að útbúa námskeið fyrir fræðsluaðila sem hefur að markmiði að gera þá færa um að meta raunfærni fullorðinna; að gera náms- og kennsluefni til nota á ofangreindu námskeiði og að standa fyrir fjórum námskeiðum, sbr. ofangreint, eða eftir því sem þörf er talin vera á að höfðu samráði við menntamálaráðuneyti.

## *Námsferilsskrár*

Markmið með uppbyggingu námsferilsskráa er að finna auðvelda leið til að halda utan um námsferil einstaklinga í formlegu og óformlegu námi, jafnframt því að halda utan um raunfærnimat einstaklinga, jafngildingu mats miðað við formlegt nám, staðfesta færni á vinnumarkaði og hugsanlega einnig aðra færni sem ekki hefur verið metin né staðfest. Æskilegt er að náms- og starfsráðgjafar geti einnig notað grunninn til að halda utan um starf sitt með ráðþegum. Haustið 2007 skiluðu Betri lausnir ehf. af sér þarfagreiningu sem gerð var hjá samstarfsaðilum FA. Markmiðið var að geta gert gagnagrunn sem kemur til móts við sem flestar óskir þeirra. Gerð var verðkönnun vegna hönnunar gagnagrunnsins í upphafi árs 2008 og niðurstaðan var að gera samning við Stúdfu um þróun gagnagrunnsins. Á haustmánuðum 2008 hefur verið unnið að hönnun og prófun gagnagrunnsins hjá samstarfsaðilum FA.

## **Erlend samstarfsverkefni**

### *CREAC - Leonardo verkefni 2006-2008*

Stykur fékkst til tilraunaverkefnis sem ber nafnið CREAC frá Leonardo menntaáætlun Evrópusambandsins. Verkefnið fjallar um raunfærnimat í verslunargeiranum með áherslu á stjórnendur og sölufólk. Það er verslunarráð Oviedo á Spáni, sem stýrir verkefninu, en samstarfsaðilar ásamt FA eru Entente í Bretlandi, viðskiptaráð í Lyon í Frakklandi, vinnumálanefnd í Södermanlandsléni í Svíþjóð, samtök iðnfyrirtækja í Frakklandi ásamt samtökum spænskra viðskiptaráða.

Á árinu 2007 voru haldnir tveir fundir í verkefninu. Fundað var í Birmingham á Englandi 30. maí til 2. júní og var tilgangur fundarins m.a. að kynnast því kerfi sem Bretar hafa byggt upp. Einnig voru næstu verkefni skipulögð. Íslendingar tóku að sér að skrifa handbók fyrir ráðgjafa (Advisors Guide) meðan Bretar skrifuðu handbækur fyrir matsaðila (Assessors Guide) og einstaklinga (Candidate Guide). Þessar handbækur voru tilbúnar á ensku í október. Fulltrúi Íslands á fundinum var Björn Garðarsson, starfsmaður Fagr-áðs verslunar- og þjónustugreina, en hann hefur haldið utan um verkefnið af hálfu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Þriðji fundur verkefnahópsins var haldinn í Reykjavík 25.–26. október 2007. Þar var farið yfir framgang verkefnisins fram að því og farið yfir fyrirliggjandi drög að handbókum. Ákveðið var í ljósi þess að öll þátttökulöndin hafa mótað með sér ferli um raunfærnimat að hvert land byggði á sínum grunni þegar kæmi að tilraunaverkefninu. Íslenska tilraunaverkefnið var keyrt á fyrri hluta ársins, en það fjallaði um möguleika þjónustufulltrúa í bönkum til að hefja nám í frumgreinadeild HR.

## ***Leonardo tilraunaverkefni: OBSERVAL***

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerðist meðlimur að hópi sem vinnur að uppbyggingu nokkurs konar gagnabanka um málefni tengd framvindu raunfærnimats í Evrópu. Verkefnið hlaut styrk frá Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins árið 2007 og hófst vinnan af fullum krafti í byrjun ársins 2008. Samstarfsaðilar koma frá nær öllum aðildarlöndum ESB ásamt EFTA löndunum Íslandi og Noregi. Einnig á Sviss áheyrnarfulltrúa í hópnum.

Megináhersla OBSERVAL liggur á hagnýt málefni tengd framvindu raunfærnimats. Í hverju landi fyrir sig verður safnað saman upplýsingum um hvernig til hefur tekist með raunfærnimat og hverju matið hefur skilað. Meðal þess efnis sem safna á saman eru lög, reglugerðir, eyðublöð, kynningar, blaðagreinar, tölfraði og reynslusögur þeirra sem gengið hafa í gegnum matsferlið.

OBSERVAL er stýrt af EUCEN – European University Continuing Education Network. EUCEN er að grunni til belgísk stofnun sem hefur það að markmiði að efla símenntun innan háskólasamfélagsins og auka áhrif háskólasamfélagsins í þróun símenntunar í Evrópu. Félagar í EUCEN eru 212 talsins frá 42 löndum og aðalstöðvarnar eru í Barcelona. OBSERVAL verkefninu lýkur í desember 2010.

## ***Þróun náms- og starfsráðgjafar***

Náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk í atvinnulífinu er nú starfrækt hjá öllum símenntunarmiðstöðvunum, Mími-símenntun, IÐUNNI-fræðslusetri og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins í gegnum samninga við FA. FA hefur leiðbeint ráðgjöfum á þessum nýja vettvangi með því að miðla þeirri aðferðafræði sem þróuð hafði verið til að ná til markhóps FA. Það er hlutverk FA að halda utan um samstarfsnet þessara ráðgjafa og veita þeim handleiðslu og ráðgjöf eftir megni. Á liðnu ári sóttu samtals 81 manns fimm samráðsfundi og var fjöldi nemendastunda 709. Mikil áhersla hefur verið lögð á að þróa gæðaviðmið í starfinu að undanförunu.

## ***Þróun aðferða í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun***

Almennt má segja að starfið á árinu 2007-8 hafi skilað sér í að áfram hafi verið fylgst með nýjungum og unnið að þróun námstækni- og kennsluaðferða sem hæfa markhópi FA.

## ***Námskeið***

Liður í því að auka gæði fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar er tilboð FA til samstarfsaðila sinna um námskeið í kennslufræði fullorðinna. Á síðast-



liðnu ári voru samtals haldin átta leiðbeinendanámskeið: Fjórar Stiklur með 52 þátttakendum í um 600 nemendastundir. Einnig voru haldin voru tvö daglög námskeið fyrir kennara með námskránni Skref til sjálfshjálpar sem ætlað er að auka lestrarfærni og sjálfstraust, en töluverður fjöldi í markhópi FA þurfa slíka þjálfun. Rannveig Lund og Eiríkur Ellertsson lestrarsérfræðingar önnuðust kennslu í þeim. Þátttakendur voru 21 í 189 nemendastundir. Loks var skipulagt námskeið fyrir leiðbeinendur í öryggisvarðanámi með nýrri námskrá sem er að koma út. Þátttakendur voru 8 í 104 nemendastundir. Nemendastundir voru alls 893.

### ***Gagnasafn***

Á síðastliðnu ári hefur áfram verið unnið að því að bæta gagnasafn FA (sjá [www.frae.is](http://www.frae.is) undir liðnum bókasafn) með ritum, myndefni, forritum og ýmsu kennsluefni og kennslutækjum (u.þ.b. 400 munir frá upphafi). Gagnasafnið miðar að því að efla starfsþróun starfsmanna FA og auðvelda þeim að kynna sér nýjungar á sviði fullorðinsfræðslu en jafnframt nýtist það samstarfsaðilum FA og öðrum sem eftir því leita. Innkaup í gagnasafnið voru rit um kennslufræði, handbækur fyrir starfsmenn FA, Vital lestrarforritið ásamt talgervlinum Snorra og skönnunarforritinu Iris sem þjónar því hlutverki að vera lesþjónn sem les upphátt tölvutækan texta og gjörbreytir þar með aðstöðu lesblindra og sjóndapurra til náms. Keyptar voru ýmsar handbækur og mynddiskar til námsefnisgerðar með áherslu á verslun og þjónustu og sýnishorn af námsefni fyrir íslenskukennslu og kennslu tungumála fyrir útlendinga ásamt ársáskrift að kennsluvefnum [www.bokochwebb.se](http://www.bokochwebb.se)

### **Námsefni í íslensku fyrir erlenda starfsmenn**

Aðalverkefni haustsins 2007 var að gerður var sérstakur samningur við menntamálaráðuneytið um að FA tæki að sér að gera íslenskunámskrá fyrir útlendinga á vinnumarkaði sem miðaðist við 225 kennslustundir og var því verkefni lokið á árinu. Einnig voru lögð drög að námsefnispakka sem hentar með námskránni og drög að kennslufræðinámskeiðum til að þjálfa kennara í notkun námsefnisins.

Til að vinna að námsskrárgerðinni var talið nauðsynlegt að mynda hóp og fá til þess sérfræðinga á ýmsum sviðum, s.s. í evrópsku tungumálamöppunni. Samúel Lefever, lektor við KHÍ, tók að sér að leiða námsskrárgerðina. Svava Þorkelsdóttir námsskrárfræðingur og deildarstjóri deildar heilsu-, öryggis- og vinnuumhverfis á Skrifstofu starfsmannamála Landspítalans, leysti af Þórleifi Drífu Jónsdóttur, kennslufræðing og deildarstjóra deildar starfsþróunar og fræðslu hjá Skrifstofu starfsmannamála á Landspítalanum, frá því í ágúst 2007

en hún var í veikindaleyfi. Þórlauf Drífa Jónsdóttir bættist svo aftur í hópinn í nóvember. Einnig var lögð áhersla á að fá með í hópinn, Ingu Karlsdóttur, kennslufræðing og íslenskukennara sem ásamt Samúel o.fl. unnu námsskrána fyrir dómsmálaráðuneytið árið 2004.

Námsskrárhópurinn vann síðan samhlíða hópi sem settur var á laggirnar vegna námsefnisgerðar í íslensku fyrir erlenda starfsmenn, en samræming var tryggð með sameiginlegum fundum þeirra með reglulegu millibili. Talið var mikilvægt að starfshópurinn um námsefnisgerð/tillögur yrði bakhópur við námsskrágerðina og námsskrárhópurinn legði til hugmyndir og tillögur vegna námsefnisgerðar. Sameiginlegir fundir voru notaðir til að skiptast á skoðunum og hugmyndum sem tryggðu samhæfingu námsskrár og námsefnis.

Lokaniðurstöður birtast svo í þeim gögnum sem skilað var inn til ráðuneytisins um miðjan desember 2007. Þau voru:

### ***Tillaga að námsskrá – með kennslufræðilegum inngangi***

Greinargerð námsefnishóps með tillögum að grunnnámsfni fyrir námskrá ásamt fylgiskjólum.

Sýnishorn að námsefni sem hentar að nota með námsskrá en eftir er að aðlagga betur að námsskrá og ganga frá samningi við rétthafa um notkun.

Ítarleg mælistika sem bæði nýtist sem gæðaviðmið fyrir námsefni og einnig sem leiðbeiningar fyrir námsefnishöfunda.

Námsefnisstoðkerfi sem styður við mælistikuna og virkar sem námsefnisrammi fyrir þá sem halda námskeið og er að hluta til innlegg í kennslufræðinámsskeið með námsskránni.

Drög að skipulagi fyrir kennslufræðinámsskeið til að nota um leið og námskráin og námsefnið fara í almenna notkun.

Drög að gagnagrunni með upplýsingum um það námsefni sem fáanlegt er og hægt er að nota með námsskránni.

Greinargerð um starfsemina með tillögum um tilhögun íslenskunáms fyrir útlendinga á vinnumarkaði.

### **Söfnun og miðlun upplýsinga**

Ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er gefið út einu sinni á ári í tengslum við ársfund félagsins. GÁTT er liður í kynningu á málefnum þeim sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur verið falið að vinna að. Gátt 2007 fjallar um fullorðinsfræðslu með áherslu á aðferðir við mat í ýmsu samhengi, en einnig eru greinar um önnur viðfangsefni FA. Gátt er vandað rit, 86 síður að lengd. Ritið var sent mjög víða, m.a. til framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva og bókasafna. Það er notað til kennslu í fjórum háskólum HÍ, HA, LHÍ

og KHÍ. Ársritið er einnig á vef Fræðslumiðstöðvarinnar, [www.frae.is](http://www.frae.is).

Í ársritinu 2008 verður sjónum beint að gæðum náms frá mismunandi sjónarhólum.

Ársfundur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins var haldinn 28. nóvember á Grand hóteli. Fundinn sátu 59 manns. Fundurinn bar nafnið Höfum við gengið til góðs? Guðrún Eyjólfsdóttir, formaður FA setti fundinn. Hróbjartur Árnason lektor í fullorðinsfræðslu við KHÍ hélt erindi um áhrif FA á þróun fullorðinsfræðslu á Íslandi. Einnig töluðu Sigrún Jóhannesdóttir um mælistikur og Þórhalla Þórhallsdóttir um verslunarfagnamið á Akureyri. Auk þeirra töluðu tveir þátttakendur í úrræðum á vegum samstarfsaðila FA. Loks voru heiðraðar tvær fyrirmyndir í námi fullorðinna, þær Kornína Óskarsdóttir og Elín Þóra Björnsdóttir, og fengu þær fartölvur að gjöf. Fundarstjóri var Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ.

Lokaráðstefna VOW (Value of Work) var haldin á Grand hóteli 28. september. 60 manns sóttu ráðstefnuna. Hún fjallaði um raunfærnimat í atvinnulífinu.

Loks var haldin stór ráðstefna í samvinnu við NVL (norrænt tengslanet um nám fullorðinna) um Færni til framtíðar á norrænum vinnumarkaði og þar var kynnt skýrsla norræna Þankabankans. Ráðstefnan var haldin 25. október á Grand hóteli og sóttu hana 48 manns.

## Kynningarefni

Haldið var áfram að framleiða kynningarefni fyrir vottaðar námsleiðir á árinu. Gefnir voru út fimm bæklingar; Færni í ferðaþjónustu I, Skref til sjálfshjálpar og Grunnám fyrir skólaliða. Einnig var kynningarbæklingur um Landnemaskólann gefinn út á pólsku og ensku. Þetta er liður í því markmiði FA að veita samstarfsaðilum sínum þjónustu og auðvelda þeim að ná til markhópsins.

Gefinn var út bæklingur um mat á raunfærni í atvinnulífinu í tengslum við evrópska samstarfsverkefnið Gildi starfa: Mat á raunfærni í atvinnulífinu. Þar er helstu atriðum í slíku ferli gerð skil svo og þróun færnivíðmiða og hlutverkum þátttakenda í ferlinu. Nálkast má bæklinginn á 6 tungumálum á heimasíðu verkefnisins [www.valueofwork.org](http://www.valueofwork.org).

Á vef FA [frae.is](http://frae.is) má finna allt það efni sem gefið hefur verið út af FA. Þar eru bæði námsskrár, Gáttin og bæklingar. Einnig krækjur í bókakost FA, upplýsingar um erlend samstarfsverkefni, um tæki fjarfundabúnaðar og framkomu í fjarfundabúnaði, einnig krækjur í erlendar vefsíður og annað efni. Gæðaviðmið samstarfsaðilanna eru einnig á vefnum. Einnig eru fréttir af viðburðum og efni sem tengist fundum á vegum FA og samstarfsaðila. Loks eru þar þeir

samningar og samþykktir, sem starfsemin byggir á.

## **Önnur verkefni FA**

### ***Norrænt tengslanet um nám fullorðinna***

NVL (norrænt tengslanet um nám fullorðinna) er starfrækt á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. NVL er vistað hjá FA, en sá samningur er til tveggja ára frá áramótum 2007 til ársloka 2008. Þetta er annar samningurinn um viðfangsefnið. Meðal þeirra verkefna, sem tengiliður Íslands hefur lagt áherslu á er vinna norræns hóps, Þankabanka, um færni til framtíðar á norrænum vinnumarkaði. Skýrsla um starfið kom út á haustmánuðum 2007 og kynningarfundir voru haldnir í öllum löndunum.

Á árinu hefur DISTANS hópurinn, sem er annað verkefni í umsjón Íslands, haldið röð námsstefna um tæknistutt nám. Fyrsta námsstefnan var haldin í lok árs 2007 í Norður Svíþjóð, sú næsta snemma árs 2008 í Noregi. Þriðja námsstefnan var haldin í Kaupmannahöfn í maí sl. og sú fjórða í Finnlandi í september. Síðasta námsstefnan verður haldin á Íslandi í byrjun desember.

NVL á Íslandi hefur valdið straumhvörfum í fullorðinsfræðslu á Íslandi því fjöldi þeirra sem tekið hefur þátt í umræðunni um fullorðinsfræðslu á landinu hefur vaxið verulega. Umræðuefni, sem ekki hefur þótt ástæða til að ræða fyrir, hafa verið tekin upp. Þar má nefna umræðu um lýðræði og menntun, færni í atvinnulífni og gæði í fullorðinsfræðslu. NVL hefur þar að auki beint sjónum fullorðinsfræðsluaðila að raunfærnimati, fjarkennslu og kennslu kennaraefna. Fjöldi þátttakenda í málstofum og ráðstefnum á vegum NVL og samstarfsaðila hefur aukist verulega og aldrei verið meiri. Árið 2005 voru þátttakendur 106, árið 2006 voru þeir 223 og 329 þátttakendur sýndu viðburðum á vegum NVL áhuga árið 2007. Þátttakendur komu frá ólíkum stofnunum, stærsti hópurinn kom frá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum og stéttarfélögum. Í næst stærsta hópnum voru fulltrúar frá fræðsluaðilum atvinnulífsins og formlegri fullorðinsfræðslu á Íslandi, þriðji stærsti hópurinn var þátttakendur frá háskólum og opinberum stofnunum. Anna Vilborg Einarsdóttir var tengiliður Íslands í netinu á sl. ári.

## **Fagráð verslunar og þjónustu**

Í samningi milli Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Starfsmenntasjóða verslunar- og skrifstofufólks og Fagráðs verslunar- og þjónustugreina (FVP) er Fræðslumiðstöð atvinnulífsins falið að framkvæma tiltekin viðfangsefni á sviði fræðslumála. Að FVP standa Landssamband íslenskra verslunarmanna (LIV), VR og Samtök atvinnulífsins (SA).

Þriðja starfsári Fagráðsins er nú að ljúka. Eftirfarandi markmið hafa verið í starfinu:

- hafa eftirlit með að starfstengt nám fyrir verslunar- og þjónustugreinar fari fram samkvæmt þörfum og óskum fyrirtækjanna og nemendanna
- vakta nýjar menntaþarfir innan greinanna og koma þeim í framkvæmd
- skapa tengingu við menntamálaráðuneytið og halda uppi hagsmunum og áframhaldandi þróun starfsnáms fyrir verslunar- og þjónustugreinar
- kynna starfsemi Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks
- koma af stað námskeiðum eftir þörfum og óskum
- stuðla að og styðja við námsskrárgerð

Unnið hefur verið að framgangi þessara verkefna á sama hátt og áður, en Fagráðið hefur fengið til sín nokkur ný verkefni.

Í byrjun árs 2007 var gerður samningur milli FVP og Starfsgreinaráðs skrifstofu- og verslunargreina (SSV) um að FVP taki að sér að sinna reglulegri starfsemi SSV. Hafa þau verkefni að mestu lotið að nýrri aðalnámsskrá framhaldsskóla. Í lok ágúst staðfesti menntamálaráðuneytið nýja tveggja ára námskrá „Starfsnám þjónustu í skrifstofu- og verslunargreinum“ sem skiptist annars vegar í grunnnám og síðan velja nemendur sér ýmist skrifstofubraut eða verslunarbraut. Auk þess hefur verið unnið að kynningu á náminu meðal fyrirtækja og útfærslu á ferilmöppu starfsnámsins.

ReTAiL (Retail Management for Adults in Lifelong Learning ) er verkefni á vegum menntaáætlunar Evrópusambandsins. Verslunarskóli Íslands leiðir verkefnið en FVP er þátttakandi fyrir milligöngu FA. Auk Íslendinga taka Finnar, Skotar og Pólverjar þátt í verkefninu. Markmið verkefnisins er gerð rafræns námsefnis til kennslu í verslunarstjórnun. Er hér um yfirfærsluverkefni að ræða sem byggir á að nýta fyrirbyggjandi hugmynda- og aðferðafræði til gerðar námsefnis sem nýtist öllum þáttökulöndunum.

## Mímir – símenntun

Erlendir starfsmenn á vinnumarkaði hafa verið áberandi í starfi Mímis á fimmta starfsári fyrirtækisins. Þetta er hópur sem við teljum mikilvægt að þjóna vel enda eru þeir kallaðir til að styrkja stöðu íslensks atvinnulífs. Aldrei hafa fleiri einstaklingar af erlendum uppruna sótt íslenskunámskeið hjá Mími en árið 2007. Langflestir sækja almenn námskeið sem kennd eru á eftirmiðdögum og kvöldin en færri sækja morgunnámskeiðin. Aukning nemendastunda á almennum námskeiðum í íslensku er tæp 29%. Með tilkomu umtalsverðrar hækkunar á styrkveitingum menntamálaráðuneytisins til íslenskukennslu hefur verið námskeiðanna lækkað og ásóknin aukist.

Starfstengt nám hefur einnig verið í miklum blóma og var aukning nemendastunda tæp 24% á milli ára. Mestur hluti starfstengda námsins er vegna starfa í aðhlyningu og umönnun annars vegar og uppeldisstarfa á leikskólum hins vegar. Í báðum tilfellum gefst starfsfólki með stutta formlega skólagöngu kostur á að mennta sig fyrst með því að sækja fagnámskeið og að því loknu að fara í félagsliða- eða leikskólaliðanám. Þeir sem hafa lokið fagnámskeiðum, hafa tiltekna starfsreynslu og eru a.m.k. 22 ára, geta farið styttri leið að félags- og leikskólaliðanáminu með svokallaðri félagsliðabréu og leikskólaliðabréu.

Leitað hefur verið leiða til að mæta þörfum erlendra starfsmanna fyrir starfstengt námskeið með því að samtvinna íslenskukennslu og fagnámskeið. Með þessu móti gefst erlendu starfsfólki tækifæri til að komast fyrr en ella á fagnámskeið og læra íslenskuna samtímis. Reynslan sýnir okkur að þessi aðferð gefst vel, er mikil hvatning fyrir erlenda starfsmenn og stuðlar að auknu jafnrétti til náms óháð uppruna starfsmanna.

Náms- og starfsráðgjöf hefur fest sig í sessi og stöðugt fleiri leita nú eftir þjónustu náms- og starfsráðgjafa Mímis-símenntunar. Mikil reynsla og sérfræðisþekking á sviðinu hefur eflt starfið og bætt gæði þjónustu við markhóp Mímis. Á árinu fengu 745 einstaklingar ráðgjöf um nám og störf og mun fleiri fengu upplýsingar á kynningarfundum á vinnustað og hópráðgjöf.

Markhópur Mímis-símenntunar er fólk með stutta formlega skólagöngu og erlendir starfsmenn. Megin áhersla í starfi Mímis hefur snúið að því að þjóna þeim hópi sem best. Auk ofangreindra viðfangsefna hefur Mímir nú sem fyrr unnið að fjölda þróunarverkefna sem ýmist eru tilkomin að frumkvæði starfsfólks Mímis eða eru unnin í samstarfi við aðra. Öll verkefni stuðla að því að bæta þjónustu og auka gæði náms og námsefnis fyrir markhópinn. Unnið hefur verið t.d. að þróunarverkefni um náms- og starfsráðgjöf fyrir erlenda starfsmenn og eins hefur verið unnið að gerð netorðabókar á víetnömsku – íslensku og íslensku – víetnömsku.

Flestir tengja Mími við tungumálakennslu en þótt Mímir-símenntun sé

nú meira en málaskóli þá leggjum við engu að síður mikla rækt við tungu-  
málakennsluna. Hjá Mími er boðið upp á 17 tungumál á hverri önn og eru  
vinsældir tungumálanna almennt miklar. Enskan og spænska eru alltaf vinsæl  
en nokkur aukning hefur verið í eftirspurn eftir tungumálum frá fjarlægum  
málsvæðum t.d. japönsku og kínversku. Eins er aukinn áhugi á pólsku sem  
skýrist eðlilega af auknum fjölda Pólverja á Íslandi.

Áhersla á gæði á öllum sviðum hefur verið í forgrunni hjá Mími. Einn liður  
í því er að bæta skipulag skjalastjórnunar hjá fyrirtækinu. Undirbúningur að  
nýju skjalastjórnunarkerfi hófst á vormánuðum og í lok árs var málið komið á  
framkvæmdarstig, búið að hanna flokkunarkerfi, ákveða kerfi sem nota skyldi  
og stýrihópur mun halda áfram að stýra verkefninu til loka sumarið 2008.

Fullorðinsfræðsla er spennandi vettvangur og í örri þróun. Í vaxandi mæli  
er nú unnið að raunfærnimati sem er mikilvæg aðferð til að hvetja fólk til  
náms. Með raunfærnimati er þekking og reynsla fólks metin á kerfisbundinn  
hátt og það sem metið er á að nýtast til styttingar náms. Raunfærnimatið mun  
vega þyngra í starfi Mímis í framtíðinni en verið hefur og ber að fagna því.

### ***Nám fyrir atvinnulífið***

Árið einkenndist af fjölbreyttum og áhugaverðum verkefnum. Mikið var  
leitað til starfsfólks deildarinnar um þróun og framkvæmd ýmis konar náms-  
skeiða. Námskrám frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur fjölgað og má  
segja að kennsla samkvæmt þeim hafi orðið stærri þáttur í starfsemi deild-  
arinnar.

### ***Starfstengd námskeið***

Þetta eru námskeið sem tengjast beint starfi þátttakenda. Veruleg fjölgun  
varð í þessum þætti starfseminnar á árinu.

Góð þátttaka var í svokölluðum fagnámskeiðum I og II fyrir starfsfólk  
sem starfar við umönnun. Þar vekur athygli hversu hátt hlutfall þátttakenda er  
af erlendum uppruna eða um það bil 57% þátttakenda. Þessi þróun leiðir til  
þess að skipuleggja þarf námskeiðin að hluta til að nýju til þess að mæta þörf  
þessa fjölbreytta nemendahóps. Í því skyni var sótt um styrk til Þróunarsjóðs  
innflytjendamála og fékkst sá styrkur. Haldið var áfram með Félagsliðabréu  
og hófust þrjár nýjar Félagsliðabréur á árinu. Ein þeirra Félagsliði í nýju  
landi er sérstaklega ætluð starfsmönnum af erlendum uppruna sem starfa við  
aðhlynningu og umönnun. Námið er afrakstur þróunarverkefnis sem styrkur  
fékkst til frá Starfsmenntaráði árið 2006. Nemendur í Félagsliða í nýju landi  
læra það sama og aðrir nemendur í Félagsliðabréu en sérstakt tillit er tekið  
til þarfa nemenda sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. Gera má ráð fyrir  
mikilli aðsókn í sambærilegt nám á næstunni þegar sá stóri hópur nemenda

af erlendum uppruna sem nú stundar nám á fagnámskeiðum, sem eru undanfari Félagsliðabráur, lýkur námi. Mikilvægt er að bjóða upp á starfsþróun af þessu tagi til þess að styrkja stöðu þessa hóps á vinnumarkaði. Það nýtist bæði vinnustaðnum, starfsmönnum og samfélaginu í heild.

Á árinu var þróað framhaldsnám fyrir félagsliða sem vilja sérhæfa sig í umönnun fólks með heilabilun. Námið var þróað og hannað í samstarfi Eflingar-stéttarfélags, Bjarmalundar og Mímis-símenntunar. Námskeiðið var haldið á haustönninni og tókst það mjög vel.

Starfsfólk við umönnun hjá Landspítala háskólasjúkrahúsi sótti einingánám í svokallaðri Námsleið en boðið er upp á Námsleiðir I–III.

Vorið 2007 bauð Mímir-símenntun, í samstarfi við Reykjavíkurborg og Eflingu-stéttarfélag, í fyrsta skipti upp á sérstakt fagnámskeið fyrir starfsfólk sem starfar við heimþjónustu.

Á árinu voru haldin nokkur fagnámskeið fyrir starfsmenn Leikskóla Reykjavíkur. Þau eru undanfari Leikskólabráur sem er tveggja ára einingánám. Brautskrást nemendur að námi loknu sem leikskólaliðar. Á árinu útskrifuðust fyrstu þrjár hópar leikskólaliða frá Mími-símenntun, alls 77 konur. Sjö hópar nemenda í leikskólalámi stunduðu nám árið 2007 þar af tveir hópar sem hófu nám á árinu.

Mikil skráning var í Jarðlagnatækni eins og árið áður enda hefur námið öðlast sess á vinnumarkaði. Eingöngu karlar stunduðu námið og luku 19 námskeiðinu vorið 2007.

Á vorönn 2007 hélt Mímir-símenntun í fyrsta skipti námsleiðina, Færni í ferðþjónustu I sem er 60 kennslustundir. Námið er ætlað starfsmönnum í ferðþjónustu eða þeim sem stefna að starfi í greininni.

### ***Almenn námskeið***

Til almennra námskeiða teljum við þau námskeið sem ekki falla beint undir ákveðna starfsgrein. Í mörgum tilfellum er um að ræða nám sem er til þess fallið að styrkja undirstöðuþekkingu og færni þátttakenda. Dæmi um þetta er námsleiðin Aftur í nám sem ætluð er fólki með lestrarörðugleika. Hún hefur notið mikilla vinsælda og var haldin fimm sinnum á síðasta ári. Áhuga vekur hversu oft nemendur úr Aftur í nám halda áfram í aðrar námsleiðir hjá Mími-símenntun. Þannig fara margir í Grunnmenntaskólann eftir að hafa lokið námsleiðinni Aftur í nám. Aðsókn að Grunnmenntaskólanum hefur verið mjög mikil. Einnig koma margir þátttakendur í Grunnmenntaskólann eftir ráðgjöf hjá náms- og starfsráðgjöfum Mímis-símenntunar.

Sem fyrr bauð Efling-stéttarfélag, í samstarfi við Mími-símenntun, upp á Starfslokanámskeið fyrir félagsmenn sína og maka þeirra. Haldin voru þrjú 14 stunda námskeið sem tókust mjög vel. Þetta er fastur liður í starfinu og er



alltaf mikil aðsókn að þessum námskeiðum.

Eins og áður hóf einn nemendahópur nám í Landnemaskólanum á árinu.

Deildin sá einnig um námskeið fyrir félög og vinnustaði, t.d. samskipta- og þjónustunámskeið, færimöppugerð, námskeið fyrir fanga og fleira.

### ***Nám fyrir fólk án atvinnu***

Mímír-símenntun stóð að Karla- og Kvennasmíðjum í samstarfi við Velferðarsvið Reykjavíkur og Tryggingastofnun ríkisins. Tíu konur luku námi í Kvennasmíðju vorið 2007 og þrettán karlar luku námi úr Karlasmíðju hjá Mími-símenntun um haustið. Þetta eru 18 mánaða námsleiðir fyrir fólk sem átt hefur erfitt með að fóta sig á vinnumarkaði, þar sem kennt var 4-5 morgna í viku. Ekki varð um framhald samstarfsins að ræða þar sem þessi námstilboð fluttust til Námsflokka Reykjavíkur.

Þá sá Nám fyrir atvinnulífið um námskeið fyrir fólk án atvinnu í samvinnu við Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins. Um er að ræða tvö námstilboð; annars vegar Aftur í starf, sem er 70 stunda almennt nám og hins vegar 20 stunda sjálfstyrkingarnámskeið. Haldin voru tvö sjálfstyrkingarnámskeið og tvö Aftur í starf námskeið.

### ***Námskeið í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu***

Á árinu var áfram unnið samkvæmt þjónustusamningi við Félagsmálaskóla alþýðu um félagslega fræðslu og námskeið fyrir talsmenn verkalýðshreyfingarinnar. Sem fyrr voru námskeið fyrir trúnaðarmenn stærsti þátturinn en þau voru 24 á árinu. Auk þess voru haldin 14 námskeið sem hugsuð eru fyrir stjórnir, starfsmenn og annað lykilmál stéttarfélaganna. Nemendastundum fækkaði ef miðað er við árið 2006. Skýringanna má m.a. leita í því að flest félög innan ASÍ voru með lausa samninga á árinu. Það hafði líka áhrif á hvers konar námskeið voru haldin. Þannig voru haldin þrjú námskeið um samskipti innan samninganefnda, tvö námskeið í samningatekni, fimm námskeið í túlkun talna og eitt námskeið sem bar yfirskriftina: Formlegur undirbúningur fyrir kjarasamninga.

### ***Námskrár og þarfagreiningar***

Deildin tók að sér nokkur verkefni fyrir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins á árinu. Þar var um að ræða greiningu á fræðsluþörf fyrir Umhverfis- og framkvæmdasvið og einnig sá deildin um gerð tveggja námskráa, þ.e. námskrá um fagnámskeið fyrir leikskóla og námskrá fyrir þjónustuliða sem ætluð er starfsfólki við ræstingar og býtibúr.

### ***Erlent samstarf***

Á árinu lauk norræna samstarfsverkefninu MULTI. Í verkefninu var lögð áhersla á að þróa hagnýtar aðferðir við framkvæmd fullorðinsfræðslu fyrir nýbúa. Farið var yfir aðferðir sem snúa að stjórnendum, náms- og starfsráðgjöfum og kennurum. Sjá nánar á heimasíðu verkefnisins <http://www.multikulturel.com/>

### ***Raunfærnimat***

Á vormánuðum 2007 fóru tveir starfsmenn Mímis-símenntunar til Östersund í Svíþjóð á undirbúnings- og kynningarfund um raunfærnimat iðngreina. Svíar kynntu þar hvernig þeir standa að raunfærnimati. Auk starfsmanna Mímis voru þátttakendur frá Iðunni fræðslusetri á fundinum, auk fulltrúa frá Oppland í Noregi og Álandseyjum. Í framhaldi af fundinum var sótt um Nordplus-verkefni til að mynda tengslanet á milli þessara landa.

Nordplus-verkefnið byggir á því að hópurinn kynni sér símenntun fullorðinna og raunfærnimati hjá samstarfslöndunum. Fyrsta heimsókn hópsins var til Mímis í ágúst 2007 og stóð í tvo daga. Gestum var kynnt starfsemi Mímis-símenntunar, Iðunnar fræðsluseturs og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Næstu heimsóknir munu verða til Oppland í Noregi í byrjun febrúar 2008 og til Álandseyja í byrjun maí 2008.

### ***Heilsuefning í námi***

Verkefnið er styrkt af Nordplus og eru samstarfslönd Finnland, Noregur og Svíþjóð. Markmiðið er að kanna hvort bætt líðan og betri heilsa hafi áhrif á námsárangur. Um er að ræða tilraunaverkefni þar sem léttir leikfimi, nuddi og hvatningu til heilsuefningar er fléttað inn í starfstengd námskeið.

### ***ABF í Norden***

Hulda Ólafsdóttir gegnir formennsku í ABF í Norden sem eru samtök norrænna verkalýðsfélaga á sviði fullorðins- og alþýðufræðslu. Aðildarfélögin standa fyrir fullorðinsfræðslu og taka virkan þátt í að auka færni fólks á vinnumarkaði.

### ***Annað erlent starf***

Fulltrúi Mímis-símenntunar sótti undirbúningsfund í Danmörku vegna umsóknar um norrænt samstarfsverkefni um þróun og gæði í námi fyrir starfsmenn sem starfa við heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Þá sóttu fulltrúar frá Mími-símenntun eftirtaldir ráðstefnur, fundi og kynnisferðir um málefni fullorðinsfræðslu:

- Ráðstefnu í Svíþjóð um fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum.
- Ráðstefnu um gæðamál í símenntun sem haldin var í Portúgal.
- Námsferð til Glasgow um hönnun, þróun og skipulag náms fyrir starfsmenn í ferðaþjónustu.
- Leonardó-ráðstefnu í Birmingham um gæðamál.
- Málþing um fullorðinsfræðslu í Brussel.

### ***Fjölmenning og frístundir***

Á árinu 2007 voru haldin samtals 297 námskeið í deildinni Fjölmenning og frístundir. Þátttakendur voru samtals 3.192, 1.953 konur og 1.239 karlar. Námskeiðin skiptust í fjóra flokka: Tungumál, íslenska fyrir útlendinga, gagn og gaman og listir og menning. Þátttakendur á námskeiðunum voru á öllum aldri, þeir yngstu um fimm ára og þeir elstu yfir áttrætt. Meirihluti nemenda var á miðjum aldri. Íslenska fyrir útlendinga var stærsti námskeiðsflokkurinn og fjölgar nemendum þar stöðugt. Samningur er í gildi frá árinu 2005 á milli Mímis símenntunar og Námsflokka Reykjavíkur um kennslu í íslensku fyrir útlendinga. Samningurinn nær til allt að 700 erlendra nemenda með búsetu í Reykjavík. Hliðstæðir samningar voru gerðir á árinu við fleiri sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

### ***Tungumál***

Á hverri önn eru í boði 17 tungumál frá öllum heimshornum og eru mörg þeirra á mismunandi þyngdarstigum. Flestir kennaranna hafa tungumálið sem þeir kenna að móðurmáli. Námskeið eru bæði fyrir fullorðna og börn. Einkatímar eru einnig í boði og eykst eftirspurn þar ár frá ári.

Haldin voru samtals 91 tungumálanámskeið á árinu og flest voru 18 kennslustundir að lengd.

Námskeiðin voru flest haldin á kvöldin en einnig voru í boði nokkur námskeið á dagtíma. Langflestir nemendur sóttu námskeið í spænsku og ensku. Á undanförunum árum hefur áhugi nemenda hjá Mími vaxið á málum frá fjarlægum málsvæðum. Japanska er spennandi tungumál og sótti ungt fólk þau námskeið. Námskeið í kínversku, rússnesku og arabísku sóttu þó nokkrir. Áhugi hefur vaxið á pólsku þar sem Pólverjum hefur fjölgað mikið hér á landi á stuttum tíma. Barnanámskeið í ensku og spænsku voru haldin á báðum önnum ásamt sérstökum sumarnámskeiðum. Tungumálið er leið okkar til þess að hafa tjáskipti og að eiga samskipti við annað fólk. Það eykur skilning okkar á ólíkri menningu og tengir okkur við land og þjóð. Því er tungumálakunnátta og símenntun í tungumálanámi öllum mikilvæg. Það færir í vöxt að félög og fyrirtæki sækist eftir tungumálanámskeiðum á vinnustað og höfum við sérsniðið þau eftir þeirra þörfum. Fimm námskeið fyrir vinnustaði voru haldin á árinu.

## ***Íslenska fyrir útlendinga***

Haldin voru samtals 157 námskeið á árinu, 130 almenn námskeið og 27 starfstengd námskeið á vinnustöðum. Lengd þeirra var frá 30 og upp í 60 kennslustundir. Markmið námskeiðanna er að þjálfra nemendur í grunnþáttum tungumálsins með sérstakri áherslu á íslenskt talmál. Sérstakir byrjendahópar voru fyrir Taflendinga, Víetnama, Kínverja, skandinavískumælandi, spænskumælandi og nemendur sem tala slavnesk tungumál. Kennarar þessara hópa tala tungumál hópsins og nota það til stuðnings í kennslunni eftir þörfum. Á öðrum byrjendanámskeiðum er stuðst við ensku þótt kennsla fari að mestu leyti fram á íslensku. Kennt var á fimm stigum og að auki var boðið upp á ritunar- og talþjálfunarnámskeið fyrir lengra komna. Nemendur gátu komið í stöðumat sér að kostnaðarlausu til þess að meta kunnáttu sína og finna námskeið við sitt hæfi. Útlendingar sem óska eftir að fá vottun um íslenskukunnáttu sína vegna umsóknar um búseturétt eða ríkisborgararétt hafa kost á því að taka próf hjá Mími símenntun gegn vægu gjaldi. Á starfstengdu námskeiðunum var leitast við að tengja orðaforða við daglegar athafnir og nánasta umhverfi á vinnustaðnum. Kennt var í mörgum geirum atvinnulífsins, s.s. á heilbrigðisstofnunum, í flutninga-, bygginga- og tæknifyrirtækjum.

## ***Gagn og gaman***

Í þessum flokki voru haldin 39 námskeið á árinu, þrjú þeirra á vinnustað. Margt var í boði, s.s. golfnámskeið, saumanámskeið, þrjónanámskeið, fönðurnámskeið af ýmsum toga, gjafaskreytinganámskeið, tölvunámskeið, tækninámskeið, útlitsnámskeið, nuddnámskeið, fjallaferðanámskeið, gítarnámskeið og margt fleira. Mörg þessara námskeiða nutu vinsælda og var aðsókn góð. Sumarnámskeið barna voru í júní og var Tækni-Legó mjög vinsælt.

## ***Listir og menning***

Menningarnámskeið af ýmsum toga voru í boði í þessum flokki. 10 námskeið voru haldin á árinu. Námskeið sem tengja saman ferðalög og fróðleik voru vinsæl. Haldin voru námskeið um Berlín og Toscana-héraðið á Ítalíu. Myndlistarnámskeið voru vel sótt og meðal annars var boðið uppá námskeið um innflytjendur, manga – japanskar myndasögur, leirlistarnámskeið og leiklistarnámskeið.

## ***Náms- og starfsráðgjöf***

Verkefnið Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað byggir á samningi Mímis – símenntunar og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins frá upphafi árs 2006. Meginmarkmið verkefnisins er að hvetja fólk á vinnumarkaði, einkum þá sem hafa stutta skólagöngu að baki og fólk af erlendum uppruna, til að styrkja

stöðu sína á vinnumarkaði með þátttöku í símenntun og starfsþróun. Þetta er gert með því að veita einstaklingum upplýsingar um námskeið og námsleiðir, kynna möguleika á styrkjum úr fræðslusjóðum og hvetja ráðþega til að styrkja persónulega færni og starfsfærni. Náms- og starfsráðgjafar Mímis halda kynningarfundir á vinnustöðum og bjóða upp á einstaklingsviðtöl. Einnig kemur fólk í viðtöl í húsnæði Mímis til að fá ráðgjöf um nám og störf og raunfærnimat.

Nokkur aukning hefur orðið milli ára á fjölda kynninga á vinnustöðum og á einstaklingsviðtölum (sjá mynd). Á árinu 2007 voru haldnir 88 kynningarfundir á 60 vinnustöðum þar sem um 1.200 manns mættu á fundina. Á kynningarfundum eru einstaklingar hvattir til að nýta sér þjónustu ráðgjafa og er boðið að skrá sig í viðtal. Veitt voru 745 einstaklingsviðtöl á árinu. Í einstaklingsviðtölum gefst tækifæri til að aðstoða ráðþega við að átta sig á eigin stöðu og starfsþróun, skoða möguleika á námi, greina hindranir og gera áætlun um næstu skref.

Töluvert hefur aukist að erlendir starfsmenn leiti til náms- og starfsráðgjafa. Hafa þeir einkum leitað eftir aðstoð við að kanna möguleika á mati eða viðurkenningu á námi og/eða starfsréttindum sem aflað hefur verið erlendis. Oft er um að ræða einstaklinga sem hafa menntun frá heimalandi sem ekki nýstist í starfi þeirra hér á landi. Eins leita þeir eftir upplýsingum um nám og aðra möguleika til starfsþróunar.

Með því að veita starfsmönnum svigrúm til að taka þátt í verkefninu Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað bjóða fyrirtæki upp á þjónustu sem er nýbreytni fyrir fólk á vinnumarkaði. Ávinningur fyrirtækis ætti meðal annars að felast í aukinni færni, starfsánægju og almennum lífsgæðum starfsmanna. Þegar hlúð er að starfsfólki hefur það áhrif á líðan einstaklingsins í starfi. Styrkur starfsmanna er styrkur fyrirtækis.

### ***Starfsmenntaráð***

Í byrjun árs 2008 hélt Starfsmenntaráð sinn árlega opna fund með samstarfsaðilum sínum og öðru áhugafólki, þar sem gerð var grein fyrir starfi ráðsins á undangengnu ári og stefnu við úthlutanir á árinu 2008. Starfsmenntaráð auglýsti í febrúar síðastliðnum eftir umsóknum um styrki til starfsmenntunar í atvinnulífinu. Til úthlutunar voru 55 milljónir. Alls sóttu 40 aðilar um styrk samtals að upphæð kr. 160.625.470 til 62 verkefna. Fengu 19 aðilar úthlutað samtals styrk að upphæð kr. 46.216.500 til 32 verkefna.

Auk þessara hefðbundnu styrkja hafa eftirfarandi styrkir verið veittir á árinu: Íslandsmóts iðnnema kr. 500.000.-

Á undanförunum árum hefur Starfsmenntaráð staðið að heimsóknum til ýmissa landshluta innanlands og fundað með fulltrúum atvinnulífs, menning-

ar- og fræðslumála, einkum í þeim tilgangi að kynna sér stöðu starfsmenntamála á svæðinu og kynna þeim starfsemi ráðsins um leið.

Dagana 17. og 18. janúar sl. fór Starfsmenntaráð í slíka kynnisferð á Norð-austurland.

Ferðin var skipulögð af Þekkingarsetri Þingeyinga þar sem Óli Halldórsson hafði forgöngu og einnig af Þekkingarneti Austurlands þar sem Stefanía Kristinsdóttir hafði forgöngu.

Dagskráin hófst með móttöku hjá Þekkingarsetri Þingeyinga þar sem Óli Halldórsson sýndi ráðsliðum húsakynni og kynnti starfsemi Þekkingarnetsins. Að því loknu var hópnum boðið til Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágreinnis þar sem Óli fór með ráðsliðum ásamt Helenu Eyðfísi Ingólfsdóttur verkefnisstjóra hjá Þekkingarsetrinu. Þar tók Aðalsteinn Árni Baldursson á móti hópnum. Þar var farið yfir starfsemi verkalýðsfélagsins auk þess sem atvinnuástand og starfsmenntamál svæðisins voru í brennidepli. Heimamenn buðu í mat og að því loknu var farið aftur í Þekkingarsetrið þar sem fjarfundur hófst.

Fundurinn var sendur út til símenntunarmiðstöðvanna á landsbyggðinni og Mímis símenntunar á höfuðborgarsvæðinu. Til fundarins var boðið aðilum úr atvinnu- og menntalífi svæðisins og fundurinn var einnig auglýstur í fjölmiðlum og gafst fólki færi á að taka þátt með því að mæta á símenntunarmiðstöðvarnar.

Dagana 26. – 31. maí 2008 stóð Starfsmenntaráð fyrir ferð til Kanada til að kynna sér einkum náms- og starfsráðgjöf á vinnumarkaði.

## **Vika símenntunar og starfsmenntaverðlaunin**

Eins og undanfarin ár átti ASÍ aðild að viku símenntunar og starfsmenntaverðlaununum árið 2008 og var Fulltrúi ASÍ við undirbúning þessara viðburða Eyrún B. Valsdóttir.

Vika símenntunar var haldin 22.-28. september. Markmið viku símenntunar var að hvetja fólk til að leita sér þekkingar og minna á að öll fræðsla nýtist til góðs í lífi og starfi. Að þessu sinni var lögð sérstök áhersla á fræðslu í fyrirtækjum og sem fyrr að ná til þeirra sem hafa litla formlega menntun. Menntamálaráðuneytið stendur fyrir viku símenntunar í samstarfi við símenntunarmiðstöðvarnar níu um landið og Mími símenntun á höfuðborgarsvæðinu og með stuðningi frá Starfsmenntaráði.

Auglýst var eftir tilnefningum vegna starfsmenntaverðlaunanna í september og munu þau verða afhent í nóvembermánuði.

## **MENNT, samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla**

Um nokkurra missera skeið hefur legið fyrir að Mennt – samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla stæði á tímamótum. Miklar breytingar hafa orðið á öllu starfsumhverfi Menntar frá því að til þessa samstarfs var stofnað árið 1998. Fjölmargir nýir aðilar hafa komið fram sem sinna verkefnum á sviði menntamála. Stofnað hefur verið til nýrra verkefna og önnur hafa runnið sitt skeið. Þróun síðustu ára hefur haft margvíslega beina og óbeina þýðingu fyrir starfsemi og framtíð Menntar. Í ljósi framanritaðs lá fyrir á haustdögum 2006 að mikilvægt væri að endurmeta stöðu og starfsemi Menntar í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af starfinu undangengin ár, breytinga á starfsumhverfi Menntar og alvarlegrar fjárhagsstöðu félagsins.

Á aðalfundi Menntar sem haldinn var 27. nóvember 2007 var kynnt ákvörðun aðildarfélaga Menntar um að slíta félaginu. Þá var samþykkt tillaga stjórnar Menntar um félagsgjald í samræmi við þá niðurstöðu.

Það lá því fyrir að stjórn Menntar sem tók við á aðalfundinum hefði það hlutverk að hnýta alla lausa enda og ganga frá málum, þannig hægt væri að slíta félaginu formlega. Í upphafi var stefnt að því að ljúka málum þannig að slíta mætti félaginu á fyrri hluta árs 2008. Ekki gat orðið af því þar sem það tafðist nokkuð að ganga frá málum, gera endanlega upp fjármálin og ganga frá reikningum Menntar. Slítufundur Menntar var haldinn 23. september sl. og þar með lauk endanlega starfsemi félagsins.

## **Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar**

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar var stofnaður samkvæmt ákvörðun miðstjórnar ASÍ, 21. júlí 1983 og var skipulagsskrá sjóðsins staðfest af forseta Íslands og gefin út 11. desember 1984.

Stofnfé sjóðsins var kr. 1.000.000, en tekjur sjóðsins hafa einum verið vaxtatekjur, auk þess sem eitthvað var um sölu minningarkorta á fyrstu árunum.

Um tilgang sjóðsins segir í stofnskrá hans:

Tilgangur sjóðsins er m.a. að styrkja verkafólk til að afla sér fræðslu um málefni og starf verkalýðshreyfingarinnar.

Meðal hlutverka sjóðsins skal vera að stuðla að því að saga Dagsbrúnar verði skrifuð og gefin út.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, skipaðir af miðstjórn ASÍ. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og kjörtímabil miðstjórnar ASÍ. Sú venja hefur skapast að forseti ASÍ og formaður Dagsbrúnar, nú Eflingar, hafa setið í stjórninni auk þriðja aðila, sem nú er Halldór Björnsson.

## **Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar veitir eftirtalda styrki:**

1. Styrk til að sækja námskeið eða afla sér með öðrum hætti þekkingar á verkalýðshreyfingunni og málefnum launafólks, innanlands eða erlendis.

Um er að ræða styrki sem ætlaðir eru til að greiða að hluta til eða öllu leyti skráningargjöld, ferða- og/eða dvalarkostnað. Styrkirnir eru ætlaðir félagsmönnum í stéttarfélögum. Hámarksstyrkur er kr. 100.000.

Umsóknir um styrkina eru afgreiddar tvisvar á ári: 1. september (umsóknarfrestur til 15. ágúst) og 1. desember (umsóknarfrestur til 15. nóvember).

2. Styrk til verkefnis er varðar íslenskt samfélag og málefni launafólks.

Styrkurinn er ætlaður til að efla rannsóknir og útgáfu á verkum sem varða sérstaklega íslenskt samfélag, vinnumarkaðinn, hagsmuni launafólks og starfsemi verkalýðshreyfingarinnar. Hámarksfjárhæð er kr. 500.000.

Styrkurinn er veittur einu sinni á ári. Umsóknir um styrkinn þurfa að berast fyrir 1. apríl. Styrknum er úthlutað 1. maí ár hvert.

Tölf umsóknir bárust á árinu 2008 um styrk úr Minningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar sem ætlaður er til verkefna er varða íslenskt samfélag og málefni launafólks og til að efla rannsóknir og útgáfu á verkum sem varða sérstaklega íslenskt samfélag, vinnumarkaðinn, hagsmuni launafólks og starfsemi verkalýðshreyfingarinnar.

Eftirtalin hlutu styrk:

Anna Wojty ska vegna verkefnisins „Pólskir verkamenn á íslenskum vinnumarkaði“. Styrkur að fjárhæð 500.000 kr.

Verkefnið er hluti af doktorsverkefni í mannfræði við Háskóla Íslands. Markmið verkefnisins er að lýsa flutningum verkafólks frá Póllandi til Íslands með áherslu á upphaf þeirra, þróun og breytilegu mynstri. Þá verður kannað hvað knýr fólk til að velja Ísland umfram önnur lönd. Einnig verður með því að rannsaka tiltæk gögn leitað svara við því hver eru lýðfræðileg einkenni pólskra innflytjenda, hvernig þátttöku þeirra á vinnumarkaði er háttáð og hvernig þeir standa sig á þeim markaði.

Jón Rúnar Sveinsson f.h. Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans á Bifröst vegna verkefnisins „Lokun félagslega íbúðakerfisins - Hvað kemur í staðinn?“. Styrkur að fjárhæð 300.000 kr.

Verkefninu er ætlað að varpa fræðilegu ljósi á þróun félagslega húsnæð-



iskerfisins til 1999 og hvað lokun þess hafði í för með sér. Einnig verður lögð áhersla á söfnun sem flestra tiltækra tölfræðigagna um þróun mála, bæði hvað snertir þróunina á vaxtaskeiði félagslega íbúðakerfisins á árunum í kringum 1990, og ekki síður varðandi þá þróun sem hefur átt sér stað á undanförunum árum og ekki hefur verið nægilega vel tölfræðilega kortlögð.

Úlfar Hauksson vegna verkefnisins „Merking lýðræðis, fullveldis og þjóðríkis á 21. öld: Þróun íslensks vinnumarkaðar með tilliti til vinnumarkaðslöggjafar Evrópusambandsins”.

Styrkur að fjárhæð 500.000 kr.

Um er að ræða doktorsverkefni þar sem kastljósinu verður beint að þróun íslensks vinnumarkaðar með tilliti til vinnumarkaðslöggjafar Evrópusambandsins (ESB), sem m.a. felur í sér frjálst flæði vinnuafis á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Auk Íslands mun rannsóknin beinast að Noregi, sem ásamt Íslandi myndar hina norrænu EFTA stoð EES samningsins, og ESB ríkjunum Danmörku og Svíþjóð. Hér er því á vissan hátt um samanburðarrannsókn að ræða. Nálgun verkefnisins er út frá lýðræðiskenninum og hugmyndinni um hið fullvalda þjóðríki.



## Erlend samskipti

Alþýðusamband Íslands er virkur þátttakandi í alþjóðastarfi bæði á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar og alþjóðastofnana. Þátttaka ASÍ endurspeglar hvort tveggja, alþjóðlegan uppruna samtaka launafólks og ört vaxandi mikilvægi alþjóðastarfs fyrir verkalýðshreyfinguna og félagsmenn hennar.

Hnattvæðingin með auknum viðskiptum og samskiptum á öllum sviðum fylgja ný úrlausnarefni, hættur en einnig tækifæri fyrir samtök launafólks. Aukið samstarf Evrópuríkja og þátttaka Íslands í EES með sameiginlegum vinnumarkaði Evrópuríkja og löggjöf og samstarf á fjölmörgum sviðum er mikilvægur þáttur í þessari þróun. Með þátttöku sinni á alþjóðavettvangi tekur ASÍ þátt í umræðu, stefnumótun og ákvarðanatöku á alþjóðavísu, nýtir þekkingu og reynslu úr alþjóðlegu starfi og árangur alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar fyrir íslenskt launafólk, og leggur sitt af mörkum til að efla alþjóðlega samstöðu launafólks og styður uppbyggingarstarf og réttindabaráttu í þróunarríkjunum.

## Norræna verkalýðssambandið - NFS

Stjórn Norræna verkalýðssambandsins – NFS – kom venju samkvæmt saman tvisvar á árinu, í nóvember 2007 í Kaupmannahöfn og aftur í maí 2008 hér í Reykjavík. Stjórnin er samsett af forystumönnum heildarsamtaka

á öllum Norðurlöndunum. Forseti ASÍ og framkvæmdastjóri hafa sett þessa fundi fyrir hönd ASÍ. Starf NFS hefur á undanförunum árum í vaxandi mæli snúist í æ ríkari mæli um samstarf Norðurlandanna á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi.

Meðal verkefna á þessum vettvangi hefur mikið farið fyrir umræðu um áhrif dómsúrskurða vegna Viking og Lavall málanna í Svíþjóð, en einkum Danir og Svíar hafa talið þessa niðurstöðu raska stöðu samtakanna og vinnu-markaði um of. Sérfræðingar ASÍ hafa tekið þátt í þessari umræðu og undirbúningi, en ekki var talin nein þörf á því að gera neinar sérstakar breytingar á lögum eða kjarasamningum hér á landi vegna þessara dóma þar sem lög nr. 55/1980 taka af allan vafa um rétt launafólks hér á landi.

Allnokkur umræða varð síðastliðið vor um fulltrúa Norðurlandanna í stjórn ILO, en ASÍ hafði tilnefnt Magnús M. Norðdahl sem fulltrúa. Alþýðusambandið í Noregi gerði einnig tilkall til þess að fá sætið, taldi komið að sér, en hafði ekki á að skipa reyndum einstaklingi. Eftir nokkrar umræður varð það úr að Noregur fengi sætið, en jafnframt rætt um að Ísland ætti næsta fulltrúa.

Nánar er hægt að kynna sér starf NFS á vef samtakanna [www.nfs.net](http://www.nfs.net).

## **NFJS – Fundur lögfræðinga heildarsamtaka launafólks á Norðurlöndunum**

Árlegur fundur lögfræðinga heildarsamtaka launafólks á Norðurlöndunum var haldinn í Danmörku dagana 22-23. ágúst 2008. Á dagskrá fundarins var umfjöllun um áhrif Laval málsins á norræna vinnumarkaðsskipulagið. Vegna anna var fundurinn ekki sóttur af Íslands hálfu en allra framlagðra gagna aflað.

## **NFS - vinnuhópur um loftslagsbreytingar**

Í febrúar síðastliðnum var stofnaður á vettvangi NFS vinnuhópur um loftslagsbreytingar og verkalýðshreyfinguna. Vinnuhópnum eru gefnar nokkuð frjálsar hendur um efnistöð og nálgun verkefnisins. Það er þó gert ráð fyrir að hann skili af sér skýrslu um loftslagsbreytingar og aðkomu verkalýðshreyfingarinnar að baráttunni gegn þeim, sem lögð verður fram á haustþingi NFS 2009. Haldnir hafa verið þrjú fundir í vinnuhópnum og hefur Ingunn S. Þorsteinsdóttir sótt fundina fyrir hönd ASÍ.

## Fundur hagfræðinga hjá Alþýðusamböndum á Norðurlöndum

Árlegur fundur hagræðinga norrænu Alþýðusambandanna var haldinn í Tromsø í Noregi dagana 12.-14. ágúst 2008. Á dagskrá fundarins voru tvö umræðuefni, launamyndun á Norðurlöndunum og umfang og reynsla Norðurlandanna af niðurgreiddum störfum. Auk þess var almenn efnahagsumræða, þar sem farið var yfir stöðuna í hverju landi, fyrirferðamikil á fundinum. Nokkur umræða var um kosti og galla miðstýrðrar launamyndunar og fulltúar hvers lands kynntu þær leiðir sem farnar eru í hverju landi fyrir sig og hver þróunin hefur verið í þeim efnum. Norðmenn og Svíar sögðu frá ýmsum leiðum sem farnar hafa verið í að niðurgreiða störf í því miði að aðstoða fólk við að komast aftur til starfa á vinnumarkaði. Fundinn sótti Henny Hinz fyrir hönd ASÍ.

### Samstarf samningamanna alþýðusambanda Norðurlandanna

Meðal nýjunga í samstarfi norrænu alþýðusambandanna er að háttsettir samningamenn samtakanna hittast orðið einu sinni á ári til að fjalla um gerð kjarasamninga, bæði form og efni. Var slíkur fundur haldinn hér á landi um miðjan ágúst á Þingvöllum, þar sem fjallað var um síðustu samningalotu samtakanna. Af okkar hálfu sóttu forseti og framkvæmdastjóri fundinn og kynntu síðustu kjarasamninga, m.a. launaþróunartrygginguna og bókun okkar í jafnréttismálum ásamt samkomulaginu um Endurhæfingarsjóð.

Allnokkur umræða varð á fundinum um hvaða form væri á samstarfi aðildarsamtakanna, hversu formlegt það væri og hvaða verkefni og umboð alþýðusamböndin hefðu. Gerð var grein fyrir samkomulagi landssambanda og félaga með beina aðild á vettvangi ASÍ og góðri reynslu okkar af fyrstu tilraun með það sem lofaði góði sem lesa má úr niðurstöðu kjarasamninganna. Ákveðið var að hafa þetta sem sérstakt þema á næsta samráðsfundi á næsta ári.

### Ráðstefna NFS um félagslegu víddina í Evrópusamvinnunni

Markmið ráðstefnunnar sem haldin var í Kaupmannahöfn 3. apríl 2008 var að ræða hvernig megi efla félagslegu víddina (social dimension) á Evrópuvísu og gefa henni ríkara inntak, en verið hefur undangengin ár. Á ráðstefnunni voru flutt fjögur erindi. Þá voru einnig umræður í lok ráðstefnunnar þar sem rætt var um það hvað NFS og aðildarsamtök þess geta gert til að efla og treysta félagslegu víddina. Þá var dómur Evrópudómstólsins í svokölluðu Ruffert-máli sem féll sama dag nokkuð til umræðu og möguleg þýðing hans á Evrópuvísu.

Það kom m.a. fram á ráðstefnunni að mikilvægt væri fyrir verkalýðshreyfinguna að halda á lofti þeim grundvallarsjónarmiðum sem norræna samfélags- og vinnumarkaðsmódelið byggir á og að verkalýðshreyfingin þyrfti að setja fram langtíma stefnu og aðgerðaáætlun í starfi sínu á Evrópuvísu.

## **Verkalýðshreyfingin í Norður Atlantshafi (VN)**

Samstarfið á þessum vettvangi hefur legið niðri um nokkurt skeið, m.a. vegna erfiðleika við að koma á fundi. Gerð verður tilraun til þess að halda ársfund hér á landi í byrjun október.

## **Evrópusamband verkalýðsfélaga - ETUC**

Alþýðusamband Íslands tekur virkan þátt í starfi Evrópusambands verkalýðsfélaga (ETUC). Það felur m.a. í sér að fulltrúar ASÍ starfa í málefnanefndum ETUC og starfshópum og eiga aðild að samninganefndum ETUC sem semja við Evrópusamtök atvinnurekenda (EUROBUSINESS) um málefni vinnumarkaðarins á Evrópuvísu.

## **Framkvæmdastjórn ETUC**

Framkvæmdastjórn ETUC kemur saman 4 sinnum á ári í Brussel og á ASÍ einn stjórnarmann sem framkvæmdastjóri ASÍ hefur sinnt. Vegna samninganna sl. vor hefur aðeins einn fundur verið sóttur á þessu ári, í júní.

Innan Evrópusamtakanna hefur mest farið fyrir endurskoðun á vinnutímatilskipuninni og tilskipuninni um starfsmannaleigur, ásamt umræðum um breytingar á evrópskum samstarfsráðum.

Um starf og stefnu ETUC má lesa á vef sambandsins: <http://www.etuc.org>.

## ***Kvennanefnd ETUC***

Kvennanefnd ETUC kemur saman tvisvar sinnum á ári í Brussel. Alþýðusambandið á einn fulltrúa í nefndinni og hefur jafnréttisfulltrúi ASÍ sinnt því starfi frá byrjun árs 2007.

Tveir fundir hafa verið haldnir frá síðasta ársfundi ASÍ og hefur dagskrá fundanna einkennst af umræðu um rammaáætlun aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um jafnrétti kvenna og karla á vinnumarkaði.

Nefndarfulltrúar hafa farið yfir stöðu mála í hverju ríki fyrir sig, þar sem fjallað er um samþættingu vinnu og einkalífs, fæðingar- og foreldraorlof, dagvistun barna, mat á hefðbundnum kvinnastörfum og fleira. Einnig hefur

verið áhugaverð umræða um fátækt í Evrópu og hvaða hópar eru viðkvæmastir fyrir samfélagslegum breytingum.

Meginályktunin sem draga má af fundunum er sú að nauðsynlegt er að efla og samræma rannsóknir og skilgreiningar á launamun kynjanna í aðildarlöndum ETUC.

### ***Samningar aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu***

Aðilar vinnumarkaðarins á Evrópuvísu starfa nú eftir aðgerðaráætlun fyrir tímabilið 2006 – 2008. Þá hafa þeir að undanfögnu sérstaklega fylgt eftir samningi þeim sem gerður var um aðgerðir gegn ofbeldi og einelti á vinnustað. Einnig hafa aðilar sérstaklega fjallað um stöðu jafnréttismála og menntunar á Evrópuvísu og í einstaka aðildarríkjum og gefið út skýrslur um þau efni sem lið í og til undirbúnings frekari stefnumótun og mögulegum samningum á þessum sviðum.

Aðilar vinnumarkaðarins á Evrópuvísu hafa nú ákveðið að hefja viðræður um endurskoðun á samningi þeim sem gerður var árið 1995 um foreldraorlof. Þær viðræður munu hefjast á haustdögum 2008.

### ***NETLEX - árlegur fundur lögfræðinga allra aðildarsamtaka ETUC***

Árleg ráðstefna lögfræðinga aðildarsamtaka ETUC, NETLEX, var haldinn í Búkarest í Rúmeníu að þessu sinni og sótti Magnús M. Norðdahl hann. Gerð grein fyrir Evrópukjarasamningnum um einelti og ofbeldi á vinnustöðum. Farið var yfir helstu ákvæði samningsins og gerð grein fyrir því hvernig ETUC sér fyrir sér að hrinda honum í framkvæmd en gert er ráð fyrir ráðstefnu um framgang málsins í október 2008. ASI hefur þegar skipað viðræðunefnd um gildistöku þessa samnings hér á landi.

Fjallað var um grundvallarréttindi launafólks. Farið var yfir helstu viðburði í hverju landi fyrir sig og skipst á skoðunum og gögnum um helstu viðburði. Thomas Blanke, prófessor frá Háskólanum í Oldenburg í Þýskalandi gerði auk þess sérstaka grein fyrir helstu dómum sem fallið hafa á sl. 12 mánuði á sviði vinnuréttar og málum sem bíða málflutnings. Kynnt var ný skýrsla ETUC þar sem fjallað er um þær reglur sem gilda um verkföll á öllu EES svæðinu. ETUI tók skýrsluna saman og er af henni talsverður fengur. Skv. henni er nokkuð ljóst að þær hindranir sem eru á notkun verkfallsréttar hér á landi eru smáar í sniðum m.v. mörg EES ríkjanna þar sem reglur eru víða bæði óljósar og erfitt að hrinda í framkvæmd víðtækum verkfallsaðgerðum. Af umræðunni mátti ráða að fjöldi verkfalla virðist vera í réttu hlutfalli við það hversu löggjöfin er skýr og aðgengileg þ.e. eftir því sem gæði hennar eru meiri, því færri verkföll.

Fjallað var síðan um stjórnarskrársáttmála ESB sem verið er að ganga frá

Þessa dagana. Það gerði prófessor Antoine Jacobs frá háskólanum í Tilburg í Hollandi. Í erindi hans kom fram að nýju drögin geyma ekki eins skýr og útfærð ákvæði hvað hin félagslegu réttindi varðar eins og stjórnarskrá sú sem hafnað var á sínum tíma geymdi.

ESB hefur á síðustu árum varið mikilli orku til verkefna er varða betri reglusetningu innan sambandsins. Markmiðið er að auka hagvöxt með því að einfalda og fækka reglum. Farið var yfir þróun þeirra mála en ETUC hefur gagnrýnt margar þær tillögur sem fram hafa komið enda eru hagsmunir viðskiptalífsins látnir ganga framár hagsmunum launafólks. Draga á úr formlegri reglusetningu og setja frekar viðmið og leiðbeiningar. Lítið hefur verið um samráð við aðila vinnumarkaðarins í ferlinu. ETUC er á þeirri skoðun að þó víða megi lagfæra þá sé óásættanlegt að beita þessum markmiðum framkvæmdastjórnar ESB til þess að grafa undan réttindum og réttarstöðu launafólks.

Talsverðum tíma var varið til þess að fjalla um sveigjanleika og öryggi (Flexicurity). Markmið þessa hluta var meira og minna að fara yfir aðferðafræði við gerð kjarasamninga á þessu sviði og mikilvægi þríhliða samstarfs. Það var gert almennt, út frá málefnum er varða öryggi og aðbúnað og loks út frá sjónarmiðum er varða samningsaðild í stórum fyrirtækjum.

Síðasta hluta ráðstefnunnar var varið til þess að gera grein fyrir nýrri lögjöf og lagabreytingum.

### ***Samráðsvefur ETUC um málshöfðanir***

Unnið hefur verið að því að setja upp sérstakan samráðsvef um málshöfðanir innan aðildarríkja EES svæðisins um mál er varða sameiginlega hagsmuni verkalyðshreyfingarinnar og sem varða Evrópurétt. Vefurinn var opnaður á haustmánuðum og með honum gefst tækifæri til þess að bregðast fyrir við málshöfðunum, veita einstökum aðildarsamtökum aðstoð og til þess að samræma viðbrögð ETUC ef og þegar málin berast Evrópudómstólum.

## **Ráðgjafarnefnd EFTA**

Ráðgjafarnefnd EFTA er samstarfsvettvangur aðila vinnumarkaðarins í EFTA löndunum. Nefndin hittist að jafnaði fjórum sinnum á ári. Síðla vetrar er í tengslum við fund nefndarinnar haldinn fundur með Stjórnarnefnd EFTA (Standing Committee). Að vori eru í tengslum við fund nefndarinnar haldnir fundir með ráðherrum EFTA ríkjanna og Þingmannanefnd EFTA. Að hausti heldur nefndin vinnufund þar sem farið er þau mál sem eru efst á baugi hverju sinni. Undir lok árs er haldinn fundur með þeim ráðherra EFTA/EFTA-EES ríkjanna sem hefur forystu fyrir EFTA hverju sinni. Þá fundar Ráðgjaf-

arnefndin einu sinni á ári með fulltrúum frá Efnahags- og félagsmálanefnd ESB (EESC). Í Ráðgjafarnefndinni sitja 16 fulltrúar samtaka launafólks og atvinnurekenda. Sex frá Noregi, fjórir frá Íslandi og Sviss og tveir frá Lichtenstein. Auk þess starfa fulltrúar frá skrifstofu EFTA með nefndinni og sérfræðingar frá aðildarsamtökunum í einstaka málum.

### ***Helstu verkefni Ráðgjafarnefndarinnar***

Ráðgjafarnefndin fundar að jafnaði 3 – 4 sinnum á ári. Ráðgjafarnefnd EFTA setti sér sérstaka starfsáætlun fyrir árið 2008. Áætlunin tekur eðli málsins mjög mikið mið af því sem er á gerast á vettvangi Evrópusambandsins og samningsins um Evrópska efnahagssvæðisins um þessar mundir. Helstu áherslusvið í starfi nefndarinnar á árinu 2008 eru: Lissabon-sáttmáli ESB, Innri markaðurinn, stækkunarmálin, innflytjendamál og viðskipti EFTA ríkjanna við ríki utan Evrópu. Á tímabilinu ályktaði ráðgjafarnefndin um viðfangsefni sín, ein sér eða í samstarfi við aðila frá Evrópusambandinu í Ráðgjafarnefnd EES.

### **Ráðgjafarnefnd EES**

Fundur var haldinn í Ráðgjafarnefnd EES á Svalbarða 15. maí 2008. Á fundinum var fjallað um; norðlægar slóðir, helstu tækifæri og hættur; stöðuna á vettvangi EES; frjálst flæði vinnuafls og umræðu á vettvangi ESB um „Bláa kortið“; flutninga í Evrópu; og símenntun. Var sérstaklega ályktað um tvö síðasttöldu viðfangsefni.

Í ályktuninni um samgöngumál „Metnaðarfull samgöngustefna fyrir Evrópu“ (*An ambitious transport policy for Europe*) er hvatt til þess að Evrópa setji sér metnaðarfulla samgöngustefnu með það að markmiði að nýta náttúruvæna samgöngutækni og skipulag á samgöngum sem dregur úr mengun og sóun af ýmsu tagi og auki öryggi og hagkvæmni. Jafnframt er lögð áhersla á jafnvægi á milli efnahagslegra-, félagslegra- og umhverfislegra markmiða og mikilvægis samgöngumála fyrir þróun innri markaðarins. Þá er frumkvæði Evrópusambandsins síðustu árin við að auka öryggi í flutningum og réttindi farþega. Í greinargerð er síðan sérstaklega fjallað m.a. um mikilvægi þess að bæta kjör og aðstæður sjómanna á flutningaskipum.

Í ályktun um símenntun „Símenntun: lykilatriði fyrir vöxt og störf“ (*Lifelong learning: A key component for growth and jobs*) er lögð áhersla á mikilvægi símenntunar fyrir atvinnulífið, vöxt og viðgang Evrópu og íbúa hennar. Evrópuríki eru hvött til að byggja á sameiginlegum áherslum og þróa fyrirkomulag á vinnumarkaði sem byggi á grunni „öryggi-með-sveigjanleika“ (Flexicurity). Áhersla er lögð á stefnumótun aðildarríkjanna varðandi símennt-



un í tengslum við móttun atvinnustefnu og við framkvæmd hennar og sem mikilvægum þætti í virkum vinnumarkaðsaðgerðum. Þá er lögð áhersla á að allir hópar samfélagsins og á vinnumarkaði hafi þörf fyrir símenntun þótt nálgunin og þarfirnar kunnir að vera ólíkar fyrir ólíka hópa. Þá er í ályktunni fagnað gæðaramma fyrir símenntun (EQF) sem Evrópusambandið hefur samþykkt og bent á að hann sé mikilvægur grundvöllur fyrir uppbyggingu og frekari þróun símenntunar um alla Evrópu, þ.m.t. í EFTA ríkjum.

## **Alþjóðavinnumálastofnunin – ILO**

### **97 – þing ILO**

Í sendinefndinni sátu af hálfu stjórnvalda, Kristinn Árnason sendiherra í Genf og ásamt honum Gylfi Kristinsson, félagsmálaráðuneytinu auk starfsmanna fastanefndarinnar í Genf. Af hálfu samtaka verkafólks sóttu þingið Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ og varamaður hans Georg Páll Skúlason, formaður FBM sem einnig sat Genfarskólann ásamt Jakobínu Þórðardóttur framkvæmdastjóra Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Af hálfu atvinnurekenda sátu þingið lögfræðingar SA, þau Hrafnhildur Stefánsdóttir og Jón H. Magnússon.

### **Megin málefni**

Styrking ILO á tímum hnattvæðingar. Önnur umræða.

Dregið úr fátækt með atvinnusköpun í dreifbýli. Almenn umræða.

Framleiðniaukning, atvinnusköpun og þróun með aukinni hæfni launafólks. Almenn umræða.

Framkvæmd samþykkt.

Kosning stjórnar.

Fjármál.

### **Styrking ILO á tímum hnattvæðingar**

Magnús M. Norðdahl sat í þessari nefnd en hann var jafnframt talsmaður Norrænu verkalyðshreyfingarinnar í henni. Vinnulag var þannig að almenn umræða fór fram í 4 daga en síðan tók við tímabil flókinnar samningavinnu í 10 daga. Í nefndinni sátu hátt á fjórða hundrað fulltrúa en valinn var 32 manna hópur til þess að vinna úr niðurstöðum almennu umræðunnar og til þess í raun að semja um niðurstöður. Verkalýðshreyfingin átti 8 fulltrúa í henni og var Magnús M. Norðdahl kjörinn einn þeirra.

Til grundvallar starfi nefndarinnar lá annars vegar ítarleg skýrsla skrifstofunnar frá 2007, niðurstaða nefndarstarfsins frá 2007 og loks tillaga skrifstofunnar að sérstakri yfirlýsingu sem væri skuldbindandi fyrir stofnunina og

starfsemi hennar. Í öllum meginráttum héldu frumniðurstöðurnar úr fyrri umræðu. Yfirlýsingunni var valið lýsandi nafn sem er „Félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu“.

Yfirlýsing felur í fyrsta lagi í sér sérstaka reglulega skýrslugerð um fjór- ar stoðir stefnurnar um Mannsæmandi störf, þ.e. atvinnusköpun, félagslegt öryggi, félagslegt og þríhliðasamráð og grundvallarréttindi launafólks. Miðað er við að stofnunin afli gagna og skili skýrslum um einn flokk í einu þ.a. 4. hvert ár sé skýrslu skilað um hvern þátt fyrir sig. Í yfirlýsingunni er sérstaklega tekið fram, að þessir fjórir þættir hangi saman þ.a. sé einum ekki sinnt hindri það framgang hinna. Í öðru lagi, að sett verði upp sérstök nefnd á hverju ILO-þingi til þess að fjalla um þessar skýrslur og koma með niðurstöður og tillögur um efni hvernar fyrir sig. Í þessu felst einnig að ekki verður rými fyrir nema eina tæknilega nefnd að auki en þær eru tvær núna. Í þriðja lagi er tilgangurinn að ILO geti betur fylgst með þróun í hverjum málaflökki og sniðið þjónustu sína til samræmis við hana. Þannig megi einnig skipuleggja betur þau efni sem réttlætt geta annað hvort endurskoðun núverandi samþykkt eða setningu nýrra.

Samkvæmt yfirlýsingunni bera aðildarríkin frumábyrgð á því að ná fram efnahagslegum og félagslegum markmiðum sínum á tímum hnattvæðingarinnar. Hlutverk ILO sé að aðstoða þau en samhliða er öðrum alþjóðlegum og svæðisbundnum stofnunum boðið til samstarfs. Yfirlýsingin leggur áherslu á, að til grundvallar öllu starfi ILO liggja stefna byggð á félagafrelsi, kjarasamningsrétti, afnámi nauðungarvinnu og barnavinnu og banni við allri mismunun á vinnumarkaði.

Með yfirlýsingunni hafa aðildarríkin nú einnig ákveðið að ILO geti vegið og metið stefnu og ákvarðanir annarra alþjóðlegra stofnana með hliðsjón af því hvaða áhrif stefna þeirra og ákvarðanir hafi á atvinnu og atvinnusköpun og þá hvort stefnt sé að markmiðum um að skapa mannsæmandi störf eins og það hugtak er skilgreint af ILO. Þessi ákvörðun gefur ILO nýtt og mikilvægt umboð á alþjóðavettvangi.

Yfirlýsingin er mikilvægasta endurbót á endurnýjun á Alþjóðavinnu- málastofnuninni síðan Fíladelfíuyfirlýsingin var samþykkt 1944.

### ***Dregið úr fátækt með atvinnusköpun í dreifbýli***

Því miður átti Ísland átti ekki fulltrúa í þessari nefnd. Í henni var fjallað um stöðu launafólks og atvinnurekstrar í dreifbýli en  $\frac{3}{4}$  alls fólks sem telst undir fátæktarmörkum í veröldinni telst búa og vinna við erfið og illa launuð störf í landbúnaði. Umræðan tók nokkurn lit af þeirra kreppu sem skollin er á með ófullnægjandi framboði matvæla og hækkandi matvælaverði. Samþykkt var að

stjórn ILO fengi það verkefni að skipuleggja og fjármagna sérstakar aðgerðir til þess að auka atvinnu og fjölga góðum störfum í dreifbýli, bæði í áætlanagerð stofnunarinnar fyrir 2010-2015 en einnig í fjárlögum 2008-2009.

### ***Framleiðniaukning, atvinnusköpun og þróun með aukinni hæfni launafólks***

Jakobína Þórðardóttir fylgdi störfum þessarar nefndar. Í nefndinni var fjallað um mikilvægi hæfni launafólks við sköpun góðra starfa og sjálfbærs atvinnureksturs, fjölgun frumstarfa og afleiddra starfa, mikilvægi hennar til þess að mæta hnattvæðingunni, tengsl menntunar og hæfni, tengsl aukinnar hæfni og þess að allir fái að vera þátttakendur í samfélaginu og um mikilvægi þrífliða samstarfs við alla ákvarðanatöku og framkvæmd.

### ***Nefnd um framkvæmd samþykkt***

Að lokinni almennri umræðu um skil á skýrslum var sérstök umræða um ástandið í Burma (Myanmar). Þar kom fram að stjórnvöld hafa ekki gert það sem skorað hefur verið þau á gera og varðar fyrst og fremst viðvarandi nauðungarvinnu og kúgun samtaka launafólks og atvinnurekenda. Á landinu er viðskiptabann frá mörgum aðildarríkjum SP. Þrátt fyrir það hafa Íslendingar á fyrstu fjórum þessa árs flutt inn vörur frá Mýanmar fyrir 3 milljónir og virðist sem lítil breyting hafi orðið á innflutningi síðustu ár en full ástæða til þess að taka þau mál til ganggerrar skoðunar. Útflutningur þangað er hins vegar enginn.

Að lokinni þessari umræðu var fjallað um brot 24 annarra ríkja á mikilvægustu samþykktum ILO. Nokkrum skugga varpaði á val þeirra mála sem fjallað var um, ágreiningur atvinnurekenda og launafólks í nefndinni. Atvinnurekendur lögðu mikla áherslu á, að fjallað yrði um meint brot Venesúela gegn þarlendum atvinnurekendum en um það tókst ekki sátt sem er miður. Búast má við því að sú niðurstaða geti haft áhrif á val þeirra mála sem fjallað verður um á þinginu 2009.

### ***Kosning stjórnar***

Launafólk á 14 aðalfulltrúa í stjórn stofnunarinnar og voru þeir allir kjörnir nú. Sú breyting varð helst hvað Norðurlöndin varðar, að Ulf Edström gekk úr aðalstjórn og tók sæti fyrir hönd Benelux-landanna í varastjórn en inn kom sem aðalfulltrúi Trine Lise Sundnes frá norska Alþýðusambandinu. ASÍ hefur tilkynnt að við viljum taka sæti í stjórninni eftir sömu reglum og hin Norðurlöndin. Af því varð ekki nú og gert ráð fyrir að Trine sitji næstu tvö kjörtímabil eða í 6 ár.

## ***Fjárlög ILO***

Gylfi Kristinsson leiddi störf fjárhagsnefndar stofnunarinnar og var kjörinn til þeirra starfa úr hópi fulltrúa ríkisstjórna allra aðildarríkja ILO en þær einar eiga sæti í þessari nefnd. Fjárlögin eru með hefðbundnu sniði en tekið var sérstakt tillit til þess að húsakostur stofnunarinnar þarfnast verulegra lagfæringa en fyrirliggjandi áætlanir gera ráð fyrir því að þær muni kosta um 2.8 milljarða.

## ***Mat o.fl.***

Magnús M. Norðdahl var eins og fyrr segir kjörinn í samninganefnd launafólks um yfirlýsingu ILO um Félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu og Gylfi Kristinsson leiddi eins og áður segir störf fjárhagsnefndarinnar. Segja má því að íslenska sendinefndin hafi tekið mun umfangsmeiri þátt í störfum þingsins en stærð og framlög ríkisins gefa tilefni til. Genfarskólinn starfaði að venju með miklum krafti og tóku hinir íslensku nemendur virkan þátt í störfum hans. Því miður er sendinefnd Íslands það fámenn að ekki er hægt að manna nefndir en æskilegt væri að geta mannað a.m.k. 2 helstu nefndir hvers þings.

## **Príhliða nefnd ILO á Íslandi**

Nefndin fundar að jafnaði einu sinni á hverjum sex vikum og voru störf hennar hefðbundin. Merkjanlegur munur er á vinnubrögðum hennar í kjölfar breyttra verklagsreglna um meðferð á niðurstöðum ILO þinga sem gerð var grein fyrir í síðustu skýrslu. Nú liggur fyrir að afstöðu þarf að taka til staðfestingar eftirfarandi samþykktu og tilmæla:

S-186 um vinnuskilyrði farmanna, S-187 og T-197 um aðbúnað og hollustuhætti, S-188 og T-199 um fiskimenn og loks T-198 um ráðningarsamband. Fyrir nefndinni liggur einnig frágangur á þýðingu viðbóta við Félagsmálasáttmála Evrópu og miðaði því verki nokkuð á starfsárinu eftir langt hlé.

## **Norræna ILO samstarfið**

Fulltrúar norrænu verkalýðshreyfingarinnar á Norðurlöndunum hittust þrisvar á síðasta starfsári. Á þessum fundum er afstaða okkar til einstakra dagskrármála í Stjórnarnefnd ILO rædd auk þess sem ILO þingin eru undirbúin, verkum og ábyrgð skipt vegna þeirra. Af Íslands hálfu var einn þessara funda sóttur að þessu sinni en þar var fjallað um skipulag 97 þingsins og verkum skipt. Næsti fundur hópsins er á Íslandi í lok október 2008.



*Húsfyllir var á frábærum tónleikum 200.000 naglbíta og Lúðrasveitar verkalýðsins á menningarnótt Reykjavíkur 2008 en tónleikarnir voru í boði ASÍ.*

## Lagabreytingar og skipulagsmál

### Laganefnd

Laganefnd ASÍ kom saman til 4 funda á starfsárinu og afgreiddi á þeim til miðstjórnar umsagnir um 11 lagabreytingar einstakra aðildarsamtaka. Eins og áður var um að ræða í flestum tilvikum minniháttar breytingar vegna sameiningar aðildarfélaga og breytingar gerðar í framhaldi af leiðbeiningum miðstjórnar. Í laganefnd eru óafgreiddar breytingar á lögum Sjómannafélags Eyjafjarðar og Verkalýðs- og sjómannafélags Grindavíkur en bæði félögin hyggjast stækka félagssvæði sitt yfir landið allt en þó án þess að vilja taka stöðu landsfélaga.

### Skipulags- og starfsháttanefnd

Skipulags- og starfsháttanefnd kom saman til eins fundar á starfsárinu. Afgreiddar voru 5 breytingar á reglugerðum en þar af var einni vísað til miðstjórnar sem synjaði henni staðfestingar. Öll aðildarsamtök ASÍ hafa skilað inn reglugerðum sjúkrasjóða sinna til staðfestingar. Sjö reglugerðir hafa ekki verið staðfestar og gilda lágmarksákvæði laga ASÍ um réttindi sjóðfélaga í

þeim eftir því sem við á. Miðstjórn hefur falið skipulags- og starfsháttanefnd að fylgja því eftir að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á þeim reglugerðum. Nefndin fjallaði einnig á fundi sínum um tillögur að breytingum á lögum ASÍ fyrir ársfund 2008 og gaf miðstjórn álit sitt á afgreiðslu þeirra.

## Sameining félaga

Á starfsárinu sameinaðist Boðinn í Þorlákshöfn, Eflingu stéttarfélagi í Reykjavík og verður með því til ný sjómannadeild innan Eflingar. Önnur stór sameining varð er almenn deild Vöku á Siglufirði sameinaðist Einingu-Iðju og aðrar deildir Vöku sameinuðust öðrum stéttarfélögum á Norðurlandi. Nýr hópur bættist síðan við ASÍ er Sveinafélag pípulagningamanna sem staðið hefur utan ASÍ sameinaðist FIT. Innan LÍV sameinuðust Verslunarmannafélag Vestmannaeyja, Austurlands og V-Húnavatnssýslu VR en á Norðurlandi sameinuðust Verslunarmannafélag Húsavíkur og Verkalýðsfélag Húsavíkur. Loks er þess að geta að Trésmiðafélag Reykjavíkur og Félag byggingamanna Eyjafirði sameinuðust. Ljóst er skv. framansögðu að hefðbundið landshlutaskipulag stéttarfélaga hefur talsvert riðlast og félagssvæði stéttarfélaga stækkað til mikilla muna.

## Samstarfssamningur ASÍ

Í júní 2007 öðlaðist samstarfssamningur aðildarfélaga ASÍ gildi en hann byggir á 14.gr. laga ASÍ. Hann er svohljóðandi:

## SAMSTARF

aðildarsamtaka Alþýðusambands Íslands um leikreglur vegna sameiginlegra mála við gerð og endurnýjun kjarasamninga 2007-2008

### 1. gr.

Samstarfið er byggt á 14. gr. laga ASÍ. Aðild að samstarfinu og samningi þessum eiga öll landssambönd ASÍ, VR, félag með aðild að samningi Flóabandalagsins og félag með beina aðild.

### 2. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að nauðsynlegt sé að samræma aðgerðir sínar í sameiginlegum málum við atvinnurekendur og stjórnvöld. Í þeim málum sem sameiginlegt umboð er veitt til hverju sinni, kemur samninganefndin fram fyrir hönd hlutaðeigandi aðila við samningsgerðina og fylgir samningunum eftir á samningstímanum.

### 3. gr.

Í samninganefnd á vettvangi ASÍ skulu eiga sæti auk forseta ASÍ, einn fulltrúi frá hverju landssambandi ASÍ, einn sameiginlegur fulltrúi félaga með aðild að samningi Flóabandalagsins, einn fulltrúi VR og einn sameiginlegur fulltrúi félaga með beina aðild. Jafnframt er gert ráð fyrir að framkvæmdastjóri ASÍ vinni með nefndinni.

### 4. gr.

Samninganefnd á vettvangi ASÍ skal skipuð með góðum fyrirvara í aðdraganda kjarasamninga hverju sinni. Forseti ASÍ kallar nefndina saman og stýrir störfum hennar. Samninganefndin skal að jafnaði koma saman ekki síðar en fjórum mánuðum áður en fyrstu aðalkjarasamningar verða lausir hverju sinni.

### 5. gr.

Umboð samninganefndar á vettvangi ASÍ tekur til eftirfarandi þátta:

- Gerðar sérstakrar viðræðuáætlunar um þá þætti kjarasamninganna sem samkomulag er um.
- Tryggingarákvæða á gildistíma kjarasamninga
- Skipan og umboð sameiginlegrar forsendunefndar um mat á framvindu kjarasamninga og endurskoðun þeirra
- Viðræðna og samkomulags við stjórnvöld (ríki og sveitarfélög) um mál er varða þau ekki sem aðila kjarasamninga.

### 6. gr.

Samninganefndin hefur umboð samkvæmt samningi þessum til að ganga til samninga við atvinnurekendur fyrir hönd aðila samstarfsins í samræmi við ákvæði laga um stéttarfélag og vinnudeilur.

**7.gr.**

Í samninganefndinni skal leitast við að ná einróma samstöðu í málum. Samninganefndinni er heimilt að taka skuldbindandi ákvarðanir með meirihluta atkvæða enda hafi allir fulltrúar í nefndinni samþykkt að viðhafa slíka atkvæðagreiðslu skv. 6.mgr. 29 gr. laga ASÍ.

Hafi samningsaðilar ákveðið að fjalla sameiginlega um tryggingarákvæði á gildistíma kjarasamninga og/eða skipan og umboð sameiginlegrar forsendunefndar um mat á framvindu kjarasamninga og endurskoðun þeirra sbr. 5.gr. b og c lið, tekur nefndin skuldbindandi ákvarðanir með meirihluta atkvæða í samræmi við 1.mgr.

**8.gr.**

Samstarfssamningur þessi gildir til loka næsta samningstímabils.

Reykjavík 22.6 2007

F.h. Landssambands íslenskra verslunarmanna




F.h. Starfsgreinasambands Íslands



F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands



F.h. Samiðnar – sambands iðnfélaga




F.h. Sjómannasambands Íslands




F.h. VR



F.h. Flóabandalagsins



F.h. Félaga með beina aðild



F.h. Alþýðusambands Íslands





Í aðdraganda endurnýjunar kjarasamninga á síðasta ári var skipað í viðræðunefndir um þau sameiginlegu mál sem samstaða náðist um að fara í viðræður við atvinnurekendur um. Nýju verklagi var beitt og lauk viðræðum með formlegum kjarasamningi ASÍ og SA um sameiginleg mál í febrúar 2008 og er nánar gerð grein fyrir honum annars staðar í skýrslunni. Einstök ákvæði hins sameiginlega kjarasamnings voru felld inn í viðeigandi kjarasamninga aðildarsamtakanna og þeir þannig undirritaðir af þeim. Beri textum ekki saman ræður hinn sameiginlegi samningstexti ASÍ og SA. Í kjölfar undirritunar og afgreiðslu hófst að nýju öflun efnis til sameiginlegrar samningsgerðar, kjósi aðildarsamtökin að hafa sama hátt á við næstu endurnýjun.



## Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ

Starfsemi á skrifstofu ASÍ byggir á starfs- og fjárhagsáætlun sem unnin er af forseta og framkvæmdastjóra ASÍ í samráði við Starfs- og fjárhagsnefnd og síðan samþykkt af miðstjórn ASÍ.

Starfs- og fjárhagsáætlun var lögð fyrir miðstjórn í byrjun desember, þar sem línur voru lagðar fyrir starfsemi skrifstofunnar fyrir árið 2008 og hún síðan samþykkt á fyrsta fundi miðstjórnar í janúar 2008.

Starfsemin á skrifstofu ASÍ markaðist á tímabilinu einkum af þeim viðfangsefnum sem fjallað er um í þessari skýrslu. Því til viðbótar komu fjölmörg mál til kasta Alþýðusambandsins og starfsfólks þess. Þar má nefna margvísleg mál er tengjast túlkun kjarasamninga, útreikningum og lögum, auk hagfræðilegra úrlausnarefna af ýmsu tagi. Málefni útlendinga hefur og haldið áfram að móta starf skrifstofunnar á tímabilinu. Margvísleg upplýsingagjöf er mikill og vaxandi þáttur í starfseminni.

### Starfsmenn á skrifstofu ASÍ 1. október 2008

Starfsmenn Alþýðusambands Íslands voru þann 1. október síðastliðinn sem hér segir:

Ása Jónsdóttir, gjaldkeri, Ástríður Andrésdóttir, fulltrúi, Grétar Þor-

steinsson, forseti ASÍ, Guðmundur Hilmarsson, sérfræðingur, Berglind S. Guðnadóttir, ræstitæknir, Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri og deildarstjóri félagsmáladeildar, Henný Hinz, hagfræðingur og verkefnisstjóri verðlagseftirlits, Ingibjörg Björnsdóttir, matráðskona, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ, Ingunn S. Þorsteinsdóttir, hagfræðingur, Magnús Norðdal, lögfræðingur og deildarstjóri lögfræðideildar, María Haraldsdóttir, bókari, Maríanna Traustadóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum, Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur og deildarstjóri hagdeildar ASÍ, Snorri Már Skúlason, deildarstjóri upplýsinga- og kynningardeildar, Eyrún Björk Valsdóttir, fræðslufulltrúi og deildarstjóri MFA fræðsludeildar ASÍ, Sif Ólafsdóttir fulltrúi, sem er í barneignafrii og Stefán Úlfarsson, hagfræðingur.

Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi hjá ASÍ frá síðasta ársfundi, en Margrét Sæmundsdóttir og Ingvar Sverrisson létu að eigin ósk af störfum á starfsárinu.

### ***ASÍ vefurinn***

Umtalsverð vinna hefur verið lögð í að endurhanna og -skipuleggja vefsvæði ASÍ, sérstaklega hvað varðar útlit. Nýr vefur var síðan opnaður í lok ágúst.



## Umsagnir um þingmál

### **Pingsályktunartillaga um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 7. mál.**

ASÍ tekur undir þau sjónarmið flutningsmanna tillögunnar, að tímabært og brýnt sé að samningi þessum verði hrint í framkvæmd hér á landi og nauðsynlegar lagabreytingar gerðar.

### **Frumvarp um breytingar á lögum um almannatryggingar, 10. mál.**

Alþýðusambandið hefur fengið til umsagnar breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra, 10. mál. Alþýðusamband Íslands hefur lengi verið þeirrar skoðunar að það væri forgangsverkefni í íslensku þjóðlífi að endurskoða frá grunni grundvallarlöggjöfina um velferðarkerfið. Í þeirri endurskoðun þurfi þrennt að hafa að leiðarljósi, í fyrsta lagi samstilling hins lögbundna almannatryggingakerfis og hins samningsbundna lífeyrissjóðakerfis (þar með talið hlutverk viðbótarlífeyrissparnaðar). Í öðru lagi veruleg hækkun allra viðmiðunarfjárhæða, sem skilgreina verður út frá

hlutfallslegri tekjudreifingu landsmanna. Í þriðja lagi þarf að endurskoða frá grunni afstöðu samfélagsins til atvinnuþátttöku þeirra sem að hluta eða öllu leyti eru á bótum almannatryggingakerfisins. Ljóst er að þrátt fyrir mikla atvinnuþátttöku landsmanna almennt er verulegur skortur á vinnuafli og fyrirsjáanlegt að slíkt ástand muni vara um margra ára skeið. Jafnframt hefur verið sýnt fram á með rökum, að ríkissjóður hagnast verulega á aukinni atvinnuþátttöku eldri borgara.

Alþýðusambandið er að mörgu leyti sammála mörgum af þeim sjónarmiðum sem fram koma í umræddu frumvarpi, en telur óráðlegt að halda áfram að stagbæta hina gatslinu flík sem líkja má almannatryggingalöggjöfinni við. Að störfum er nefnd félagsmálaráðherra sem fengið hefur það verkefni að endurskoða almannatryggingalöggjöfina frá grunni, og leggur Alþýðusambandið til að beðið verði með frekari smáskammtalausnir þar til sú nefnd hefur lagt fram tillögur sínar.

Alþýðusambandið styður því ekki samþykkt þessa frumvarps.

## **Pingsályktunartillaga um aðgerðaráætlun um íslenskukennslu fyrir innflytjendur, 28. mál.**

Alþýðusambandið tekur undir með tillöguflytjendum að mikil þörf er á að gerð verði aðgerðaráætlun um íslenskukennslu fyrir innflytjendur. Þekking í íslensku er lykillinn að íslensku samfélagi og forsenda fyrir virkri þátttöku í því sem þar fer fram. Á sama hátt er íslenskukunnátta nauðsynleg einstaklingum til að þeir geti þekkt rétt sinn og nýtt hann með fullnægjandi hætti. Þetta gildir hvort heldur um er að ræða fullorðið fólk á vinnumarkaði eða börn og ungmenni.

Alþýðusamband Íslands styður efni þingsályktunartillögunnar og mælir með samþykki hennar.

## **Pingsályktunartillaga um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum, 34. mál.**

ASÍ fagnar framkominni tillögu sem fulltrúar allra flokka á Alþingi flytja. Eins og fram kemur í greinargerð er fylgir tillögunni þá hefur hlutur kvenna í sveitarstjórnnum aukist mjög hægt undanfarinn áratug. Því er mikilvægt að beita markvissum aðgerðum til að bæta hlut kvenna í sveitarstjórnnum í aðdraganda næstu sveitarstjórnkosninga 2010.

ASÍ telur Jafnréttisstofu réttan aðila til að veita slíkum aðgerðum forystu, en bendir á að nauðsynlegt er að Jafnréttisstofa kalli til þá aðila sem sinna jafnréttismálum á faglegum forsendum og aðra áhugahópa um jafnrétti kvenna

og karla.

## **Frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, 35. mál.**

Alþýðusamband Íslands hefur á undanförunum misserum haft til skoðunar og umræðu málefni barna og barnafjölskyldna, m.a. í ljósi niðurstöðu sérstakrar úttektar á fátækt meðal barna. Ljóst er að staða barnafjölskyldna hefur versnað umtalsvert undanfarin ár og kemur það víða fram, m.a. í tannverndarmálum barna.

Á ársfundi ASÍ í október sl. voru áherslur Alþýðusambands Íslands í velferðarmálum samþykktar í sérstakri útgáfu sem ber heitið „Norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðsmódelið“. Þar kemur m.a. fram krafa ASÍ um „að tryggja öllum börnum og unglingum undir 18 ára aldri viðunandi aðgengi að alhliða heilbrigðisþjónustu, m.a. með því að greiða niður lyf og tannlækningar ásamt sjón- og heyrnartækjum.“ Í umræddu frumvarpi er gengið lengra og miðað við 25 ára aldursmörk sem síðan eigi að hækka í 40 ár.

Í frumvarpinu er hins vegar ekki tekið á því vandamáli, að Tryggingastofnun ríkisins hefur ákveðið einhliða „taxta“ tannlækna sem endurgreiðslur miðast við og er þessi „taxti“ í engu samræmi við þann veruleika sem foreldrar barna sem þurfa á þjónustu tannlækna að halda búa við.

Alþýðusambandið styður þann þátt þessa frumvarps sem lýtur að aukinni aðstoð við barnafjölskyldur og hefði fagnað ákvæðum um að TR endurgreiði raunverulegan kostnað barnafjölskyldna. Alþýðusambandið tekur hins vegar ekki undir það sjónarmið, að stefna eigi að því að hækka aldursmörkin í 40 ár.

## **Frumvarp til laga um tekjuskatt, 36. mál.**

Alþýðusamband Íslands telur mikilvægt að hverfa ekki frá því aðhaldi sem felst í birtingu og framlagningu álagningar- og skattskráa skv. gildandi lögum og leggst því gegn samþykkt frumvarpsins.

## **Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélag og vinnudeilur, með síðari breytingum, 40. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist að nýju til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélag og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Það er grundvallarafstaða ASÍ að kjarasamningar, efni þeirra og framkvæmd eigi að vera í höndum aðila vinnumarkaðarins, samtaka launafólks og

atvinnurekenda. Rétturinn til að stofna stéttarfélög og semja um kaup og kjör er með mikilvægustu mannréttindum launafólks og þeim rétti fylgir að samningsaðilar beri ábyrgð á því um hvað er samið og hvernig. Það felur m.a. í sér ákvörðun um gildistíma kjarasamninga, frá hvaða tíma þeir gilda og hversu lengi.

Í ljósi framanritaðs getur ASÍ ekki stutt það frumvarp sem til umsagnar er. Um leið vill ASÍ undirstrika, og tekur undir það með flutningsmanni, að mikilvægt er að nýir kjarasamningar komist á um leið og eldri samningar renna sitt skeið, eða sem fyrst þar á eftir. Að því hefur ASÍ og aðildarsamtök þess stefnt við kjarasamningagerð á undanförunum árum. Til að ná þessu markmiði hefur verkalýðshreyfingin m.a. hvatt til og sjálf haft frumkvæði að því að breyta og bæta verklag varðandi undirbúning og gerð kjarasamninga. Má þar m.a. nefna gerð viðræðuáætlana í tengslum við kjarasamningagerð og eftirfylgni með framkvæmd þeirra. Væntir Alþýðusambandið þess að ný og breytt vinnubrögð sem hafa skilað góðum árangri muni skila þeim árangri í frjálsum samningum sem frumvarpinu er ætlað að ná, enda sammála flutningsmanni um markmiðin, þótt ASÍ telji að aðrar leiðir en hann leggur til séu vænlegri í þeim efnum.

## **Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 46. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur áður gefið umsögn um mál þetta þá er það hefur verið flutt á fyrri þingum.

ASÍ ítrekar, að hlutverk stéttarfélaga, hvort heldur í hlut eiga félög opinberra starfsmanna eða stéttarfélög á almennum vinnumarkaði, er hagsmunagæsla gagnvart samtökum atvinnurekenda og stjórnvöldum fyrir allt launafólk í landinu, óháð fullri aðild hvers og eins. Þannig eru þau kjör sem samið er um í kjarasamningum lágmarkskjör sem óheimilt er að semja sig frá nema þeir samningar feli í sér betri kjör. Eðlilegt er og rétt að allt launafólk standi sameiginlega undir þeim kostnaði sem sameiginlegri hagsmunagæslu fylgir. Samkvæmt íslenskum dómum felst ekki í þessari skyldu brot á stjórnarskrá eða sáttmálum um mannréttindi sbr. m.a. dóm Félagsdóms í málinu nr. 4/1998.

Vegna þeirrar fullyrðingar í greinargerð frumvarpsins að þeir einstaklingar sem iðgjöldum er skilað af en sem ekki sækja um fulla félagsaðild njóta ekki réttinda t.d. í orlofsjóði skal tekið fram, að þetta er rangt a.m.k. hvað samningssvið ASÍ varðar. Iðgjöld til orlofs-, sjúkra- og menntasjóða eru greidd af atvinnurekendum af öllum greiddum launum. Gegn því iðgjaldi njóta allir sem greitt er af fullra réttinda. Það sama á við um réttarvernd og aðstoð

stéttarfélaganna. Í gegnum þessa sjóði eins og t.d. sjúkrasjóð, rekur verkalýðshreyfingin mjög stóran hluta af lágmarksveikindarétti alls launafólks á almennum vinnumarkaði.

Í greinargerðinni er það einnig sérstaklega gagnrýnt að BHM hafi gagnrýnt það verklag að til staði að breyta lögum þessum án samráðs við samtök opinberra starfsmanna. Í þessu efni ber að hafa í huga, að vinnulöggjöfin er sett til þess að forða ef hægt er en ella að stýra átökum á vinnumarkaði. Í vinnulöggjöfinni felst mikilvæg sátt milli samtaka launafólks, atvinnurekenda og stjórnvalda um meðferð valds á vinnumarkaði. Þessi sátt hefur tryggt frið, félagslegar- og efnahagslegar framfarir og stöðugleika hér á landi um langt árabíll. Mikilvægt er að þessari sátt sé ekki raskað án samráðs og einhliða af einum þeirra þriggja aðila sem að henni standa, jafnvel þótt hann hafi vald til þess.

Að öðru leyti en hér greinir er vísað til fyrri umsagna um sama þingmál.

## **Tillaga til þingsályktunar um Loftslagsráð, 62. mál.**

Í tillögunni er gert ráð fyrir að stofnað verði sérstakt Loftslagsráð, sem verði m.a. umræðu- og samráðsvettvangur um leiðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Loftslagsbreytingar af mannavöldum, vegna útblásturs gróðurhúsalofttegunda er talin ein mesta samfélagslega og efnahagslega ógnin sem mannkynið hefur staðið frammi fyrir. Afleiðingar þeirra munu gæta um allan heim og bitna mest á launafólki og einstaklingum sem standa höllum fæti.

Íslandi, eins og öðrum iðnríkjum, ber skylda til þess að fara fremst í flokki í baráttunni við loftslagsbreytingarnar m.a. með því að draga verulega úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Evrópusambandið hefur lagt fram metnaðarfullar tillögur um aðgerðir til að sporna við loftslagsbreytingum og munum við Íslendingar verða að undirgangast ákvarðanir sambandsins á grundvelli EES-samningsins. Ljóst er að áhrif loftslagsbreytinga og aðgerðir til að sporna við þeim munu hafa víðtæk áhrif hér á landi, ekki einungis efnahagsleg áhrif heldur jafnframt veruleg áhrif á samfélagið og atvinnulífið.

Á þessari stundu liggur fátt fyrir um hver þessi áhrif raunverulega verða, hversu umfangsmikil þau verða, hverjir verði fyrir þeim eða hverjir komi til með að bera kostnaðinn af þeim. Umræðan um þessi mál hefur til þessa nær eingöngu verið innan þröngs hóps fólks og nánast einskorðast við ákveðna umhverfisþætti og áhrif á náttúruna og lífríkið, en minna hefur verið fjallað um afleidd áhrif breytinganna á samfélagið, atvinnulífið og efnahagslífið.

Alþýðusambandið telur mikilvægt að fram fari sem fyrst, opin umræða um áhrif loftslagsbreytinganna og viðbrögð við þeim, út frá víðu sjónarhorni þar



sem greind verði áhrifin á íslenskt samfélag, atvinnulíf og efnahagslíf. Mikilvægt er að svara spurningum um það hvaða afleiðingar breytingarnar muni hafa, hverjir verði fyrir þeim, hvernig eigi að aðstoða launafólk og atvinnulífið við að takast á við þær og hvernig eigi að skipta kostnaðinum.

Alþýðusambandið fagnar tillögu um stofnun breiðs umræðu- og samráðs-vettvangs um loftslagsbreytingar og leiðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Alþýðusambandið er hins vegar ekki að öllu leyti sammála því sem fram kemur í greinargerðinni með frumvarpinu og getur því ekki tekið undir hana.

### **Frumvarp til laga um fyrningu kröfuréttinda, 67. mál.**

Um er að ræða nýtt heildstætt frumvarp um fyrningu kröfuréttinda sem leysa mun lög nr. 14/1905 af hólmi. Við frumvarpið er gerð ein athugasemd.

Skv. 9. gr. frumvarpsins er lagt til að fyrningartími skaðabótakrafna, þar með taldar skaðabótakröfur vegna vinnuslysa, verði færður úr 10 árum í 4 ár. Eiginleg rök eru ekki færð fyrir þessari breytingu en þess getið í greinargerð að fyrningartími slíka krafna sé almennt styttri á Norðurlöndunum. Margvíslegar ástæður geta legið til þess að ekki er hafist handa innan fjögurra ára frá því að tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og hinn bótaskylda. Ekki verður séð að núverandi fyrningartími hafi valdið vandkvæðum í framkvæmd eða verið atvinnurekendum eða atvinnulífinu íþyngjandi þegar um vinnuslys hefur verið að ræða. Hinn stutti fyrningartími mun hins vegar gefa óþarfa til efni til deilna um upphaf hvort kröfur af völdum vinnuslysa séu fyrndar eða ekki. ASÍ leggst því eindregið gegn framangreindri styttingu.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1987, 113/1990 og 129/1997, 131. mál.**

Mál þetta er flutt til þess að tryggja innheimtu skatta af starfsmönnum starfsmannaleiga sem ekki eiga skattalegt heimilisfesti hér á landi en sem leigja starfsmenn hingað til lands.

ASÍ mælir eindregið með samþykkt þessa frumvarps. Það byggir á þeim grundvallarsjónarmiðum sem verkalýðshreyfingin hefur ítrekað kynnt Alþingi. Þau eru, að sá sem í raun sé vinnuveitandi starfsmanna, notendafyrirtækið, beri hefðbundna launagreiðendaábyrgð ábyrgð á því, að öllu er varðar laun, launatengd gjöld og skatta og skyldur, sé rétt til laga haldið. Mikill misbrestur hefur á þessu verið og brýnt að Alþingi geri nauðsynlegar breytingar hér á. Frumvarp þetta, sem mælir fyrir um notendaábyrgð þegar í hlut eiga fjárhagslegar efnir gagnvart stjórnvöldum, er eitt skref af mörgum sem taka

þarf til þess að tryggja það að notendafyrirtæki hér á landi verði gerð ábyrgð á fjárhagslegum efndum, ekki bara gagnvart hinu opinbera heldur einnig og ekki síður gagnvart starfsmönnum sjálfum.

## **Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 142. mál**

ASÍ fagnar nýju frumvarpi sem hefur að markmiði að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. ASÍ telur að í reynd hljóti það öðru fremur að vera aðilar vinnumarkaðarins sem beri ábyrgð á því að markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla á vinnumarkaðinum verði framfylgt.

ASÍ lýsir yfir almennri ánægju með frumvarpið og telur að tillit hafi verið tekið til athugasemda ASÍ, samanber bréf dagsett 21.09.06 til nefndar um endurskoðun jafnréttis laga þar sem fram koma tillögur er varðar samræmi á milli þeirra efnislegu réttinda sem jafnréttislög mæla fyrir um og þeirra úrræða sem launafólki og öðrum standa til boða til að knýja á um að þessi réttindi séu í raun virt.

Alþýðusambandið telur mikilvægt að kærunefnd jafnréttismála hafi völd til að rannsaka og upplýsa mál og að niðurstöður hennar verði settar fram í formi úrskurða eins og lagt er til í frumvarpinu.

Launajafnrétti og kynbundinn launamunur hefur verið mjög til umræðu í samfélaginu á undanförunum misserum og allar kannanir benda til þess að kynbundinn launamunur sé til staðar á íslenskum vinnumarkaði. Jafnréttislög byggja á þeirri forsendu að starfsmenn eigi að geta staðreynt hvort þeim sé mismunandi í launum og það verður ekki gert nema þeir geti óhindrað fjallað um launakjör sín með samtölum við vinnufélaga og aðra ef þeir svo kjósa. Alþýðusamband Íslands fagnar því ákvæði í frumvarpinu þar sem lagt er til að starfsmönnum skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo.

ASÍ telur mikilvægt að gott samstarf sé á milli Jafnréttisstofu og Jafnréttisráðs og fagnar breytingum þar að lútandi sem fram koma í frumvarpinu.

Varðandi þátttöku í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum hins opinbera þá er það stefna Alþýðusambands Íslands að fulltrúar sambandsins skulu tilnefndir án skilyrða eða afskipta veitingarvaldsins.

Í ljósi framanritaðs styður Alþýðusamband Íslands frumvarpið um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Mikilvægt er að í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla séu skýr ákvæði sem nýtist aðilum vinnumarkaðarins í því verkefni að fylgja eftir markmiðum þeirra.

## **Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 147. mál.**

Í frumvarpinu er lagt til að sjávarútvegsráðherra skipi nefnd til að móta heildarstefnu í sjávarútvegs málum sem komi í stað núverandi laga um stjórn fiskveiða. Í rökstuðningi kemur fram að þetta sé nauðsynlegt þar sem núverandi lög hafi beðið skipbrot: Nytjastofnar standi höllum fæti, fiskveiðiauðlindin sé nýtt með óhagkvæmum hætti, störfum í greininni hafi fækkað og dregið hafi úr mætti sjávarbyggða um land allt.

ASÍ tekur undir áhyggjur af þeim vanda sem kominn er upp í mörgum sjávarbyggðum. Að mati sambandsins væri það samt talsverð einföldun að skella sökinni á þessu nær eingöngu á stjórnkerfi fiskveiða. Vandi sjávarbyggða er margþættur og stafar ekki hvað síst af einhæfu atvinnulífi, erfiðum samgöngum, fólksfækkun, o.fl. Í þessu ljósi telur ASÍ að til að bæta stöðu sjávarbyggðanna væri árangursríkara að standa fyrir mótun heildstæðrar atvinnuþróunarstefnu í landinu heldur en að einblína á lögin um stjórn fiskveiða.

## **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, 155. mál.**

Alþingi hefur ekki dulist hver afstaða ASÍ var og er til þeirrar mismununar sem látin er viðgangast í lífeyrismálum þjóðarinnar. Steininn tók úr í árslok 2003 þegar þáverandi ríkisstjórn kynnti frumvarp sem fól í sér stórfellda aukningu á lífeyrisréttindum æðstu embættismanna.

ASÍ boðaði til fjölmenns útifundar á Austurvelli þann 11. desember 2003 og þar var eftirfarandi ályktun samþykkt: “Útifundur, haldinn á Austurvelli 11. desember 2003, mótmælir harðlega framkomnu frumvarpi til laga um starfslokasamning forsætisráðherra og laun og lífeyrisréttindi annarra ráðherra og þingmanna. Fundurinn krefst þess að frumvarpið verði dregið til baka og gerir þá kröfu til þingmanna að þeir sýni sjálfum sér og þjóðinni þá virðingu að falla frá þessum áformum.”

Dagana 19.-29. desember 2003 lét ASÍ einnig gera könnun á viðhorfum landsmanna til lífeyrismála. Spurt var hvort viðkomandi væru ánægð(ir) eða óánægð(ir) með lögin. Alls voru tæp 80% óánægð og innan við 10% ánægð. Þá var nánar spurt út í viðhorf landsmanna til lífeyrismála og spurt: Telur þú að lífeyrisréttur opinberra starfsmanna sé betri en þeirra sem vinna á almennum markaði, að lífeyrisréttur þeirra sem vinna á almennum markaði sé betri eða að lífeyrisréttur þeirra sem vinna hjá hinu opinbera og á almennum markaði sé hliðstæður eða sá sami? Þrír af hverjum fjórum sögðu lífeyrisrétt opinberra

starfsmanna betri, tæp 15% töldu hann sambærilegan og 10% töldu lífeyrisrétt á almennum markaði betri. Þá var spurt hvort viðkomandi væri hlynnt(ur) eða andvíg(ur) kröfu verkalýðshreyfingarinnar um samræmingu lífeyrisréttar fólks á almennum vinnumarkaði og hjá hinu opinbera. Niðurstaðan var afgerandi. Ríflega 80% sögðust fylgjandi, en 14,5% kváðust andvíg.

Í janúar 2004 sendi síðan miðstjórn ASÍ frá sér eftirfarandi ályktun: “Miðstjórn Alþýðusambands Íslands telur að ekki verði lengur unað við það hróplega ósamræmi sem er á lífeyrisréttindum launafólks á almennum vinnumarkaði og í opinberri þjónustu. Umræðan í þjóðfélaginu undanfarnar vikur um þessi mál og viðhorf almennings til þeirra, færa okkur enn betur heim sanninn um nauðsyn þess að þetta misrétti verði leiðrétt. Miðstjórnin telur að yfirgnæfandi stuðningur almennings við kröfu verkalýðshreyfingarinnar um samræmdan lífeyrisrétt sé mikilvægt vegarnesti í viðræður um gerð kjarasamninga sem nú eru að hefjast aftur. “

Pví frumvarpi sem umsagnar er óskað um, er ætlað að skera umdeildustu þættina af lögum nr. 141/2003 og styður ASÍ samþykkt þess en hvetur Alþingi jafnframt til þess að hefja nú þegar heildarendurskoðun á lífeyrismálum þjóðarinnar með það fyrir augum að uppræta þá miklu mismunun sem nú er látin viðgangast.

## **Frumvarp til laga um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs, 162. mál.**

Alþýðusamband Íslands styður efni frumvarpsins og mælir með samþykki þess.

## **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingasamninga, 163. mál.**

Mál þetta var áður flutt á 133. þingi og sætti þá harðri gagnrýni. Frumvarpið hefur ekki tekið neinum þeim breytingum sem áhrif hafa getað haft á umsögn ASÍ um efni þess.

ASÍ tekur undir þau sjónarmið frumvarpsins að skýr mörk þurfi að draga um öflun og notkun upplýsinga sem gefnar eru vegna tóku persónutrygginga. ASÍ telur þau mörk skýrt dregin í gildandi löggjöf og mælir ekki með samþykkt þeirra breytinga sem lagðar eru til og fela í sér lögbundna heimild til þess að skilyrða tóku persónutrygginga við að gefnar séu viðkvæmar persónuupplýsingar um aðila utan váttryggingasambandsins.

Tilgangur frumvarpsins er að heimila váttryggjendum öflun upplýsinga um heilsufar fjölskyldumeðlima váttryggingataka og leita uppi ættlæga sjúkdóma

sem áhrif geta haft á áhættu váttryggjanda. Íslenskar fjölskyldur eru samsettar með ýmsum hætti og ekki óalgennt að innan sömu fjölskyldu séu hálf- og óskyldir einstaklingar þó formleg tengsl geti verið með öðrum hætti og upplýsingar jafnvel ekki fyrirleggjandi um rétt blóðtengsl. Raunveruleg not af umbeðnum upplýsingum eru því lítil og í mesta lagi leiðbeinandi nema þeim fylgi mun ýtarlegri upplýsingar sem geta gengið langt inn á það svið sem borgararnir eiga kröfu á að njóta persónuverndar um. 82.gr. laganna eftir breytingu gengur því tvímælalaust gegn þeirri vernd sem stjórnarskrá og alþjóðlegir sáttmálar eiga að veita borgurinum og leggst ASÍ gegn þessari breytingu.

Sú breyting sem frumvarpið hefur tekið frá því það síðast var til umræðu eru ekki til bóta. Nú er gert ráð fyrir því að váttryggingartaki skuli, ef hann getur, afla formlegs samþykkis foreldra sinna og systkina til þess að veita váttryggjanda viðkvæmar persónuupplýsingar um þau. Í greinargerð er vísað til þess eyðublaðs sem geri ráð fyrir að þessum spurningum sé svarað um ættingjana í heild en engin ákvæði þar að lútandi eru í frumvarpinu sjálfu. Ekkert er fjallað um afleiðingar þess ef einn eða fleiri ættingja er mótfallinn upplýsingagjöf en augljóst er að upplýsingar um hópinn í heild geta auðveldlega falið í sér upplýsingagjöf um viðkvæmar persónulegar upplýsingar um hvern og einn. Lagasetning með þessum hætti skapar fleiri vandamál en hún leysir og brýtur alvarlega gegn almennum reglum um persónuvernd.

Frumvarpið lítur fram hjá þeirri staðreynd, að váttryggjandi hefur allt aðra og sterkari stöðu en váttryggingartaki og því mun þeirra upplýsinga sem váttryggjanda er heimilað að óska eftir alltaf verða aflað, hvað sem öllu líður. ASÍ leggur því til að lögin um váttryggingasamninga verði látin geyma bann við öflun upplýsinga með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

83. gr. laganna verður og að teljast veita váttryggjanda nægilega tryggingu fyrir að tryggingartaki veiti þær upplýsingar sem hann getur og best veit: Þar segir: “Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 1. mgr. 82. gr. og váttryggingaratburður hefur orðið ber félagið ekki ábyrgð. Hafi váttryggingartaki eða váttryggður ella vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta. Við mat á ábyrgð félagsins skv. 2. mgr. skal litið til þess hvaða þýðingu vanrækslan hefur haft fyrir mat þess á áhættu, til þess hve sökinn var mikil, með hvaða hætti váttryggingaratburður hefur orðið og til atvika að öðru leyti.”

## **Frumvarp til breytinga á l. 19/1979 um uppsagnarfrest o.fl., 164. mál.**

Í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði var samið um nýja fram-

kvæmd uppsagna, rétt starfsmanna til skýringa og rökstuðnings ef við á. Ákvæðin eru svohljóðandi:

Uppsögn ráðningarsamninga

Kafla kjarasamninga um „Framkvæmd uppsagna“ breytist og hljóði svo:

Almennt um uppsögn

Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur. Allar uppsagnir skulu vera skriflegar og gerðar á sama tungumáli og ráðningarsamningur starfsmanns.

Viðtal um ástæður uppsagnar

Starfsmaður á rétt á viðtali um starfslok sín og ástæður uppsagnar. Beiðni um viðtal skal koma fram innan fjögurra sólarhringa frá því uppsögn er móttækin og skal viðtal fara fram innan fjögurra sólarhringa þar frá.

Starfsmaður getur óskað þess þegar að loknu viðtali eða innan fjögurra sólarhringa að ástæður uppsagnar séu skýrðar skriflega. Fallist atvinnurekandi á þá ósk hans, skal við því orðið innan fjögurra sólarhringa þar frá.

Fallist atvinnurekandi ekki á ósk starfsmanns um skriflegar skýringar, á starfsmaður innan fjögurra sólarhringa rétt á öðrum fundi með vinnuveitanda um ástæður uppsagnar að viðstöddum trúnaðarmanni sínum eða öðrum fulltrúa stéttarfélags síns ef starfsmaður óskar þess.

Takmörkun uppsagnarheimildar skv. lögum

Við uppsagnir skal gæta ákvæða laga sem takmarka frjálsan uppsagnarrétt vinnuveitanda, m.a. ákvæða um trúnaðarmenn og öryggistrúnaðarmenn, barnshafandi konur og foreldra í fæðingarorlofi, starfsmenn sem til tilkynnt hafa um fæðingar- og foreldraorlof og starfsmenn sem bera fjölskylduábyrgð.

Einnig verður að gæta ákvæða 4. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna, laga um starfsmenn í hlutastarfi, laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum og samráðsskyldu laga um hópuppsagnir.

Þegar starfsmaður nýtir uppsagnarverndar skv. lögum, ber vinnuveitanda að rökstyðja skriflega hvaða ástæður liggja að baki uppsögn.

Viðurlög

Brot gegn ákvæðum þessa kafla geta varðað bótum skv. almennum reglum skaðabótaréttarins.

Bókun með samkomulagi um uppsögn ráðningarsamninga

Með samkomulagi ASÍ og SA dags. 17. febrúar 2008 hefur náðst sátt milli aðila um fyrirkomulag uppsagna á vinnumarkaði. Starfsmaður á sam-

kvæmt því rétt á viðtali við vinnuveitanda sinn um ástæður uppsagnar, óski hann þess. Áréttað er að frjáls uppsagnarréttur vinnuveitanda er háður vissum takmörkunum, lögum samkvæmt. Aðilar eru einnig sammála um að stuðla að góðri framkvæmd uppsagna á vinnumarkaði og munu í því skyni vinna sam- eiginlega að gerð fræðsluefnis sem lokið skal við fyrir árslok 2008.

## **Frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatrygg- ingar og fleiri lögum, 195 mál.**

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um sjúklingatryggingu, lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um málfni aldraðra og lögum um eftirlaun aldraðra, 195 mál.

Frumvarpinu virðist í meginatriðum ætlað tvíþætt hlutverk:

1. að breyta lögum vegna tilfærslu málaflokka frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis
2. að koma á fót nýrri stofnun sem heyrir undir heilbrigðisráðuneytið sem sjái um sjúkra- og slysatryggingar ásamt kaupum á heilbrigðisþjón- ustu.

Alþýðusambandið telur mikilvægt að greina á milli heilbrigðisþjónustu annars vegar og lífeyris- og bótaréttar hins vegar. Í því ljósi er Alþýðusam- bandið í meginatriðum ekki ósammála þeirri breytingu á verkaskiptingu milli heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytis sem felst í frumvarpinu. Alþýðusam- bandið veur þó athygli á því að á vegum forsætisráðherra er að störfum fram- kvæmdanefnd sem falið hefur verið það verkefni að endurskoða frá grunni ákvæði laga, reglugerða og stjórnvaldsfyrirmæla varðandi nýtt örorkumat og eflingu endurhæfingar. Ljóst er af þeim hugmyndum sem unnið hefur verið út frá í nefndinni að það muni kalla á frekari uppstokkun verkefna milli þessara tveggja ráðuneyta, einkum hvað varðar ákvæði sjúkra- og slysatryggingakafla tryggingalaganna er varða bótarétt og endurhæfingu.

Varðandi hina nýju stofnun sem hafi það hlutverk að sjá um sjúkra- og slysatryggingar ásamt því að sjá um kaup á heilbrigðisþjónustu, þá er enn margt óljóst um stöðu hennar og hlutverk, enda boðað í greinargerð frum- varpsins sérstakt lagafrumvarp um hana á vorþingi. Alþýðusambandið leggst því ekki að svo stöddu gegn því að slíkri stofnun sé komið á fót, en vill þó taka fram, varðandi þann þátt sem snýr að kaupum á heilbrigðisþjónustu að nauðsynlegt er að tryggja eftirfarandi með skýrum hætti:

1. að allir njóti jafns aðgangs að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag og félagslegri stöðu.

2. að undir engum kringumstæðum megi setja sjúkrahús undir skilmála markaðskerfisins þar sem hagnaðar- og viðskiptasjónarmið eru grundvöllur starfseminnar.

## **Frumvarp til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, 203. mál.**

Í frumvarpinu er mælt fyrir um afnám verðmiðlunar og verðtilfærslna. Þá er opnað fyrir heimild Verðlagsnefndar búvara til að „verðleggja einstakar vörutegundir þannig að þær skili mismunandi framlegð.“

Það er skoðun Alþýðusambandsins að miklir möguleikar séu fyrir þróun land-búnaðar og matvælaíðnaðar í landinu, t.d. með markaðsstarfi á grundvelli ímyndar um hreinleika og hollustu. Til að losa sem best um þessa sköpunarkrafta þarf að endurskoða núverandi styrkjakerfi í landbúnaði. ASÍ telur að stefna eigi að breytingu úr tollvernd, framleiðslutengdum styrkjum og opinberri verðlagningu yfir í óframleiðslutengdar og síður markaðstruflandi greiðslur.

Í þessu ljósi styður Alþýðusambandið það frumvarp sem hér er til umsagnar. Með afnámi verðmiðlunar og verðtilfærslna er stigið skref í þá átt að minnka markaðstruflandi afskipti af framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða. Hvað varðar heimildina til Verðlagsnefndar búvara að ákveða mismunandi framlegð mjólkurvara ber að hafa í huga að þar sem mjólkuriðnaður nýtur undanþága frá vissum ákvæðum samkeppnislaga og verndar frá samkeppni við innflutning er nauðsynlegt að tryggja að nefndin hafi úrræði sem þetta til að tryggja ásættanlegt verð á brýnum neysluvörum til almennings. Til lengri tíma litið er þó eðlilegt að verðmyndun í greininni ráðist af virkri samkeppni við aðra innlenda framleiðslu og innflutning.

Alþýðusambandið vill vekja sérstaka athygli á eftirfarandi:

Á síðustu misserum hefur stór hluti mjólkuriðnaðarins runnið saman í eina skipulagslega samstæðu, þ.e. rekstrarfélagið Mjólkursamsöluna og eignarhaldsfélagið Auðhumlu. ASÍ lítur svo á að það væri óeðlilegt ef hægt væri að flytja hagnað frá rekstrarfélaginu yfir í eignarhaldsfélagið. Tryggja verður að ákvarðanir Verðlagsnefndar búvöru um heildsöluverð mjólkurvara séu grundvallaðar á upplýsingum um heildarafkomu allra fyrirtækja sem tengjast greininni, þar með töldum rekstrarfélögum og eignarhaldsfélögum.

## **Frumvarp til laga um greiðslur til foreldra langveikra barna og alvarlega fatlaðra barna, 209. mál.**



Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um greiðslur til foreldra langveikra barna og alvarlega fatlaðra barna, 209. mál.

Alþýðusambandið telur að með frumvarpinu sé staða foreldra langveikra barna og alvarlega fatlaðra barna bætt verulega.

Alþýðusambandið fagnar sérstaklega því að með frumvarpinu er foreldrum þessara barna tryggð allt að 80% af fyrri tekjum í sex mánuði og ákveðnar grunngreiðslur þegar sex mánaða tekjutengdu greiðslunum lýkur, þar til barnið nær 18 ára aldri.

Alþýðusambandið telur einnig að mikilvæg nýjung felist í e. og f. lið 8. gr. laganna en þar er sérstaklega hugað að stöðu foreldra barna sem njóta líknandi meðferðar og við andlát barns.

Alþýðusambandið vill vekja athygli á að við endurskoðun á 11. gr. laganna (sem verður 13. gr.) virðist hafa gleymst að gera ráð fyrir að mótframlag sem ríkissjóður greiðir í lífeyrissjóð hækki úr 6% í 8% í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, með áorðnum breytingum. ASÍ leggur áherslu á að þetta atriði verði lagfært í meðförum þingsins.

Alþýðusamband Íslands mælir með samþykkt frumvarpsins.

## **Frumvarp til laga um kjararáð, 237. mál.**

Tilgangur frumvarpsins er að fjölga með lögboði þeim hópum sem kjararáð ákvarðar laun og starfskjör.

Í 1. gr. gildandi laga er fjallað um þá sem ákvarðanir kjararáðs taka til en þar segir m.a.: „Verkefni kjararáðs er að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, ráðherra og dómara og annarra ríkisstarfsmanna sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu.“

Í 5. gr. laganna er síðan fjallað um það hvernig kjararáð skuli ákvarða til hverra úrskurðir þess nái, eða eins og segir í greininni: „*Fullskipað kjararáð sker úr um það til hverra ákvörðun launa og starfskjara skv. 4. gr. skuli ná í nánari atriðum en þar greinir.*“

Í ljósi þess að gildandi lög veita kjararáði heimild til að ákvarða laun og starfskjör þeirra starfsmanna ríkisins „...sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu“ telur Alþýðusamband Íslands skorta rök fyrir þeirri breytingu sem lögð er til með frumvarpinu.

Alþýðusamband Íslands er þeirrar skoðunar að farsælast sé að sem flestir hópar semji um sín kjör í beinum samningum. Alþýðusamband Íslands leggst því gegn samþykkt frumvarpsins.

## **Frumvarp til laga um útlendinga og réttarstöðu þeirra, 247. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um útlendinga og réttarstöðu þeirra.

Á vettvangi félagsmálaráðuneytisins hefur Alþýðusamband Íslands tekið þátt í vinnu starfshóps um endurskoðun laga um atvinnuréttindi útlendinga. Þeirri vinnu lauk fyrir nokkru með því að starfshópurinn skilaði ráðherra sam-eiginlegum tillögum sínum í formi lagafrumvarps.

Í framangreindri niðurstöðu starfshópsins er að finna tillögur um umfangsmiklar breytingar á lögnum um atvinnuréttindi útlendinga sem miða m.a. að því að skilgreina betur réttindi þeirra útlendinga sem hingað koma til starfa á grundvelli atvinnuleyfa, sem og maka þeirra og barna. Eitt af mörgu sem þar er lagt til er að atvinnuleyfi verði í framtíðinni veitt útlendingi til starfa, en ekki eins og nú er að leyfið sé veitt fyrirtæki. Einnig er útlendingum með tímabundin atvinnuleyfi skapaður möguleiki á því að skipta um starf, sem ekki er í núgildandi lögum. Þá eru settar inn heimildir til útgáfu atvinnuleyfa af mannúðarástæðum og til maka, svo fátt eitt sé nefnt.

Af framansögðu má ljóst vera að tillögur þær sem ASÍ stendur að og hér hefur verið vitnað til ganga að mörgu leyti í sömu átt og frumvarp það sem hér er til umfjöllunar, þ.e. mál nr. 247. Alþýðusambandið væntir þess að frumvarp það sem Alþýðusambandið stendur að og unnið var í félagsmálaráðuneytinu verði bráðlega lagt fyrir Alþingi og fái þar brautargengi.

## **Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, 272. mál.**

Í frumvarpinu er lagt til að það teljist veiðar í atvinnuskyni, en ekki tómsundaveiðar, þegar eigandi eða útgerð báts tekur gjald af þeim sem nýta bátinn til veiða. Um veiðar og afla báta sem nýttir eru með þessum hætti fer þá samkvæmt gildandi reglum um veiðar í atvinnuskyni. Þó er gert ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð sett sérstakar reglur, m.a. hvað varðar skyldur skipstjóra, tilkynningar og skýrsluskil.

Alþýðusamband Íslands gerir ekki athugasemd við það sjónarmið að þeir sem nýta fiskveiðiauðlindina í atvinnuskyni þurfi að hafa leyfi til veiða og nægar aflaheimildir. Sambandið leggur samt áherslu á að fyrir hendi verði nægur sveigjanleiki í viðkomandi stjórnunarkerfi þannig að lagabreytingin verði ekki um of íþyngjandi fyrir vaxandi atvinnugreinar eins og t.d. ferðamannaíðnað á landsbygðinni.

## Frumvarp til laga um grunnskóla, 285. mál.

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) vill í upphafi taka fram að það telur ýmislegt af þeim markmiðum og áherslum sem fram koma í frumvarpinu og athugasemdunum sem því fylgja, jákvætt og horfa til framfara. Þetta á m.a. við um:

- Markmiðið um hlutverk grunnskólans og skólustarfið almennt.
- Markmiðið um að staðfesta þá meginreglu að skólustarfið sé gjaldfrjálst.
- Markmið 16. gr. um móttökuáætlun og stuðning við nemendur með annað móðurmál en íslensku.
- Markmið 17. gr. um rétt nemenda með sérþarfir.
- Markmið 33. gr. um tómstundastarf og lengda viðveru.
- Markmið 36., 37. og 38. gr. um mat á gæðum skólustarfs í grunnskólum.
- Markmið um stuðning við þróunar- og nýbreytnistarf í grunnskólum.

Ekki er ástæða til að fjölyrða um þessi markmið og áherslur enda er þeim gerð ágæt skil í frumvarpinu og athugasemdum með því.

Alþýðusamband Íslands gerir athugasemdir og tillögur við þrjá þætti sem varða frumvarpið og efni þess:

### 1. Réttur nemenda til náms við hæfi og til námsráðgjafar

Í frumvarpinu er áhersla lögð á rétt nemenda „til kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi” sbr. 13. gr. Í frumvarpinu eða athugasemdum með því er hins vegar ekki gerð tilraun til að skýra nánar eða útfæra hvernig ná eigi þessum markmiðum. Ljóst er að vandi er að útfæra slíkt í löggjöf með fullnægjandi hætti en það hefði mátt nálgast með umfjöllun og leiðbeiningum í athugasemdum með frumvarpinu.

Þá segir í 13. gr. að nemendur eigi „rétt á að njóta námsráðgjafar í grunnskóla og ráðgjafar um náms- og starfsval.” Þá kemur fram í athugasemdum að ekki sé kveðið á um umfang náms- og starfsráðgjafar eða með hvaða hætti slíkri ráðgjöf er fyrir komið. Viðurkennt er að öflug og markviss námsráðgjöf strax á miðstigi og í eldri bekkjum grunnskóla er mikilvæg fyrir nemendur, þar sem miklu skiptir að þeir finni sér verkefni í náminu eftir áhuga og við hæfi. Í því ljósi er með ólíkindum að ekki skuli kveðið skýrar á um skyldur skólanna í þessum efnum, fyrirkomulag og gæði þeirrar þjónustu sem þeim ber að veita á þessu sviði.

## Tillaga Alþýðusambands Íslands

Nýjum grunnskólalögum fylgi leiðbeiningar til sveitarfélaganna um það hvernig best verður tryggt að nemendur fái nám við hæfi hvers og eins.

Kveðið verði með skýrum hætti á um að grunnskólarnir skuli veita nemendum sínum námsráðgjöf við hæfi og af fagmennsku.

### 2. Starfsemi grunnskóla og möguleikar foreldra til að samræma atvinnuþátttöku og fjölskyldabyrgð

Á umliðnum árum hefur ítrekað komið fram af hálfu foreldra grunnskólabarna að það skorti á að starfsemi grunnskóla taki nægjanlegt mið að aðstæðum í samfélaginu og foreldra á vinnumarkaði. Nægir í því sambandi að benda á gagnrýni á lokun grunnskólanna á virkum dögum vegna „starfsdaga” og „vetrarfría” með tilheyrandi óhagræði fyrir foreldrana og röskun fyrir börnin. Þá er sjaldnast ef nokkurn tímann samræmi á milli skóladagatala grunnskóla og leikskóla á sama svæði sem veldur foreldrum sem eiga börn á báðum skólastigum tvöföldum vanda.

Þar við bætist löng sumarlokun grunnskólans.

## Tillaga Alþýðusambands Íslands

Lagt er til að dregið verði eins og kostur er úr röskun á þjónustu grunnskóla vegna skipulagningar og annarra verkefna með það að markmiði að þeir haldi úti þjónustu á sama tíma og í samræmi við það sem almennt gildir í samfélaginu. Þá verði sérstaklega hugað að samræmingu starfsemi grunnskóla og leikskóla, þ.m.t. varðandi það rof á þjónustu sem nauðsynlegt kann að vera.

### 3. Óásættanleg mismunur varðandi símenntun

Í 12. gr. frumvarpsins er fjallað um símenntun kennara og annars starfsfólks. Þar er í 1. málsgrein kveðið á um frumkvæði skólastjóra við að móta áætlun skólans um „*hvernig símenntun kennara og annars starfsfólks hans skuli hagað*”. Samkvæmt 2. málsgreininni verður hins vegar ekki annað skilið en að starfsfólk grunnskólans samanstandi eingöngu af skólastjórnendum og kennurum. Þar segir „*Kennarar og skólastjórar grunnskóla skulu eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína. Þeir skulu einnig eiga kost á námsleyfum.*” Í 3. málsgrein er síðan kveðið á um greiðslu sveitarfélaganna í sérstakan sjóð sem greiða skal laun kennara og skólastjóra vegna námsleyfa.

Hér er með öðrum orðum ekkert að finna um skyldur sveitarfélaganna eða réttindi og mikilvægi þess að annað starfsfólk grunnskólanna skuli eigi kost á símenntun eða námsleyfum til að „efla starfshæfni sína”.

Sérstaklega er alvarlegt að ekki er gerð tilraun til að koma til móts við menntunarþörf skólaliða og stuðningsfulltrúa, sem gegna mikilvægu hlutverki í faglegri starfsemi grunnskólanna.

Afstaða í frumvarpinu til símenntunar annarra starfsmanna grunnskólanna

en skólástjóra og kennara felur í sér óásættanlega mismunun og forneskju í hugsun.

### **Tillaga Alþýðusambands Íslands**

Lagt er til að 12. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að hún feli ekki í sér neina mismunun gagnvart starfsfólki grunnskólanna.

Í því sambandi leggur Alþýðusamband Íslands ríka áherslu á að áfram verði unnið að því að þróa fagmenntun fyrir starfsmenn grunnskólanna sem ekki hafa kennaramenntun.

### **Frumvarp til laga um framhaldsskóla, 286. mál.**

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) vill í upphafi taka fram að það styður margar af þeim áherslum og sjónarmið sem fram koma í frumvarpinu og athugasemdunum sem því fylgja. Um leið gerir ASÍ alvarlegar athugasemdir við ákveðna þætti þess, einkum hvað varðar þann hluta sem snýr að verk- og starfsnámi og skipulagi þess, sem endurspeglar tilfinnanlega skort á samráði við atvinnulífið og stofnanir þess við gerð frumvarpsins.

### **Framsækin og jákvæð markmið**

Alþýðusamband Íslands telur margt af þeim áherslum og markmiðum sem fram koma í frumvarpinu jákvæð og horfa til mikilla bóta frá því sem nú er. Hér má nefna aukinn sveigjanleika, fjölgun námsleiða og jafnstöðu iðn- og verkmenntunar við annað nám. Hins vegar skortir víða á skýringar og útfærslur á því hvernig tryggja eigi að þessum markmiðum verði náð og tryggja góða framkvæmd. Hér á eftir verður aðeins fátt eitt nefnt:

### **1. Námsframboð miðað við þarfir einstaklinganna og fræðsluskylda til 18 ára aldurs**

Í 2. gr. frumvarpsins segir m.a.:

*„Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi.“*

Þá er í 32. gr. frumvarpsins kveðið á um fræðsluskyldu til 18 ára aldurs, þar sem segir:

*„Þeir sem lokið hafa grunnskólanámi, hafa hlotið jafngilda undirstöðumenntun eða hafa náð 16 ára aldri eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Þeir sem rétt eiga á að hefja nám í framhaldsskóla samkvæmt málsgrein*

*Þessari eiga jafnframt rétt á því að stunda nám í framhaldsskóla til 18 ára aldurs.”*

### ***Áherslur Alþýðusambands Íslands***

Alþýðusamband Íslands fagnar þessum áherslum og telur að í þeim felist mikilvæg stefnumótun, sem er til þess fallin að gera framhaldsskólann að vettvangi fyrir öll ungmenni og draga um leið úr miklu brottfalli nemenda úr framhaldsskólum.

Það er hins vegar alls ekki ljóst af frumvarpinu hvernig ná eigi framangreindum markmiðum:

Hvernig á að tryggja að framhaldsskólinn bjóði öllum ungmennum að 18 ára aldri upp á nám við hæfi, í ljósi þess að skólastjórnendum er í reynd gefið vald til að ákveða hvaða nám framhaldsskólarnir bjóða upp á, sbr. 22. og 23. gr. frumvarpsins? Þá er þeirri spurningu ekki svarað með hvaða hætti eigi að tryggja aðgengi allra ungmenna að 18 ára aldri að framhaldsskólanámi.

Mikilvægt er að fá svör við þessum spurningum í ljósi reynslunnar, þar sem fyrir liggur að mikið hefur skort á í þessum efnum.

### **2. Nemar með sérþarfir og nemar með annað móðurmál en íslensku**

Fagna ber þeim áherslum sem settar eru fram í 34. gr. frumvarpsins m.a. um stuðning við nemendur með leshömlun og þá sem eiga við sérstaka námsörðugleika að stríða eða veikindi. Sama gildir um ákvæði 35. gr. um að:

*„Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.”*

### ***Áherslur Alþýðusambands Íslands***

Reynslan sýnir að nemendur með leshömlun, sem áætlað er að séu um 10% af hverjum árgangi, og aðra sérstaka námsörðugleika hafa átt undir högg að sækja í framhaldsskólanum. Sama gildir um nemendur af erlendum uppruna og sem hafa annað móðurmál en íslensku. Með því að taka sérstaklega á aðstæðum þessara nemenda má draga verulega úr brottfalli úr framhaldsskólum um leið og stigið er mikilvægt skref í áttina að því að framhaldsskólinn verði í reynd fyrir öll ungmenni. Það er jafnljóst að veita þarf umtalsverðum fjármunum til að hrinda þessum áherslum í framkvæmd. Slíkt væri um leið mikilvæg fjárfesting fyrir viðkomandi einstaklinga og samfélagið allt.

### **3. Náms- og starfsráðgjöf**

Í athugasemdum með frumvarpinu segir (bls. 27):

*„Mikilvægi náms- og starfsráðgjafar hefur aukist á umliðnum árum. Þegar verið er að byggja upp kerfi sem býður enn frekar en áður marga valkosti þá*

*er slíkt óhjákvæmilegt. Góð ráðgjöf á þessu sviði getur styrkt nemendur í vel ígrunduðu námsvali, unnið gegn brottfalli og aðstoðað nemendur sem áður hafa horfið frá námi svo þeir finni sér betri farveg. Er því brýnt að náms- og starfsráðgjöf í skólakerfinu verði eflað enn frekar. Mikilvægt er að þeir sem sinna náms- og starfsráðgjöf hafi menntun á því sviði.”*

### **Áherslur Alþýðusambands Íslands**

Alþýðusamband Íslands tekur heilshugar undir þau sjónarmið sem þarna koma fram. Ljóst er að öflug náms- og starfsráðgjöf er mikilvæg forsenda þess að nemendur geti nýtt sé það fjölbreytta frambod á námi og sveigjanleika sem frumvarpið gengur út frá. Náms- og starfsráðgjafar gegna mikilvægu hlutverki við að aðstoða einstaklinga við að skilgreina færnimarkmið og raunfærni og það er augljóst að þörfin fyrir faglega þekkingu þeirra er mikilvæg í þessari vinnu. Jafnframt leggur ASÍ ríka áherslu á mikilvægi þess að náms- og starfsráðgjafar hafi góða þekkingu á atvinnulífinu og þörfum þess.

ASÍ saknar þess að um leið og lögð er áhersla á mikilvægi aukinnar náms- og starfsráðgjafar þá er hvorki tryggt að um verði að ræða aukið stöðuhlutfall náms- og starfsráðgjafa í samræmi við nemendafjölda né heldur fagmenntun á þessu sviði.

#### **4. Jafnstaða iðn- og verknáms, nýtt einingakerfi, raunfærnimat og efnisgjöld**

Tekið er undir það sem segir í athugasemdum með frumvarpinu (bls. 25):  
*„Mikilvægt er að efla verknám og gera því jafnhátt undir höfði og bók-námi. Það sýna tölur um skiptingu nemendahópsins á gerðir náms.”*

Þá er einnig vitnað í skýrslu Starfsnámsnefndar, sem skilað var í júní 2006, þar sem fram koma miklar áhyggjur af aðgreiningu skólastarfs í bóknað og verknám, sem og af því hversu ólíkar forsendur skipulags þessara tveggja námskerfa eru m.a. hvað varðar kennslu, þjálfun og námsmat. Þar er lagt til að þessi aðgreining verði sem allra minnst og henni verði helst alveg útrýmt.

Framangreindri hugsun er m.a. fylgt eftir með tillögu um nýtt einingakerfi sem gengur út frá vinnuframlagi nemenda og gefur þar með möguleika á að meta vinnustaðanám með sama eða sambærilegum hætti og annað nám. Hér er um mikilvæga framför að ræða, þótt eftir sé að útfæra nýtt einingakerfi frekar.

Síðast en ekki síst gefur efni 31. gr. til kynna þá möguleika sem felast í raunfærnimati, þar sem þekking og færni sem einstaklingar hafa aflað sér án þess að hafa lagt stund á nám samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, er metið til eininga á framhaldsskólastigi.

## Áherslur Alþýðusambands Íslands

Gera verður athugasemd við að hvergi er í frumvarpinu eða athugasemdum með því fjallað um mikilvægustu hindrunina fyrir því að boðið sé upp á iðn- og verknám í framhaldsskólum í sama mæli og hefðbundið bóknám. Hér er vísað til þeirrar staðreyndar að verknámið er kostnaðarsamara fyrir framhaldsskólana en bóknámið. Þetta hefur síðan leitt til þess að framhaldsskólar hafa kerfisbundið dregið úr iðn- og verknámi af kostnaðarástæðum. Í þessu ljósi er mikilvægt að tekin verði af öll tvímæli um skyldur framhaldsskólans til að bjóða upp á iðn- og verknám um leið og fjármagn verður tryggt. Hér þarf m.a. sérstaklega að huga að kröfum um stærð nemendahópa í verknámi og að úr þeim verði dregið.

Það er ljóslega ágalli varðandi ákvæðið um mat á námi á milli skóla og raunfærnimati, að vald til að meta er á ábyrgð viðkomandi skólameistara, eins og segir í athugasemd með 31. gr. frumvarpsins. Taka verður af öll tvímæli í þessum efnum til að tryggja hagsmuni nemenda og raunverulegt gildi raunfærnimatsins.

Loks ber að áréttta að skólunum verði sett skýr takmörk varðandi innheimtu efnisgjalda. Orðalag núverandi 45. gr. frumvarpsins hvað þetta varðar er mjög opið og kallar á misnotkun, nema kveðið verði skýrt á um þetta efni í þeirri reglugerð sem ráðherra gefur út.

### 5. Gæðastarf, foreldraráð, skólafundir o.fl.

Tekið er undir þær áherslur sem er að finna í frumvarpinu varðandi innra og ytra gæðastarf og eftirlit til að tryggja að framhaldsskólarnir veiti þá þjónustu sem þeim ber. Þá eru foreldraráð nýmæli sem mikilvægt er að stutt verði við af hálfu menntayfirvalda. Loks eru skólafundir mikilvægur vettvangur fyrir alla þá sem starfa í framhaldsskólanum. Það dregur hins vegar úr gildi og hlutverki skólafunda að ekki var gengið alla leið og þeir látnir leysa kennarafundi af hólmi, sem eftir sem áður munu fjalla um það sem mestu skipir í skólastarfinu.

### Alvarlegir ágallar og skortur á nauðsynlegum tengslum við atvinnulífið

Það er ljóst um leið og frumvarpið er lesið að það var samið af skólafólki án eðlilegs og nauðsynlegs samráðs við atvinnulífið.

Þannig er frumvarpið mjög skólamiðað meðan núverandi framhaldsskólalög leggja áherslu á hlutverk og ábyrgð atvinnulífsins varðandi skipulag og framkvæmd iðn- og starfsnáms. Aðkoma atvinnulífsins að uppbyggingu náms og framkvæmd kennslu er gerbreytt og úr henni dregið á öllum sviðum. Ekki er gerður greinarmunur á þörfum móttökuaðila þeirra nemanda sem útskrifast úr framhaldsskólakerfinu, þ.e. háskóla annars vegar og fyrirtækja og atvinnu-



lífs hins vegar. Háskólar setja kröfur um þekkingu nemenda til frekari náms. Fyrirtæki og starfsmenn þeirra hafa gert það í núverandi kerfi fyrir tilstilli starfsgreinaráða.

Starfsemi starfsgreinaráða hefur eflst mjög á þeim 10 árum sem þau hafa starfað og liggur nú mikil þekking og reynsla í verklagi og verkefnavinnu hjá ráðunum. Ef iðn- og starfsnám verður þróað, stýrt og metið af skólunum eins og frumvarpið gengur út frá er þeirri hættu boðið heim að iðn- og starfsnámsnemendur öðlist minni þekkingu og færni en nú er þar sem ekki er tekið tillit til áhlits, krafna og reynslu móttökuaðilans, þ.e. atvinnulífsins. Það væri mikið óheillaskref ef þeirri þekkingu og reynslu sem er til staðar í atvinnulífinu og miðlað hefur verið í gegnum starfsgreinaráðin, skv. nógildandi lögum, yrði kastað á glæ eins og frumvarpið býður heim hættunni á.

Ljóst er að hvað varðar aðkomu atvinnulífsins að iðn- og starfsnámi á framhaldsskólastigi hefur verið gengið þvert gegn meginhugsun og mörgum mikilvægum tillögum Starfsnámsnefndarinnar um Nýjan framhaldsskóla sem viðtæk samstaða var um meðal allra aðila sem málið varðar og Alþýðusamband Íslands hefur ítrekað lýst stuðningi sínum við.

## **1. Almennt um stöðu og hlutverk starfsgreinaráða, námskrágerð og kjarna-skólar**

Almennt má fullyrða að starfsgreinaráðin hafi á síðustu árum þjónað mikilvægu hlutverki við að móta og þróa kröfur og fyrirkomulag menntunar í iðn- og starfsnámi. Ljóst er að starfsgreinar voru misvel búnar undir þær breytingar og auknu ábyrgð sem þeim var falin með samþykkt nógildandi framhaldsskólalaga fyrir rúmum 10 árum síðan. Þær greinar stóðu best að vígi þar sem þegar voru til staðar samstarfsnefndir og endurmenntunarstofnanir iðngreina. Annars staðar þurfti að þróa samstarf og verklag og móta stefnu frá grunni. Reynslan sýnir að með því fyrirkomulagi sem tekið var upp með nógildandi framhaldsskólalögum hefur atvinnulífið axlað ábyrgð og haft mikilvægt frumkvæði við þróun starfsnáms á framhaldsskólastigi. Þannig hafa í vaxandi mæli farið saman ábyrgð og framkvæmd, réttindi og skyldur. Í þessu ljósi vekur það undrun að nú skuli lagt til að vikið sé af þeirri braut sem ákveðin var með gildandi lögum.

Í 29. gr. nógildandi laga er hlutverki starfsgreinaráðanna lýst svo:

*„Starfsgreinaráð skilgreinir þarfir starfsgreina fyrir kunnáttu og hæfni starfsmanna og setur fram markmið starfsnáms.*

*Starfsgreinaráð gerir tillögur um uppbyggingu starfsnáms og námskrá í sérgreinum viðkomandi starfsnáms, svo og um tilhögun námsmats, þar með talin sveinspróf og eftirlit með gæðum kennslu og námsefnis. Það gerir einnig tillögur að skiptingu náms í skóla og á vinnustað, svo og reglum um vinnu-*

staðanám, viðurkenningu á vinnustöðum til að taka nema í starfsþjálfun eða á námssamning og aðstöðu, búnað og kennarakost skóla sem annast starfsnám.

Starfsgreinaráð skal hafa frumkvæði að tillögugerð um breytta skipan náms og vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum er varða menntun í starfsgreinum er undir ræðið heyra. Að fengnum tillögum starfsgreinaráðs gefur menntamálaráðherra út námskrá í sérgreinum starfsnáms sem hluta af aðalnámskrá framhaldsskóla og reglur um framkvæmd starfsnáms í einstökum starfsgreinum.”

Megininntakið í frumvarpinu er að starfsgreinaráðin skuli aðeins hafa ráðgjafar- og umsagnarhlutverk í stað núverandi stöðu. Um hlutverk starfsgreinaráða segir í 25.gr. frumvarpsins að þau setji **viðmið** fyrir skiptingu náms í skóla og vinnustaðanám og geri tillögur um uppbyggingu og inntak prófa í einstökum starfsgreinum, geri tillögu um brautarlýsingar **sem framhaldsskólar geta haft til viðmiðunar**. Starfsgreinaráð veiti einnig **umsagnir um námsbrautarlýsingu starfsnáms sem einstakir framhaldsskólar** leiti eftir staðfestingu á til ráðherra. Hér þarf að tala skýrar. Hugmyndin virðist vera sú að setja nk. námskrárramma í stað ítarlegrar námskrár fyrir einstakar námsbrautir. Þessi nálgun býður upp á mismunandi útfærslu á milli skóla sem aftur leiðir til þess að mat á áföngum milli skóla verður snúið og illframkvæmanlegt. Námskrárramma í stað eiginlegrar námskrár vekur upp ýmis álitaefni. Starfsgreinaráð eiga að veita umsagnir um starfsnámsbrautir. Ekki kemur fram hvaða forsendur eiga að liggja til grundvallar slíkum umsögnum starfsgreinaráða. Hvaða upplýsingar þurfa að liggja fyrir? Lýsing á stöðu nemenda að loknu námi; þarfagreining; úttekt á möguleikum skólans til þess að halda úti viðkomandi námi, s.s. tækjakosti, kennarakosti og annarri aðstöðu?

Vert er að benda á þá hættu að verði skólunum gefið það sjálfðæmi um framboð á námi sem frumvarpið gerir ráð fyrir mun iðn- og starfsnám sem krefst kostnaðarsamra náms- og kennslugagna eiga enn erfiðara uppdráttar í framhaldsskólunum í framtíðinni en nú er. Engin tilraun er gerð í frumvarpinu til að rökstyðja þær breytingar sem lagðar eru til varðandi stöðu og hlutverk starfsgreinaráðanna. Hins vegar má styðja það gildum rökum að breytingarnar, komi þær til framkvæmda, muni draga verulega úr áhuga og vilja atvinnulífsins og áhugasamra einstaklinga úr þess röðum á að taka þátt í starfi starfsgreinaráðanna, þar sem engin trygging væri fyrir því að starf þeirra hefði raunveruleg áhrif eða skilaði árangri.

## Tillaga Alþýðusambands Íslands

Alþýðusamband Íslands leggur til að staða og hlutverk starfsgreinaráðanna verði styrkt í samræmi við þá reynslu sem fengist hefur og að í nýjum

framhaldsskólalögum verði byggt á tillögum Starfsnámsnefndarinnar í þessum efnun. Í tillögum hennar segir m.a.:

*„Hlutverk starfsgreinaráðanna verði að móta menntastefnu starfsgreina sem undir ráðin heyra og gera tillögur að námskrám til menntamálaráðuneytisins. Starfsgreinaráðin gera tillögu um skipan og fyrirkomulag starfsnáms í þeim atvinnugreinum sem við á.”* (bls. 26).

Þá segir einnig:

*„Eitt mikilvægasta hlutverk starfsgreinaráðanna er að tryggja virkt samstarf skóla og atvinnulífs með stöðugri þróun námskráa. Til að tryggja að svo verði leggur Starfsnámsnefnd til að hvert starfsgreinarád skipi faghópa fyrir hverja starfsgrein undir ráðinu. Hlutverk þessara faghópa verði gerð tillagna um námskrár og annað er lýtur að starfsnámi í skóla til starfsgreinaráðsins. Í þessum faghópum verði fulltrúar atvinnugreina og skóla er vinni saman að gerð námskrártillagna. Ekki er gert ráð fyrir að löggjafinn skilgreini eða ákveði frekar um skipan þessara hópa heldur verði það hlutverk hvers starfsgreinaráðs að móta sínar eigin reglur um skipan þeirra. Bent er á að ný samráðsnefnd starfsgreinaráðanna þar sem formenn ráðanna sitja er kjörinn vettvangur til samræmingar á reglum um slíka skipan kjósi starfsgreinaráðin að gera svo.”* (bls. 27).

Starfsnámsnefnd lýsir síðan á bls. 30 í skýrslu sinni myndrænt hvernig standa meggi að námskrárgerð þannig að tryggð sé skilvirk framkvæmd og nauðsynlegt samráð skóla og fulltrúa viðkomandi atvinnugreina.

Jafnframt skal bent á mikilvægi þess að samhliða tillögum starfsgreinaráðanna að námskrám geri þau einnig tillögur um viðeigandi námsefni. Þannig verður best tryggt að þeim markmiðum verði náð sem námskrárnar byggja á. Á umliðnum árum eru alltof mörg dæmi um að námskrárvinna hefur ekki nýst þar sem viðeigandi námsefni hefur ekki verið til staðar.

Í nágildandi framhaldsskólalögum, 31. gr. segir um kjarnaskóla:

*„Menntamálaráðherra getur, að fenginni umsögn starfsgreinaráðs og stofnaðila, gert framhaldsskóla eða deild í framhaldsskóla að kjarnaskóla um lengri eða skemmri tíma. Í samráði við starfsgreinarád hefur kjarnaskóli forgöngu um að þróa námsefni, námsskipan og kennsluáðferðir í starfsnámi og aðstoðar aðra skóla og fyrirtæki við umbætur í kennslu og þjálfun á viðkomandi sviði.”*

Alþýðusamband Íslands leggur til að þetta ákvæði verði tekið óbreytt í 29. gr. frumvarpsins.

## **2. Vinnustaðanám**

Um vinnustaðanám segir í 28. gr. frumvarpsins:

*„Skóli ber ábyrgð á gerð sérstaks starfsþjálfunarsamnings um vinnu-*

staðanám við vinnustað, samtök eða aðila sem er hæfur til að veita nemanda tilskilda þjálfun og menntun. Starfsþjálfunarsamningar skulu kveða á um rétt og skyldur vinnuveitenda, skóla og nemanda, markmið vinnustaðanáms og gæðakröfur, gildistíma, meðferð ágreinings og samningsslit. Sé þörf á því að gera sérstakan ráðningarsamning milli nema og vinnuveitanda skal skóli staðfesta hann. Skulu slíkir samningar vera í samræmi við gildandi kjarasamninga um nema í viðkomandi starfsnámi.

Starfsgreinaráð skulu halda skrá yfir fyrirtæki og vinnustaði sem uppfylla skilyrði til vinnustaðanáms.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um vinnustaðanám og starfsþjálfun á vinnustað og skal þá áður leitað umsagnar aðila vinnumarkaðar og samtaka nemenda um efni þeirra.”

Undanfarin ár hefur sú framkvæmd komist á að umsýsla með námssamningum hefur færst í hendur fræðsluskrifstofa atvinnulífsins í nánnum tengslum við starfsgreinaráð í viðkomandi grein.

Mikilvægt er að tryggja að þekking, reynsla og gæðaviðmið um vinnustaðanám, starfsþjálfunarsamninga, þjónustu nemaleyfisnefnda o.s.frv. sem eru til staðar hjá fræðsluskrifstofum í iðn- og starfsnámi nýtist en verði ekki kastað á glæ. Leggja ber áherslu á að fulltrúar atvinnulífsins sem eru fræðsluskrifstofur í iðn- og starfsnámi annist þessi verkefni. Það eru mikil verðmæti fólgin í því að allar upplýsingar sem snúa að námssamningum og sveinsprófum séu hýstar á sama stað. Ákveðin sérfræðiþekking er orðin til hjá fræðsluskrifstofunum. Þær eru hlutlaus aðili í samskiptum milli framhaldsskólans og vinnustaðarins í málum eins og skipulagi námsins, þ.e. hvenær neminn á að vera í skólanum og hvenær í vinnustaðanáminu. Ákveðið jafnvægi þarf að ríkja til að tryggja framgang nemans en ekki hagsmuni skólans eða vinnustaðar. Hér gegna fræðsluskrifstofur atvinnulífsins mikilvægu hlutverki í að tryggja hag nemans. Fullorðnir sem hyggjast ljúka sveinsprófi að undanegnu *raunfærnimati* sem snýr að vinnustaðanámi og fagnámi í skóla (sem náms- og starfsráðgjafar í samvinnu við framhaldsskólana stýra) geta fengið umbeðnar upplýsingar og aðstoð hjá fræðsluskrifstofum atvinnulífsins. Með því að hýsa starfseminu sem snýr að vinnustaðanámi á einum stað verður til mikilvæg yfirsýn, samræming verkferla og gæðaviðmið.

Leggja verður ríka áherslu á að efla og styrkja vinnustaðanám með þannig að það gagnist nemendum og atvinnulífinu sem best. Einnig er mikilvægt að vinnustaðanám verði óháð námsleiðum einstakra skóla.

Í frumvarpinu er ekki fjallað um nemaleyfisnefndir eða heimild til þess setja þær á stofn. Nemaleyfisnefndir eru starfandi í mörgum iðngreinum og gegna mikilvægu hlutverki. Þær meta hvort vinnustaðir uppfylli kröfur sem gerðar eru til fyrirtækja sem hafa nema í starfsþjálfun. Nemaleyfisnefndir eru

skipaðar af ráðuneytinu að fengnum tillögum starfsgreinaráðs.

Það er skoðun Alþýðusambands Íslands að sú stefna um vinnustaðanám sem sett er fram í 28. gr. frumvarpsins sé alls ófullnægjandi og feli í sér afturför frá því fyrirkomulagi sem þróast hefur.

### **Tillaga Alþýðusambands Íslands**

ASÍ leggur til að farin verði sú leið sem lögð er til í skýrslu Starfsnámsnefndar. Þar segir m.a. á bls. 31:

*„Yfirumsjón vinnustaðanáms verði í höndum starfsgreinaráðanna og skulu þau ráða umsjónaraðila vinnustaðanáms sem geti verið stofnun atvinnulífsins eða skóli eftir því sem best hentar.*

Jafnframt segir:

*„Starfsnámsnefnd leggur áherslu á að tekið verði upp markvisst skipulag á umsjón vinnustaðanáms og að starfsgreinaráðum verði falið það hlutverk gagnvart sínum atvinnugreinum. Einnig leggur Starfsnámsnefnd áherslu á að starfsgreinaráðum verði skylt að ráða umsjónaraðila vinnustaðanáms sem verði að öðru jöfnu í höndum fræðslustofnana atvinnulífsins eða í höndum skóla samkvæmt ákvörðun starfsgreinaráðs og með viðeigandi samningi um þjónustu.*

*Starfsnámsnefnd leggur áherslu á að virkt gæðastarf verði við framkvæmd og skipulag vinnustaðanáms og ábyrgð allra aðila verði ljós. Nánari skilgreining á gæðaeftirliti verði byggð inn í reglugerð/lög fyrir sjóð um vinnustaðanám.”*

Tillögur Starfsnámsnefndar varðandi skipulag og framkvæmd á vinnustaðanámi eru skýrðar frekar með myndum 11 og 12 í skýrslu nefndarinnar. Í skýringum með mynd 11 segir m.a.:

*„Skipulag vinnustaðanáms er hluti námsskrár og á ábyrgð starfsgreinaráða. Framkvæmd vinnustaðanáms er samstarfsverkefni atvinnulífs og skóla þar sem atvinnulíf er ábyrgt fyrir fræðslu á vinnustöðum en skóli ábyrgur gagnvart nemanda fyrir námi.”*

Þá segir að starfsgreinaráð óski eftir tillögum frá skólum og atvinnulífi um framkvæmd vinnustaðanáms. Starfsgreinaráð yfirfer og samhæfir tillögur skóla og atvinnulífs um framkvæmd vinnustaðanáms og tekur ákvörðun um framkvæmd. Síðan ef fjallað um frumkvæði starfsgreinaráðs gagnvart vinnustaðafyrirtækjum. Síðan segir að starfsgreinaráð sendi að þessu búnu endanlega tillögu sína um framkvæmd til MMR til staðfestingar.

Mikilvægt er að hafa í huga að tillaga Starfsnámsnefndar byggir á lærdómum sem dregnir hafa verið af þeirri reynslu sem fengist hefur af núverandi framkvæmd.

### 3. Námsmat

#### Í 30. gr. frumvarpsins segir m.a.:

„Námi í löggiltum iðngreinum lýkur með sveinsprófi. Ráðherra setur reglugerð um uppbyggingu og framkvæmd sveinsprófa. Heimilt er ráðherra að skipa sérstakar sveinsprófsnefndir í löggiltum iðngreinum til að annast samræmingu, framkvæmd og mat í tengslum við prófhald. Heimilt er ráðherra jafnframt að fela sveinsprófsnefnd mat á annarri iðnmenntun þegar við á.”

Í dag eru starfandi sveinsprófsnefndir í hverri einustu iðngrein. Sveinsprófsnefndir eru skipaðar af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum frá starfsgreinaráði. Öll undirbúningsvinna vegna sveinsprófa er í höndum fræðsluskrifstofa atvinnulífsins í samstarfi við sveinsprófsnefndir. Niðurstöður sveinsprófa eru skráðar í þar til gerðum gagnagrunni fræðsluskrifstofanna. Þær útbúa einnig sveinsbréfsbækur fyrir greinarnar. Öflugur prófabanki er að myndast þar sem unnið er markvisst að því að auka gæði sveinsprófa. Þá er verið að leggja lokahönd á samræmdar verklagsreglur fyrir sveinspróf ásamt prófþáttalýsingum fyrir allar iðn- og starfsnámsgreinar.

#### *Tillaga Alþýðusambands Íslands*

Lagt er til að tekin verði af öll tvímæli um að ráðherra skuli skipa sveinsprófsnefndir í viðkomandi iðngreinum að fenginni umsögn starfsgreinaráðs.

### 4. Vinnustaðanáámssjóður

Í athugasemdum með frumvarpinu er vísað til skilabréfs nefndar um frumvarp til laga um framhaldsskóla þar sem vikið er að kostnaði við vinnustaðanáám. Þar segir m.a.:

„Nefndin telur að setja eigi á fót sjálfstæðan sjóð sem hafi það hlutverk að greiða fyrir nám á vinnustað, enda verði námið skipulagt í samvinnu vinnuveitenda og framhaldsskóla, eftir atvikum með fulltingi viðkomandi starfsgreinaráðs. Er lagt til við menntamálaráðherra og ríkisstjórn að undirbúningur að löggjöf um slíkan sjóð hefjist sem fyrst.“

#### *Tillaga Alþýðusambands Íslands*

Alþýðusambandið telur stofnun þessa sjóðs eina af mikilvægustu forsendum þess að vel takist til um eflingu og aukin gæði vinnustaðanáms. ASÍ leggur til að gengið verði í að stofna þennan sjóð sem allra fyrst.

### 5. Fagráð, starfsgreinanevnd o.fl.

Alþýðusamband Íslands styður þær tillögur sem settar eru fram í 26. og 27. gr. frumvarpsins um stofnun fagráða og starfsgreinanevndar, eins og þegar hefur komið fram. Hvoru tveggja byggja þær á tillögum Starfsnámsnefndar sem ASÍ hafði áður lýst stuðningi við.

## Frumvarp til laga um leikskóla, 287. mál.

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) vill í upphafi taka fram að það tekur undir margt af þeim markmiðum og áherslum sem fram koma í frumvarpinu og athugasemdunum sem því fylgja og telur þær horfa til framfara. Þetta á m.a. við um:

- Markmið með leikskólastarfinu eins og þau eru sett fram í 2. gr. frumvarpsins.
- Skilgreiningu á rétti barna til sérfræðipjónustu og upplýsingaskyldu til foreldra.
- Áherslur á samráð og samstarf við foreldra leikskólabarna.
- Stuðning við þróunar- og nýbreytnistarf í leikskólum.

Ekki er ástæða til að fjölyrða um þessi markmið og áherslur endar eru þeim gerð ágæt skil í frumvarpinu og athugasemdum með því.

Alþýðusamband Íslands gerir alvarlegar athugasemdir við fjóra þætti sem varða frumvarpið og efni þess:

### 1. Skortur á skýrum rétti barna og skyldum sveitarfélaga

Í athugasemdum með frumvarpinu er greint frá því að Ísland sé eitt fárra landa þar sem leikskólastigið hefur verið skilgreint sem sjálfstætt skólastig. Hins vegar er ekki að finna skýr ákvæði í frumvarpinu um rétt barna (og foreldra þeirra) til þjónustu á þessu skólastigi eða skyldur sveitarfélaga í þeim efnum. Lítið er nægja almennt orðalag um þetta efni í 4. gr. sem lítið verður byggt á.

Þessi staðreynd rýrir mjög gildi frumvarpsins og viðheldur ástandi sem einkennt hefur stöðu barna (og foreldra þeirra) víða um land í þessum efnum.

Eitt erfiðasta úrlausnarefni sem foreldrar standa frammi fyrir þegar lögbundnu fæðingarorlofi lýkur er að tryggja börnum sínum örugga og góða dagvistun og þroskavænlegar aðstæður þegar þeir fara aftur á vinnumarkaðinn. Allir þekkja fjölda dæma um það álag sem óvissan um það hvort og þá hvenær tekst að tryggja örugga dagvistun veldur foreldrum og börnum þeirra. Aðstæður sem geta varað svo mánuðum og misserum skiptir, eða þar til leikskóladvöl er tryggð.

Í frumvarpinu segir í 27. gr. að sveitarstjórnnum sé heimilt að ákveða gjaldtöku fyrir barn í leikskóla, sem þó má ekki nema hærri fjárhæð en nemur meðlaunkostnaði við dvöl hvers leikskólabarns í leikskólum á vegum sveitarfélagsins. Hér er að mati Alþýðusambandsins sveitarfélögum gefin alltof rúm heimild til gjaldtöku á þessu fyrsta skólastigi.

## Tillaga Alþýðusambands Íslands

Lagt er til að kveðið verði skýrt á um það í lögum um leikskóla að sveitafélögum skuli skylt að bjóða öllum börnum sem þar búa leikskóladvöl við hæfi að lágmarki frá 18 mánaða aldri.

Í bráðabirgðaákvæði með lögnum skal veita sveitarfélögum mjög takmarkað svigrúm í tíma til að uppfylla þessar skyldur, því stærð (og þar af leiðandi fjárhagsleg geta) einstakra sveitarfélaga má ekki verða til þess að sveitarstjórnir geti skert réttindi íbúanna með því að takmarka þjónustuna.

Lagt er til að sett verði inn í lög in ákvæði um að menntamálaráðherra skuli árlega ákveða með reglugerð hámark gjaldtöku sveitarfélaganna fyrir barn í leikskóla.

### **2. Starfsemi leikskólans og möguleikar foreldra til að samræma atvinnuþátttöku og fjölskylduábyrgð**

Á umliðnum árum hefur ítrekað komið fram af hálfu foreldra leikskólabarna að það skorti á að starfsemi leikskóla taki nægilegt mið af aðstæðum í samfélaginu og aðstæðum foreldra á vinnumarkaði. Nægir í því sambandi að benda á gagnrýni á lokun leikskólanna á virkum dögum vegna „starfsdaga” o.þ.h. með tilheyrandi óhagræði fyrir foreldra á vinnumarkaði og röskun fyrir börnin. Þá er sjaldnast ef nokkurn tímann samræmi á milli skóladagatala leikskóla og grunnskóla á sama svæði, þrátt fyrir að bæði skólastigin séu á ábyrgð sveitarfélaganna, sem veldur foreldrum sem eiga börn á báðum skólastigum tvöföldum vanda.

Þar við bætist fyrirkomulag varðandi lokun leikskóla yfir sumarmánuðina sem oft skapar foreldrum á vinnumarkaði mikinn vanda.

## Tillaga Alþýðusambands Íslands

Lagt er til að dregið verði eins og kostur er úr röskun á þjónustu leikskóla vegna skipulagningar og annarra verkefna með það að markmiði að þeir haldi úti þjónustu á sama tíma og í samræmi við það sem almennt gildir í samfélaginu. Þá verði sérstaklega hugað að fyrirkomulagi varðandi skipulag sumarleyfa og lokun leikskóla yfir sumarmánuðina með það að markmiði að samræma eins og kostur er starfsemi þeirra og hagsmuni leikskólabarna og foreldra þeirra.

### **3. Starfsfólk leikskóla, annað en leikskólakennarar, og skortur á möguleikum til starfsþróunar og skortur á starfsöryggi**



Í þriðja kafla frumvarpsins er fjallað um „starfslið” leikskóla og í því sambandi vísað til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórna. Í frumvarpi til þeirra laga segir í 9. gr. „Að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara”, sem samkvæmt frumvarpinu þurfa hér eftir að hafa lokið meistaraþrófi (5 ára námi á háskólastigi). Þá er í 20. gr. að finna undanþágu frá þessari reglu ef ekki tekst að ráða leikskólakennara í starfið, þar sem heimilað er að lausráða einstakling í starfið að hámarki í eitt ár í senn og má ekki endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Í þessari umsögn verður ekki fjallað um efni framangreinds frumvarps um menntun kennara og hvort og þá hvaða rök eru til þess að lengja grunnám þeirra með þeim hætti sem þar er kveðið á um í stað þess að leggja ríka áherslu á menntunarmöguleika annarra starfsmanna leikskólanna og símenntun leikskólakennara. Um það er fjallað í sérstakri umsögn Alþýðusambandsins um frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórna við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, 288 mál.

Alþýðusambandið gerir hins vegar strax alvarlegar athugasemdir við að 2/3 reglan verði bundin í lög eins og gert er í frumvarpinu.

Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg voru í upphafi árs 2007 rúmlega 42% starfsmanna leikskólanna menntaðir leikskólakennarar eða starfsmenn með aðra háskólamenntun. Aðrir starfsmenn hafa fjölbreytta menntun og reynslu sem nýtist vel í starfseminni. Þar má nefna fjölda starfsmanna sem hafa aflað sér mikillar þekkingar með ára og jafnvel áratuga reynslu af störfum í leikskólum. Þessir starfsmenn hafa flestir hverjir jafnframt aukið hæfni sína með því að sækja fjölda námskeiða á þessu sviði. Þá skal bent á að nú þegar hafa 74 einstaklingar lokið tveggja ára leikskólaliðanámi og 80 til viðbótar eru nú í því námi. Jafnframt hefur komið í ljós að aðgangur að háskólanámi í leikskólakennslu er enn skilyrtur formlegu stúdentsþrófi, þar sem margra ára starfsreynsla í leikskólum til viðbótar við sérhæft leikskólaliðanám hefur verið hafnað sem aðgangsgefandi.

Nú þegar mikil mannekla háir starfsemi leikskólanna virðist einsýnt að frekar eigi að styðja og styrkja þá einstaklinga sem valið hafa sér starfsvettvang í leikskólunum og sýnt hafa áhuga, vilja og getu til að axla þá ábyrgð sem í því felst, heldur en að hundsa þá og hrekja úr starfi, gangi markmið frumvarpsins eftir. Eða í besta falli skapa þessum starfsmönnum óvissu og mikið ráðningaróryggi. Færa má gild rök fyrir því að það sé vænlegra til árangurs til að auka gæði og faglegan metnað í leikskólum að 2/3 reglan verði felld burt úr frumvarpinu og að í stað þess verði lögð rík áhersla á að auðvelda starfsmönnum leikskólanna að sækja sér leikskólakennaramenntun eða aðra menntun í faginu sbr. leikskólaliðamenntunina og jafnframt að leggja áherslu

á öfluga símenntun fyrir alla starfsmenn leikskólanna.

Í ljósi framanritaðs er full ástæða til að benda á tvennt:

- a) Ekki er gert ráð fyrir að þeim starfsmönnum sem nú eru starfandi í leikskólunum og ekki hafa leikskólakennaramenntun verði gefinn kostur á og gert mögulegt að fá raunfærnimat og sækja sér menntun á þessu sviði, þ.m.t. til að öðlast réttindi sem leikskólakennarar. Hér er vert að benda á eins og gert var hér að framan að meðal þessa starfsfólks eru mikill fjöldi einstaklinga með mikla og góða þekkingu á þessu sviði og sem reynst hafa einkar vel í starfi. Það hlýtur að vera skýlaus krafa þessara starfsmanna og um leið mikilvægir hagsmunir leikskólanna að efla og bæta menntunarmöguleika þeirra.
- b) Hvað varðar starfsmenn sem ráðnir eru í sérstakar stöður leikskólakennara er gengið út frá því að starfsöryggi þeirra sé í reynd ekkert og að þeir megi árlega eiga von á því að verða látnir víkja fyrir öðrum. Slík staða er ekki bjóðandi nokkrum einstaklingi og gengur gegn öllum almennum sjónarmiðum um réttindi launafólks.

Tillaga Alþýðusambands Íslands

- a) Lagt er til að við setningu laga um leikskóla og menntun leikskólakennara verði að finna sérstakt ákvæði um rétt og möguleika annarra starfsmanna leikskólanna en leikskólakennara, sem í dag vinna við umönnun og kennslu og sem stundað hafa það starf í þrjú ár eða lengur, til raunfærnimats og að sækja sér menntun í faginu samkvæmt sérstakri námsáætlun.
- b) Lagt er til að 2/3 reglan verði felld burt úr lögnum. Jafnframt er lagt til að starfsmaður leikskóla sem ráðinn er í stöðu leikskólakennara, án þess að vera leikskólakennari, og ráðningin hefur varað í einhvern tíma, t.d. 3 ár, fái fastráðningu gegn því að hann verði aðstoðaður við og hann á móti skuldbindi sig til að sækja sér þá menntun sem til þarf samkvæmt sérstakri námsáætlun.

#### 4. Óásættanleg mismunun varðandi símenntun

Í 8. gr. frumvarpsins er fjallað um símenntun starfsfólks leikskólanna. Þar er í fyrri málsgrein kveðið á um frumkvæði leikskólalastjóra við að „*móta áætlun um hvernig símenntun starfslíðs skuli háttað*”. Samkvæmt seinni málsgreininni verður hins vegar ekki annað skilið en að „starfslíð” leikskólans sé í þessum skilningi bundið við leikskólalastjóra og leikskólakennara eingöngu. Er hér ástæða til að birta þessa málsgrein í heild sinni, en hún er svohljóðandi:

„*Leikskólalastjórar og leikskólakennarar skulu samkvæmt ákvörðun sveit-*

*arstjórnar og eftir því sem kann að vera mælt fyrir um í kjarasamningum eiga kost á símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína, kynnast nýjungum í leikskóla- og uppeldismálum og njóta stuðnings við nýbreytni- og þróun-  
arstörf.”*

Hér er með öðrum orðum ekkert að finna um réttindi og mikilvægi þess að aðrir starfsmenn leikskólanna eigi kost á símenntun til að „efla starfshæfni sína” og kynnast nýjungum í leikskóla og uppeldismálum.

Afstaða í frumvarpinu til símenntunar annarra starfsmanna leikskólanna en leikskólastjóra og leikskólakennara felur í sér óásættanlega mismunun og forneskju í hugsun og hamlar eðlilegri starfsþróun starfsmanna og þróun leikskólans.

### **Tillaga Alþýðusambands Íslands**

Lagt er til að 8. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að hún feli ekki í sér neina mismunun gagnvart starfsmönnum leikskólanna.

Í því sambandi leggur Alþýðusamband Íslands ríka áherslu á að áfram verði unnið að því að skapa starfsmönnum leikskólanna tækifæri til að sækja sé leikskólakennaramenntun og þróa aðra fagmenntun fyrir starfsmenn leikskólanna sem ekki hafa leikskólakennaramenntun.

## **Frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, 288. mál.**

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) vill í upphafi taka fram að það telur mikilvægt að efla menntun á öllum skólastigum. Það er skylda samfélagsins og réttur einstaklinganna að allir fái góða grunnmenntun. Þetta er sameiginlegt verkefni grunnmenntakerfisins (leik-, grunn- og framhaldsskóla) sem kosta á úr sameiginlegum sjóðum. Það er í þessu samhengi sem skilja ber kröfuna um „jafnrétti til náms”. Góð grunnmenntun fyrir alla og öflug símenntun eru mikilvæg forsenda virkni og velferðar einstaklinganna og framþróun og samkeppnishæfni atvinnulífsins og samfélagsins alls.

Það frumvarp sem hér er til umsagnar verður að skoðast í framangreindu ljósi. Spurningin er sú hvort efni þess sé líklegt til að efla skólastarf á öllum stigum og auka gæði þeirrar menntunar og þjónustu sem þar er veitt.

Kjarni þeirra tillagna sem er að finna í frumvarpinu er að:

- Menntunarskilyrði til að öðlast starfsheiti og starfsréttindi grunnskólakennara og framhaldsskólakennara eru aukin þannig að gerð

verður krafa meistaraþrófs frá háskóla sem þýðir viðbót við leikskóla- og grunnskólakennaramenntun upp á 60 einingar eða 2ja ára nám. Ný menntunarskilyrði þýða að námið lengist úr 3 árum (90 einingum) í 5 ár (150 einingar).

- Frumvarpið kveður í fyrsta skipti á um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum leikskólakennara og stjórnenda leikskóla. Gerðar eru sambærilegar kröfur um menntun leikskólakennara og gerðar eru til grunnskóla- og framhaldsskólakennara Þá segir í 9. gr.: „*Að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara.*”

### **1. Lenging á grunnnámi leikskóla og grunnskólakennara**

Fyrir utan tiltölulega almennt orðaða umfjöllun um að aukin menntun kennara sé af hinu góða og tilvísun í það sem gerist meðal annarra þjóða fer lítið fyrir rökstuðningi fyrir þeirri leið sem lögð er til hér á landi, hvort sem um fagleg, kennslufræðileg eða stjórnunarleg rök er að ræða.

Þegar rökstuðningurinn fyrir lengingu menntunar leik- og grunnskólakennara er skoðaður með samanburði við önnur lönd er tvennt sem vekur athygli:

- a) Fram kemur að meðaltímalengd menntunar grunnskólakennara í OECD er 3,9 – 4,4 ár. Þá finnast dæmi um að þessi tími sé lengri. Þar er m.a. nefnt sem dæmi kandídatsár (starfsþjálfun) í nokkrum löndum áður en viðkomandi öðlast formleg kennararéttindi. Það verður þó ekki séð af greinargerðinni með frumvarpinu að annars staðar sé farin sú leið sem lögð er til hér.
- b) Hvað varðar menntun leikskólakennara kemur fram að hún er ekki alls staðar í nágrannalöndunum á háskólastigi. Á hinum Norðurlöndunum er hún 3 – 3 1/2 ár, eða svipað og nú er hér á landi.

Telja verður rökstuðninginn í frumvarpinu fyrir lengingu náms grunn- og leikskólakennara um tvö ár (til meistaraþrófs) eins og þar er lagt til mjög veikan. Það vekur athygli að engin sérstök þarfagreining hefur verið gerð varðandi menntun kennara, óháð skólastigum, og því kemur það ekki á óvart að engin tilraun er gerð til þess að skilgreina né fjalla um inntak eða eðli þeirrar viðbótarmenntunar sem gera á kröfu um eða hvernig hún á að nýtast til að auka gæði skólastarfsins.

Því til viðbótar er ekkert fjallað um símenntun í frumvarpinu né hvernig ná mætti sömu markmiðum og lagt er til í frumvarpinu með skipulagðri viðbótarmenntun (endur- og eftirmenntun) eftir að kennarar hefja störf.

Loks vekur það einnig athygli að ekki er gert ráð fyrir því að þeir kennarar sem nú þegar hafa viðurkennd réttindi (og ekki hafa lokið meistaraþrófi) bæti

við sig menntun til samræmis við nýjar kröfur í frumvarpinu (sem reyndar hafa ekki verið skilgreindar) til að öðlast full réttindi í hinu nýja kerfi.

ASÍ vill vekja athygli á því, að með því að auka formlegar og ófrávikjanlegar menntakröfur til kennsluréttinda með þessum hætti mun fjölga þeim einstaklingum sem ráðnir verða til starfa í skólakerfinu sem ekki uppfylla þessar formlegu kröfur. Þeir verða því væntanlega ráðnir sem „leiðbeinendur“ með ótrygg ráðninga- og starfskjör, þar sem hægt verður að víkja þeim úr starfi með stuttum fyrirvara. ASÍ vill vara við þessari þróun.

## **Áhersla Alþýðusambands Íslands**

### **Grunnskólakennarar:**

Í ljósi þeirra upplýsinga sem fyrir liggja, menntunar grunnskólakennara í dag og þeirrar staðreyndar að það skorti enn nokkuð á að menntaðir grunnskólakennarar séu til staðar til að fylla allar kennarastöður á því skólastigi, telur Alþýðusambandið að frekar eigi að stefna að því að lengja grunnám grunnskólakennara um 30 einingar (1 ár) og að leggja beri áherslu á að sú lenging verði fyrst og fremst nýtt til að auka við fagmenntun í sérgrein.

Þá má færa gild rök fyrir því að bjóða eigi upp á viðbótarnám fyrir grunnskólakennara til að styrkja þá í að takast á við stjórnunarstörf innan grunnskólanna og sérstök viðfangsefni. Þannig verði gerð krafa til skólastjórnenda um sérstaka viðbótarmenntun í skólastjórn að viðbættri almenntni grunntenntun. Slíkt nám mætti bjóða sem viðbót í framhaldi af grunnnámi eða sem hluta af símenntun.

Jafnframt er mikilvægt að tryggja grunnskólakennurum möguleika á öflugri símenntun til starfsþróunar.

### **Leikskólakennarar:**

Í ljósi þeirrar starfsemi sem fram fer í leikskólum og þeirrar stöðu sem nú er uppi varðandi mönnun í leikskólum landsins verður ekki séð hvaða rök eru fyrir því fyrirkomulagi sem frumvarpið mælir fyrir um. Engin rök eru færð fyrir því að lenging grunntenntunar leikskólakennara um tvö ár byggji á brýnni þörf fyrir aukinni faglegri grunntenntun þeirra. Þá má færa fyrir því sterk rök að lengingin muni í reynd draga úr nýliðun í hópnum af hálfu þeirra sem fara hefðbundna leið í náminu og þar með úr möguleikum leikskólanna á að fá menntaða leikskólakennara til starfa. Þá er ekki tekið tillit til þeirrar staðreynda að lenging námsins mundi draga úr möguleikum þeirra starfsmanna leikskólanna sem farið hafa í leikskólakennaranámið eftir óhefðbundnari leiðum eftir að hafa aflað sér reynslu og þekkingar sem aðstoðarfólk á leikskólum.

Hins vegar má færa gild rök fyrir því að mikilvægt sé að bjóða upp á viðbótarnám fyrir leikskólakennara til styrkja þá í að takast á við stjórnunarstörf innan leikskólanna og sérstök úrlausnarefni á því skólastigi. Þannig verði gerð krafa um sérstaka leikskólastjórnun að viðbætti almennri grunnmenntun. Slíkt nám mætti bjóða sem viðbót í framhaldi af grunnnámi eða sem hluta af símenntun.

Jafnframt er mikilvægt að tryggja leikskólakennurum möguleika á öflugri símenntun til starfsþróunar.

### **1. Löggilding á starfsheiti leikskólakennara og skilyrði um lágmarkshlutfall**

Ekki er tekin afstaða til löggildingar starfsheitisins „leikskólakennari“.

Eins og áður segir er í 9. gr. frumvarpsins kveðið á um lágmarkshlutfall leikskólakennara: „*Að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara.*”

Þá er í 20. gr. að finna undanþágu frá þessari reglu ef ekki tekst að ráða leikskólakennara í starfið, þar sem heimilað er að lausráða einstakling í starfið að hámarki í eitt ár í senn og má ekki endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Alþýðusambandið gerir alvarlegar athugasemdir við að 2/3 reglan verði bundin í lög eins og gert er í frumvarpinu.

Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg voru í upphafi árs 2007 rúmlega 42% starfsmanna leikskólanna menntaðir leikskólakennarar eða starfsmenn með aðra háskólamenntun. Aðrir starfsmenn hafa fjölbreytta menntun og reynslu sem nýtist vel í starfseminni. Það má nefna fjölda starfsmanna sem hafa aflað sér mikillar þekkingar með ára og jafnvel áratuga reynslu af störfum í leikskólum. Starfsmenn sem flestir hverjir hafa jafnframt aukið hæfni sína með því að sækja fjölda námskeiða á þessu sviði. Þá skal bent á að nú þegar hafa 74 einstaklingar lokið tveggja ára leikskólaliðanámi og 80 til viðbótar eru nú í því námi.

Nú þegar mikil mannekla háir starfsemi leikskólanna virðist einsýnt að frekar eigi að styðja og styrkja þá einstaklinga sem valið hafa sér starfsvettvang í leikskólunum og sýnt hafa áhuga, vilja og getu til að axla þá ábyrgð sem í því felst, heldur en að hundska þá og hrekja úr starfi, gangi markmið frumvarpsins eftir. Eða í besta falli skapa þessum starfsmönnum óvissu og mikið ráðningaróryggi. Færa má gild rök fyrir því að það sé vænlegra til árangurs til að auka gæði og faglegan metnað í leikskólum að 2/3 reglan verði felld burt úr frumvarpinu og að í stað þess verði lögð rík áhersla á að auðvelda starfsmönnum leikskólanna að sækja sér leikskólakennaramenntun eða aðra menntun í faginu sbr. leikskólaliðamenntunina og jafnframt að leggja áherslu

á öfluga símenntun fyrir alla starfsmenn leikskólanna.

Í ljósi framanritaðs er full ástæða til að benda á tvennt:

- c) Ekki er gert ráð fyrir að þeim starfsmönnum sem nú eru starfandi í leikskólunum og ekki hafa leikskólakennaramenntun verði gefin kostur á og gert mögulegt að fá raunfærnimat og sækja sér menntun á þessu sviði, þ.m.t. til að öðlast réttindi sem leikskólakennarar. Hér er vert að benda á eins og gert var hér að framan að meðal þessa starfsfólks eru mikill fjöldi einstaklinga með mikla og góða þekkingu á þessu sviði og sem reynst hafa einkar vel í starfi. Það hlýtur að vera skýlaus krafa þessara starfsmanna og um leið mikilvægir hagsmunir leikskólanna að efla og bæta menntunarmöguleika þeirra.
- d) Hvað varðar starfsmenn sem ráðnir eru í sérstakar stöður leikskólakennara er gengið út frá því að starfsöryggi þeirra sé í reynd ekkert og að þeir megi árlega eiga von á því að verða látnir víkja fyrir öðrum. Slík staða er ekki bjóðandi nokkrum einstaklingi og gengur gegn öllum almennum sjónarmiðum um réttindi launafólks.

### **Tillaga Alþýðusambands Íslands**

- c) Lagt er til að við setningu laga um leikskóla og menntun leikskólakennara verði að finna sérstakt ákvæði um rétt og möguleika annarra starfsmanna leikskólanna en leikskólakennara sem í dag vinna við umönnun og kennslu og sem stundað hafa það starf í þrjú ár eða lengur til raunfærnimats og að sækja sér menntun í faginu samkvæmt sérstakri námsáætlun.

Lagt er til að 2/3 reglan verði felld burt úr lögnum. Jafnframt er lagt til að starfsmaður leikskóla sem ráðinn er í stöðu leikskólakennara, án þess að vera leikskólakennari, og ráðningin hefur varað í einhvern tíma, t.d. 3 ár, fái fastráðningu gegn því að hann verði aðstoðaður við og hann á móti skuldbindi sig til að sækja sér þá menntun sem til þarf samkvæmt sérstakri námsáætlun.

### **Frumvarp til innheimtulaga, 324. mál.**

Lengi hefur verið þörf á því að sett séu lög um innheimtu fjárskuldbindinga. Ástæður þess eru augljósar enda hafa skuldarar fram til þessa verið næsta varnarlausir gagnvart innheimtuaðgerðum innheimtuaðila sem lengst af hafa verið lögmenn. Réttarstaða skuldara hefur verið mjög veik og þeir þurft að sæta afarkostum, hvort sem innheimta á sér stað með eða án réttarfarsúrræða enda innheimtan ætíð gerð undir hótunum um beitingu þeirra.

Frumvarpið tekur á hluta þessa vanda en gengur fjarri lagi það langt að viðunandi sé. Til þess að innheimtulög nái tilgangi sínum verða þau einnig að taka til innheimtu fjárskuldbindinga á grundvelli réttarfarsúrræða. Sérstök réttarfarsúrræði til innheimtu fjárskuldbindinga veita innheimtuaðilum sterka og ósanngjarna réttarstöðu gagnvart skuldara. Fullyrða má, að eftir að krafa er gjaldfallin og viðvörunarfrestur liðinn sé skuldari upp á náð og miskunn þeirra lögmanna sem kröfuna innheimta kominn, án þess að geta borið hönd fyrir höfuð sér. Þ.e. undir hótun um aðför að skuldara sjálfum, ábyrgðarmönnum hans eða undir hótun um að nauðungaruppboð fari fram á eignum hans, er samningsstaða hans vonlaus og engra úrræða að leita fyrir en viðkomandi aðgerð hefur náð fram að ganga með því tjóni og þeim afleiðingum sem slíkt getur haft í för með sér. Það á meðal annars við andmæli hans gegn óhóflegum innheimtukostnaði, innheimtukostnaði reiknuðum af gjaldföllnum skuldabréfum sem þó er leyft að komið sé í skil o.fl.

Það er því eindregin skoðun Alþýðusambands Íslands, að jafnvel þótt frumvarpið skapi nokkra vörn gegn óhóflegri gjaldtöku og harðræði meðan kröfur eru í forinnheimtu, þá veiti það ekki það skjól sem skuldsettum og varnarlausum einstaklingum er nauðsynlegt þegar gjaldfallnar skuldir eru innheimtar í skjóli einfaldra, hraðvirkra og beitra réttarfarsúrræða sem kröfuhöfum hafa verið sköpuð til verndar hagsmunum sínum. Hér hallar verulega á.

Hvað einstök ákvæði frumvarpsins varðar eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

6. gr. Ekki er ljóst við hvað átt er þegar sagt er að beitt sé „tjóni“ við innheimtuna. Tjón er afleiðing einhvers sem beitt er en ekki athöfnin sjálf sem tjóninu veldur. Það sama á að nokkru við notkun hugtaksins „óþægindi“.

7. gr. Skv. lokamálsgrein 7 gr. eru kröfuhafi og innheimtuaðili lausir undan öllum skyldum um innheimtuviðvaranir hafi skuldari mótmælt kröfunni. Engin efnisleg rök hníga til þessara takmörkunar. Flestar kröfur sem settar eru til forinnheimtu byggja á rafrænum gögnum og öðrum gögnum kröfuhafa. Tilraunir skuldara til þess leita leiðréttingar á forstigum máls, m.a. með mótmælum eiga ekki samhliða að svipta hann rétti til þeirrar verndar sem innheimtulögunum þó er ætlað að veita honum.

12. gr. Í greinargerð segir að ekki sé stefnt að því að skuldari komist undan greiðslu „áætlaðs kostnaðar“. Frumvarpinu í heild sinni er ætlað að setja takmörk við kostnaði í innheimtum. Með kostnaði er væntanlega átt við útlagðan kostnað innheimtuaðila og eðlilega þóknun hans fyrir verkið. Með áætluðum kostnaði er væntanlega átt við útlagðan kostnað sem ekki hefur verið lagður út eða þóknun sem ekki hefur verið unnið fyrir en greinargerð með 12.gr. gefur því undir fótinn að slíkan kostnað megi innheimta í skjóli laganna en ekki verður annað séð en að það vinni beint gegn markmiðum frumvarpsins.



## **Frumvarp til laga um tekjuskatt, breyting ýmissa laga, 325. mál.**

Frumvarpið felur í sér tvíþætta tillögu að breytingum á skattlagningu aðila í atvinnurekstri:

Lagðar til breytingar á reglum um skattskyldu söluhagnaðar lögaðila af hlutabréfum

Lögð er til tilfærsla á skattaumsýslu þeirra lögaðila sem mest umsvif hafa í íslenskum þjóðarþúska til sérstakrar starfseiningar innan Reykjavík-urumdæmis.

ASÍ leggst gegn þeirri breytingu sem lögð er til, að söluhagnaður lögaðila af hlutabréfum verði skattfrjáls en á móti falli frádráttur vegna kostnaðar við hlutabréfaviðskiptin niður.

Þrátt fyrir að á undanföllum árum hafi verið gerðar veigamiklar breytingar á skattaumhverfi lögaðila hefur það ekki leitt til aukinnar fjárfestingar erlendra aðila hér á landi og heldur ekki dugað til að halda fé í landinu. Ástæðan er ekki sú að skattlagning lögaðila sé almennt ekki samkeppnifær við þau lönd sem við viljum bera okkur saman við. Tekjuskattar lögaðila eru með því lágsta sem þekktist meðal OECD landa og hlutfall tekna ríkissjóðs af tekjuskatti lögaðila einnig með því lágsta sem þekktist. Nýverið boðaði ríkisstjórnin að tekjuskattur lögaðila yrði lækkaður um 3%-stig eða um 16,7%. Þá er rétt að hafa í huga að skattur af fjármagnstekjum er einnig með því lágsta sem þekktist.

Varðandi þau rök sem lesa má úr greinargerð frumvarpsins að líkur séu á að þessi skattur skili fremur litlum tekjum vegna þess að hægt sé að fresta skattlagningunni óendanlega og einnig að mörg íslensk félög hafa flutt eignarhald á hlutabréfum til landa sem ekki skattleggja söluhagnað þá veða þau ekki þungt að mati ASÍ. Eðlilegra er að bregðast við með því að kanna með hvaða hætti hægt er að koma í veg fyrir slík skattaundanskot. Í því samhengi má benda á þann vanda að bæði virðist hægt að komast hjá því að greiða eðlilegan skatt af söluhagnaði og einnig af hagnaði með því að færa fjármagn úr landi. Ástæðuna má án vafa rekja til þess að Íslensk skattalög eru varnarlítill fyrir aðgerðum af þessum toga en Ísland er eitt fárra landa í Vesturálfu, sem ekki hefur leitt í lög nein ákvæði sem hindra eða takmarka flutning á hagnaði til annarra landa án eðlilegrar skattlagningar.

ASÍ leggst því eindregið gegn þeirri breytingu að söluhagnaður lögaðila af hlutabréfum verði undanþeginn skattskyldu.

Varðandi þá tillögu að færa skattaumsýslu þeirra lögaðila sem mest umsvif hafa í íslenskum þjóðarþúska til sérstakrar starfseiningar innan Reykjavík-

urumdæmis, þá gerir ASÍ ekki athugasemd við þá tillögu.

### **Frumvarp til varnarmálalaga, 331. mál.**

Í 4. kafla frumvarpsins er fjallað um starfsmannamál hinnar nýju stofnunar og þess sérstaklega getið í 10. gr. að heimilt sé að ráða tímabundið ákveðna ríkisstarfsmenn með sérfræðipækkingu með því skilyrði að vinnuveitandi veiti til þess samþykki sitt. Við það fyrirkomulag eru ekki gerðar athugasemdir en vakin athygli á því, að verðmæta sérfræðipækkingu er einnig að finna utan hóps ríkisstarfsmanna. Mælt er með því að ákvæðið verði víkkað og taki til „starfsmanna“ með sérfræðipækkingu.

### **Pingsályktunartillaga um undirbúning að þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði, 329. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði, 329. mál.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að stjórnvöld aðstoði sveitarfélögin Langanesbyggð og Vopnafjarðarhrepp við að kanna þörf á starfrækslu þjónustumiðstöðvar sem gæti annast alla helstu þjónustu hérlendis við skip sem leita olíu á Drekasvæði.

Alþýðusamband Íslands mælir með því að tillagan sem hér er til umsagnar verði samþykkt.

### **Frumvarp til samkeppnislaga, 384. mál.**

Að sinni gerir Alþýðusambandið ekki athugasemdir við frumvarpið, aðrar en þær að það leggst gegn því að veltumörk fyrirtækja við samruna eins og þau eru tilgreind í 17. gr. laganna, verði hækkuð. Þar sem íslenskur markaður er mjög lítill, telur Alþýðusambandið að það muni veikja mjög samkeppniseftirlit ef þessi mörk verði hækkuð úr því sem nú er.

Alþýðusambandið leggur því til að veltumörkin í 17. gr. haldist óbreytt frá því sem er í núgildandi lögum.

### **Frumvarp til skipulagslaga, frumvarp til laga um mannvirki svo og frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, mál 374-376.**

Í hnotskurn ganga frumvörpin út á að skilið verði á milli stjórnsýslu skipulagsmála og byggingamála. Einnig eru í frumvörpunum margvísleg ákvæði

sem ætlað er að gera stjórnýslu hvors málaflokks skilvirkari.

### **Almennt**

Alþýðusambandið fagnar þeirri viðleitni sem fram kemur í frumvörpunum að gera stjórnýslu skipulags- og byggingamála skilvirkari. Hvað varðar úthlutun framkvæmda- og byggingaleyfa vill ASÍ að meðal skilyrða fyrir leyfi sé að fyrir liggja áætlun um hvernig megi tryggja að reglur um réttindi launafólks, laun og vinnuvernd verði uppfylltar. ASÍ tekur ekki afstöðu til áforma um að skilja á milli stjórnýslu skipulagsmála og byggingamála svo framarlega sem ákvörðunin er byggð á faglegum sjónarmiðum og að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila.

### **Um frumvarp til skipulagslaga**

Í opinberum skipulagsáætlunum kemur fram stefna stjórnvalda hvað varðar þróun helstu grunnstoða atvinnulífsins. ASÍ er þeirrar skoðunar að slík stefnumótun þurfi að vera heildstæð, horfa til langs tíma og taka mið af ólíkum sjónarmiðum hagsmunaaðila um aðgang, öryggi og gæði svo og um sjálfbæra nýtingu takmarkaðra gæða. Í þessu ljósi fagnar sambandið þeirri áherslu sem frumvarpið leggur á samráð og gagnsætt ferli skipulagsvinnu.

ASÍ telur að það horfi til bóta að samræma opinberar skipulagsáætlanir í gegnum svokallaða „landsskipulagsáætlun“. Sambandið vill samt benda á að þar sem gert er ráð fyrir að landsskipulagsáætlunin sé réttþærri en aðrar skipulagsáætlanir þá er líklegt að upp muni koma ágreiningur milli landsstjórnar annars vegar og ýmissa hagsmunaaðila hins vegar um það hvað langt landsskipulagið á að ná inn á önnur skipulagssvið, þ.e. um samspil þess við svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag svo og við byggðaáætlun, samgöngu- og fjarskiptaáætlun, náttúruverndaráætlun, o.s.frv. Það er því sérstaklega mikilvægt að tryggja það að rödd þeirra er landsskipulagsáætlunin hefur áhrif á í hverju tilviki fái að heyrast í gegnum virkt samráðsferli. ASÍ telur að hér sé einmitt pottur brotinn í frumvarpinu þar sem ekki er gerð sama krafa um opið ferli við gerð landsskipulagsáætlunar og við aðra áætlanagerð, t.d. er ekki gerð krafa um að tekin sé saman lýsing á skipulagsverkefnum né heldur um að þau séu kynnt fyrir almenningi á opnum fundum.

### **Um frumvarp um mannvirki**

ASÍ fagnar því að í frumvarpinu um mannvirki er lögð áhersla á að skýra hlutverk og ábyrgð þeirra aðila sem koma að mannvirkjagerð, þ.e. eigenda mannvirkis, hönnuðar, byggingastjóra og iðnmeistara. Einnig ber að fagna því að byggingarstjóra skuli vera ætlað að framkvæma innra eftirlit en geti ekki samhliða verið hönnuður eða iðnmeistari verks. Það að afnema tryggingarskyldu byggingarstjóra gæti orkað tvímælis, þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að þessum aðilum verði áfram heimilt að kaupa tryggingu. Þarna er verið að bjóða hættunni heim á enn frekari vanhöldum á gæðum mannvirkja en nú er

reyndin.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að bygginganefndir verði lagðar niður og að aðkoma sveitastjórna að stjórnsýslu byggingamála verði aðeins í formi þess að ráða byggingafulltrúa sem síðan muni sinna útgáfu byggingaleyfa og eftirliti. Rökin sem færð eru fyrir þessu eru þau að byggingamál séu tæknileg mál og eðlilegt að framkvæmd þeirra sé í höndum aðila með sérfræðipækkingu á því sviði. Á hinn bóginn má benda á að þetta þýðir væntanlega að ekki verður lengur hægt að kæra ákvarðanir byggingafulltrúa til bygginganefndar heldur verði að skjóta málinu beint til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingamála sem þá mun þurfa að sinna mun fleiri málum en áður. ASÍ leggur áherslu á að fyrirbyggt verði að afnám bygginganefndanna grafi undan réttarstöðu almennings í skipulagsmálum.

Í frumvarpinu (2. mgr. 27. gr.) er gerð grein fyrir kröfum sem gerðar eru til þeirra aðila sem mega taka að sér byggingarstjórn þeirra mannvirkja sem falla undir 1. tölul. 4. mgr. 26. gr., þ.e. einföldustu gerð mannvirkja. Hvað þetta atriði varðar mælir ASÍ með því að opnað verði fyrir þann möguleika að stálvirkjasmíðir geti einnig fengið heimild til að taka að sér byggingarstjórn, ekki hvað síst við byggingu stálgrindarhúsa eða mannvirkja þar sem stálgrind er meginburðarvirki. Að öðru leyti mælist ASÍ eindregið til þess að ekki verði felldar út heimildir til handa ákveðnum hópum iðnaðarmanna, eins og t.d. vélvirkja, til að annast byggingarstjórn án þess að leitað verði eftir nánú samráði við fagfélög þeirra.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að málefni er varða lyftur til fólks- og vöruflutninga verði flutt frá Vinnueftirlitinu til nýrrar Byggingastofnunar. Í þessu sambandi tekur Alþýðusambandið undir umsögn Vinnueftirlitsins, sem lýsir sig mótfallið þessari breytingu. Rök Vinnueftirlitsins gegn því að flytja lyftumálefni til nýrrar Byggingastofnunar eru fagleg, efnisleg og fjárhagsleg, auk þess sem vísað er til fyrirkomulags þessara máli m.a. í Danmörku. M.a. er bent á að:

Stjórnsýsla þessara mála fellur vel að tæknilegum öryggismálum vinnustaða sem eru hjá stofnuninni. Í 3. gr. laga nr. 46/1980 með síðari breytingum er gert ráð fyrir að stofnunin geti haft slík verkefni með höndum. Staðgóð þekking er til staðar á þessum málum hjá stofnuninni og þarf að vera áfram vegna hliðstæðs búnaðar sem notaður er á vinnustöðum.

Eftirlit með lyftum og lyftubúnaði er í höndum eftirlitsumdæma Vinnueftirlitsins og er þar samþætt öðru vinnuvéla- og tækjaeftirliti. Utan höfuðborgarsvæðisins felast í því ákveðin samlegðaráhrif bæði fagleg og fjárhagsleg.

Skráning á lyftum og eftirliti með þeim er hjá Vinnueftirlitinu og er þar samþætt annarri tækja- og vinnuvélaskráningu. Hagkvæmt er að reka slíka skráningu í einu lagi.

Hafi stjórnmöld hug á að færa þetta eftirlit út á markað má með eðlilegri aðlögun gera það þótt Vinnueftirlitið fari áfram með stjórnsýsluna. Slíkt hefur þegar verið gert hvað varðar úttekt á nýjum lyftum.

Vinnueftirlitið hefur haft gott samstarf við Brunamálastofnun, bygginga-fulltrúa og fleiri aðila sem að slíkum málum komu. Ekki er fyrirjábanlegt annað en að það muni gilda um fyrirhugaða Byggingastofnun.

### *Niðurstaða*

Alþýðusamband Íslands vonast til þess að tekið verði tillit til þeirra athugasemda sem hér hefur verið komið á framfæri áður en frumvarpið verður samþykkt. Þetta á sérstaklega við um athugasemdir um skilyrði fyrir leyfisveitingum, opið ferli við gerð landsskipulagsáætlana, að ekki verði felldar út heimildir til handa ákveðnum hópum iðnaðarmanna til að annast byggingarstjórn án þess að leitað verði eftir nánú samráði við fagfélög þeirra og að tekið verði fullt tillit til athugasemda Vinnueftirlitsins um málefni er varða lyftur til fólks- og vöruflutninga.

## **Frumvarp til laga um breytingar á lögum um fæðingar- og for-eldraorlof, með síðari breytingum, 387. mál.**

Frumvarpið felur í sér nokkrar efnisbreytingar á gildandi lögum, auk þess sem um er að ræða tæknilegar breytingar, m.a. vegna breytinga á lögum um Stjórnarráð Íslands.

Viðamesta efnisbreytingin skv. frumvarpinu varðar breytingu á viðmiðunartímabilinu sem lagt er til grundvallar útreikningum á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Þar sem viðmiðunartímabilið er styttr og færtr nær töku fæðingarorlofsins en nú er. Alþýðusambandið fagnar þessari breytingu enda mætir hún í mikilvægum atriðum þeirri gagnrýni sem ASÍ setti fram þegar núverandi regla um þetta efni var ákveðin með lögum nr. 90/2004. Við það tækifæri benti ASÍ á að sú breyting mundi hafa í för með sér umtalsverða raunlækkun á rétti einstaklinga til greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði og ýmiskonar óhagræði annað. Þó ber að geta þess að ábatinn af breytingunni nú mun að nokkru hverfa vegna breytinga á skilgreiningu á heildarmeðallaunum, þar sem nú verður heimilt að taka mið af öðrum greiðslum en atvinnutekjum.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til skv. frumvarpinu virðast til þess fallnar að skýra betur framkvæmd laganna og treysta réttarstöðu einstaklinga gagnvart Fæðingarorlofssjóði.

Um leið og Alþýðusambandið lýsir stuðningi við meginefni frumvarpsins gagnrýnir það að tækifærið skuli ekki notað til að bæta úr því mikla óréttlæti og mismunun sem fellst í framkvæmd laganna þegar kemur að rétti foreldra

í fæðingarorlofi til greiðslu orlofslauna vegna greiðslna úr Fæðingarorlofs-sjóði. Um þetta efni vísast til umsagnar sem Alþýðusambandið gerði vegna frumvarps til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 22. mál, orlofslaun frá árinu 2004. Þar sagði m.a.:

*„Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 22. mál, orlofslaun. Markmiðið með frumvarpinu, verði það að lögum, er að tryggja að foreldrar í fæðingarorlofi fái greidd orlofslaun vegna greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði.*

*Hér er að mati ASÍ um mikilvægt réttlætismál að ræða. Sú framkvæmd Fæðingarorlofssjóðs, að greiða ekki orlof ofan á fæðingarorlof, hefur ítrekað verið til umfjöllunar á vettvangi Alþýðusambandsins síðustu misseri.*

*Málið var til umfjöllunar á Alþingi í byrjun árs 2003, þar sem þáverandi félagsmálaráðherra lýsti þeirri skoðun sinni að greiða ætti orlofslaun af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Framkvæmdinni var skotið til Úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála. Niðurstaða Úrskurðarnefndarinnar vorið 2003 var að staðfesta framkvæmd Fæðingarorlofssjóðs.*

*Miðstjórn ASÍ fjallaði um niðurstöðu Úrskurðarnefndarinnar. Niðurstaða miðstjórnar var að höfða viðurkenningarmál gegn Tryggingastofnun til breytingar á framkvæmdinni. Málið var höfðað 21. janúar 2004 og dómur kveðin upp í Héraðsdómi Reykjavíkur 23. september.*

*Krafa ASÍ var:*

*Að viðurkennt verði með dómi að Tryggingastofnun ríkisins vegna Fæðingarorlofssjóðs beri að greiða foreldum sem aðild eiga að aðildarfélögum Alþýðusambands Íslands og ávinna sér ekki rétt til orlofslauna í launalausum fæðingarorlofi úr hendi launagreiðanda, orlofslaun samkvæmt 7. gr. laga um orlof nr. 30/1987 af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði vegna þess tíma sem þeir eru í fæðingarorlofi og njóta greiðslna úr sjóðnum skv. 2. mgr. 13. gr. laga um fæðingar og foreldraorlof nr. 95/2000.*

*Dómurinn féllst ekki á kröfu ASÍ og sýknaði Tryggingastofnun.*

*Þótt Héraðsdómur sýknaði Tryggingastofnun af kröfu Alþýðusambandsins tók hann undir mikilvæga þætti í málflutningi ASÍ fyrir dóminum. Þannig fellst dómurinn á að misræmi sé á milli ákvæða orlofslaga og tilskipunar ESB um að launafólk eigi rétt á orlofslaunum í orlofi og þess að lögin um fæðingar- og foreldraorlof tryggi ekki að þeir njóti orlofslauna í orlofi vegna fæðingarorlofs. Síðan segir dómurinn: „Misræmi, sem stefnandi vísar til, breytir ekki efni þessara reglna, enda ber að hafna því sjónarmiði stefnanda að dómurinn geti túlkað reglurnar sem hér gilda á þann hátt að slíkt misræmi verði með því leiðrétt.*

*Þá ber að geta þess að í tengslum við breytingar sem gerðar voru á lög-*

unum um fæðingar- og foreldraorlofið 2004 lagði Alþýðusambandið „ríka áherslu á að tækifærið sem nú gefst, við endurskoðun laga um fæðingar- og foreldraorlof, verði notað til að taka af öll tvímæli um að foreldrar sem eiga aðild að Alþýðusambandi Íslands fái greidd orlofslaun samkvæmt 7. gr. laga um orlof nr. 30/1987 vegna þess tíma sem þeir eru í fæðingarorlofi og njóta greiðslu úr sjóðnum skv. 2. mgr. 13. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof. Eins og segir í umsögn ASÍ um frumvarpið 19. maí 2004. Við þessum ábendingum ASÍ var ekki orðið.

Það er ljóst að launafólk á almennum vinnumarkaði getur ekki sætt sig við þá niðurstöðu sem nú blasir við og felur í sér að:

Fæðingarorlof fólks á almennum vinnumarkaði er í reynd styttra en annarra.

Með því er með alvarlegum hætti brotið gegn þeim markmiðum fæðingarorlofslaganna, að jafna réttindi launafólks á íslenskum vinnumarkaði.

Fyrir liggur að með niðurstöðu Héraðsdóms í máli ASÍ gegn Tryggingastofnun er málið komið á hinn pólitíska vettvang og að það er hlutverk Alþingis að sjá til þess að lögin verði með þeim hætti að markmiðum þeirra verði náð.

Í ljósi framanritaðs styður Alþýðusamband Íslands efni frumvarpsins um að foreldrum í fæðingarorlofi fái greidd orlofslaun vegna greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Jafnframt leggur ASÍ áherslu á að frumvarpið verði nú þegar að lögum.”

Alþýðusamband Íslands áréttar þá afstöðu sem fram kemur í ívitnaðri umsögn og leggur til að nauðsynleg breyting verði gerð á því frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi, þannig að hún nái fram að ganga.

## **Frumvarp til laga um breytingar á almannatryggingum, 410. mál.**

Í frumvarpinu er tekið fram að það byggi á tillögum verkefnisstjórnar félags- og tryggingamálaráðherra um fyrstu tillögur er byggðu á stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir um bætt kjör aldraðra og öryrkja. Tekið skal fram að ASÍ á ekki fulltrúa í þessari verkefnisstjórn, en á fulltrúa í svokallaðri ráðgjafanefnd þessarar verkefnisstjórnar. Tillögur verkefnisstjórnarinnar voru kynntar í ráðgjafanefndinni, en þar sem þær byggðu á stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var lítið færi gefið á því að gera breytingar.

Tekið skal fram, að í sjálfu sér gerir ASÍ ekki ágreining um þau einstaka atriði sem hér er verið að gera breytingar á og vafalaust er hvert og eitt þeirra mikið réttlætismál þegar það er skoðað eitt og sér og einangrað frá öðrum

þáttum almannatryggingakerfisins.

Alþýðusambandið gagnrýnir hins vegar hvernig staðið hefur verið að þessu máli. ASÍ hefur miklar væntingar til þeirra markmiða ríkisstjórnarinnar að setja í gang langþráða vinnu við endurskoðun almannatryggingakerfisins og samspil þess við lífeyrissjóðina. Það voru því mikil vonbrigði að ríkisstjórnin skyldi, samhliða því að setja í gang vinnu við endurskoðun almannatryggingakerfisins, sem hún áréttaði í yfirlýsingu sinni við gerð kjarasamninga þann 17. febrúar sl. að ætti að verða róttæk, velja að setja einnig fram ítarlegar tillögur í stefnuyfirlýsingunni sem voru ófrávikjanlegar. Þessar tillögur liggja nú fyrir í formi bandorms með nýjum leppum á annars stagbætt almannatryggingakerfi og það þvert á þá vinnu sem í gangi er og án þess að velta fyrir sér afleiðingunum fyrir þá endurskoðun.

Vakin er athygli á því að þetta frumvarp mun skapa alveg nýja og áður óséða mismunun milli mismunandi tryggingaforma lífeyrissjóðanna. Þannig munu greiðslur lífeyrissjóða vegna ellilífeyris á grundvelli skylduáðildar frá 1. krónu skerða tekjutryggingu almannatrygginga, en ef viðkomandi sjóðsfélagi fær örorkubætur mun hann njóta kr. 300.000 frítekjumarks. Ef viðkomandi sjóðsfélagi fær ellilífeyri á grundvelli frjáls viðbótarsparnaðar mun tekjutrygging hans hins vegar ekki skerðast. Til að það verði hægt þurfa skattfyrivöld að breyta skattframtalinu. Nú verður að greina á milli þess lífeyris sem viðkomandi sjóðsfélagi fær á grundvelli skyldusparnaðar og þess lífeyris sem hann fær á grundvelli frjáls sparnaðar. Ef hann hefur sinnt skyldu sinni að spara fyrir grunnréttindum verður hann skertur en ef hann hefur komist hjá því og greitt iðgjöld til séreignasjóða (eins og lengi tíðkaðist meðal hátekjumanna í stjórnunarstöðu) mun hann fá óskerta tekjutryggingu. Enginn vafi er á því að þetta mun magna upp óánægju meðal þeirra sem fá sinn lífeyri á grundvelli þess að hafa sinnt skyldu sinni að spara fyrir grunnréttindum.

Eins og áður sagði leggst ASÍ ekki gegn þessu frumvarpi, en ítrekar að frumvarpið býr til algerlega óviðunandi stöðu gagnvart harkalegri og ósanngjarnri tekjutengingu ellilífeyrisgreiðslna frá lífeyrissjóðunum. Er þetta gert þrátt fyrir ítrekuð mótmæli verkalýðshreyfingarinnar og í raun má furðu sæta að skyldusparnaður landsmanna í lífeyrissjóðina sé skattlagður með þessum hætti. Á þessu verður að verða breyting.

## **Frumvarp til laga um breytingu á lögum á auðlinda- og orkusviði, opinbert eignarhald auðlinda, fyrirtækjaaðskilnaður,**

### **432. mál.**

Markmið frumvarpsins er í meginatriðum þrjúþætt: að setja reglur um eignarhald auðlinda í opinberri eigu; að skýra mörk samkeppnis- og sérleyf-



isvinnslu í starfsemi orkufyrirtækja og að tryggja að starfsemi dreifiveitna og hitaveitna sem byggir á sérleyfum verði í meirihlutaeigu opinberra aðila.

Alþýðusambandið lítur svo á að vatns- og gufuorka sé auðlind sem allir landsmenn eigi rétt á að njóta sameiginlega og með sem jöfnustum hætti. Lög sem snerta nýtingu þessara auðlinda verða því að taka mið að þessu grundvallarsjónarmiði.

Alþýðusambandið tekur undir þann hluta frumvarpsins sem snýr að eignarhaldi auðlinda í opinberri eigu. Tekur Alþýðusambandið undir að bannað verði að framselja með varanlegum hætti, beint eða óbeint, vatns- og jarðhitaréttindi sem eru í eigu opinberra aðila. Jafnframt er tekið undir þau sjónarmið sem koma fram um leiguafnot að vatns- og jarðhitaréttindum. Í því sambandi er vísað til umsagna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, 542. mál 2007.

Alþýðusambandið tekur undir það að dreifi- og flutningskerfi raforku og hitaveitna sé einn af mikilvægustu innviðum samfélagsins og telur mikilvægt að fyrirtæki eða félög sem sinna þeirri starfsemi séu í meirihlutaeign opinberra aðila. Er vísað til umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum 740. mál dagssett 15. apríl 2004.

Varðandi þann hluta frumvarpsins sem snýr að aðskilnaði sérleyfis- og samkeppnisvinnslu þá getur Alþýðusambandið ekki að öllu leyti tekið undir þann þátt.

Það er skoðun Alþýðusambands Íslands að hag neytenda sé almennt best borgið með því að tryggja raunverulega samkeppni á markaði. Aðstæður hér á landi eru aftur á móti með þeim hætti að óljóst er hvort hægt sé að tryggja samkeppni á orkumarkaði. Markaðurinn er lítill fáir framleiðendur og eitt fyrirtæki hefur markaðsráðandi stöðu og stýrir því markaðnum. Kaupendur eru aftur á móti margir, sundurleitur hópur, flestir litlir og hafa því óveruleg áhrif á markaðinn. Alþýðusambandið hefur því efasemdir um að hægt verði að tryggja samkeppni á orkumarkaði. Til þess að hún verði tryggð þarf að fara út í viðameiri aðgerðir en þær sem lýst er í frumvarpinu. Þær aðgerðir gætu reynst kostnaðarsamar og á endanum eru það heimilin og fyrirtækin í landinu sem borga þær.

Flest orkufyrirtæki landsins stunda bæði samkeppnisstarfsemi þ.e. framleiðslu á raforku og starfsemi sem er háð sérleyfum þ.e. dreifingu á raforku. Hafa þau náð að nýta ákveðin samlegðaráhrif í rekstrinum og hafa neytendur notið þess hagræðis í formi lægra orkuverðs. Þegar núverandi raforkulög tóku gildi, og skilið var á milli sölu, framleiðslu, flutnings og dreifingu, hækkaði raforkuverð til neytenda í kjölfarið. Óttast Alþýðusambandið að það sama verði upp á teningnum verði gerð krafa um fyrirtækjaaðskilnað á sérleyfis- og samkeppnisvinnslu. Við uppskiptinguna munu samlegðaráhrif fyrirtækjanna

tapast, óhagræði eykst og verð á raforku hækkar í kjölfarið. Á þetta sérstaklega við um smærri einingar.

Það er því óljóst að hagur heimila og fyrirtæka vænkist við það að samkeppni verði komið á, á orkumarkaði.

Telur Alþýðusambandið að núverandi fyrirkomulag þ.e. bókahaldslegur aðskilnaður sé nægjanlegur og heppilegra væri að veita eftirlitsaðilum með raforkumarkaði, Orkustofnun og Samkeppniseftirliti, meiri heimildir og völd til að auðvelda þeim að sinna hlutverki sínu.

## **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, 523. mál.**

Megintilgangur frumvarpsins er að innleiða reglugerð Evrópusambandsins um reiki á almennum farsímanetum innan bandalagsins og um breytingar á tilskipun um hámarksverð í heild- og smásölu fyrir símtöl í reiki í farsímanetum. Þá er ætlunin að styrkja heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar til að leggja smásöluþingvæðing á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk (en fella niður samsvarandi kvaðir gagnvart öðrum fjarskiptafyrirtækjum). Loks er gert ráð fyrir breytingum á gildandi fjarskiptalögum til þess að efla neytendavernd, m.a. er kveðið á um skyldu fjarskiptafyrirtækja til þess að miðla upplýsingum til notenda sinna um þann verðmun sem því fylgir að hringja annars vegar innan kerfis síns fjarskiptafyrirtækis og hins vegar yfir í kerfi annarra fjarskiptafyrirtækja.

Alþýðusamband Íslands fagnar því að stigið sé skref til að auka neytendavernd og styður frumvarpið.

## **Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum í tengslum við upptöku á evrópsku matvælalöggjöfinni inn í EES-samninginn, 524. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum í tengslum við upptöku á evrópsku matvælalöggjöfinni inn í EES-samninginn, 524. mál.

Frumvarpið fjallar um breytingar á ýmsum lögum í tengslum við upptöku á evrópsku matvælalöggjöfinni inn í EES-samninginn, m.a. um afnám á undanþágum sem gert hafa kleift að banna innflutning til Íslands á búfjárafurðum á grundvelli heilbrigðissjónarmiða. Það kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu að Evrópusambandið setti það sem skilyrði fyrir upptöku á matvælalöggjöfinni hér á landi að fyrrgreind undanþága varðandi búfjárafurðir yrði endurskoðuð.

Alþýðusambandið telur að miklir möguleikar séu fyrir þróun matvælaíðnaðar hér á landi, t.d. með markaðsstarfi á grundvelli ímyndar um hreinleika og hollustu. Til að losa um þessa sköpunarkrafta þarf að tryggja hnökralaus viðskipti með örugg matvæli á okkar helsta viðskiptasvæði og einnig að skapa skilyrði fyrir eðlilega samkeppni milli framleiðenda innanlands og utan. Út frá þessu sjónarhorni tekur ASÍ undir það frumvarp sem hér er til umsagnar.

Á hinn bóginn ber að hafa í huga að aukið frelsi í innflutningi og ádrar þær breytingar sem frumvarpið felur í sér geta haft veruleg áhrif á starfsumhverfi í matvælaíðnaði hér á landi svo og á atvinnuástand svæða þar sem kjötframleiðsla er mikil og öflugar kjötvinnslur og sláturhús eru starfandi. Út frá þessu sjónarhorni telur ASÍ brýnt að gefinn verði nauðsynlegur tími til að fullvinna frumvarpið í sátt við fulltrúa starfsstétta og atvinnusvæða sem líkleg eru til að verða fyrir mestum áhrifum, þar á meðal félag iðnaðarmanna í matvæla- og veitingagreinum (MATVÍS) og stéttarfélög ófaglærðra starfmannanna innan Starfgeinasambands Íslands.

## **Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 129/1997, 528. mál.**

Alþýðusambandið fagnar að hafa borist fyrrgreint frumvarp til umsagnar, en forysta sambandsins hafði haft af því fregnir að til stæði að gera breytingar á lögum um starfsemi lífeyrissjóðanna án þess að leitað hafi verið eftir eðlilegu samráði við heildarsamtök á vinnumarkaði eða samtök lífeyrissjóðanna.

Skipta má tillögum þessa frumvarps upp í tvennt, annars vegar breytingar á ýmsum ákvæðum laganna er varða daglega framkvæmd og hins vegar breytingar sem lúta að fjárfestingarheimildum.

Hvað fyrri þátt þessa frumvarps varðar, þ.e. greinar 1. til 5. lýsir ASÍ sig sammála þessum tillögum. Um er að ræða mál sem upp hafa komið hjá lífeyrissjóðunum undanfarin misseri og starfsnefnd á vegum landssamtaka lífeyrissjóða lagði til við ráðuneytið að gerðar yrðu breytingar á. Því má segja að sátt ríki um þessar breytingar, sem allar horfa til betri vegar, og því mælir ASÍ með samþykkt þessa hluta frumvarpsins.

Það sama verður ekki sagt um seinni hluta þessa frumvarps, þ.e. 6. greinina. Eftir því sem ASÍ kemst næst hefur engin umræða átt sér stað hvorki innan raða heildarsamtakanna né lífeyrissjóðanna um þennan þátt málsins og óljóst hvaðan þessi tillaga er komin. Um er að ræða heimild til lífeyrissjóðanna til þess að lána verðbréf sem svarar til allt að 25% af hreinni eign sjóðanna (sem gæti verið nærri 500 milljörðum króna m.v. núverandi eignastöðu lífeyrissjóðanna), að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þessi skilyrði eru að til þurfi að koma ríkisábyrgð, ábyrgð sveitarfélaga eða handveð í markaðsskráðum verð-

bréfum.

Alþýðusambandið gagnrýnir að svo umfangsmikil breyting sé lögð til án þess að leitað sé eftir samráði við aðila vinnumarkaðarins og landssamband lífeyrissjóða. Við efnislega skoðun á þessari tillögu koma upp ýmis álitamál sem nauðsynlegt er að skoða ítarlega, bæði faglega vegna áhættudreifingar og væntrar ávöxtunar, og félagslega m.t.t. þess til hvers fjármunir lífeyrissjóðanna eru nýttir. Afar mikilvægt er að afla frekari upplýsinga um eðli slíkra fjárfestinga fyrir bæði stéttarfélögin sem og fulltrúa þeirra í stjórnnum lífeyrissjóðanna. Að öðrum kosti er hætta á að þessi tillaga vekji upp tortryggni og efasemdir. Eins vekur furðu hversu langt er gengið í fyrstu lotu – að heimila að allt að 25% af hreinni eign sjóðanna verði lánuð. Því leggur Alþýðusambandið til – og reyndar krefst þess – að þessum hluta frumvarpsins verði frestað til næsta þings þannig að ráðrúm sé til þess að skoða það nánar.

### **Frumvarp til laga um fiskeldi, 530. mál.**

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl. til Fiskistofu, 531. mál. Með þessum tveimur frumvörpum er reynt að samræma eins og kostur er löggjöf og stjórnsýslu fiskeldis, hvort sem um er að ræða eldi vatnafiska eða nytjastofna sjávar.

Alþýðusambandið hefur trú á að sú einföldun á regluverki sem að er stefnt með frumvörpunum geti skapað hagstæð skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og eftl atvinnulíf og byggð í landinu. Um leið er rétt að ítreka mikilvægi þess að stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna.

Alþýðusamband Íslands mælir með því að frumvarpið sem hér er til umsagnar verði samþykkt.

### **Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl. til Fiskistofu, 531. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl. til Fiskistofu, 531. mál.

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um fiskeldi, 530. mál. Með þessum tveimur frumvörpum er reynt að samræma eins og kostur er löggjöf og stjórnsýslu fiskeldis, hvort sem um er að ræða eldi vatnafiska eða nytjastofna sjávar.

Alþýðusambandið hefur trú á að sú einföldun á regluverki sem að er stefnt

með frumvörpunum geti skapað hagstæð skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og eftt atvinnulíf og byggð í landinu. Um leið er rétt að ítreka mikilvægi þess að stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna.

Alþýðusamband Íslands mælir með því að frumvarpið sem hér er til umsagnar verði samþykkt.

## **Þingsályktunartillaga um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda, 535. mál.**

Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) hefur borist framangreind tillaga að þingsályktun til umsagnar. Það er skoðun ASÍ að hér sé um markvert framtak að ræða sem er til þess fallið að treysta og bæta stöðu innflytjenda í íslensku samfélagi. Mikilvægt er að áætlunin verði endurskoðuð og endurbætt í ljósi breyttra aðstæðna og þeirrar reynslu sem fæst af framkvæmd áætlunarinnar að tveimur árum liðnum, eins og fram kemur í samþykkt ríkisstjórnarinnar sem fylgir sem athugasemd með tillögunni.

Alþýðusambandið væntir mikils af samstarfi við stjórnvöld og aðra aðila sem málið varðar í málefnum innflytjenda, enda ljóst að verkalýðshreyfingin hefur á undangengnum árum aflað sér mikillar reynslu og þekkingar í mála-flokknum sem áfram verður byggt ofan á. ASÍ telur mikilvægt að stjórnvöld nýti sem best þessa þekkingu og reynslu í verkum sínum. Þá vill ASÍ árétta þá skoðun sína að mjög mikilvægt sé að samræma og skapa sem besta heildaryfirsýn yfir upplýsingagjöf til innflytjenda um íslenskt samfélag, réttindi þeirra og skyldur.

Á bls. 24 í athugasemdunum er vísað til Fræðsluskrifstofu atvinnulífsins. Þar á væntanlega að standa Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Í ljósi framanritaðs leggur Alþýðusamband Íslands til að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

## **Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, 537. mál.**

Alþýðusamband Íslands styður mjög eindregið þær breytingar sem lagðar eru til. Þó eru gerðar tvær athugasemdir.

Í fyrsta lagi telur ASÍ, að löggin ættu að geyma ákvæði sem banni töku uppgreiðslugjalds í öllum þeim tilvikum þegar lántakandi hyggst selja fasteign með áhvílandi veðskuldum en lánveitandi heimilar annars vegar ekki skuldaraskipti (þvinguð uppgreiðsla) og hins vegar ef nýr kaupandi veðsettrar fasteignar hyggst endurfjármagna íbúðarkaup sín með uppgreiðslu áhvílandi lána.

Í öðru lagi er það mat ASÍ, að óheimilt eigi einnig að vera að krefjast uppgreiðslugjalds af lánnum með föstum vöxtum. Eins og fram kemur í 4.mgr. 3.gr. frumvarpsins er tilgangur uppgreiðslugjaldsins sá að verja lánveitanda tjóni og ráðherra ætlað með reglugerð að setja nánari reglur um útreikning þess. Sambærileg ákvæði sem tryggja jafnræði aðila þegar lánveitandi hagnast af uppgreiðslu er ekki að finna í frumvarpinu. Þegar lán eru veitt með föstum vöxtum taka báðir aðilar áhættu og eðlilegt að öðrum þeirra sé ekki tryggð betri réttarstaða en hinum.

## **Frumvarp til laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, 540. mál.**

Um er að ræða ný og vönduð heildarlög. Í þeim er m.a. gert ráð fyrir sérstakri kærunefnd sem m.a. getur fjallað um ágreining seljanda og söluaðila um þóknun fyrir starfann. Í frumvarpinu er hins vegar ekki að finna leiðbeiningu þar að lúandi og engin háþösk hér á söluþóknun. Í greinargerð segir: „*Hvað varðar það að kostnaður við þessi viðskipti sé lítil hér á landi má benda á að söluþóknun er almennt um 1,5%, stundum lægri og stundum hærrí. Fasteignasali tekur svo oftast sérstaka þóknun af kaupanda ef hann vinnur einhver störf að beiðni hans. Samanlagt er þóknun fasteignasala almennt ekki yfir 2% af söluverði fasteignar. Þetta er mun lægra hlutfall en annars staðar á Norðurlöndum. Almennt er hlutfallið í Danmörku 2–3%, auk kostnaðar kaupanda við að leita til lögmanns um yfirlestur og samþykki, sem er umtalsverður, í Noregi 2–2,5%, í Svíþjóð 3–3,5%. Að mati nefndarinnar er ekki ástæða til að gera grundvallarbreytingar á skipan mála sem gengur vel eins og hér á við.*“ Skýrari leiðbeining um söluþóknun myndi felast í því, að fram kæmi að hið almenna viðmið hér á landi feli í sér hæfilega þóknun.

Í 4.mgr. 27.gr. er fjallað um sérstakt kærugjald sem ákveðið skal með reglugerð. Mikilvægt er að fjárhæð gjaldsins verði stillt í hóf. Um er að ræða mikilvægt stjórnsýsluhlutverk nefndarinnar vegna lögverndaðrar meðferðar söluaðila á því sem oft er aleiga viðskiptamanna hans. Gjaldið má því ekki virka sem hindrun og Alþingi ætti að taka til alvarlegrar athugunar að kveða á um gjaldfrjálsa kærumeðferð.

## **Frumvarp til laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, 541. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, 541. mál, löggilding á rafverktökum.

Með frumvarpinu er verið að setja ákveðin skilyrði fyrir löggildinu rafverkataka í lög. Um er að ræða sömu ákvæði og hafa verið í reglugerð um raforkuvirki en ekki reyndist vera nægileg stoð fyrir þeim í lögum. Með frumvarpinu er verið að veita reglugerðarákvæðum fullnægjandi lagastoð.

Alþýðusambandið telur að hér sé um verulega bót að ræða á lögum um öryggi raforkuvirkja nr. 146/1996 og með frumvarpinu sé tekið á ákveðinni réttaróvissu.

Alþýðusambandið styður því frumvarpið.

## **Frumvarp til breytinga á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, 545. mál.**

Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Það er skoðun ASÍ að þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu séu nauðsynlegar forsendur þess að Ísland uppfylli skyldur sínar skv. samningnum um Evrópska efnahagssvæðið á þessu sviði.

Í ljósi framanritaðs leggur Alþýðusamband Íslands til að frumvarpið verði samþykkt.

## **Frumvarp til laga um opinbera háskóla, 546. mál.**

Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Það er skoðun ASÍ að frumvarpið uppfylli ágætlega öll helstu markmið sem gera þarf til laga um opinbera háskóla. Þá er samþykkt frumvarpsins mikilvæg forsenda þess að orðið geti af sameiningu HÍ og KHÍ nú í sumar eins og unnið hefur verið að og full samstaða er um.

Í ljósi framanritaðs leggur Alþýðusamband Íslands til að frumvarpið verði samþykkt.

## **Frumvarp til laga um uppbót á eftirlaun, 547. mál.**

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2007 var því lýst yfir að ríkisstjórnin stefni að því að tryggja ellilífeyrisþegum að lágmarki 25 þúsund krónur á mánuði frá lífeyrissjóði frá 1. júlí 2008 og er þessu frumvarpi ætlað að hrinda þessu í framkvæmd.

Alþýðusamband Íslands hefur haft þetta frumvarp um uppbót á eftirlaun, mál nr. 547, til sérstakrar skoðunar og gerir alvarlegar athugasemdir við bæði efni þess og form.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að réttur til þessarar greiðslu vakni við 67 ára aldur einstaklinga sem hafa hafið töku eftirlauna úr lífeyrissjóði. Vakinn er

athygli á því að í almenna lífeyrissjóðakerfinu er eftirlaunaaldurinn miðaður við 67 ár en 65 ár í opinbera kerfinu. Í báðum þessum kerfum er heimild til þess að flýta töku lífeyris um nokkur ár og er ekki gert ráð fyrir því að þessi réttur fylgi þeim sveigjanleika. Furðulegast er þó ákvæði um að ef viðkomandi einstaklingur á engan rétt í lífeyrissjóði öðlast hann þennan rétt fyrst við 70 ára aldur, en yfirlýst markmið þessa frumvarps er að ná til þess hóps. Engin rök eru færð fyrir því hvers vegna þessir einstaklingar – að mestu leyti konur sem voru heimavinnandi eða öryrkjar sem ekki gátu verið á vinnumarkaði örorku sinnar vegna, fá ekki uppbótina fyrr en við 70 ára aldur.

Í öðru lagi er um að ræða óverðtryggða fjárhæð sem nemur 300 þúsund krónum á ári, sem greidd er í 12 greiðslum. Uppbótin skerðist þó miðað við tekjur viðkomandi einstaklings á næstliðnu tekjuári. Þannig munu allar skattskyldar tekjur, að fjármagnstekjum undanskildum, skerða uppbótina að fullu og fjármagnstekjur munu skerða hana að hálfu. Vakin er athygli Alþingis á því að *þessi útfærsla sem hér er kynnt á ekkert skylt við réttindi fólks í lífeyrissjóði*, þrátt fyrir að fram hafi komið í stefnuyfirlýsingunni að tryggja ætti öllum landsmönnum lágmarksréttindi í lífeyrissjóði.

Í þriðja lagi mun þessi uppbót á eftirlaun, þrátt fyrir þennan óskyldleika við lífeyrisgreiðslur, skerða rétt viðkomandi einstaklings til tekjutryggingar og heimilissuppbótar með sama hætti og lífeyrisgreiðslur. Þetta þýðir í reynd að einstaklingur sem býr einn fær engar 25 þúsund krónur á mánuði, heldur bara 12.588 krónur.

Í fjórða lagi mun þessi tekjutenging bótanna fela í sér 100% jaðarskatta gagnvart bæði atvinnutekjum og greiðslum úr lífeyrissjóðum. Útfærslan er svo óréttlát, að leitun er að öðru eins. Sem dæmi um þetta má benda á, að réttindi launafólks í lífeyrissjóðum eru verðtryggð m.v. breytingar á neysluvísitölu í hverjum mánuði en þessi uppbót er óverðtryggð. Þetta þýðir með öðrum orðum að hækkun lífeyris frá lífeyrissjóðum vegna verðtryggingar mun skerða þessa uppbót um sömu fjárhæð. Þar með er ríkissjóður í reynd að afnema verðtryggingu lífeyris hjá þeim allra tekjulægstu! Það sama mun gerast ef lífeyrissjóðir ákveða að hækka lífeyri vegna góðrar ávöxtunar, slík hækkun mun ekki skila sér til þeirra tekjulægstu vegna þessarar tekjutengingar.


Það er í reynd furðulegt og í rauninni algerlega ómögulegt að átta sig á því hvaða skoðun eða stefnu ríkisstjórnin hefur gagnvart jaðaráhrifum milli ríkissjóðs og almannatrygginga annars vegar og lífeyrissjóðakerfisins hins vegar. Fyrir nokkrum vikum var afgreiddur á Alþingi svokallaður bandormur um breytingar á réttindum elli- og örorkulífeyrisþega, þar sem talsverðum fjárhæðum var varið til þess að draga úr jaðaráhrifum í almannatryggingakerfinu með lækkun á hlutfalli tekjutengingar og verulegri hækkun á frítekjumörkum gagnvart atvinnutekjum en ekki greiðslum úr lífeyrissjóðum. Þrátt fyrir að



sú aðgerð hafi í sjálfu sér verið jákvæð vakti athygli að ekki var tekið upp frítekjumark gagnvart greiðslum eftirlauna úr lífeyrissjóðum. Með þessu frumvarpi er í raun gengið enn lengra, því hér kynnis ríkisstjórnin til 100% jaðarskatt – en lengra verður ekki gengið í þessu efni! Hér er í rauninni verið að ganga lengra en áður hefur sést í að ónýta réttindaávinnslu almennings í lífeyriskerfinu sem grefur undan kerfinu. Þegar almenningur, sem átti von á því að fá 25 þúsund króna hækkun á lífeyri sínum, fer að sækja þennan nýja rétt sinn kemur í ljóst að vegna þess að það hafði sparað hluta launa sinna til efri árána og nurlað saman 20 þúsund króna greiðslu á mánuði, fær það ekki nema 5 þúsund krónur.

Minnt er á að þegar ASÍ lagði til að tekinn yrði upp sérstakur 20 þúsund króna persónuafsláttur sem myndi fjara út við 300 þúsund króna tekjur á mánuði var því alfarið hafnað á þeirri forsendu að það þýddi 50% jaðarskatt.

Ekki verður annað séð, en að ástæða þessara miklu og flóknu tekjutenginga sé til þess að tryggja það að sem allra fæstir landsmenn njóti þessara réttinda. Samkvæmt áætlun fjármálaráðuneytisins kostar þessi aðgerð ríkissjóð 600 milljónir króna á ári. Þetta er athyglisvert. Rétt er að minna þingmenn á, að í deilu ASÍ, Landssambands eldri borgara og Öryrkjabandalagsins við ríkisstjórnina um hækkun grunnfjárhæða almannatrygginga í kjölfar kjarasamninga hefur gjarnan verið vitnað til þessarar uppþótar. Röng útfærsla ríkisstjórnarinnar á hækkun bóta almannatrygginga „sparaði“ ríkissjóði 3.600 milljónir króna á meðan kostnaður af þessari aðgerð er 600 milljónir króna. Á meðfylgjandi mynd má sjá samanburð á raunáhrifum þessarar uppþótar sam-



anborið við réttláta framkvæmd kjarasamninganna frá því 17. febrúar.

Eins og sjá má fær einstaklingur sem á engan rétt í lífeyrissjóði samtals 1.927 krónur á mánuði í hærri ráðstöfunartekjur með uppbótinni. Ef réttur viðkomandi í lífeyrissjóði nær 6.000 krónum á mánuði er þessi „ábatí“ horfinn og þeir einstaklingar sem eiga 25.000 krónur í lífeyrissjóði hefðu fengið ríflega 6.000 krónum meira með réttlátri útfærslu kjarasamninga. Þessi sam-  
anburður skýrir e.t.v. betur en nokkuð annað útfærslu ríkisstjórnarinnar, henni er ætlað að tryggja eins og áður sagði að sem allra fæstir njóti greiðslunnar.

Alþýðusamband Íslands lýsir sig algerlega andsnúið þessu frumvarpi og varar sterklega við neikvæðum áhrifum þess á lífeyriskerfi landsmanna og lítur á það sem forgangsverkefni við endurskoðun laga um almannatryggingar og tengslum þeirra við lífeyrissjóðakerfið að breyta þessu til betri vegar.

## **Frumvarp til laga breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, 553. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, 553. mál.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum sem heimila iðnaðarráðherra að fela Orkustofnun að veita leyfi til rannsókna og nýtingar auðlinda í jörðu og á hafsbotni. Yfirstjórn samkvæmt frumvarpinu mun áfram vera í höndum iðnaðarráðherra og stjórnvaldsákvæðanir Orkustofnunar sæta kæru til hans.

ASÍ leggst ekki gegn frumvarpinu en telur að þrátt fyrir þær breytingar sem það felur í sér eigi ekki að gefa út frekari nýtingarleyfi fyrir en búið er að samþykkja á Alþingi rammaáætlun um nýtingu og verndun íslenskrar náttúru.

Þá kann að vera að sá kærufrestur sem frumvarpið kveður á um sé fullstuttur. Ætla má að það geti tekið meira en 30 daga fyrir hlutaðeigandi aðila að kynna sér ákvæðanir Orkustofnunar og undirbúa kæru til iðnaðarráðherra.



# Fulltrúar Alþýðusambands Íslands í nefndum, ráðum og á fundum

1. október 2008

## Félagsmálaráðuneytið

### *97. þing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar 2008*

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands tilnefndi á fundi sínum 12. mars 2008 Magnús M. Norðdahl sem fulltrúa á 97. þingi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) 2008.

Þá ákvað miðstjórn að tilnefna Georg Pál Skúlason sem varamann.  
*Skipunartími: Fram að ILO þingi 2009.*

### *Atvinnuleysistryggingasjóður*

Á miðstjórnarfundum Alþýðusambandsins 7. júní 2006 var Vinnumarkaðsnefnd ASÍ falið að tilnefna fulltrúa ASÍ í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Vinnumarkaðsnefnd ASÍ tilnefndi eftirtalda í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og Guðmund Þ Jónsson. Varamenn eru

Ísleifur Tómasson og Hilmar Harðarson.  
Skipunartími: September 2010.

### ***Ábyrgðarsjóður launa***

Á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 27. ágúst 2007 var samþykkt að tilnefna Magnús M. Norðdahl sem fulltrúa ASÍ í stjórn Ábyrgðarsjóðs launa og Björn Snæbjörnsson til vara.

*Skipunartími: Október 2011.*

### ***Eftirlitsnefnd um framkvæmd laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES-svæðisins***

Á fundi sínum 21. febrúar 2007 samþykkti miðstjórn Alþýðusambands Íslands að tilnefna Magnús M. Norðdahl sem aðalmann í eftirlitsnefnd félagsmálaráðuneytisins vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðisins. Varamaður er Fjóla Jónsdóttir.

*Skipunartími: 1. mars 2011.*

### ***Félagsdómur***

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, efnahag þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samnæmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 27. mars 2008

Geart Thorntou endurskoðun ehf.



Theodor S. Sigurbergsson  
lögfrókur endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi félagsins er félagsstarfsemi atvinnuveganna og vinnuvestenda.

Ársreikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi var afkoma félagsins jafnvæð sem nemur 1,1 millj.kr. á árinu. Tugid fé félagsins í lok árs var jafnvætt um 6,1 millj.kr. en var um 5 millj.kr. í byrjun árs. Stjórn félagsins leggur til að afkomu ársins verði ráðstafað til næsta árs. Að öðru leyti vísast til ársreiknings varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á liðnu ári.

Stöðugildi hjá félaginu voru 10 og launagreiðslur félagsins námu um 49,9 millj.kr. á árinu. Stöðugildi hjá félaginu á síðasta ári voru 9 og launagreiðslur félagsins námu um 44,5 millj.kr. á síðasta ári.

Flutningar í upphafi og lok árs voru 2 að tóla.


Flutafé félagsins skiptast þannig:

|  |                |       |
|--|----------------|-------|
| Samtök atvinnulífsins, kt. 680699-2919 ..... | 250.000        | 50,0% |
| Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209 ..... | 250.000        | 50,0% |
|  | <u>500.000</u> |       |

Stjórn Framvæðisstjóðvar atvinnulífsins ehf. og Framvæðisstjórn staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2007 með undirritun síni.

Reykjavík, 27. mars 2008

Stjórn:

  
Stjórn Framvæðisstjóðvar  
Elín Hjón Þorvaldsson  
Elín Hjón Þorvaldsson  
Framvæðisstjórn:  
Þurplög E. Guðmundsdóttur

## Rekstrarreikningur ársins 2007

|   | Skýr.  | 2007               | 2006               |
|---|--------|--------------------|--------------------|
| <b>Rekstrartekjur</b>                               |        |                    |                    |
| Framlag frá eikinsjöði .....                        | 12     | 287.516.905        | 150.460.946        |
| Aðrar tekjur .....                                  | 13     | 61.752.487         | 41.676.620         |
|   |        | <u>349.269.392</u> | <u>192.137.566</u> |
| <b>Rekstrargjöld</b>                                |        |                    |                    |
| Latur og tengd gjöld .....                          | 11, 14 | 63.330.820         | 58.793.995         |
| Annar rekstrarkostnaður .....                       | 15     | 289.806.786        | 138.661.823        |
| Afskrifir .....                                     | 5, 8   | 1.435.767          | 1.133.421          |
|   |        | <u>354.573.373</u> | <u>198.589.239</u> |
| Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld ..... |        | ( 5.303.981)       | ( 6.451.673)       |
| <b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>             |        |                    |                    |
| Vaxiatekjur, verðbætur og arður .....               |        | 7.482.478          | 7.153.614          |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur .....          | 2      | ( 1.097.039)       | ( 177.069)         |
|   |        | <u>6.385.439</u>   | <u>6.976.545</u>   |
| <b>Afkoma ársins .....</b>                          |        | <u>1.081.458</u>   | <u>524.872</u>     |

## Efnahagsreikningur

### Eignir

|                                       | Skýr. | 2007              | 2006              |
|---------------------------------------|-------|-------------------|-------------------|
| <b>Fasta fjármunir</b>                |       |                   |                   |
| Varanlegir rekstrerfjármunir          | 5, 8  |                   |                   |
| Áhöld og taki .....                   |       | 2.915.036         | 2.301.188         |
| <b>Fasta fjármunir</b>                |       | <b>2.915.036</b>  | <b>2.301.188</b>  |
| <b>Veltu fjármunir</b>                |       |                   |                   |
| Skammtamaksréfur:                     |       |                   |                   |
| Viðskiptakréfur .....                 | 6     | 3.303.212         | 905.222           |
| Aðrar kröfur .....                    |       | 748.242           | 556.206           |
| Kröfur vegna ólokunnar verkefna ..... |       | 12.390.000        | 10.915.000        |
| Handbætt fé:                          | 7     |                   |                   |
| Sjóður og bankainnstæður .....        |       | 37.468.320        | 48.891.508        |
| <b>Veltu fjármunir</b>                |       | <b>53.909.774</b> | <b>61.267.936</b> |
| <b>Eignir samtals</b>                 |       | <b>56.824.810</b> | <b>63.569.124</b> |

31. desember 2007

**Skuldir og eigið fé**

|  | Skýr. | 2007              | 2006              |
|--|-------|-------------------|-------------------|
| <b>Eigið fé</b>                                  | 9     |                   |                   |
| Hlutfé .....                                     |       | 500.000           | 500.000           |
| Óráðstafað eigið fé .....                        |       | 5.567.604         | 4.486.146         |
| <b>Eigið fé samtals</b>                          |       | <u>6.067.604</u>  | <u>4.986.146</u>  |
| <b>Skammtlaskuldir</b>                           |       |                   |                   |
| Fyrirfangreiðslur vegna ólókinnna verkefna ..... | 16    | 39.287.004        | 49.147.254        |
| Ýmsar skammtlaskuldir .....                      |       | 11.470.202        | 9.435.724         |
| <b>Skuldir samtals</b>                           |       | <u>50.757.206</u> | <u>58.582.978</u> |
| <b>Skuldir og eigið fé samtals</b>               |       | <u>56.824.810</u> | <u>63.569.124</u> |

## Sjóðstreymi ársins 2007

|   | Skýr. | 2007                | 2006               |
|---|-------|---------------------|--------------------|
| <b>Handbært fé frá (til) rekstrar</b>             |       |                     |                    |
| Frá rekstri:                                      |       |                     |                    |
| Aðkoma ársins .....                               |       | 1.081.458           | 524.872            |
| Rekstrargjafir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: |       |                     |                    |
| Afskriftir .....                                  | 5, 8  | 1.435.767           | 1.133.421          |
|   |       | <u>2.517.225</u>    | <u>1.658.293</u>   |
| Breytingar á rekstrarfengdum eignum og skuldum:   |       |                     |                    |
| Skammtimarkófur, lækkuð (hækkun) .....            |       | (4.065.026)         | (10.502.155)       |
| Skammtimarkuldur, hækkun (lækkuð) .....           |       | (7.825.772)         | 15.307.589         |
|   |       | <u>(11.890.798)</u> | <u>4.805.434</u>   |
| <b>Handbært fé frá (til) rekstrar</b>             |       | <u>(9.373.573)</u>  | <u>6.463.527</u>   |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>                    |       |                     |                    |
| Fjárfest í vaxanlegum rekstrarfjármunum .....     |       | (2.049.615)         | (1.836.618)        |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>                    |       | <u>(2.049.615)</u>  | <u>(1.836.618)</u> |
| Hækkun (lækkuð) á handbæru fé .....               |       | (11.423.188)        | 4.626.909          |
| Handbært fé í ársbyggun .....                     |       | 48.891.508          | 44.264.599         |
| Handbært fé í árslok .....                        |       | <u>37.468.320</u>   | <u>48.891.508</u>  |

# Skýringar

## Reikningssskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningskflanna

Aðalstarfsemi Fræðslumiðstöðvar arvinulífsins ehf. er félagsstarfsemi atvinnuvegganna og vinnuveitenda og er félagið með aðalstarfsstöð í Reykjavíkurborg.

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðisreikningsskiðum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

### Erlendir gjaldmiðlar

2. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok árs 2007. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum á árinu eru umreiknuð í íslenskar krónur á viðskiptadegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### Innláusn tekna

3. Tekjur eru færðar í ársreikninginn þegar kröfuréttur myndast.

### Lotun gjalda

4. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því áttabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftur eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingarskifna rekstrarfjármuna þar til að niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greiust þannig:

Áhöld og tæki ..... 3 ár

### Viðskiptakröfur

6. Viðskiptakröfur eru færðar á nafverði.

### Handbært fé

7. Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðsreymis.



## Varanlegir rekstrarfjármunir

8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskrifir greinast þannig:

|                              | Áhöld og tæki      |
|------------------------------|--------------------|
| Heildarverð 1.1. 2007.....   | 6 048.436          |
| Afskrifað aður.....          | <u>(3.747.248)</u> |
|                              | 2.301.188          |
| Viðbót á árinu.....          | 2.049.615          |
| Afskrifað á árinu.....       | <u>(1.435.767)</u> |
| Heildareign 31.12. 2007..... | <u>2.915.036</u>   |
| Afskrifaðhlutföll.....       | 33%                |

## Eigið fé

9. Hlutfé félagsins nam 500 þús.kr. í lok ársins. Þitt aðverði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

|                                    | Hlutfé         | Óráðstafað<br>eigið fé | Samtals          |
|------------------------------------|----------------|------------------------|------------------|
| Flutt frá fyrra ári .....          | 500.000        | 4.486.146              | 4.986.146        |
| Aðkomur ársins .....               |                | <u>1.081.458</u>       | <u>1.081.458</u> |
| Eigið fé samtals 31.12. 2007 ..... | <u>500.000</u> | <u>5.567.604</u>       | <u>6.067.604</u> |

## Skattamál

10. Félagið er framtalsskylt, en ekki tekjuskattskytt og kemur því ekki til álagningar tekjuskatts á næsta ári.

## Önnur mál

### Laun og launatengd gjöld

| 11. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:             | 2007              | 2006              |
|---|-------------------|-------------------|
| Laun .....  | 49.921.642        | 44.484.212        |
| Launatengd gjöld .....                                    | <u>8.833.905</u>  | <u>7.607.782</u>  |
| Laun og launatengd gjöld samtals .....                    | <u>58.755.547</u> | <u>52.091.994</u> |
| Meðalfjöldi starfsmanna umteiknaður í heilsárstíðni ..... | 10                | 9                 |
| Launagreiðslur til stjórnenda félagsins:                  |                   | Laun og hlunandi  |
| Frankverndastjórn .....                                   |                   | 6.362.280         |

## Sundurflóanir ársins 2007

|                                     | 2007               | 2006               |
|-------------------------------------|--------------------|--------------------|
| <b>12. Framlag frá ríkissjóði</b>   |                    |                    |
| Framlag frá ríkissjóði .....        | 283.700.000        | 166.100.000        |
| Ólokin veik - breyting .....        | 3.816.905          | ( 15.839.054)      |
| <b>Framlag frá ríkissjóði</b>       | <b>287.516.905</b> | <b>150.260.946</b> |
| <b>13. Aðrar tekjur</b>             |                    |                    |
| Verkefnatekjur .....                | 37.798.763         | 29.723.993         |
| Húsaleigutekjur .....               | 20.459.147         | 10.778.167         |
| Annad .....                         | 3.494.577          | 1.174.460          |
| <b>Aðrar tekjur</b>                 | <b>61.752.487</b>  | <b>41.676.620</b>  |
| <b>14. Laun og tengd gjöld</b>      |                    |                    |
| Laun .....                          | 49.921.642         | 44.484.212         |
| Ólof starfsmanna .....              | ( 789.576)         | 1.761.761          |
| Tryggingagjöld .....                | 3.124.305          | 3.012.056          |
| Lífeyrissjóðgjöld .....             | 4.946.689          | 3.969.419          |
| Bírféðastyrkir .....                | 3.639.291          | 3.568.130          |
| Sjúkra- og orlofstryggingar .....   | 762.911            | 626.307            |
| Verktakar .....                     | 1.213.543          | 1.228.511          |
| Annar starfsmannakostnaður .....    | 512.015            | 143.599            |
| <b>Laun og tengd gjöld</b>          | <b>63.330.820</b>  | <b>58.793.995</b>  |
| <b>15. Annar rekstrarkostnaður</b>  |                    |                    |
| Húsaleiga .....                     | 31.979.334         | 23.549.190         |
| Rafmagn og hiti .....               | 2.431.254          | 1.544.634          |
| Viðhald húsnæðis .....              | 3.060.283          | 1.187.862          |
| Ræsting, tryggingisgæsla o.fl. .... | 930.933            | 643.281            |
| Ríföng og prentun .....             | 615.666            | 517.841            |
| Síni og burðargjöld .....           | 1.123.806          | 1.105.043          |
| Gjaldferð áhöld og viðhald .....    | 308.197            | 256.903            |
| Kynnungarefni .....                 | 3.819.834          | 4.695.526          |
| Menntun og hagtæðing .....          | 91.625             | 225.097            |
| Tæknibakar og tímarit .....         | 453.745            | 115.711            |
| Ferðakostnaður .....                | 2.890.421          | 2.179.846          |
| Aðkeyptar akstur .....              | 33.660             | 274.384            |
| Kaffistofa og motuneyti .....       | 727.847            | 769.079            |

|                                | 2007               | 2006               |
|--------------------------------|--------------------|--------------------|
| Félagsgjöld                    | 52.300             | 30.200             |
| Funda- og ráðstefnukostnaður   | 686.260            | 793.069            |
| Rekstur tilvubúnaðar           | 3.986.855          | 3.386.504          |
| Reikningsleg aðstoð            | 651.385            | 512.672            |
| Aðkeypt sérfræðipjónusta Mánir | 1.398.840          | 720.000            |
| Aðkeypt sérfræðipjónusta önnur | 4.951.013          | 1.987.749          |
| Rekstrarleiga tekja            | 0                  | 1.261.531          |
| Íslenska fyrir útlendinga      | 1.591.662          | 156.946            |
| Námsráðgjöf                    | 52.045.000         | 20.040.000         |
| Vottað nám                     | 120.828.365        | 55.664.000         |
| Leonardo verkefni (VOW)        | 12.411.997         | 9.645.834          |
| Leonardo verkefni (Creac)      | 926.689            | 146.751            |
| Leonardo verkefni (ReCall)     | 206.309            | 0                  |
| Nótrænt net                    | 10.111.539         | 6.865.473          |
| Raunfræðismat                  | 30.000.000         | 0                  |
| Annar kostnaður                | 1.492.657          | 386.697            |
| <b>Annar rekstrarkostnaður</b> | <b>289.806.786</b> | <b>138.661.823</b> |

#### 16. Fyrirframtíðsúr vegna ólökinna verkefna

|  |                   |                   |
|--|-------------------|-------------------|
| Leonardo VOW                                   | 530.000           | 1.816.089         |
| Leonardo CREAC                                 | 0                 | 1.202.248         |
| NVL - verkefni                                 | 0                 | 3.533.012         |
| Verkefnasjóður I                               | 8.000.000         | 23.277.905        |
| Verkefnasjóður II                              | 22.742.000        | 8.381.000         |
| Vottadar námsleiður                            | 3.700.000         | 3.255.000         |
| Námsráðgjöf á vinnustað                        | 4.315.000         | 7.660.000         |
| <b>Fyrirframtíðsúr vegna ólökinna verkefna</b> | <b>39.287.000</b> | <b>49.347.254</b> |



## Viðauki

### Niðurstöður viðræðna samninganefnda ASÍ og SA um sameiginleg mál

#### *Samkeppnisákvæði*

Aðilar eru sammála um að inn í samningstexta kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ og SA komi nýr undirkaflí þar sem fjallað er um „Ráðningarsamninga og ráðningarbréf“.

„Ákvæði í ráðningarsamningum sem banna starfsmönnum að ráða sig til starfa hjá samkeppnisaðilum vinnuveitenda eru óskuldbindandi séu þau víðtækari en nauðsynlegt er til að varna samkeppni eða skerða með ósanngjörnum hætti atvinnufrelsi starfsmannsins. Hvort svo er verður að meta í hverju einstöku tilviki að teknu tilliti til allra atvika. Samkeppnisákvæði mega því ekki vera of almennt orðuð.

Við mat á því hversu samkeppnisákvæði í ráðningarsamningi má vera víðtækt, einkum hvað varðar gildissvið og tímamörk, þarf að horfa til eftirfarandi þátta:

- a. Hvers konar starfi viðkomandi starfsmaður gegnir, t.d. hvort hann er lykilstarfsmaður, er í beinu sambandi við viðskiptamenn eða ber ríka trúnaðarskyldu. Einnig hvaða vitneskju eða upplýsingar starfsmaðurinn kann að hafa um starfsemi fyrirtækisins eða viðskiptamenn þess.
- b. Hversu hratt þekking starfsmannsins úreldist og hvort gætt sé eðlilegs jafnræðis milli starfsmanna.
- c. Hvers konar starfsemi er um að ræða og hverjir eru samkeppnisaðilar á þeim markaði sem fyrirtækið starfar og þekking starfsmanns nær til.
- d. Að atvinnufrelsi starfsmanns sé ekki skert með ósanngjörnum hætti.
- e. Að samkeppnisákvæðið sé afmarkað og hnitmiðað í því skyni að vernda ákveðna samkeppnishagsmuni.
- f. Þá hefur einnig áhrif hvaða umbun starfsmaður fær, t.d. hver laun hans eru.

Samkeppnisákvæði ráðningarsamninga gilda ekki sé starfsmanni sagt upp störfum án þess að hann hafi sjálfur gefið nægilega ástæðu til þess.

### ***Bókun um eigendaskipti***

Aðilar eru sammála um að bókun þessi verði felld niður.

### ***Uppsögn ráðningarsamninga***

Kafla kjarasamninga um „Framkvæmd uppsagna“ breytist og hljóði svo:

#### *Almennt um uppsögn*

Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur. Allar uppsagnir skulu vera skriflegar og gerðar á sama tungumáli og ráðningarsamningur starfsmanns.

#### *Viðtal um ástæður uppsagnar*

Starfsmaður á rétt á viðtali um starfslok sín og ástæður uppsagnar. Beiðni um viðtal skal koma fram innan fjögurra sólarhringa frá því uppsögn er móttekin og skal viðtal fara fram innan fjögurra sólarhringa þar frá.

Starfsmaður getur óskað þess þegar að loknu viðtali eða innan fjögurra sólarhringa að ástæður uppsagnar séu skýrðar skriflega. Fallist atvinnurekandi á þá ósk hans, skal við því orðið innan fjögurra sólarhringa þar frá.

Fallist atvinnurekandi ekki á ósk starfsmanns um skriflegar skýringar, á starfsmaður innan fjögurra sólarhringa rétt á öðrum fundi með vinnuveitanda um ástæður uppsagnar að viðstöddum trúnaðarmanni sínum eða öðrum fulltrúa stéttarfélags síns ef starfsmaður óskar þess.

#### Takmörkun uppsagnarheimildar skv. lögum

Við uppsagnir skal gæta ákvæða laga sem takmarka frjálsan uppsagnarrétt vinnuveitanda, m.a. ákvæða um trúnaðarmenn og öryggistrúnaðarmenn, barnshafandi konur og foreldra í fæðingarorlofi, starfsmenn sem tilkynnt hafa um fæðingar- og foreldraorlof og starfsmenn sem bera fjölskylduábyrgð.

Einnig verður að gæta ákvæða 4. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna, laga um starfsmenn í hlutastarfi, laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum og samráðsskyldu laga um hópuppsagnir.

Þegar starfsmaður nýtur uppsagnarverndar skv. lögum, ber vinnuveitanda að rökstyðja skriflega hvaða ástæður liggja að baki uppsögn.

#### Viðurlög

Brot gegn ákvæðum þessa kafla geta varðað bótum skv. almennum reglum skaðabótaréttarins.

#### ***Bókun með samkomulagi um uppsögn ráðningarsamninga***

Með samkomulagi ASÍ og SA dags. 17. febrúar 2008 hefur náðst sátt milli aðila um fyrirkomulag uppsagna á vinnumarkaði. Starfsmaður á samkvæmt því rétt á viðtali við vinnuveitanda sinn um ástæður uppsagnar, óski hann þess. Áréttað er að frjáls uppsagnarréttur vinnuveitanda er háður vissum takmörkunum, lögum samkvæmt. Aðilar eru einnig sammála um að stuðla að góðri framkvæmd uppsagna á vinnumarkaði og munu í því skyni vinna sam-eiginlega að gerð fræðsluefnis sem lokið skal við fyrir árslok 2008.

#### ***Tilgreining yfirvinnu***

Aðilar eru sammála um að inn í samningstexta kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ og SA þar sem fjallað er um „Ráðningarsamninga og ráðningarbréf“ komi viðbót við tölulíð 8.

Núverandi ákvæði:

8. Mánaðar- eða vikulaun, t.d. með tilvísun til launataxta, aðrar greiðslur eða hlunnindi svo og greiðslutímabil.

Breytt ákvæði:

8. Mánaðar- eða vikulaun, t.d. með tilvísun til launataxta, **mánaðarlaun sem yfirvinna er reiknuð af**, aðrar greiðslur eða hlunnindi svo og greiðslutímabil.

### ***Desemberuppbót – orlofsuppbót***

Aðilar eru sammála um að samræma samningstexta almennra kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ og SA þar sem fjallað er um desemberuppbót með þeim hætti sem hér segir.

#### ***1. Desemberuppbót***

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

kr. Xx.xxx árið 2008,

kr. Xx.xxx árið 2009,

kr. Xx.xxx árið 2010,

kr. Xx.xxx árið 2011.

Uppbótin greiðist eigi síðar en 15.12 ár hvert miðað við starfshlutfall og starfstíma, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfelldt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi fyrstu viku í desember. Heimilt er með samkomulagi við starfsmann að uppgjörstímabil sé frá 1.12 til 30.11 ár hvert í stað almanaksárs.

#### ***2. Orlofsuppbót***

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1.5 – 30.4 ) er:

kr. Xx.xxx árið 2008,

kr. Xx.xxx árið 2009,

kr. Xx.xxx árið 2010,

kr. Xx.xxx árið 2011.

Uppbótin greiðist þann 1.6 miðað við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfelldt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum m.v. 30.4 eða eru í starfi fyrstu viku í maí.

#### ***3. Sameiginleg ákvæði***

Eftir eins árs starf hjá sama vinnuveitanda teljast fjarvistir vegna lögbundins fæðingarorlofs til starfstíma við útreikning desember- og orlofsuppbótar. Sama gildir ef kona þarf af öryggisástæðum að leggja niður störf á meðgöngutíma, sbr. reglugerð um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði



á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti.

Desember- og orlofsuppbót innifela orlof, eru fastar tölur og taka ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum.

Áunna december- og orlofsuppbót skal gera upp samhliða starfslokum verði þau fyrir gjalddaga uppbótanna.

#### *4. Lokaákvæði*

Sérákvæði í almennum kjarasamningum sem m.a. varða ávinnslurétt í hráefnisskortri (SGS) og heimild til greiðslu samhliða reglubundnum launum (lðnaðarmenn= halda gildi sínu. Aðilar munu sameiginlega fara yfir og meta ákvæði allra viðeigandi kjarasamninga áður en þeir verða gefnir út eða birtir.

#### ***Laun í erlendum gjaldmiðli / Nýr kafli kjarasamninga***

Heimilt er að greiða hluta fastra mánaðarlauna í erlendum gjaldmiðli eða tengja hluta fastra mánaðarlauna við gengi erlends gjaldmiðils með samkomulagi starfsmanns og atvinnurekanda. Miða skal við sölugengi gjaldmiðilsins á þeim degi (samningsdegi) sem samkomulag starfsmanns og atvinnurekanda er gert.

Föst mánaðarlaun skal reikna og setja fram á launaseðli á eftirfarandi hátt:

1. Föst mánaðarlaun í íslenskum krónum á samningsdegi.

Til frádráttar kemur sú krónutala sem samkomulag er um að greiða í erlendum gjaldmiðli eða tengja við gengi erlends gjaldmiðils á samningsdegi.

2. Hluti fastra mánaðarlauna sem er greiddur eða tengdur erlendum gjaldmiðli (sbr. lið 2), reiknaður í íslenskum krónum á sölugengi erlenda gjaldmiðilsins þremur viðskiptadögum fyrir útborgunardag.

Samtala 1.-3. getur þó aldrei orðið lægri en sá lágmarkstaxti kjarasamnings sem gildir fyrir viðkomandi starfsgrein.

Samtala 1.-3. myndar stofn til greiðslu opinberra gjalda og iðgjalda skv. kjarasamningi, s.s. í lífeyris-, félags-, sjúkra-, endurhæfingar-, orlofsheimila- og endurmenntunarsjóði.

Starfsmanni og atvinnurekanda er heimilt að semja um að yfirvinna, vaktaálög, bónusar og aðrar greiðslur verði gerðar upp að hluta eða öllu leyti í erlendum gjaldmiðli.

Launahækkunarir skulu einungis reiknast á lið 1., þ.e. föst mánaðarlaun í íslenskum krónum.

Starfsmaður getur hvenær sem er óskað eftir uppsögn samkomulagsins. Setji starfsmaður fram slíka ósk skal atvinnurekandi verða við henni frá og

með þarnæstu mánaðamótum frá því hún er sett fram. Starfsmaður skal þá fá laun skv. lið 1. með áorðnum breytingum frá þeim degi sem upphaflegt samkomulag var gert.

Starfsmaður og atvinnurekandi skulu gera skriflegt samkomulag um greiðslu launa í erlendum gjaldmiðli eða tengingu launa við erlendan gjaldmiðil, sbr. bókun.

### ***Fylgiskjal með samningi um laun í erlendum gjaldmiðli – Samningsform***

Fyrirtækið ehf., kt. xxxxxx-xxxx annars vegar og \_\_\_\_\_  
\_\_ kt. \_\_\_\_\_ hins vegar, gera með sér svofellt samkomulag um að tengja hluta launa við gengi erlends gjaldmiðils eða greiðslu hluta launa í erlendum gjaldmiðli, á grundvelli ákvæðis kjarasamnings \_\_\_\_\_ þar um.

Tenging við erlendan gjaldmiðil eða greiðsla í erlendum gjaldmiðli:

Tenging hluta launa við erlendan gjaldmiðil

Greiðsla hluta launa í erlendum gjaldmiðli

Gjaldmiðill:

EUR

USD

GBP

Annar gjaldmiðill, hvaða \_\_\_\_\_

Hluti fastra launa eða heildarlauna greidd/tengd við erlendan gjaldmiðil:

Hluti fastra launa greidd/tengd við erlendan gjaldmiðil

Hluti heildarlauna greidd/tengd við erlendan gjaldmiðil

Hlutfall launa greitt/tengt við erlendan gjaldmiðil:

10%

20%

30%

40%

Annað hlutfall, hvaða \_\_\_\_\_

Samningur þessi er gerður í tvíriti og skal hvor aðili samningsins halda eintaki.

Dagsetning: \_\_\_\_\_

F.h. fyrirtækisins

Starfsmaður

\_\_\_\_\_

## Yfirlýsing um Endurhæfingarsjóð

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins hafa á undanförunum misserum rætt saman um nýtt fyrirkomulag endurhæfingar. Samkomulag er um að hefja þróun þeirra á árinu 2008 með því að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og slasast þannig að vinnugeta skerðist. Markmið aðila er að koma að málum eins snemma og kostur er til að stuðla að því að hver einstaklingur verði svo virkur á vinnu-markaði sem vinnugeta hans leyfir.

Sérstakur sjóður, Endurhæfingarsjóður, verður stofnaður í því skyni að skipuleggja og hafa umsjón með störfum þjónustufulltrúa sem verða aðallega á vegum *sjúkrasjóða* stéttarfélaganna og greiða kostnaðinn af störfum þeirra og kostnaðinn af ráðgjöf fagaðila. Ennfremur mun Endurhæfingarsjóður hafa fjármuni til þess að greiða fyrir kostnað við úrræði og endurhæfingu til viðbótar því sem veitt er af hinu almennu heilbrigðisþjónustu.

Miðað er við að í heild verði ráðstafað 0,39% af launum til Endurhæfingarsjóðs. Í fyrsta áfanga er samkomulag milli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um að leggja (í hverjum kjarasamningi fyrir sig) sérstakt 0,13% launatengt gjald, Endurhæfingargjald, á launagreiðendur á sama gjaldstofn og iðgjald til lífeyrissjóða frá og með 1. júní 2008. Í öðrum áfanga sem hefst í ársbyrjun 2009 er miðað við að ríkissjóður leggi Endurhæfingarsjóði til sömu upphæð og launagreiðendur samkvæmt sérstöku samkomulagi. Í þriðja áfanga sem hefst í ársbyrjun 2010 munu Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins beita sér fyrir því að lífeyrissjóðir á samningssviði þeirra greiði til Endurhæfingarsjóðs sama hlutfall og launagreiðendur. Ennfremur munu Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins leita leiða til þess að aðrir lífeyrissjóðir greiði til Endurhæfingarsjóðs eftir því sem við á þannig að full framlög fái til sjóðsins vegna þeirra einstaklinga sem Endurhæfingargjald er greitt af.

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins eru sammála um að setja Endurhæfingarsjóði 8 manna stjórn með 4 mönnum frá hvorum aðila. Hlutverk stjórnarinnar er að móta og þróa starfsemi sjóðsins, gera samninga um þjónustufulltrúa, við ráðgjafa og aðra aðila.

Greiðsluskylda launagreiðenda, *sjúkrasjóða* og lífeyrissjóða verður óbreytt en Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins eru sammála um að breyta þurfi innihaldi læknisvottorða þannig að þau kveði á um vinnugetu og leið til endurkomu á vinnu-markað þegar viðkomandi einstaklingur hefur verið samfelld fjarverandi frá vinnu í fjórar vikur eða lengur. Greiðslur úr Endurhæfingarsjóði vegna endurhæfingar og annarra úrræða vegna einstaklinga geta hafist að loknu mati á þörfum viðkomandi aðila. Starfsemi á vegum Endurhæfingarsjóðs byggir á nánu samstarfi einstaklinganna sem í hlut eiga, fyr-

irtækjanna sem þeir vinna hjá, stéttarfélaganna, þjónustufulltrúanna, fagaðila og heilbrigðisþjónustunnar.

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins eru sammála um að vinna í sameiningu að þróun endurhæfingar og tryggja að framkvæmd þeirra verði sem árangursríkust. Í því skyni þarf eftir því sem við á að setja Endurhæfingarsjóði samþykktir og starfsreglur í samvinnu við stjórn sjóðsins og gefa út leiðbeiningar til starfsmanna, fyrirtækja og stéttarfélaga um framkvæmdina.

## ***Slysatryggingar launafólks***

15. febrúar 2008

### **8.7. Slysatryggingar**

#### **8.7.1.**

Skylt er atvinnurekanda að tryggja launafólk það, sem samningur þessi tekur til, fyrir dauða, varanlegri læknisfræðilegri örorku og/eða tímabundinni örorku af völdum slyss við vinnu eða á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis. Ef starfsmaður hefur vegna starfs síns viðlegustað utan heimilis, kemur viðlegustaður í stað heimilis, en tryggingin tekur þá einnig til eðlilegra ferða milli heimilis og viðlegustaðar.

#### **8.7.2**

Vátrygging gildir í ferðum innanlands og utan sem farnar eru á vegum atvinnurekanda.

#### **8.7.3.**

Tryggingin skal ná til slysa, er verða við íþróttaiðkun, keppni og leiki, enda hafi slíkt farið fram á vegum atvinnurekanda eða starfsmannafélags og ætlast sé til þátttöku í slíkri iðkun sem hluti af starfi starfsmanna. Ekki skiptir máli að þessu leyti hvort slysið verður á hefðbundnum vinnutíma eða utan hans. Undanskilin eru slysa er verða í hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, drekaflugi, svifflugi, teygjustökki, fjallaklifri sem krefst sérstaks búnaðar, bjargsigi, froskköfun og fallhlífastökki.

#### **8.7.4**

Tryggingin greiðir ekki bætur vegna slyss, sem hlotist hefur af notkun skráningarskyldra vélknúinna ökutækja og er bótaskyld skv. lögboðinni ökutækjetryggingu, hvort heldur ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda skv. umferðarlögum.

#### **8.7.5**

Tryggingin tekur gildi gagnvart starfsmanni þegar hann hefur störf fyrir atvinnurekanda (fer á launaskrá) og fellur úr gildi þegar hann hættir störfum.

### 8.7.6 Vísitala og vísitölutenging bóta

Vátryggingafjárhæðir miðast við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem gildir frá 1. febrúar 2008 (282,6 stig) og breytast 1. dag hvers mánaðar í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnunnar.

Bótafjárhæðir reiknast á grundvelli vátryggingarfjárhæða á slysdegi en breytast með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar eins og hér segir:

Bótafjárhæðir breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnunnar frá slysdegi til uppgjörsdags.

### 8.7.7 Dánarbætur

#### 8.7.7.1

Valdi slys dauða vátryggðs innan þriggja ára frá slysdegi, greiðast rétthafa dánarbætur að frádregnum þegar útgreiddum bótum fyrir varanlega læknisfræðilega örorku vegna sama slyss.

#### 8.7.7.2

Dánarbætur verða frá 1. febrúar 2008:

1. Til eftirlifandi maka skulu bætur nema kr. 5.000.000  
Með maka er átt við einstakling í hjúskap, staðfestri samvist eða í skráðri óvígðri sambúð með hinum látna.
2. Til hvers ólöggráða barns sem hinn látni fór með forsjá með eða greiddi meðlag með samkvæmt barnalögum nr. 76/2003 skulu bætur vera jafnháar heildarfjárhæð barnalífeyris skv. almannatryggingalögum hverju sinni, sem það hefði átt rétt til vegna andlátsins til 18 ára aldurs. Um er að ræða eingreiðslubætur. Við útreikning bóta skal miðað við fjárhæð barnalífeyris á dánardegi. Bætur til hvers barns skulu þó aldrei nema lægri fjárhæð en kr. 2.000.000. Skulu bætur til barna greiddar út til þess sem fer með forsjá þeirra eftir andlát vátryggðs. Til hvers ungmennis á aldrinum 18-22 ára, sem áttu sama lögheimili og hinn látni og voru sannanlega á framfærslu hans skulu bætur vera kr. 500.000. Hafi hinn látni verið eini framfærandi barns eða ungmennis hækka bætur um 100%.
3. Hafi hinn látni sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum 67 ára eða eldri, skal hið eftirlifandi foreldri eða foreldrar sameiginlega fá bætur er nema kr. 500.000.

4. Eigi hinn látni ekki maka skv. tölulið 1. greiðast dánarbætur kr. 500.000. til dánarbús hins látna.

#### **8.7.8. Bætur vegna varanlegrar örorku**

Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli læknisfræðilegar afleiðingar slyss. Skal varanleg örorka metin til stiga samkvæmt töflu um miskastig, sem gefnar eru út af Örorkunefnd og skal matið miðast við heilsufar tjónþola eins og það er þegar það er orðið stöðugt.

Grunnfjárhæð örorkubóta er kr. 11.400.000. Bætur vegna varanlegrar örorku skulu reiknast þannig að fyrir hvert örorkustig frá 1-25 greiðast kr. 114.000, fyrir hvert örorkustig frá 26-50 greiðast kr. 228.000, fyrir hvert örorkustig frá 50-100 greiðast kr. 456.000. Bætur vegna 100% varanlegrar örorku eru því kr. 31.350.000.

Örorkubætur skulu jafnframt taka mið af aldri tjónþola á slysdegi þannig að bætur lækki um 2% fyrir hvert aldursár eftir 50 ára aldur. Eftir 70 ára aldur lækki bætur um 5% af grunnfjárhæð fyrir hvert aldursár. Aldurstenging örorkubóta skal þó aldrei leiða til meiri skerðingar en 90%.

#### **8.7.9. Bætur vegna tímabundinnar örorku**

Valdi slys tímabundinni örorku skal trygging greiða dagpeninga í hlutfalli við starfsorkumissinn fjórum vikum frá því slys átti sér stað og þar til starfsmaður verður vinnufær eftir slysið eða þar til örorkumat hefur farið fram, þó ekki lengur en í 37 vikur.

Dagpeningar vegna tímabundinnar örorku eru kr. 25.000 á viku. Ef starfsmaður er vinnufær að hluta greiðast dagpeningar hlutfallslega.

Dagpeningar úr tryggingu greiðast til atvinnurekanda meðan starfsmaður fær greidd laun samkvæmt kjarasamningi eða ráðningarsamningi, en síðan til starfsmanns.

#### **8.7.10**

Öllum atvinnurekendum ber að kaupa tryggingu hjá tryggingafélagi með starfsleyfi hér á landi sem fullnægir ofangreindum skilyrðum kjarasamningsins um slysatryggingar.

Að öðru leyti en tiltekið er í þessum kafla samningsins skulu gilda um trygginguna skilmálar viðkomandi tryggingafélags og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ofangreind ákvæði um slysatryggingar og nýjar bótafjárhæðir taka til slysa sem verða eftir 1. maí 2008.

### ***Bókun um skilmála váttryggingafélaga – Fylgiskjal með samkomulagi um slysatryggingar launafólks***

Samingsaðilar munu skoða, með þátttöku váttryggingafélaganna, hvort

skilmálar sem um váttryggingu þeirra gilda séu í fullu samræmi við samning þennan.

### *Bókun um tilkynningu til trúnaðarlæknis / þjónustufyrirtækis á sviði vinnuverndar*

Samningsaðilar líta svo á að uppbygging fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu og vinnuvernd sé mikilvæg fyrir vinnumarkaðinn. Mikilvægt er að það takist vel til við að þróa þjónustu á þessu sviði í jákvæðan farveg þannig að hún skili árangri fyrir starfsfólk og fyrirtæki.

Samningsaðilar munu skipa viðræðunefnd sem ætlað er að semja um fyrirkomulag varðandi tilkynningu veikinda til trúnaðarlæknis/þjónustufyrirtækis á sviði vinnuverndar.

#### ***Viðræðunefndin skal í starfi sínu m.a. fjalla um eftirtalin atriði:***

- Þau skilyrði sem trúnaðarlæknir/þjónustufyrirtæki þarf að uppfylla.
- Fyrirkomulag varðandi tilkynningu starfsmanna til þjónustufyrirtækis á sviði vinnuverndar vegna veikinda- og slysaforfalla vilji atvinnurekandi taka upp slíkt fyrirkomulag. Enda komi slík tilkynning þá að öðru jöfnu í stað framlagningar læknisvottorðs.
- Trúnaðarskyldu og meðferð persónugreinanlegra upplýsinga sem trúnaðarlæknir/þjónustufyrirtæki aflar með starfsemi sinni. Það á við um söfnun, meðferð, vistun og eyðingu þessara upplýsinga.
- Hvernig starfsemi trúnaðarlækna/þjónustufyrirtækja getur gagnast vinnuverndarstarfi í fyrirtækjunum.

Viðræðunefndin mun í starfi sínu eiga samstarf við Persónuvernd, Landlækni, Vinnueftirlit ríkisins og hagsmunaaðila.

Viðræðunefndin skal ljúka störfum eigi síðar en 30. nóvember.2008.

Samninganefndir ASÍ og SA skulu taka afstöðu til tillagna viðræðunefndarinnar eigi síðar en 15. desember 2008. Komist samningsaðilar að sameiginlegri niðurstöðu skal samningur þeirra teljast hluti af kjarasamning aðildarsamtaka þeirra og taka gildi 1. janúar 2009.

Meðan á framangreindri vinnu stendur gera samningsaðilar ekki athugasemdir við starfsemi þjónustufyrirtækja á sviði vinnuverndar sem fengið hafa viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins sem þjónustuaðili á sviði vinnuverndar og tilkynningarskyldu starfsmanna til þeirra.

### ***Bókun varðandi læknisvottorð***

Samningsaðilar munu beina því til heilbrigðisráðherra að hann beiti sér fyrir breytingu á reglum um læknisvottorð. Gerð verði krafa um sérstök læknisvottorð þegar um er að ræða langtímafjarvistir. Ef starfsmaður hefur verið óvinnufær vegna sjúkdóms eða slyss í fjórar vikur samfelldt skal í læknisvottorði taka afstöðu til þess hvort starfsendurhæfing sé nauðsynleg til að ná eða flýta bata.

### ***Bókun varðandi atvinnusjúkdóma***

Samningsaðilar munu sameiginlega beita sér fyrir því að sett verði reglugerð um skráningu bótaskyldra atvinnusjúkdóma í samræmi við 27. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007. Samningsaðilar telja mikilvægt að efla rannsóknir og fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði atvinnusjúkdóma á vettvangi Vinnueftirlits ríkisins.

### ***Trúnaðarmannanámskeið***

Trúnaðarmönnum á vinnustað skal gefinn kostur á að sækja námskeið sem miða að því að gera þá hæfari í starfi. Hver trúnaðarmaður hefur rétt á að sækja eitt eða fleiri námskeið sem skipulögð eru af stéttarfélagunum og ætlað er að gera trúnaðarmönnum betur kleift að takast á við starf sitt, samtals í eina viku á ári. Þeir sem námskeiðin sækja skulu halda dagvinnutekjum í allt að eina viku á ári. Í fyrirtækjum þar sem starfa fleiri en 15 starfsmenn skulu trúnaðarmenn halda dagvinnutekjum í allt að tvær vikur á fyrsta ári. Þetta gildir um einn trúnaðarmann á ári í hverju fyrirtæki séu starfsmenn 5-50 en tvo trúnaðarmenn séu starfsmenn fleiri en 50.

### ***Bókun - Endurskoðun á trúnaðarmannakafla kjarasamninga***

Samningsaðilar eru sammála um að endurskoða ákvæði um trúnaðarmannafræðslu í kjarasamningum á samningstímabilinu í ljósi aukinna og breyttra verkefna trúnaðarmanna.

### ***Bókun - Jafnréttisáherslur***

Jafnir möguleikar kvenna og karla til starfa, starfsþróunar og launa er hagsmunamál launafólks og fyrirtækja. Aðilar munu því vinna saman að eftirtöldum verkefnum á samningstímanum.

Próað verði vottunarferli sem fyrirtæki geta nýtt sér og feli í sér vottun á framkvæmd stefnu um launajafnrétti og jafna möguleika kynjanna til starfa og starfsþróunar.

Gerð verði úttekt á launamyndun á vinnumarkaði með sérstöku tilliti



til launamyndunar kvenna og karla. Sérstaklega verði kannað samstarf við Hagstofu Íslands um rannsókn á launamyndun kvenna og karla á grundvelli gagnsafns Hagstofunnar.

Aukin verði fræðsla um jafnrétti á vinnumarkaði með aðgengilegu kynningar- og fræðsluefni fyrir launafólk og fyrirtæki með það að markmiði að styðja starf fyrirtækja og starfsmanna í jafnréttismálum. Slíkt efni verði jafnframt aðgengilegt fyrir alla sem annast mannauðsstjórnun og ráðgjöf.

### *Framkvæmdaáætlun*

Aðilar eru sammála um að að hefja eins fljótt og kostur er vinnu við að hrinda efni bókarinnar í framkvæmd. Samningsaðilar munu skipa sérstaka samstarfsnefnd til að fylgja málinu eftir. Samstarfsnefndin hafi eftirfarandi að leiðarljósi:

Vinna við að þróa ferli vegna vottunar á framkvæmd jafnréttisstefnu fyrirtækja hefjist nú þegar og skal stefnt að því að það verði tilbúið fyrir árslok 2009. Verkefnið verði unnið í samstarfi við Staðlaráð Íslands og stefnt að því að gefinn verði út sérstakur íslenskur staðall.

Samningsaðilar munu á næstu vikum leita sameiginlega eftir samstarfi við Hagstofuna um rannsókn á launamyndun kvenna og karla byggðri á gagnsafni stofnunarinnar. Stefnt verði að því að slík rannsókn verði reglubundinn hluti af samstarfi þessara aðila.

Stefnt verði að því að fyrsta sameiginlega kynningar- og fræðsluefni aðila verði tilbúið fyrir árslok 2008. Við þá vinnu verði m.a. litið til sambærilegra verkefna sem unnin hafa verið af aðilum vinnumarkaðarins í nágrannalöndunum.

## **Samkomulag SA og ASÍ um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum**

### **1. Inngangur**

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands hafa með vísan til laga nr. 151/2006, um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum komið sér saman um eftirfarandi reglur um fyrirkomulag upplýsingagjafar og samráðs innan fyrirtækja að því er varðar forsvar og útreikning á fjölda starfsmanna.

### **2. Útreikningur á fjölda starfsmanna**

2.1. Lög um upplýsingar og samráð gilda um fyrirtæki þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 50 starfsmenn á innlendum vinnumarkaði. Við útreikning

á fjölda starfsmanna skal miða við meðaltal starfsmanna á liðnu almanaksári. Hafi meðalfjöldi starfsmanna verið undir 50 á liðnu almanaksári verður upplýsinga og samráðsskyldan þó virk skv. samningi þessum fari fjöldi starfsmanna m.v. meðaltal síðustu fjögurra mánaða yfir 70. Hafi meðalfjöldi starfsmanna verið 50 eða yfir á liðnu almanaksári fellur upplýsinga- og samráðsskyldan þó niður skv. samningi þessum fari fjöldi starfsmanna m.v. meðaltal síðustu fjögurra mánaða undir 40. Afleysingar vegna sumarfría, veikinda eða annarra fjarvista hafa ekki áhrif við útreikning á fjölda starfsmanna. .

### **3. Samstarfsnefnd**

- 3.1 Í fyrirtækjum sem falla undir samning þennan skal vera starfandi samstarfsnefnd fyrirtækis og starfsmanna. Er hún skipuð tveimur fulltrúum atvinnurekanda og tveimur fulltrúum starfsmanna.
- 3.2. Trúnaðarmenn innan fyrirtækis velja fulltrúa í samstarfsnefndir úr sínum hópi. Starfsmenn geta þó óskað þess að fulltrúar starfsmanna í samstarfsnefnd séu kosnir úr hópi starfsmanna, enda leggi a.m.k. fimmtungur starfsmanna fram ósk þess efnis.
- Ef enginn trúnaðarmaður er í fyrirtæki kjósa starfsmenn fulltrúa sína í samstarfsnefnd úr sínum hópi. Ef einn trúnaðarmaður er í fyrirtæki kjósa starfsmenn annan fulltrúa í samstarfsnefnd úr sínum hópi. Kosningarétt hafa þeir starfsmenn sem trúnaðarmaður er ekki fulltrúi fyrir.
- Kjörtímabil er tvö ár frá tilkynningu um kosningu nema annað hafi verið ákveðið.
- Við kosningu trúnaðarmanna í samstarfsnefnd hefur hver trúnaðarmaður eitt atkvæði.
- Fari fram kosning meðal starfsmanna ber atvinnurekanda að leggja fram lista yfir starfsmenn og veita aðra þá aðstoð við gerð kjörgagna og kosningu sem þörf er á.
- Með trúnaðarmönnum er átt við þá trúnaðarmenn sem starfa á grundvelli laga nr. 80/1938 og ákvæða kjarasamninga um trúnaðarmenn. Aðrir fulltrúar starfsmanna í samráðsnefnd njóta sömu verndar og trúnaðarmenn að því er varðar störf þeirra í samráðsnefnd.
- 3.3. Veiting upplýsinga samkvæmt lögum um upplýsingar og samráð skal fara fram á vettvangi samstarfsnefndar nema samkomulag sé um aðra framkvæmd innan samstarfsnefndarinnar.
- 3.4. Samráð við starfsmenn samkvæmt lögum um upplýsingar og samráð skal eiga sér stað á vettvangi samstarfsnefndarinnar nema samkomulag sé um aðra framkvæmd innan samstarfsnefndarinnar
- 3.5. Samstarfsnefnd setur sér starfsreglur.
- 3.6. Fulltrúar atvinnurekanda bera ábyrgð á að kalla samstarfsnefndina

saman en miða skal við að hún komi saman ekki sjaldnar en tvisvar á ári nema samkomulag verði um annað í nefndinni.

- 3.7 Upplýsinga- og samráðskylda fyrirtækisins verður virk þegar trúnaðarmenn eða eftir atvikum starfsmenn hafa kosið sér fulltrúa í samráðsnefnd samkvæmt ofangreindum reglum og tilkynnt fyrirtækinu um kosninguna.

#### **4. Fyrirtækjasamstæður**

Í fyrirtækjasamstæðum með sjálfstæðum dótturfélögum er með samkomulagi í samstarfsnefndum viðkomandi dótturfélaga heimilt að stofna sameiginlega samstarfsnefnd á vettvangi móðurfélagsins sem í eiga sæti fulltrúar úr samstarfsnefndum dótturfélaganna.

Þar er heimilt að taka til umræðu mál sem hafa sameiginlega þýðingu fyrir dótturfélögin.

Eins er heimilt, þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, að samstarfsnefnd á vettvangi móðurfyrirtækisins taki við hlutverki samstarfsnefnda einstakra dótturfyrirtækja.

Sameiginleg samstarfsnefnd á vettvangi móðurfélagsins skal lögð niður krefjast annar hvor aðila, fulltrúar starfsmanna í nefndinni eða fulltrúar fyrirtækisins í nefndinni þess með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.

#### **5. Samráðsnefnd SA og ASÍ**

Samráðsnefnd skipuð tveimur fulltrúum frá hvorum samningsaðila skal fjalla um framkvæmd samningsins svo og útfærslu og túlkun einstakra ákvæða eftir því sem þurfa þykir.

Komi upp ágreiningur um túlkun samningsins er viðkomandi aðilum heimilt að vísa honum til nefndarinnar sem skal þá leitast við að ná sáttum.

#### ***Bókun um upplýsingar og samráð***

Aðilar eru sammála um að stefna að samstarfi um upplýsingagjöf og gerð fræðsluefnis um réttindi og skyldur fyrirtækja og starfsmanna samkvæmt lögum um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum nr. 151/2006.

#### ***Bókun um Evrópsk samstarfsráð***

Samningsaðilar eru sammála um að vinna sameiginlega að því að styðja fyrirtæki og starfsmenn við stofnun og starfrækslu Evrópskra samstarfsráða sbr. lög um Evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum nr. 61/1999. Í þeim tilgangi munu aðilar ljúka gerð framkvæmdaáætlunar í maímánuði 2008.

Aðilar stefna jafnframt að samstarfi um upplýsingagjöf og fræðsluefni um réttindi og skyldur fyrirtækja og starfsmanna í Evrópskum samstarfsráðum.

### *Áunnin réttindi vegna starfa erlendis*

Erlendir starfsmenn hér á landi svo og þeir Íslendingar sem starfað hafa erlendis flytja með sér áunninn starfstíma gagnvart réttindum kjarasamninga sem tengd eru starfstíma í starfsgrein, enda verði starfið erlendis talið sambærilegt.

Starfsmenn skulu við ráðningu færa sönnur á starfstíma sinn með vottorði fyrrum vinnuveitanda eða með öðrum jafn sannanlegum hætti. Geti starfsmaður ekki við ráðningu framvísað vottorði sem fullnægir skilyrðum skv. 3. og 4. mgr., er honum heimilt að leggja fram nýtt vottorð innan þriggja mánaða frá ráðningu. Taka þá áunnin réttindi gildi frá og með næstu mánaðamótum á eftir. Vinnuveitandi skal staðfesta móttöku vottorðs.

Í vottorði fyrrum vinnuveitanda skal m.a. greina:

- Nafn og persónuauðkenni viðkomandi starfsmanns,
- nafn og auðkenni fyrirtækisins sem gefur út staðfestinguna, ásamt síma, netfangi og nafni þess aðila sem er ábyrgur fyrir útgáfu hennar,
- lýsingu á því starfi sem viðkomandi stundaði og
- hvenær viðkomandi hóf störf hjá viðkomandi fyrirtæki, hvenær hann lauk störfum og hvort rof, og þá hvenær, var á starfi viðkomandi.

Vottorð skal vera á ensku eða þýtt yfir á íslensku af löggiltum skjalapýðanda.

### *Bókun - Vinnustaðaskilríki*

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins ákveða að vinna áfram að innleiðingu og notkun vinnustaðaskilríkja þar sem það á við og beina fyrst sjónum einkum að byggingariðnaði.

Fyrirtæki geta tekið upp vinnustaðaskilríki á eigin forsendum þar sem nafn þeirra og auðkenni koma fram. Kröfurnar sem vinnustaðaskilríki þurfa að uppfylla er að á þau komi fram nafn, mynd og kennitala viðkomandi starfsmanns eða sjálfvirkur möguleiki á tengingu frá starfsmannanúmeri til kennitölu ef hún er ekki skráð á skilríkið.

Viðurkenndir aðilar sem koma á vinnustaði til eftirlits þurfa að hafa opinn og sjálfvirkan aðgang að opinberum gagnabönkum. Mikilvægustu gagnabankarnir eru hjá Þjóðskrá til að sannreyna kennitölu, hjá menntamálaráðuneytinu og sýslumönnum til þess að sannreyna viðurkennd starfsréttindi eða hvort umsókn um slík réttindi hefur verið lögð inn, hjá Ríkisskattstjóra til þess að sannreyna hvort skattkort hafi verið gefið út og hvort einhverjar skattgreiðslur hafi borist (ekki upphæðir), hjá Vinnumálastofnun til að sannreyna

hvort tilkynningum hafi verið skilað inn og hjá lífeyrissjóðum til þess að sannreyna hvort iðgjöld hafi verið greidd (ekki upphæðir).

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins eru sammála um að óska eftir því við Staðlaráð og/eða Icepro að gerður verði almennur staðall um vinnustaðaskilríki þar sem m.a. verði gert ráð fyrir að starfsheiti viðkomandi starfsmanns komi fram. Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins munu taka virkan þátt í staðalgerðinni.

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins eru sammála um að vinnustaðaskilríki skuli vera komin í fulla notkun á vinnustöðum í byggingariðnaði 1. júlí 2009. Á þeim tíma verði jafnframt byggt upp kerfi til þess að viðurkenndir eftirlitsaðilar hafi aðgang að nauðsynlegum gagnabönkum og leitað fulltingis viðkomandi opinberra aðila til þess að það geti orðið að veruleika.

### ***Bókun um endurskoðun fyrirtækjapáttar kjarasamninga***

Aðilar eru sammála um endurskoða á samningstímanum kafla almennra kjarasamninga um „Fyrirtækjapátt kjarasamninga“.

### **Framlenging samninga - forsenduákvæði**

Sérstök forsendunefnd skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af samninganefnd ASÍ og tveimur af SA skal taka þegar til starfa. Hún skal fjalla um þróun efnahagsmála á samningstímanum og eftir atvikum leita eftir samstarfi við stjórnvöld, í því skyni að stuðla að því að markmið samnings þessa um lága verðbólgu og sérstaka hækkun lægstu launa nái fram að ganga.

Í byrjun febrúar 2009 skal fjalla sérstaklega um framlengingu samningsins fyrir tímabilið 1. mars 2009 til 30. nóvember 2010. Samningurinn framlengist til 30. nóvember 2010 hafi báðar forsendur samningsins staðist.

1. Annars vegar þarf kaupmáttur launa á almennum vinnumarkaði að hafa haldist eða aukist á samningstímanum (tímabilinu janúar 2008 – desember 2008) samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands.
2. Hins vegar þarf verðbólga að hafa farið lækkandi. Með lækkandi verðbólgu er átt við að verðbólga innan ársins 2008 þ.e. 12 mánaða verðbólgan í desember 2008 sé lægri en 5,5%. Ennfremur að verðbólga á 6 mánaða tímabilinu ágúst 2008 – janúar 2009 sé innan við 3,8%, miðað við árs hraða.

Nú hefur önnur hvor samningsforsendan eða báðar ekki staðist skal þegar

Í stað kalla saman fund samninganefndar ASÍ og SA sem leita skal samkomulags um viðbrögð til að stuðla að framgangi markmiðs samningsins, festa forsendur hans í sessi og tryggja að samningurinn haldi gildi sínu. Nú næst ekki samkomulag og skal þá sá aðili sem ekki vill framlengingu samningsins skýra frá þeirri ákvörðun og fellur þá samningurinn úr gildi frá lokum febrúar 2009, ella framlengist samningurinn til 30. nóvember 2010.

## **Samningur um stórframkvæmdir**

milli Samtaka atvinnulífsins vegna aðildarfyrirtækja annars vegar og aðildarsamtaka Alþýðusamband Íslands samkvæmt samstarfsamningi þeirra frá 22. júní 2007

### **1.1. Markmið**

Markmið samnings þessa er að tryggja eins og kostur er að framkvæmda-aðilum og verktökum séu ljósar þær kröfur sem gerðar eru á Íslandi um aðbúnað og öryggi starfsmanna, starfskjör þeirra og hlunnindi og hvernig eftirliti er háttað með ráðningarkjörum af hálfu trúnaðarmanna og samningsaðila.

Samningsaðilar telja mikilvægt að við stórframkvæmdir gildi skýrar reglur um eftirlit með ráðningarkjörum og aðbúnaði starfsmanna, sérstaklega í ljósi þess að við slíkar framkvæmdir starfa gjarnan margir verktakar, innlendir og erlendir.

Jafnframt leggja aðilar áherslu á að öryggi starfsmanna og aðbúnaður sé ávallt í samræmi við kröfur laga og kjarasamninga.

Þá telja aðilar mikilvægt að samskipti samningsaðila og einstakra verktaka sem og samskipti verktaka og starfsmanna fylgi ákveðnum reglum.

## **1.2. Gildissvið**

### **1.2.1. Almenn**

Samningur þessi er hluti kjarasamninga SA og aðildarsamtaka ASÍ og hefur sama gildistíma og þeir. Gilda þeir kjarasamningar um réttindi og skyldur vinnuveitanda og starfsmanna að öðru leyti en kveðið er á um í samningi þessum.

Samningurinn nær ekki til starfsmanna sem koma að hönnun, rannsóknnum, eftirliti og stjórnun. Samningurinn nær ennfremur ekki til starfsmanna sem vinna aðallega utan framkvæmdasvæðis, t.d. við framleiðslu búnaðar, eininga og aðstöðu.

Starfsmenn sem sinna flutningum á efni, búnaði eða starfsfólki til og frá framkvæmdasvæðinu falla undir samninginn, dvelji þeir í starfsmannabúðum.

### **1.2.2. Stórframkvæmd**

Eftirtaldir framkvæmdir falla undir samning þennan að uppfylltum skilyrðum um umfang:

a) Virkjun fallvatna/sjávarfalla og jarðvarma ásamt tilheyrandi mannvirkjagerð, (aðrennislislagirnir, tengivirki og háspennulínur) og önnur umfangsmikil mannvirkjagerð utan höfuðborgarsvæðisins, enda

sé áætlaður verktími skv. verksamningi við aðalverktaka a.m.k. 20 mánuðir,

fjöldi starfsmanna sem starfa munu á framkvæmdastað sé áætlaður að jafnaði a.m.k. 200 og

verksamningur við aðalverktaka, skv. undirrituðum verksamningi, sé a.m.k. að fjárhæð 3 milljarðar.

b) jarðgangagerð og umferðarmannvirki, enda

sé verktími a.m.k. 12 mánuðir og

verksamningur við aðalverktaka, skv. undirrituðum verksamningi, sé a.m.k. að fjárhæð 3 milljarðar.

Ef samningur verkkaupa og aðalverktaka uppfyllir framangreind skilyrði, er aðalverktaki bundinn af ákvæðum hans, sem og þeir undirverktakar sem taka að sér einstaka verkþætti á grundvelli samningsins. Sama á við um aðra þá verktaka sem gera verksamninga við sama verkkaupa vegna framkvæmdarinnar. Starfsmenn verktaka eru jafnframt bundnir af ákvæðum samningsins. Starfsmannaleigur og starfsmenn þeirra falla undir þessa grein.

Verk sem standa skemur en 30 daga falla ekki undir samning þennan.

### **1.2.3. Verktími**

Með verktíma er átt við það tímamark þegar verklegar framkvæmdir eru hafnar, í því umfangi að a.m.k. 50 starfsmenn starfi á framkvæmdastað og þar til þeim er lokið. Framkvæmdum telst lokið í skilningi þessarar greinar ef færri en 25 starfsmenn vinna við lokafrágang.

### **1.2.4. Verðmæti framkvæmdar**

Fjárhæðir skv. gr. 1.2.2. hækka 1. janúar ár hvert skv. hlutfallshækkun byggingarvísitölu.

### **1.2.5. Fjöldi starfsmanna**

Með fjölda starfsmanna skv. gr. 1.2.2. er átt við fjölda þeirra starfsmanna aðalverktaka og undirverktaka hans sem taka beinan þátt í framkvæmdum á framkvæmdasvæði, samningur þessi nær til skv. gr 1.2.1. og falla undir kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ.

### **1.2.6. Aðalverktaki**

Með aðalverktaka er átt við þann verktaka sem, ásamt undirverktökum sínum, hefur flesta starfsmenn á framkvæmdasvæði.

### **1.3. Aðrar framkvæmdir**

Þótt framkvæmd teljist ekki vera stórfamkvæmd í skilningi greinar 1.2.2. er framkvæmdaaðila heimilt, við útboð verka eða í samningum við verktaka, að hafa samkomulag þetta sem hluta útboðsskilmála / samningsskilmála. Skulu þá verktakar og starfsmenn þeirra vera bundnir af efni samningsins.

Fulltrúum aðildarsamtaka ASÍ í fastanefnd er heimilt að gera samninga við framkvæmdaaðila um að samningur þessi gildi að hluta eða öllu leyti um tiltekna verkframkvæmd.

Verktaka er heimilt að semja við starfsmenn sína um að samningur þessi gildi á meðan þeir starfa við tiltekna framkvæmd. Tilkynna skal fastanefnd um þá samningsgerð.

### **1.4. Upplýsingagjöf um stórfamkvæmdir**

Samningsaðilar skulu í samstarfi við stærri framkvæmdaaðila standa að gerð upplýsingaefnis um efni samkomulags þessa ásamt meginþáttum almennra kjarasamninga.

### **1.5. Fastanefnd**

Fastanefnd skipuð fulltrúum aðildarsamtaka ASÍ annars vegar og fulltrúum Samtaka atvinnulífsins hins vegar, hefur eftirlit með framkvæmd samningsins á verk tíma stórfamkvæmdar. Sjá nánar 7. kafla samningsins.

### **1.6. Gildistaka**

Samningurinn nær ekki til stórfamkvæmda sem boðin hafa verið út fyrir undirritun hans.

## **2. Kafli Sérstakar álagsgreiðslur**

### **2.1. Sérstakt álag í stórfamkvæmdum**

Við stórfamkvæmdir utan þéttbýlis þar sem a.m.k. helmingur starfsmanna, sem samningur þessi nær til og að framkvæmdum koma, dvelur í starfsmannabúðum, sbr. reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, skal greiða sérstakt álag til þeirra starfsmanna sem falla undir samkomulag þetta, sbr. gr. 1.2.1. Álag skal nema 10% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu og myndar ekki stofn fyrir yfirvinnu, vaktaálag eða aðrar álagsgreiðslur.

Með framkvæmdum utan þéttbýlis er átt við að starfsmannabúðum hafi



verið komið upp í a.m.k. 20 km fjarlægð frá þéttbýli. Þéttbýli telst skv. samningi þessum vera byggðakjarni með a.m.k. 3.000 íbúum.

Álag þetta kemur í stað fjarvistarálags í almennum kjarasamningum, þar sem við á.

Verktaka er heimilt að semja við starfsmenn sína um aðra útfærslu á álagi þessu, s.s. að það sé hluti annarra sérgreiðslna eða bónusa, enda sé ekki um lakari kjör að ræða.

## **2.2. Vinna í jarðgöngum**

Greiða skal starfsmönnum sem ráðnir eru til að vinna við borvinnu (borflokkur) í göngum 20% álag á laun. Með borvinnu er átt við að borað sé í berg og sprengt. Heilborun ganga með gangaborum fellur ekki undir ákvæði þetta.

Með jarðgöngum er átt við göng fyrir umferð eða vatn og hvelfingar sem jafna má til ganga. Ákvæðið nær ekki annarrar sprengivinnu, s.s. vegna skurða, grunna undir mannvirki eða skúta.

Við skal miðað að starfsmenn gangi jöfnum höndum til allra tilfallandi starfa og að neysluhlé verði sveigjanleg og miðist eftir því sem unnt er við eðlileg hlé í vinnslunni og tekin nærri vinnustað.

## **2.3. Flokkstjórar**

Flokkstjórar, sem sérstaklega eru til þess ráðnir skv. samningi þessum að stýra verki, skulu hafa 15% álag, sem reiknast á þann kauptaxta kjarasamnings sem hann tekur laun eftir.

# **3. Kafli Vinnutími og neysluhlé**

## **3.1 Dagvinna**

Dagvinna skal vera 40 klst. á viku á tímabilinu frá kl. 07:00 til kl. 18:00 mánudaga til föstudaga. Virkur vinnutími, þ.e. dagvinnutími að frádrögnum greiddum neysluhléum, er 37 klst. og 5 mín. á viku. Dagvinna skal vera samfelld. Ef vinna er skipulögð þannig að ekki sé unnið 8 klst. á dag fimm daga vikunnar skal það koma fram í ráðningarsamningi.

Hádegismatartími er ½ - 1 klst. á tímabilinu frá kl. 11:30 til 13:30 og telst hann ekki til vinnutíma.

Kaffihlé í dagvinnu skulu vera tvö, samtals 35 mínútur, og greiðast sem

vinnutími. Heimilt er með samkomulagi á vinnustað að fella annað eða bæði kaffihléin niður og styttest þá dagvinna sem því nemur.

Ef unnið er í matar- eða kaffihléum á dagvinnutímabili greiðist yfirvinna.

### **3.2. Yfirvinna**

Vinna utan skilgreinds dagvinnutímabils skv. gr. 3.1. telst yfirvinna, sbr. þó gr. 3.4. um vaktavinnu. Fyrir vinnu umfram 40 klst. á viku greiðist yfirvinna.

Pegar unnin er yfirvinna skal matarhlé vera kl. 19:00 – 20:00 og 02:00 – 03:00. Réttur til matarhlés miðast við að vinna hefjist a.m.k. 2 klst. fyrir upphaf hlés.

Sé yfirvinna unnin skulu kaffihlé vera kl. 23:00 – 23:20 og kl. 05:00 – 05:20, eða eftir nánar samkomulagi verktaka og starfsmanna. Réttur til kaffihlés miðast við að vinna hefjist a.m.k. 2 klst. fyrir upphaf hlés.

Öll matar- og kaffihlé í yfirvinnu greiðast sem vinnutími. Ef unnið er í hléum greiðist tilsvarendi lengri tími með yfirvinnukaupi.

### **3.3. Vinnulotur**

Auk þeirra vinnukerfa sem kveðið er á um í kjarasamningum þeirra félaga og sambanda sem aðild eiga að samkomulagi þessu, er heimilt að skipuleggja vinnu með þeim hætti að unnið sé samfellt í allt að 10 daga. Á það jafnt við um dagvinnu- sem vaktavinnukerfi.

Heimilt er með samkomulagi við starfsmann að fresta vikulegum frídegi þannig að í stað vikulegs frídags komi tveir samfelldir frídagar á tveim vikum. Töku frídaga má haga þannig að þeir séu teknir aðra hverja helgi (laugardag og sunnudag). Í sérstökum tilvikum má fresta vikulegum frídegi lengur þannig að starfsmaður fái samsvarandi hvíld innan 14 daga.

### **3.4. Vaktavinna**

Heimilt er að vinna á vöktum þannig að vaktavinna nái til hluta eða allra starfsmanna. Tilkyнна skal um upptöku og slit vakta með a.m.k. einnar viku fyrirvara. Vaktir standi eigi skemur en 10 daga.

Heimilt er að vinna í 5 til 10 daga samfellt á vöktum. Vaktir skulu ekki

vera lengri en 12 klst.

Vaktaálag skal vera sem hér segir:

35% álag á tímabilið kl. 16:00 – 24:00 mánudaga til föstudaga

55% álag á tímabilið kl. 08:00 – 24:00 laugardaga og sunnudaga

60% álag á tímabilið kl. 00:00 – 08:00 alla daga

Neysluhlé á hverri átta stunda vakt skal vera 35 mín. sem skiptist eftir samkomulagi verktaka og starfsmanna. Séu vaktir lengri eða styttri breytist neysluhlé hlutfallslega. Á 12 klst. vöktum skal neysluhlé þó vera 60 mínútur.

Fyrir vinnu umfram 40 klst. á viku að meðaltali greiðist yfirvinnukaup.

Ef verktaki óskar þess að vaktaskipti fari fram á vinnusvæði til að starfsmenn skiptist á upplýsingum um framgang vinnunnar og vinna stöðvast ekki á meðan, skal greiða sérstaklega fyrir vinnu umfram vaktina.

### **3.5. Bakvaktir og gæsluvaktir**

3.5.1. Sé nauðsynlegt að mati vinnuveitanda að viðhafa bakvaktir og/eða gæsluvaktir, skal það gert með samkomulagi við viðkomandi starfsmann. Þeir starfsmenn sem eru á bakvakt eða gæsluvakt mega ekki yfirgefa viðkomandi starfsmannabúðir eða gæslusvæði.

3.5.2. Bakvaktir skulu framkvæmdar á eftirfarandi hátt:

a. Frá því vinnu lýkur að kvöldi þar til vinna hefst aftur að morgni næsta dags. Fyrir bakvakt greiðist einn dagvinnutími fyrir hverja þrjá bakvaktartíma.

b. Sé starfsmaður á bakvakt kallaður til starfa, ber honum yfirvinnukaup fyrir þann tíma, sem unninn er, þó aldrei minna en þrjár klst. fyrir útkall.

3.5.3. Gæsluvaktir á helgum og helgidögum

Starfsmenn á gæsluvakt skulu ekki vinna að beinum frameiðslustörfum, en þeim ber að sinna eftirlits- og umsýslustörfum svo sem með búðum, vinnustöðum, tækjum, vatnsdælum, steypuvökum, og/eða upphitun steypu og steypuefnis, veðurathugunum og öðrum tilfallandi smáverkefnum og viðhaldi. Fyrir þessar vaktir greiðist 15 yfirvinnutímar á sólarhring, enda greiðist ekki sérstaklega fyrir unna tíma.

### **3.6. Vinna um jól eða páska**

Liggja skal fyrir með tveggja mánaða fyrirvara hvort unnið verði um jól

eða páska og þá hversu langt leyfi verður tekið. Hvað aðra frídaga varðar skal það koma fram á vakta- eða úthaldstöflu hverju sinni.

### ***3.7. Vinna á frídegi***

Sé fyrirhugað að vinna á degi sem er frídagur starfsmanns skv. skráðu vinnufyrirkomulagi, skal það skipulagt með minnst þriggja daga fyrirvara nema sérstaklega brýna nauðsyn beri til annars. Starfsmaður skal á engan hátt gjalda þess þótt hann vilji ekki vinna á frídegi sínum.

### ***3.8. Laun óveðursdaga***

Felli vinnuveitandi niður vinnu sökum veðurs, efnisskorts eða annarra orsaka, sem starfsmenn eiga enga sök á, greiðist fullt dagvinnukaup og vaktaálag ef við á.

### ***3.9. Vinnuskýrslur***

Vinnuskýrslur skulu færðar daglega. Vinnuskýrslum skal ekki breytt án samráðs við starfsmann. Sé þess óskað, er verkstjóra skylt að gera starfsmönnum grein fyrir tímaskrift hverju sinni.

Tímaskýrslur skulu vera aðgengilegar á vinnustað fyrir hlutaðeigandi starfsmann og/eða fulltrúa viðkomandi aðildarsamtaka ASÍ, sé yfirtrún- aðarmaður ekki ráðinn.

### ***3.10. Flutningur starfsmanna í mötuneyti***

Verktaki skal skipuleggja flutning starfsmanna frá einstökum vinnusvæðum í mötuneyti með þeim hætti að allir starfsmenn fái fullan umsamdan matartíma.

### ***3.11. Viðmiðunartímabil vegna hámarksvinnutíma***

Við útreikning á hámarksvinnutíma, sbr. 6. og 8. gr. samnings ASÍ og SA frá 30. des. 1996, er heimilt að miða við 12 mánaða tímabil, frá janúar til desember.

## **4. Kafli Um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi**

### ***4.1. Almenn***

4.1.1. Verktaki ber ábyrgð á því að komið sé á kerfisbundnu vinnuverndarstarfi á framkvæmdastað er hafi það að markmiði að starfsmenn séu verndaðir gegn hvers konar heilsuvá eða heilsutjóni sem stafa kann af vinnu þeirra

eða vinnuskilyrðum. Í því efni skal atvinnurekandi og starfsmenn hans fylgja ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, reglugerðum settum á grundvelli þeirra laga, svo og ákvæðum kjarasamninga.

Vinnufatnaður og öryggisbúnaður sem atvinnurekandi lætur starfsmönnum í té á grundvelli fyrirmla í lögum og/eða þessu samkomulagi skal vera starfsmönnum að kostnaðarlausu.

4.1.2. Um skipan og hlutverk öryggistrúnaðarmanna fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 og reglugerðum settum á grundvelli þeirra laga.

## **4.2 Vinnufatnaður**

4.2.1. Á tveggja vikna fresti skal starfsmönnum lagður til hreinn og heill ytri vinnufatnaður af viðeigandi stærð. Tegund vinnufatnaðar ákvarðast með tilliti til þeirra starfa, sem unnin eru. Séð skal um hreinsun þeirra á kostnað vinnuveitanda. Vinnuföt eru eign vinnuveitanda.

Við aðstæður sem krefjast sérstaks hlífðar- eða öryggisfatnaðar skal hann tiltækur til afnota fyrir starfsmann. Hér er m.a. átt við vinnu þar sem unnið er með málningu og sérstök efni, á óþrifalegum stöðum, við útivinnu í kulda eða vatnsveðrum. Vinnuveitandi á þennan fatnað og er heimilt að merkja hann.

4.2.2. Í óþrifatilfellum, þar sem verkefni eða vinnustaður, orsaka óvenjulega óhreinkun eða slit vinnufata, skulu starfsmenn fá vinnufatnað oftast en tilgreint er í 4.2.1. og klæðist óskemmdum vinnufatnaði m.a. til að minnka slysaþættu.

4.2.3. Starfsmönnum sem vinna við rafsúðu, grófgerð járníðnaðarstörf, bergborun, víraskiptingar og í allri byggingavinnu, skal leggja til vinnuvettlinga og/eða skinnhanska eftir því sem þörf krefur. Við rafsúðu skulu starfsmenn auk þess sem að ofan greinir fá skinnsvuntu til hlífðar.

4.2.4. Starfsmenn í bergborun, steypuvinnu, við hreinsun steypumóta, járnabindingar og tjöruvinnu skulu auk þess sem að ofan greinir fá til afnota regnföt (stakk og buxur). Starfsmönnum í steypuvinnu og tjöruvinnu skal leggja til gúmmístígvél með öryggistá og sóla.

4.2.5. Starfsmenn sem vinna við bergborun, byggingavinnu, bifvélavirkjar, járnsmenn, málm- og rafiðnaðarstörf skulu lagðir til öryggisskór eða öryggisstígvél eftir því sem við á þeim að kostnaðarlausu. Um öryggisbúnað í öðrum störfum fer skv. reglum um notkun persónuhlífa.

4.2.6 Ef geymslur undir vinnufatnað eru settar upp úti á vinnusvæðum skulu þær þannig búnar að vinnufatnaður starfsmanna sé þurr í upphafi vinnudags.

### **4.3. Klæðnaður starfsmanna í mötuneyti og við ræstingu**

Starfsmenn í mötuneyti og við ræstingu skulu ávallt vera snyrtilegir og nota eingöngu við starf sitt sérstök föt, sem ekki eru notuð til annars. Við eldhússtörf skulu þeir jafnan klæðast sérstökum ljósum fötum og ávallt nota höfuðskýlur, enda leggi vinnuveitandi til slík föt. Starfsmönnum skal séð fyrir svuntum, hönskum og skóm eftir þörfum.

### **4.4. Trygging fatnaðar og muna**

Vinnuveitandi skal brunatryggja fatnað og nauðsynlegan búnað starfsmanna á vinnustað. Verði starfsmenn fyrir tjóni á fatnaði og munum við vinnu, svo sem gleraugum og úrum, skal það bætt að fullu samkvæmt mati. Sama gildir um tjón af völdum bruna eða kemískra efna. Þó eru peningar ekki tryggðir. Ofangreind tjón verða einungis bætt ef þau verða vegna óhappa á vinnustað. Eigi skal bæta tjón ef það verður vegna gáleysis eða hirðuleysis starfsmanns.

### **4.5. Flutningur starfsmanna innan framkvæmdasvæðis og milli framkvæmdasvæðis og starfsmannabúða**

Atvinnurekandi skal, þar sem þörf er talin á, sjá um flutning starfsmanna að og frá vinnusvæðum í öruggum og nægilega rúmgóðum farartækjum. Ef starfsmenn komast ekki af vinnustað þegar að vinnu lokinni sökum vöntunar á farartækjum eða af öðrum ástæðum, sem þeim er ekki um að kenna, skulu þeir halda fullu kaupí, meðan á biðtíma stendur og þar til þeir hafa verið fluttir á ákvörðunarstað sinn.

### **4.6 Hjúkrunargögn og hjúkrunaraðstaða**

4.6.1. Aðalverktaki skal sjá um að algengustu og nauðsynlegustu sjúkra-gögn, lyf og aðstaða fyrir fyrstu hjálp séu fyrir hendi á framkvæmdasvæðinu.

4.6.2. Í þeim tilvikum þar sem vinnusvæði er í meiri fjarlægð en 50 km frá næstu heilsugæslu skal vera til staðar hjúkrunarfræðingur/bráðaliði eða þjálf-aður sjúkraliði, fáist hjúkrunarfræðingur/bráðaliði ekki, enda starfi a.m.k. 100 menn á svæðinu. Verktaki skal leggja þeim til góða og örugga aðstöðu.

4.6.3. Bifreið skal vera á staðnum, sem hæf er til sjúkraflutninga og með viðeigandi útbúnaði til ferðalaga í snjó og annarri ófærð.

4.6.4. Á staðbundnum vinnusvæðum, í bifreiðum verkstjóra og vinnuskúr-um skal vera sjúkrakassi, sem inniheldur venjuleg sjúkragögn til aðgerða við slys. Sjúkrabörur, spelkur og annað slíkt skal vera á helstu vinnusvæðum. Sjúkrakassar skulu vera í vörslu og á ábyrgð verkstjóra og undir eftirliti hjúkr-unarfræðings, sé hann til staðar.

#### **4.7. Öryggisnefnd**

Öryggisnefnd skv. 8. gr. reglugerðar um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum nr. 920/2006, skal sett á fót í upphafi verkframkvæmda.

Aðild að öryggisnefnd eiga:

Öryggisverðir einstakra verktaka.

Öryggistrúnaðarmenn.

Samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðisráðstafana á framkvæmdastigi verks, skv. 6. gr. reglugerðar um reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð nr. 547/1996.

Yfirtrúnaðarmaður, sé hann ráðinn.

Öryggisnefnd er heimilt að boða fulltrúa Vinnueftirlits ríkisins og heilbrigðiseftirlits á fund öryggisnefndar og aðra aðila eftir því sem ástæða er til. Einstakir nefndarmenn skulu koma óskum sínum um boðun framangreindra aðila á framfæri við formann nefndar.

Heimilt er að boða fulltrúa einstakra verktaka á fund öryggisnefndar ef mál eru þeim tengd. Heimilt er að skipa fleiri en eina öryggisnefnd ef umfang framkvæmda kallar á það.

Trúnaðarmönnum er heimilt að snúa sér til öryggisnefndar með hvers konar kvartanir og ábendingar um útbúnað og annað er varðar öryggi starfsmanna og á sama hátt er atvinnurekanda heimilt að gera athugasemdir og kvartanir um notkun öryggisbúnaðar.

#### **4.8. Útköll**

Ávallt skulu a.m.k. tveir menn svara útkalli, sé um einangruð störf að ræða, enda sé enginn starfsmaður á viðkomandi vinnustað.

#### **4.9. Vinnustaðaskilríki**

Starfsmenn aðalverktaka og undirverktaka skulu bera vinnustaðaskilríki á byggingarvinnustöðum, sbr. samkomulag ASÍ og SA þar að lútandi.

### **5. Kafli Starfsmannabúðir**

#### **5.1. Almenn**

Séu starfsmannabúðir, mötuneyti og önnur aðstaða fyrir starfsmenn sett upp á vinnusvæði af hálfu verktaka skulu þær uppfylla kröfur heilbrigðisyrivalda, lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og ákvæði þessa samkomulags.

## **5.2. Frítt húsnæði**

5.2.1. Starfsmenn sem hafa fasta viðveru á vinnustað í hverju úthaldi skulu hafa frítt húsnæði. Að jafnaði skal vista starfsmenn í eins manns herbergjum.

5.2.2. Í undantekningartilvikum er heimilt að vista starfsmenn í tveggja manna herbergjum. Herbergi þessi skulu vera nægilega rúmgóð og tryggt að starfsmenn sem deila herbergi þurfi ekki að sofa þar á sama tíma. Við upphaf verkframkvæmda, á meðan smíði starfsmannabúða stendur, er þó heimilt að vista tvo á sama tíma í herbergi.

5.2.3. Í hverju herbergi skal auk almenns búnaðar vera lesljós yfir svefnstæði og myrkvunargluggatjöld.

Í starfsmannabúðum skal vera setustofa útbúin sjónvarpstæki og sætum fyrir íbúana. Leitast skal við að koma upp annarri afþreyingu eftir því sem við á.

5.2.4. Hver starfsmaður skal hafa læsta geymslu fyrir föt og aðra persónulega muni. Herbergi skulu vera læsanleg. Skipta skal á sængurfatnaði eigi sjaldnar en á tveggja vikna fresti. Starfsmenn hafi aðgang að gjaldsíma og internet tengingum í starfsmannabúðum.

Í svefnskálum starfsmannabúða skal vera nægilega stór hlífðarfatageymsla og aðstaða til þurrkunar á vinnufatnaði.

Í alla svefnskála starfsmannabúða skal setja upp viðvörunarkerfi, sem samþykkt er af Brunamálastofnun ríkisins. Kynna skal starfsfólki meðferð eldvarnartækja og halda skal að jafnaði á hálfis árs fresti, vor og haust, námskeið í hjálp í viðlögum og almennum brunavörnum fyrir verkstjóra og trúnaðarmenn.

## **5.3. Frítt fæði**

5.3.1. Starfsmenn sem starfa samkvæmt samkomulagi þessu skulu hafa frítt fæði. Með fæði er átt við morgunmat og tvær máltíðar á dag og brauð og/eða annað meðlæti í kaffihléum.

Þeir starfsmenn sem ekki búa í starfsmannabúðum skulu þó einungis fá frítt fæði sem tengist vinnutíma þeirra hverju sinni.

Þegar frídagar / frívaktir eru teknir á framkvæmdasvæði skal vinnuveitandi sjá starfsmönnum fyrir fríu fæði og húsnæði.

5.3.2. Ef verktaki hefur ekki tök á því að láta aka starfsmönnum á föstum vinnustað í mötuneyti í kaffihléum (séu þau tekin) skal hann setja upp kaffi-aðstöðu úti á vinnusvæðum. Starfsmenn skulu hafa aðgang að hreinlætisaðstöðu/salerni úti á vinnusvæðum.



#### **5.4. Bað- og hreinlætisaðstaða**

Í hverjum svefnskála starfsmannabúða skal vera nægileg bað- og hreinlætisaðstaða þ.e. ekki fleiri en 10 menn um hverja sturtu, svo og nægilega stór hlífðarfatageymsla og aðstaða til þurrkunar á vinnufatnaði.

#### **5.5. Kaffistofur og vinnuskúrar**

Í kaffistofum og vinnuskúrum úti á vinnusvæðum skal vera hreinlætisaðstaða, borð og stólar.

#### **5.6. Ræsting**

Dagleg ræsting skal vera í kaffiskúrum og kaffistofum, matarskálum og salernum.

#### **5.7. Umferð við starfsmannabúðir**

Skipulag starfsmannabúða skal vera með þeim hætti að ekki verði ónæði af umferð í námunda við svefnskála starfsmanna.

#### **5.8. Bilanir og ófyrirséð óhöpp**

Nú verður rafmagnslaust, eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp henda, þannig að ekki er hægt að halda 10° C hita í svefnskálum og/eða jafnframt nauðsynlegri matseld og ekki er séð fyrir að lausn fáiast næstu 8 klst., og skal þá skylt að sjá starfsmönnum fyrir fari til upphitaðra hífýla og aftur á framkvæmdastað, þegar eðlilegt ástand hefur skapast. Starfsmenn haldi dagvinnulaunum í þessum tilfellum.

## **6. Kafli Trúnaðarmenn stéttarféлага**

### **6.1. Val og störf trúnaðarmanna**

6.1.1. Félagsmönnum aðildarsamtaka ASÍ, sem starfa samkvæmt þessu samkomulagi, er heimilt að velja sér trúnaðarmann á framkvæmdasvæðinu í samræmi við ákvæði kjarasamninga.

Starfsmönnum ber að snúa sér til trúnaðarmanna með hvers konar óskir og kvartanir viðvíkjandi ófullnægjandi aðbúnaði eða öðru, sem þeir telja ábótavant.

Trúnaðarmönnum er skylt að meta slíkar óskir eða kvartanir og komist þeir að þeirri niðurstöðu, að umkvartanir eða óskir viðkomandi hafi við rök að styðjast, ber þeim að snúa sér til atvinnurekanda eða fulltrúa hans, t.d. verkstjóra með umkvörtun eða kröfu um lagfæringu.

6.1.2. Trúnaðarmenn skulu hafa til afnota sameiginlegt skrif-

stofuherbergi ásamt síma og tölvu með nettengingu og sé herbergi þetta undir stjórn yfirtrúnaðarmanns. Einnig skulu þeir fá aðstöðu til fundahalda í samráði við yfirtrúnaðarmann og fulltrúa vinnuveitanda.

6.1.3. Yfirmenn skulu einu sinni í mánuði hið fæsta, halda fund með trúnaðarmönnum (eða hluta þeirra) til að ræða og leysa úr vandamálum sem fyrir kunna að liggja. Fulltrúi atvinnurekanda á fundum þessum hafi vald til ákvörðunartöku fyrir hönd síns fyrirtækis.

6.1.4. Trúnaðarmenn skulu halda fullum eðlilegum launum miðað við reglulegan vinnutíma þótt þeir verði að fara frá vinnu vegna starfa sinna sem trúnaðarmenn, þar með taldir fundir, sem óhjákvæmilegt er að yfirtrúnaðarmaður boði vegna eðlilegra starfa trúnaðarmanna enda séu slíkir fundir ákveðnir í samráði við stjórnendur og raski ekki vinnu óeðlilega, svo og samningafundir við endurnýjun kjarasamninga.

6.1.5. Um rétt trúnaðarmanna til að sækja námskeið fer samkvæmt kjarasamningi aðildarsamtaka ASÍ.

6.1.6 Um réttindi og skyldur trúnaðarmanna fer að öðru leyti samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938.

## **6.2 Yfirtrúnaðarmaður**

6.2.1. Þeim landsamböndum og félögum sem aðild eiga að þessu samkomulagi er heimilt að ráða sameiginlegan fulltrúa, sem gegni störfum yfirtrúnaðarmanns starfsmanna á framkvæmdasvæði gagnvart verktökum og verkkaupa.

6.2.2. Landsamböndin og félagin greiða laun yfirtrúnaðarmanns.

6.2.3. Verkkaupi leggur yfirtrúnaðarmanni til fæði, fullnægjandi starfsaðstöðu, þ.e. skrifstofuherbergi með nauðsynlegum húsgögnum, síma og tölvu með nettengingu. Ef yfirtrúnaðarmaður hefur fasta viðveru á framkvæmdastað skal verkkaupi leggja honum til herbergi.

6.2.4. Yfirtrúnaðarmaður hefur sömu stöðu og trúnaðarmaður starfsmanna hvað varðar fundi með starfsmönnum og aðgang að framkvæmdasvæði / starfsmannabúðum.

6.2.5. Verktökum ber að hafa samband við yfirtrúnaðarmann, eða trúnaðarmenn stéttarfélaganna hafi yfirtrúnaðarmaður ekki verið ráðinn, fái þeir vitneskju um aðstæður sem haft gætu í för með sér vandamál eða ágreining. Á sama hátt skal yfirtrúnaðarmaður hafa samband við verktaka í slíkum tilfellum. Finnist ekki lausn skal leggja málið fyrir fastanefnd.

6.2.6. Heimilt er að fela yfirtrúnaðarmanni verkefni sem taki til fleiri stórframkvæmda á sama tíma.

## 7. Kaffli Fastanefnd

### 7.1. Skipan

Á framkvæmdatíma starfar fastanefnd skipuð sex fulltrúum samningsaðila. Af hálfu aðildarsamtaka ASÍ skal hún skipuð fulltrúum samninganefndar ASÍ og fulltrúa stéttarfélaganna sem mestra hagsmuna hafa að gæta á því svæði þar sem verkframkvæmdir fara fram. Samtök atvinnulífsins skipa þrjá fulltrúa í fastanefnd.

### 7.2. Verkefni

Hlutverk fastanefndar er:

að vera vettvangur fyrir miðlun upplýsinga um laun og önnur starfskjör samkvæmt kjarasamningum hlutaðeigandi aðildarsamtaka ASÍ.

að stuðla að úrlausn ágreiningsmála sem upp kunna að koma milli verktaka og starfsmanna.

að ræða um önnur þau málefni sem fulltrúar aðildarsamtaka ASÍ hafa umboð til að fjalla um á vettvangi fastanefndar.

Ef ágreiningur eða vafi er um túlkun einstakra ákvæða þessa samkomulags skal leita úrskurðar nefndar SA og ASÍ.

Fulltrúum aðildarsamtaka ASÍ í fastanefnd er heimilt að gera samninga við verktaka um frávík frá samningi þessum.

Framkvæmdaaðila / verkkaupa er heimilt að leita eftir álitum fastanefndar á því hvort samningurinn eigi við um fyrirhugaða framkvæmd. Álit skal liggja fyrir innan tveggja vikna frá því beiðni barst fastanefnd.

### 7.3. Fundir

Fastanefnd hittist reglulega meðan verkframkvæmdir standa yfir. Fastanefnd ákveður nánari fyrirkomulag funda og setur sér starfsreglur.

Fastanefnd er heimilt að kalla fulltrúa verkkaupa, einstakra verktaka, yfirtrún-aðarmann, fulltrúa þeirra aðildarsamtaka ASÍ sem sækja að jafnaði ekki fundi fastanefndar og aðra þar til bæra aðila á sinn fund, eftir því sem nauðsyn krefur.

### 7.4. Upplýsingaskylda

Fastanefnd óskar eftir upplýsingum frá verkkaupa um þá verktaka sem koma að verkframkvæmdum, hve margir starfa á vegum þeirra og um þjóð-erni þeirra.

Um upplýsingaskyldu verktaka gilda að öðru leyti málsmeðferðarreglur samkomulags ASÍ og SA um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði frá 7. mars 2004. Yfirtrúnaðarmaður skal njóta sömu stöðu og trúnaðarmaður skv. samkomulaginu.

## 7.5. Sameiginleg fastanefnd

Heimilt er að skipa eina fastanefnd sem starfi samkvæmt framansögðu fyrir fleiri en eina stórframkvæmd.

### *Fylgiskjal I*

Samningsaðilar hvetja framkvæmdaaðila, opinbera aðila sem einkaaðila, sem bjóða út verk sem telst vera stórframkvæmd í skilningi samkomulags þessa, að taka eftirfarandi upplýsingar og skilmála inn í útboðsskilmála vegna hlutaðeigandi framkvæmda:

- § Samkvæmt lögum nr. 55/1980 um starfskjör launafólks skulu laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, vera lágmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á því sviði er samningurinn tekur til. Á það einnig við um launamenn hjá atvinnurekendum sem standa utan samtaka atvinnurekenda eða hafa ekki sjálfir gert kjarasamninga við stéttarfélög. Samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða eru ógildir og ekki bindandi fyrir starfsmann.
- § Sérreglur gilda um erlenda starfsmenn sem sendir eru til Íslands á vegum erlendra fyrirtækja í tengslum við veitingu þjónustu. Samkvæmt lögum nr. 45/2007 um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra skulu starfsmenn þeirra eiga rétt skv. íslenskum kjarasamningum hvað varðar lágmarkslau n og aðra launþætti, yfirvinnugreiðslur og réttindi til orlofs og orlofslauna. Einnig ber að virða reglur um hámarksvinnutíma og lágmarkshvildartíma. Í lögum er kveðið á um rétt þeirra til launa í veikinda- og slysatilfellum og til slysatrygginga.
- § Í verksamningum við undirverktaka skal aðalverktaki árétta að starfsmenn þeirra skuli njóta þess aðbúnaðar sem íslensk lög og kjarasamningar kveða á um.
- § Starfsmenn aðalverktaka og undirverktaka skulu bera vinnustaðaskilríki, sbr. samkomulag ASÍ og SA um vinnustaðaskilríki.
- § Aðalverktaki og undirverktakar skulu í öllu hlíta ákvæðum samkomulags ASÍ og SA um stórframkvæmdir. Á það m.a. við um þátttöku í starfi samráðsnefndar, upplýsingagjöf um ráðningarkjör starfsmanna, o.fl.

## ***Bókun vegna framlengingar á gildistíma Virkjunarsamnings***

Samningsaðilar eru sammála um að Virkjunarsamningur gildi áfram til loka verkframkvæmda við Kárahnjúkavirkjun skv. framkvæmdaáætlun Landsvirkjunar með þeim breytingum á launa- og réttindaákvæðum sem samið hefur verið um í kjarasamningum milli SA og aðildarfélaga samnings í febrúar 2008.

### ***Lokaákvæði***

Pau sameiginlegu mál, sem hér eru tilgreind, verða hluti þeirra kjarasamninga sem undirritaðir eru 17. febrúar 2008 milli Samtaka atvinnulífsins og hlutaðeigandi stéttarféлага. Samningsumboð vegna annarra féлага fer skv. samningi aðildarfélaga ASÍ um sameiginleg mál. Rísi ágreiningur með aðilum ræður texti þessa skjals.

Reykjavík 17.02 2008

F.h. Samninganefndar ASÍ  
um sameiginlega mál vegna  
hlutaðeigandi stéttarféлага  
skv. lokaákvæði.

F.h. Samtaka atvinnulífsins

## ***Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar 17. febrúar 2008***

17.2.2008

Stöðugleiki í efnahagsmálum er meginmarkmið ríkisstjórnarinnar enda stuðlar hann að auknum hagvexti og velferð til langframa. Við núverandi aðstæður er afar mikilvægt að sköpuð séu skilyrði fyrir því að vaxtastig geti lækkað.

Kjarasamningar til þriggja ára sem grundvallast á hóflegum kauphækkunum og verulegri hækkun lægstu launa stuðla í senn að auknum jöfnuði og jafnvægi í efnahagsmálum. Ríkisstjórnin er reiðubúin, á grundvelli stefnuyfirlýsingar sinnar, að grípa til víðtækra aðgerða í því skyni að greiða fyrir gerð slíkra kjarasamninga.

1. Við vinnslu rammafjárlaga fyrir næstu fjögur ár mun ríkisstjórnin leggja til grundvallar eftirfarandi markmið á sviði skattamála:
  - Persónuafsláttur hækki um 7 þúsund krónur á næstu þremur árum, umfram almenna verðuppfærslu. Árið 2009 hækkar hann um 2.000 krónur, árið 2010 um 2.000 krónur og árið 2011 um 3.000 krónur.

- Skerðingarmörk barnabóta verði hækkuð úr 100 þúsund krónum á mánuði fyrir einstaklinga í 120 þúsund krónur árið 2008 og 150 þúsund krónur árið 2009. Sambærilegar fjárhæðir fyrir hjón hækka úr 200 þúsund krónum í 240 þúsund krónur árið 2008 og 300 þúsund árið 2009. Tekjuskerðingarhlutföll vegna annars og þriðja barns verði jafnframt lækkuð um 1% árið 2008.
  - Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir frekari aðgerðum til lækkunar vöruverðs, einkum á matvælum. Sérstaklega verða skoðaðar frekari lækkanir á tollum og vörugjöldum.
  - Tekjuskattur fyrirtækja verður lækkaður úr 18% í 15% frá og með tekjuárinu 2008 sem kemur til framkvæmda álagningarárið 2009.
2. Unnið verður að stefnumótun í húsnæðismálum þar sem skyldur hins opinbera verða skilgreindar og verka- og kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga endurskoðuð með jafnræði milli búsetuforma og einstaklingsbundinn stuðning að leiðarljósi. Jafnframt mun ríkisstjórnin taka til endurskoðunar fyrirkomulag vaxtabóta og húsaleigubóta í samráði við aðila vinnumarkaðarins o.fl. Þá mun ríkisstjórnin beita sér fyrir eftirfarandi aðgerðum í samstarfi við sveitarfélög:
- Húsaleigubætur hækki og verði hámarksbætur 46 þúsund krónur á mánuði í stað 31 þúsund króna. Ennfremur hækki sérstakar húsaleigubætur og skilyrði fyrir þeim verði rýmkuð svo þær nái til fleiri heimila. Samanlagt geta almennar og sérstakar húsaleigubætur því numið 70 þúsund krónum á mánuði í stað 50 þúsund króna.
  - Aukinni eftirspurn eftir leiguhúsnæði verði mætt með rýmri veðheimildum á lánum til leiguíbúða og fjölgun lánsvilyrða með niðurgreiddum vöxtum til félagslegra leiguíbúða í 750 lán á ári í fjögur ár frá og með árinu 2009.

#### **Ennfremur mun ríkisstjórnin beita sér fyrir eftirtöldum aðgerðum:**

- Eignaskerðingarmörk vaxtabóta verða hækkuð um 35% á árinu 2008.
  - Þá mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að stimpilgjöld falli niður vegna lána til kaupa á fyrstu fasteign.
  - Jafnframt verður komið á húsnæðissparnaðarkerfi með skattafrádrætti, fyrir einstaklinga 35 ára og yngri, til að hvetja til sparnaðar hjá þeim sem hyggja á fyrstu kaup eigin húsnæðis eða búseturéttar.
3. Atvinnuleysisbætur hækki til samræmis við hækkun lægstu launa. Jafnframt hækki tekjutengdar hámarksbætur um sama hlutfall.
4. Bætur almannatrygginga hækki í samræmi við gildandi lög. Þá mun nefnd á vegum félags- og tryggingamálaráðherra sem hefur það meginkerfi að gera tillögur um róttækar breytingar á almannatryggingakerfinu í því skyni að einfalda það skoða leiðir til þess að setja

ákveðin lágmarksviðmið í framfærslu.

5. Samkomulag er milli samningsaðila að hefja uppbyggingu áfallatrygginga. Fyrirhugað er að leggja nýtt 0,13% launatengt gjald, áfallatryggingagjald, á launagreiðendur samkvæmt kjarasamningum aðila. Komi þetta til framkvæmda mun ríkissjóður leggja Endurhæfingarsjóði til sömu upphæð frá og með árinu 2009. Ríkisstjórnin mun í tengslum við þetta beita sér fyrir lagabreytingum sem tryggja að greiðslur úr Endurhæfingarsjóði, sjúkra- og fræðslusjóðum stéttarfélaganna sem ganga til greiðslu kostnaðar við endurhæfingu, heilbrigðisþjónustu og tiltekna þjónustu fagaðila ásamt starfsmenntun og fullorðinsfræðslunámskeiðum sem staðfest hafa verið af menntamálaráðuneytinu teljist ekki til skattskyldra tekna hjá viðkomandi einstaklingum. Jafnframt mun ríkisstjórnin taka upp viðræður við aðila um samræmingu í skattalegri meðferð greiðslu kostnaðar úr þessum sjóðum vegna forvarna og starfsmenntunar.
6. Ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins eru sammála um eftirfarandi ráðstafanir og áherslur á sviði menntamála, með sérstakri skírskotun til menntunar fólks á vinnumarkaði með takmarkaða menntun:
  - Stefnt verði að því að eigi fleiri en 10% fólks á vinnumarkaði verði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar árið 2020. Markvisst verði unnið að því að skapa tækifæri og hvata til menntunar fyrir fólk sem er á vinnumarkaði og hefur takmarkaða menntun. Þá eru fyrirhugaðar umbætur á framhaldsskólastigi sem leiða til þess að fleiri finni sér námsleiðir við hæfi og ljúki skilgreindu lokaprófi á framhaldsskólastigi.
  - Í undirbúningi er löggjöf sem tryggir að allir hafi tækifæri til menntunar að loknu grunnskólanámi þar sem jafnræðis sé gætt varðandi kostnaðarþátttöku hins opinbera. Samræmi verður tryggt í fjárhagslegum stuðningi ríkisins við nám á framhaldsstigi, háskólastigi og við starfsmenntanám.
  - Útlánareglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna verða yfirfarnar með það að markmiði að gæta jafnræðis milli einstaklinga og hópa varðandi tækifæri til menntunar. Í samræmi við boðaða stefnu ríkisstjórnarinnar verður þess gætt að kostnaður nemenda á framhaldsskólastigi vegna skráningar- og efnisgjalda verði óverulegur og haldið í algjöru lágmarki.
  - Framlög til símenntunar og fullorðinsfræðslu sem nýtist fólki á vinnumarkaði verða aukin í jöfnum framlögum um 300 m.kr. á næstu tveimur árum.
7. Ríkisstjórnin mun skipta starfshóp með aðild aðila vinnumarkaðar-

ins sem falið verði að kanna hvort og þá með hvaða hætti sé unnt að tryggja að starfsmenn með lögheimili hér á landi sem eru að störfum erlendis fyrir dótturfyrirtæki íslenskra fyrirtækja geti viðhaldið réttindum í íslenska velferðarkerfinu.

8. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir breytingum á skaðabótalögum í þá veru að meðábyrgð á vinnuslysum verði ekki felld á starfsmann nema tjónið verði rakið til ásetnings eða stórfellds gáleysis starfsmannsins.

Reykjavík 17. febrúar 2008